ERLA DÍS ARNARDÓTTIR

*Er óháð því sem er að gerast í tískunni*

Tíska

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



MUGISON

*Tekur upp nýtt efni í Hvalfirði*

Aldrei fór ég suður aldrei verið glæsilegri

FÓLK 62







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

23. mars 2006 — 81. tölublað — 6. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000


### Langar að framleiða tófu



Jeff Clemmensen mjólkurtæknifræðingur leitar að samstarfsaðila til að framleiða tófu og sojamjólk í Neskaupstað.

TILVERAN 20

### Spennt fyrir Íslandsheimsókn



Natalie Portman hefur farið á nokkra tónleika með Sigur Rós og segist í viðtali við Fréttablaðið vera mjög hrifin af sveitinni og langi að sækja Ísland heim.

BÍÓ 46

### Herinn og skjaldbakan

„Kannski hefur kaninn bara gefizt upp á silaganginum í ríkisstjórninni og ekki nennt að bíða lengur eftir gagntillögum hennar um æskilegar landvarnir," skrifar Þorvaldur Gylfason. „Eftir stendur nauðsyn þess, að Íslendingar geri sér sjálfir glögga grein fyrir stöðunni, sem upp er komin."



Í DAG 30

### Fáir innflytjendur í íþróttum

Að fá innflytjendur á Íslandi til að taka þátt í íþróttastarfi er ábótavant. Kallað er á Íþróttasamband Íslands að skoða málið vandlega og hvetja til iðkunar hjá fleiri börnum af erlendu bergi brotnu.

ÍÞRÓTTIR 54

## VEÐRIÐ Í DAG




**ALLHVASST** - Í dag verður yfirleitt norðaustan 8-15 m/s en 15-20 m/s á Snæfellsnesi. Snjókoma eða él norðan og austan til en skýjað með köflum syðra. Frost 1-10 stig, kaldast inn til landsins.

VEÐUR 4






# Byggðastofnun aflögð í núverandi mynd

## Sameina á Byggðastofnun, Impru, Nýsköpunarsjóð og Iðntæknistofnun í hagræðingarskyni. Ekki liggur fyrir hver mun stýra sameinaðri stofnun. Engum verður sagt upp en starfsvið fólks kann að breytast.

**BYGGÐAMÁL** Stefnt er að sameiningu Byggðastofnunar, Impru, Iðntæknistofnunar, Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og annarrar atvinnuþróunarstarfsemi iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins eða að starfsemi þeirra verði samþætt. Starfsmenn ráðuneytisins eru að leggja lokahönd á hugmyndir þess efnis og verður niðurstaðan kynnt í næstu viku.

Viðmælendum Fréttablaðsins líst misvel á fyrirhugaðar breytingar. Óttast sumir þeirra að störfum fækki á Sauðárkróki þar sem Byggðastofnun er. Páll



PÁLL MAGNÚSSON



HERDÍS SÆMUNDARDÓTTIR

Magnússon, aðstoðarmaður ráðherra, hafnar því og segir að standa eigi vörð um störfin á Sauðárkróki og hagræða eigi án uppsagna.

Herdís Á. Sæmundardóttir, stjórnarformaður Byggðastofnunar, segir ljóst að einhverjar breytingar verði á högum starfsmanna á Sauðárkróki með tímanum. „Þetta verður ný stofnun og hlutverkin verða skilgreind upp á nýtt, þannig að eitthvað getur breyst." Herdís segir ekki ráðið með hver leiði nýju stofnunina eða hvað taki þá við hjá þeim forstjórum sem nú starfi innan þeirra, svo sem í Byggðastofnun.

Páll segir ríflega þrjátíu kynningarfundi hafa verið haldna. „Það á ekki að leggja neitt af heldur skoða hugsanlega sameiningu stofnana," segir Páll sem vinnur að málinu í ráðuneytinu. Vinnan byggir á skýrslu sem kynnt var í nóvemberlok um fjárhagsvanda Byggðastofnunar og tillögur um framtíðarstarfsemi hennar. Auk þess að sameina stofnanirnar er markmiðið að þróa nýjar fjármögnunarleiðir Byggðastofnunar í samstarfi við banka og önnur fjármálafyrirtæki sem og að efla atvinnuþróunarstarfsemi á Ísafirði, Egilsstöðum og Akureyri. - gag



**DIDDÚ OG GUNNAR BERA SAMAN BÆKUR SÍNAR** Það voru fagrir tónar sem bárust úr Grafarvogskirkju í gærkvöld þegar Brynjólfsmessa Gunnars Þórðarsonar var flutt á æfingu. Ríflega hundrað manns taka þátt í flutningi messunnar, úr kórum Keflavíkur-, Skálholts- og Grafarvogskirkna auk barnakóra. Þá eru ótaldir einsöngvararnir Sigrún Hjálmtýsdóttir og Jóhann Friðgeir Valdimarsson. Messan verður frumflutt í Keflavíkurkirkju á laugardag.

FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM

Lögreglan á Keflvíkurflugvelli tók tvo Nígeríumenn sem eru grunaðir um fjársvik:

# Með 100.000 evrur í reiðufé

**FJÁRSVIK** Tveir karlmenn frá Nígeríu voru stöðvaðir á Keflavíkurflugvelli á föstudaginn fyrir tæpri viku, með 100 þúsund evrur í seðlum, eða 8,7 milljónir íslenskra króna.

Í fyrstu lék grunur á því að mennirnir, sem eru 26 og 34 ára gamlir, hafi verið að selja ólöglegan varning hér á landi en þeir höfðu komið til landsins frá Kaupmannahöfn rúmlega sólarhring áður en þeir voru á leið af landi brott.

Eyjólfur Kristjánsson, fulltrúi sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli, segir grun um ólöglegt athæfi hafa vaknað um leið og peningarnir hafi fundist í fórum mannanna. „Fljótlega beindust spjót okkar að því að mennirnir hefðu svikið peninga út úr fólki. Það virðist vera sem þeir tengist alþjóðlegri glæpastarfsemi, en Nígerískar svikamyllur af þessu tagi eru þekktar hjá lögregluyfirvöldum um allan heim."

Alþjóðadeild ríkislögreglustjóra hefur unnið með lögreglunni á Keflavíkurflugvelli að rannsókn málsins. Mennirnir voru með tæki og tól til peningafölsunar í fórum sínum þegar þeir komu til landsins en ekki hefur enn fengist úr því skorið hvort evrurnar hafi verið falsaðar.

Að sögn Smára Sigurðssonar, yfirmanns alþjóðadeildar ríkislögreglustjóra, er nígerísk fjársvikastarfsemi algengt viðfangsefni alþjóðadeildar lögreglu í heiminum. „Nígerísk fjársvikastarfsemi hljómar kunnuglega, svo ekki sé meira sagt. Tölvupóstsvikin eru vel þekkt en það hafa komið upp mál hér á undanförnum árum sem tengjast fjársvikum Nígeríumanna. Á þeim tuttugu árum sem ég hef starfað við alþjóðleg viðfangsefni lögreglunnar þá hefur nígerísk fjársvikastarfsemi alltaf verið eitt af því sem hvað oftast kemur upp."

Mennirnir voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald í vikutíma en annar þeirra áfrýjaði úrskurðinum til Hæstaréttar. Samkvæmt dómi Hæstaréttar í gær þarf maðurinn að sæta gæsluvarðhaldi til morguns, líkt og félagi hans. - mh



**MÓTMÆLI** Enn safnast nokkur hundruð manns saman á daginn, og allt að 7.000 manns á kvöldin, á Októbertorginu í Minsk.

Hvíta-Rússland:

# Kosningum enn mótmælt

**HVÍTA-RÚSSLAND, AP** Andstæðingar forseta Hvíta-Rússlands, Alexanders Lúkasjenko, héldu áfram mótmælum í gær fjórða daginn í röð, en þó virtist vindurinn vera að hverfa úr seglum þeirra. Enn koma nokkur þúsund manns saman á hverju kvöldi á Októbertorginu í Minsk, en þó mun færri en á kosningakvöldinu þegar 10.000 manns mættu þar.

Helsti mótframbjóðandi Lúkasjenko, Alexander Milinkevitsj, segir gríðarstóran fjöldafund vera skipulagðan á laugardag.

Sú staðreynd að flestir fjölmiðlar í landinu eru ríkisreknir og birta svo til engar fréttir af mótmælunum er talin vega þungt í mannfæðinni. - smk

Lenti á öllum fjórum:

# Köttur lifði af 24 metra fall

**BANDARÍKIN, AP** Læða í Suður-Karólínu í Bandaríkjunum, sem ber nafnið Piper, lifði af 24 metra fall úr tré.

Piper hafði klifrað upp í tré og sat þar síðan föst í átta daga. Í vikunni reyndu björgunarmenn að ná henni niður og var sjónvarpsfréttamaður á staðnum. Piper er hins vegar frekar illa við ókunna og færði hún sig því burt frá björgunarmanninum þar til greinin sem hún stóð á brotnaði og kisa flaug niður. Hún virtist ekki ringluð þegar hún lenti, því hún stökk strax á fætur og skaust í burtu. - smk


Drögum á morgun

Átt þú miða?

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings





## SPURNING DAGSINS

*Gunnar, er þetta hjúkrunarheimili fyrir sjálfstæðismenn?*

Ja, þetta er hjúkrunarheimili fyrir fólk sem hugsar sjálfstætt.

Reisa á hjúkrunarheimili í Kópavogi þar sem áhersla verður lögð á sjálfstæðan fjárhag. Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri Kópavogs og þingmaður Sjálfstæðisflokks, kynnti þessar hugmyndir í fyrradag.

Jóhannes Jónsson og Tryggvi Jónsson eru lausir mála varðandi ákæruliðina átta í Baugsmálinu:

# Settur saksóknari áfrýjar sex liðum

**BAUGSMÁL** Sex af átta ákæruatriðum í Baugsmálinu var í gær áfrýjað til Hæstaréttar, en sakborningar voru sýknaðir í undirrétti fyrir viku. Sigurður Tómas Magnússon, settur saksóknari, telur ekki tilefni til að áfrýja máli Tryggva Jónssonar varðandi meint brot gegn lögum um ársreikninga og máli Jóhannesar Jónssonar í Bónus vegna meintra tollsvika og rangfærslu skjala við bílainnflutning.

Jóhannes sendi í gær frá sér yfirlýsingu vegna málsins og furðar sig á því að áfrýjað sé varðandi bílainnflutning barna sinna Jóns Ásgeirs og Kristínar. „Með því að sleppa mér við áfrýjun er sérstakur ríkissaksóknari að viðurkenna í verki að ekki er unnt að byggja á framburði Jóns Geralds Sullenberger. Er það í fullu samræmi við skýra niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur um ótrúverðugleika hans... Tvískinnungur ákæruvaldsins í þessu efni er æpandi.“



**JÓHANNES JÓNSSON Í BÓNUS** „Sú óvissa sem samkennarar saksóknaranna þykjast sjá verður helst leyst af Alþingi og ætti sem slík aðeins að renna frekari stoðum undir sýknudóminn í Baugsmálinu.“

BAUGS MÁLIÐ

Að beiðni setts saksóknara hefur Jóhannes verið boðaður í yfirheyrslu í dag vegna ásakana Jóns Geralds Sullenberger. Jóhannes kveðst ætla að mæta vegna lagaskyldu sinnar. Þá hefur hann falið verjanda sínum að kvarta til umboðsmanns Alþingis vegna embættisfærslu Jóns H. B. Snorrasonar saksóknara og Haraldar Johannessen ríkislögreglustjóra og vill að athugað verði hvort þeir hafi gerst brotlegir við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar.

Sigurður Tómas Magnússon, settur saksóknari, tekur ákvörðun á næstunni um hvort gefin verði út ákæra að nýju vegna ákæruliðanna 32 sem vísað var frá dómi.

Yfirlýsingu Jóhannesar Jónssonar má lesa í heild sinni á Vísi.is. **- jh**



**AÐALFUNDUR SÍMANS** Lýður Guðmundsson og Brynjólfur Bjarnason.

Stjórnarformaður Símans:

# Yfirvöld draga úr samkeppni

**VIÐSKIPTI** Lýður Guðmundsson, stjórnarformaður Símans, sagði að Dagsbrún, helsti samkeppnisaðili félagsins, hefði unnið ötullega að því að kaupa upp fyrirtæki í fjölmiðlum og tengdum rekstri sem þrengdi mjög að aðgengi Skjásins, félags í eigu Símans, að framleiðslufyrirtækjum.

Nefndi hann Saga Film, Senu og Storm sem dæmi um þau fyrirtæki sem væru komin undir hatt Dagsbrúnar.

„Alla þessa samþjöppun eignarhalds, með tilheyrandi skerðingu á virkri samkeppni, hefur Samkeppniseftirlitið heimilað og talið þarfara að krefjast þess af Skjánum að afhenda sjónvarpsmerki Enska boltans til dreifingar,“ sagði Lýður á aðalfundi fyrirtækisins í gær. **- eþa**

## SKIPULAGSMÁL

**Bauhauslóðin skipulögð** Hafin er vinna við skipulagningu lóðarinnar sem fyrirtækinu Bauhaus hefur verið lofað við rætur Úlfarsfell. Framkvæmdaráði hefur verið falið að taka upp viðræður við Bauhaus um verð á lóðinni.

## HÉRAÐSDÓMUR

**Sýknudómur** Kópavogsbær var í gær sýknaður af kröfum konu er varð fyrir árás nemanda meðan hún starfaði sem stuðningsfulltrúi í Smáraskóla. Hlaut hún varanlega áverka og taldi bæinn skaðabótaskyldan en dómurinn var því ekki sammála.



**FORSÆTISRÁÐHERRA BROSIR** Tony Blair brosti breitt þegar hann kom út úr bústað sínum á Downingstræti 10 í gær þótt öll spjót beinist að honum eftir að upp komst um leynileg lán til Verkamannaflokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Fast sótt að Blair

**Uppljóstranir um leynileg lán til Verkamannaflokksins ætla að reynast Tony Blair þungar í skauti. Lögreglurannsókn er hafin og fjárhagur flokksins tæpur.**

**LONDON, AP** Breska lögreglan hóf í gær rannsókn á því hvort breski Verkamannaflokkurinn hafi selt aðalstign og þar með sæti í Lávarðadeild breska þingsins í skiptum fyrir leynilegar lánveitingar til flokksins.

Blair hefur átt undir högg að sækja upp á síðkastið, bæði vegna þeirra óvinsælda sem Íraksstríðið hefur bakað honum og vegna fleiri vandræðamála. Bera þar einna hæst lánveitingar nokkurra auðkýfinga til Verkamannaflokksins fyrir kosningabaráttu flokksins á síðasta ári.

Flokkurinn hafði ekki skýrt opinberlega frá þessum lánveitingum en þegar komst upp um þær fyrir tæpum tveimur vikum vaknaði grunur um að lánveitingarnar hafi átt að vera gjafir til flokksins. Með því að bóka þær sem lán myndu þær ekki falla undir reglur um að birta skuli opinberlega upplýsingar um allar gjafir til flokksins, sem eru hærri en fimm þúsund pund.

Flokkurinn birti á endanum nöfn tólf manna sem höfðu greitt flokknum samtals nærri 14 milljónir punda, en sú fjárhæð nemur um það bil 1.750 milljónum íslenskra króna.

Til þess að gera illt verra kom í ljós að Tony Blair hafði veitt mörgum þessara manna aðalstign og allt benti því til þess að þeir hefðu með greiðslum sínum til flokksins hreinlega keypt sér aðalstign, þótt flokkurinn hafi harðlega neitað öllum ásökunum þar um.

Ofan á allt saman er fjárhagur Verkamannaflokksins hugsanlega í uppnámi vegna málsins, því sumir auðkýfinganna sem greiddu flokknum fé segjast nú krefjast þess að fá lánin endurgreidd. Fjárhagur flokksins virðist þó varla leyfa það sem stendur.

Allt þetta hefur skaðað Tony Blair verulega. Í skoðanakönnunum segjast nærri helmingur Breta trúa því að ásakanir um sölu aðalstignar væru sannar og meira en 70 prósent segjast telja að ríkisstjórn Blairs sé jafn spillt og ríkisstjórn forvera hans, Johns Major.

Kröfur um að Blair segi af sér áður en kjörtímabilið rennur út verða sífellt háværari og meðal þeirra sem helst þykja líklegir til þess að taka við af honum er Gordon Brown, fjármálaráðherra í ríkisstjórn Verkamannaflokksins, sem í gær kynnti fjárlögin fyrir næsta ár. **gudsteinn@frettabladid.is**

Smyglaði 3 kílóum af hassi:

# Gæsluvarðhald framlengt

**FÍKNIEFNAMÁL** Lögreglan á Egilsstöðum fór í gær fram á áframhaldandi gæsluvarðhald yfir 24 ára gömlum Pólverja, en rúmlega þrjú kíló af hassi og 45 grömm af kókaíni fundust við leit í bifreið hans þegar hann var að koma til landsins með Norrænu 7. mars á þessu ári.

Efnin voru falin í hólkum í bifreiðinni en fíkniefnahundur tollgæslunnar á Seyðisfirði komst á snoðir um efnin.

Málið er enn í rannsókn en Pólverjinn hefur neitað að gefa upplýsingar um hvað hann ætlaði að gera með fíkniefnin hér á landi. Líklegt er talið að hann hafi verið í samstarfi við menn hér á landi en hann hugðist stoppa hér á landi í vikutíma. **- mh**

Skipun hæstaréttardómara:

# Björn lýsir sig vanhæfan

**DÓMSTÓLAR** Björn Bjarnason dómsmálaráðherra hefur lýst sig vanhæfan til þess að skipa í embætti hæstaréttardómara sem auglýst hefur verið laust til umsóknar. Á heimasíðu dómsmálaráðherra kemur fram að Geir H. Haarde utanríkisráðherra muni væntanlega skipa í embættið.



**BJÖRN BJARNASON**

Meðal umsækjenda er Hjördís B. Hákonardóttir, en hún sótti einnig um stöðu hæstaréttardómara árið 2003 þegar Ólafur Börkur Þorvaldsson var skipaður dómari. Kærunefnd jafnréttismála taldi dómsmálaráðherra hafa brotið lög í því tilviki og gerði hann samning við nefndina um lyktir málsins í desember síðastliðnum **- jh**


Mikið úrval af glæsilegum amerískum hvíldarstólum og sófum frá Lane



Verð frá kr. 39.512

Lane

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga 10–18 og lau. 11–16

Reykjavík – Akureyri – Egilsstaðir


Heitar umræður á Alþingi um hugsanlega mismunun í heilbrigðiskerfinu:

# Allir gegn forgangi efnafólks

**STJÓRNMÁL** „Hagsmunaaðilar mega ekki komast upp með að þröngva fram breytingum sér í hag nema þær séu sannanlega í almannahag,“ sagði Ögmundur Jónasson þingmaður VG á Alþingi í gær og beindi spurningum til Sivjar Friðleifsdóttur heilbrigðisráðherra um þá hugmynd, sem sett var fram til umræðu í nýlegri skýrslu, að efnafólk gæti keypt sér forgangsþjónustu í heilbrigðiskerfinu. Hann sagði slíkt ávísun á mismunun og að það væri pólitísk yfirlýsing að vekja upp slíkar hugmyndir. Markaðsvæðingarhugsunin væri einnig ríkjandi í frumvarpsdrögum um ný heilbrigðislög.

Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra sagði að sér hugnaðist ekki að menn gætu keypt sig fram fyrir á biðlistum og ekki stæði til að koma á tvöföldu heilbrigðiskerfi. Það væri auk þess ekki í samræmi við stjórnarsáttmálann. Hún kvaðst ætla að leggja fram drög að frumvarpi um heilbrigðislög fyrir lok þinghaldsins en það yrði lagt fram í endanlegum búningi í haust.



**SLYSADEILD LANDSPÍTALANS Í FOSSVOGI** Þingmenn virðast ekki ginnkeyptir fyrir því að efnafólk geti keypt sér forgang í heilbrigðiskerfinu.

Þingmenn, sem til máls tóku, lögðust allir gegn því að komið yrði á fót tvöföldu heilbrigðiskerfi. Ögmundur sagði við lok umræðunnar að óþægilega margir töluðu þrátt fyrir þetta um markaðsvæðingu heilbrigðisþjónustunnar. **- jh**


„Ég vildi óska að ég hefði vaknað þegar þetta pakk valsaði um húsið mitt.“
Þú getur búið við betra öryggi heima hjá þér með Heimavörn. Hafðu samband við öryggisráðgjafa Securitas í síma **580 7000**. Við metum þörfina í samráði við þig og gerum þér tilboð í Heimavörn frá 4.900 krónum á mánuði sem er beintengd stjórnstöð Securitas á Neyðarlínunni 112.
SECURITAS
HEIMAVÖRN
GOTT FÓLK McCANN

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 22.3.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 71,8 | 72,14 |
| Sterlingspund | 125,39 | 125,99 |
| Evra | 86,64 | 87,12 |
| Dönsk króna | 11,61 | 11,678 |
| Norsk króna | 10,902 | 10,966 |
| Sænsk króna | 9,238 | 9,292 |
| Japanskt jen | 0,6124 | 0,616 |
| SDR | 103,45 | 104,07 |

*Gengisvísitala krónunnar*

121,2677

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Greinendur hjá Danske Bank segja öðrum frjálst að vera ósammála:

# Standa fast við sína skoðun

**VIÐSKIPTI** Carsten Valgreen, yfirhagfræðingur greiningardeildar Danske Bank, segir enga ástæðu til að draga til baka sýn bankans á íslenskt efnahagslíf. „Þetta er okkar skoðun og við erum að ráðleggja viðskiptavinum okkar. Ég skil ekki gagnrýnina á skýrsluna. Þetta er okkar skoðun og öðrum er frjálst að vera ósammála henni. Ég vona að við höfum ekki rétt fyrir okkur.“

Í skýrslunni er talin hætta á verulega harðri lendingu og staðan hér borin saman við Tyrkland og Taíland skömmu fyrir fjármálakreppur. Aðspurður segir Carsten að grundvallarmunur sé á því að þessar þjóðir bjuggu við fastgengi en Ísland er með fljótandi gengi. Skýrslu Danske Bank hefur verið vísað á bug af fjölda hagfræðinga og gengur í berhögg við skoðanir alþjóðastofnana og matsfyrirtækja. Í skýrslunni er tekið fram að greinendur séu ekki sérfræðingar um íslenskt viðskiptalíf. Carsten segir aðspurður að þrátt fyrir það hafi þeir ekki áhyggjur af því að setja fram jafn svarta sýn á efnahagslífið sem gangi í berhögg við til að mynda sýn Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar OECD og erlend matsfyrirtæki sem fylgst hafa lengi með íslensku efnahagslífi. „OECD hefur ekki staðið sig vel í að spá fyrir um fjármálakreppur.“

Danske Bank ráðleggur viðskiptavinum sínum að veðja á frekari veikingu krónunnar. - hh / sjá síðu 28



**DANSKE BANK** Greiningardeild bankans dregur ekki í land með svarta skýrslu sem gengur í berhögg við mat helstu sérfræðinga um íslenskt efnahagslíf

Kynferðisbrotsdómur:

# Tveir mánuðir á skilorði

**DÓMSMÁL** Karlmaður var í gær dæmdur í tveggja mánaða fangelsi, skilorðsbundið til tveggja ára, fyrir að áreita unga telpu. Héraðsdómur Reykjaness kvað upp dóminn.

Maðurinn hitti tvær telpur þar sem þær voru að leik. Hann bauð þeim heim til sín til að hlusta á tónlist. Þar bauð hann þeim gos, snakk og bjór, sem þær þáðu ekki. Að því búnu tók maðurinn til við að kyssa aðra telpuna. Hún kvaðst ekki vilja það og að því búnu yfirgáfu telpurnar íbúð hans og fóru heim. Faðir annarrar þeirrar kallaði til lögreglu þegar hún hafði greint frá atburðinum. -jss



**PÚTÍN OG HU** Forsetarnir takast í hendur á fundinum í Peking, þeim fimmta á innan við ári. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rússlandsforseti í Kína:

# Samið um náin tengsl

**KÍNA, AP** Vladimír Pútín Rússlandsforseti og hinn kínverski starfsbróðir hans, Hu Jintao, hétu því á fundi í Peking í gær að efla samstarf landanna tveggja í olíu- og gasmálum. Pútín hét því að láta hefja vinnu við undirbúning olíuleiðslu frá Síberíu til Kína. Eins og er fer öll olía sem Kínverjar kaupa af Rússum með lest yfir landamærin.

Þetta var fimmti fundur leiðtoganna tveggja á innan við ári. Mjög grunnt var á því góða milli Sovétríkjanna og Kína á dögum kalda stríðsins en sameiginlegir hagsmunir í alþjóðamálum hafa ýtt undir bætt tengsl stórþjóðanna tveggja. ■

# Með fúlgur fjár, dýra bíla en vildu styrki

**Miklir fjármunir fundust við húsleit hjá Litháa sem býr hér. Hann er í varðhaldi vegna rannsóknar á stórfelldu amfetamínsmygli. Hann og kona hans höfðu sótt um styrki til félagsmálayfirvalda en óku um á tveimur rándýrum bílum.**

**LÖGREGLUMÁL** Mikið af reiðufé fannst í fórum Litháa sem búsettur er hér á landi og hefur setið í gæsluvarðhaldi undanfarnar vikur, vegna rannsóknar lögreglu á umfangsmiklu amfetamínsmygli. Þá fannst í híbýlum hans minnismiði þar sem skráð var hvernig ætti að fullvinna amfetamín í fljótandi formi.

Kona mannsins, sem hefur sætt farbanni að undanförnu, hafði sótt um styrki til framfærslu hjá félagsmálayfirvöldum, samkvæmt upplýsingum sem Fréttablaðið hefur aflað sér. Það þykir stinga í stúf við bílaeign hjónanna sem áttu rándýran Benz og Audibifreið þegar maðurinn var handtekinn í tengslum við stórfellda smygltilraun samlanda sinna.

Rannsókn hefur leitt í ljós að samlandi mannsins kom hingað frá Litháen sem burðardýr og hafði meðferðis tvær flöskur af fljótandi amfetamíni sem hann afhenti hinum fyrrnefnda. Burðardýrið kom aftur hingað í byrjun febrúar og þá með fimm flöskur í farteskinu, tvær með brennisteinssýru og þrjár sem innihéldu fljótandi amfetamín. Hann var tekinn við komuna til landsins.

Rannsókn fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík hefur meðal annars sýnt fram á að símasamband var milli þessara tveggja manna svo og þriðja manns í Litháen, sem afhenti burðardýrinu flöskur í bæði skiptin áður en það kom hingað til lands. Sendandi flasknanna í Litháen er óþekktur að því er segir í gæsluvarðhaldsúrskurði Héraðsdóms, sem byggður er á greinargerð lögreglu.

Einn Lithái til viðbótar situr enn í gæsluvarðhaldi vegna amfetamínsmygls. Hann kom með tvær flöskur af fljótandi amfetamíni í byrjun ársins en var handtekinn í Leifsstöð. Grunur leikur á að hann tengist hinum mönnunum tveimur en lögreglu hefur ekki tekist að sanna þau tengsl.

Samkvæmt matsgerð lyfjafræðistofnunar Háskóla Íslands má gera ráð fyrir að 40-50 kíló af amfetamíni hefðu fengist úr þeim efnum sem þessir menn eru uppvísir að því að hafa flutt til landsins í þremur ferðum. Ljóst þykir, samkvæmt greinargerð lögreglu, að um einbeittan brotavilja sé að ræða og nær öruggt talið að efnið hafi átt að fara í sölu og dreifingu hér á landi. Litháinn sem búsettur er hér getur átt yfir höfði sér allt að 12 ára fangelsi vegna alvarleika þess brots, sem hann er grunaður um að hafa framið.

jss@frettabladid.is



**SAKBORNINGUR FYRIR HÉRAÐSDÓMI** Litháanum sem búsettur er hér á landi hefur verið gert að sæta gæsluvarðhaldi þar til dómur gengur í máli hans, þó ekki lengur en til föstudagsins 28. apríl. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ráðstefnu- og tónlistarhús:

# Framkvæmdir eru hafnar

**BORGARMÁL** Vegfarendur í Miðbæ Reykjavíkur ættu innan skamms að verða varir við að framkvæmdir eru hafnar vegna fyrirhugaðrar byggingar ráðstefnu- og tónlistarhallar við Austurhöfn.

Mest áberandi verður tímabundin færsla Geirsgötu en gatan sú verður færð tvisvar sinnum meðan á framkvæmdatímanum stendur. Síðasti hluti brúarinnar á Tollstöðvarhúsinu verður brotinn niður auk þess sem gamla Ziemsen-húsið verður fært. Bílastæðum mun fækka mikið og er nú unnið að lausn á því vandamáli. - aöe



**HLAÐVARPINN OF HÁR** Mælingar sýna að húsið er of hátt.

Nýjar mælingar lagðar fram:

# Hlaðvarpinn mælist of hár

**BORGARMÁL** Á fundi skipulagsráðs Reykjavíkurborgar í gær voru lagðar fram nýjar mælingar byggingarfulltrúa á Hlaðvarpanum, en því hefur verið haldið fram að húsið hafi verið hækkað meira en leyfi voru fyrir. Mælingarnar nú gefa til kynna að mænishæð hússins sé sjö sentimetrum of há og porthæðin 42 sentimetrum of há.

Málið verður áfram til skoðunar hjá byggingarfulltrúa sem segir að reynist þessi mæling rétt þá sé ljóst að farið hefur verið út fyrir skipulagið. Byggingarleyfishafi og hönnuður fá nú tíu daga til að útskýra sína hlið málsins. - shá

## LÖGREGLUMÁL

**Hreinsun spilliefna gekk vel**

Hreinsunarstarf eftir að spilliefnagámur með sjö tonnum af rafgeymum féll af palli flutningabíls við brúna yfir Norðurá í fyrrakvöld gekk vel og telur lögregla ekki að tjón hafi orðið þó sýra hafi lekið.

## LEIÐRÉTTING



Undir mynd af Fannýju Gunnarsdóttur, nýjum þingmanni framsóknarmanna, í blaðinu í gær, var af misgáningi sett nafn Sæunnar Stefánsdóttur varaþingmanns. Beðist er velvirðingar á mistökunum.


BÍLL DAGSINS

VW GOLF COMFORT HIGHLINE 4WD

Nýskr. 01.04 - Beinskiptur - Ekinn 51. þús. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00 og laugadaga kl. 12:00 -16:00.


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**KALT OG VINDASAMT**

Spákortin eru ekkert tiltakanlega vorleg. Beinlínis alls ekki. Í dag eru horfur á leiðinda vetrarveðri norðvestan til. Á Norðaustur- og Austurlandi verður éljagangur og nokkuð vindasamt. En það hlaut að koma að því að við finndum fyrir vetri.

**HVENÆR HLÝNAR?**

Vonirnar eru heldur veikar. Þó er minnkandi frost sunnan til á morgun og hinn.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**

Fremur stíf norðaustanátt. Skýjað. Frost 1-4 stig.

*um hádegi »*



*» á morgun*



13-18 m/s með ströndum sunnan og vestan til, annars hægari.

*» laugardagur*



Allhvasst víða um land.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 3°C léttskýjað | París | 11°C léttskýjað | Alicante | 23°C heiðskírt |
| Osló | 1°C léttskýjað | Berlín | 5°C skýjað | Mílano | 12°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 1°C léttskýjað | Frankfurt | 7°C léttskýjað | New York | 10°C hálfskýjað |
| Helsinki | -1°C skýjað | Madríd | 12°C skýjað/skúr | San Francisco | 18°C léttskýjað |
| London | 9°C léttskýjað | Barcelona | 16°C léttskýjað | Orlando/Flórída | 28°C léttskýjað |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.


DÆLAN
– Fyrir nördinn í sjálfum þér!
Muna: Að Dæla prófúrlausnunum á vinina
Dælan er einfalt smáforrit sem þú notar til að spila tónlist, dæla niður hringitónum og leikjum, fletta upp í orðabók, senda SMS á hópa og margt fleira. Láttu Dæluna ganga!
Þú færð Dæluna á siminn.is.
Síminn



## KJÖRKASSINN

*Viltu fá Jón Baldvin á Alþingi á ný?*

| | |
|---|---|
| Já | 54% |
| Nei | 46% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Á að leyfa vísindamönnum að flytja inn fuglaflensuveirur?*

vísir

Enn hart deilt um ný lög um atvinnumál ungmenna í Frakklandi:

# Sarkozy vekur máls á sáttaleið

**FRAKKLAND, AP** Nicolas Sarkozy, innanríkisráðherra Frakklands, reyndi að leggja sitt af mörkum til að bera klæði á vopnin í deilunni um lagafrumvarp ríkisstjórnarinnar um atvinnumál ungmenna, en hann lagði til að látið yrði á lögin reyna í hálfs árs reynslutíma.

Þessa sáttatillögu nefndi Sarkozy í viðtali við vikuritið Paris Match, en það var í fyrsta sinn sem einhver úr ríkisstjórninni vék frá óbilgjarnri afstöðu forsætisráðherrans Dominique de Villepin. Tugþúsundir námsmanna og annarra ungmenna hafa tekið þátt í háværum mótmælum gegn frumvarpinu að undanförnu og forsvarsmenn verkalýðsfélaga hafa tekið undir kröfur mótmælenda.

Yfirlýstur tilgangur nýju laganna er að minnka atvinnuleysi í röðum ungs fólks með því að auka sveigjanleika á vinnumarkaði, en í því felst að atvinnurekendum sé gert auðveldara að ráða ungt fólk til starfa – og reka það. Mótmælendur segja frumvarpið grafa undan atvinnuöryggi.

**- aa**



**SARKOZY** Innanríkisráðherrann í ræðustól á þingi í París í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Frjáls för verkafólks:

# Þjóðverjar loka í þrjú ár enn

**ÞÝSKALAND, AP** Þýska stjórnin samþykkti í gær þriggja ára framlengingu á frestun á gildistöku Evrópureglna um frjálsa för launafólks frá nýjustu aðildarríkjum ESB. Til réttlætingar ákvörðuninni er vísað til hins mikla atvinnuleysis sem ríkir í Þýskalandi. Þýskur vinnumarkaður verður því að mestu lokaður verkafólki austar úr álfunni fram á vorið 2009.

Ísland hefur líka nýtt sér undanþágu frá gildistöku innri markaðs-reglunnar um frjálsa för verkafólks frá nýju aðildarríkjunum, en íslensk stjórnvöld þurfa brátt að tilkynna hvort þau hyggist gera það áfram eftir 1. maí í ár. **- aa**


Að tilhlutan Ferðaklúbbs HEIMSKRINGLU

NÁMSSKEIÐ



INGÓLFS GUÐBRANDSSONAR

Ferðafrömuðar, víðförlasta manns Íslandssögunnar um ferðaval og fegurstu staði heimsins:

**GRAND HÓTEL REYKJAVÍK.** lau. 25 mars og 1. apr. Kl. 15 – 17.30.
**ÓKEYPIS** fyrir þátttakendur **í HNATTREISUNNI** 2. – 30. okt. 2006

Námsskeiðið öllum opið meðan pláss leyfir gegn greiðslu lágmarks þátttökugjalds.

**SKRÁNING: HEIMSKRINGLA s. 893 3400**




**VERKAMENN** Mörg sveitarfélög á landsbyggðinni eru illa undir það búin að hækka laun starfsmanna en rekstrarhallinn er mestur á landsbyggðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Launahækkanir kosta sveitarfélög 3,6 milljarða

**Samanlagður halli sveitarfélaga verður meiri en átta milljarðar á árinu. Sérfræðingar sveitarfélaganna telja að hækkanirnar geti leitt til átaka í haust. Eitt stærsta málið sem við glímum við, segir Jón Kristjánsson félagsmálaráðherra.**

**SVEITARFÉLÖG** Áætluð aukin fjárþörf sveitarfélaga í landinu á þessu ári vegna nýlegra kjarasamninga nemur 3,6 milljörðum króna. Samanlagður halli þeirra vegna kjarasamninga og áætlaðra fjárfestinga nemur liðlega 8,1 milljarði króna.

Tölur um rekstur og afkomu sveitarfélaga voru kynntar á fundi félagsmálanefndar Alþingis síðastliðinn þriðjudag.

Í gögnum sem lögð voru fyrir nefndina frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga segir að nýsamþykktar heimildir Launanefndar sveitarfélaga til launahækkana séu skilyrtar heimildir til yfirborgunar umfram gildandi kjarasamninga og beinist fyrst og fremst að lægstu launum. Líkur eru taldar á að öll sveitarfélög nýti sér þær heimildir til launahækkana.

Launahækkanir starfsmanna sveitarfélaga voru á bilinu 12,5 til 21,7 prósent á síðasta ári. Mesta launahækkunin varð með samningum Reykjavíkurborgar í október síðastliðnum við Starfsmannafélag Reykjavíkur og Eflingu. Gögn Sambands íslenskra sveitarfélaga sýna að hækkunin er langt umfram úrskurð kjaradóms. Fyrir breytingar nam launahækkunin, sem kjaradómur úrskurðaði æðstu embættismönnum og kjörnum fulltrúum, 11,2 prósentum en varð á endanum 5,6 prósent.



**JÓN KRISTJÁNSSON**

Sérfræðingar sambandsins telja að miklar launahækkanir hjá sveitarfélögum leiði til þess að fólk í láglaunastörfum hjá ríkinu og á almennum vinnumarkaði leiti eftir vinnu hjá sveitarfélögunum. Við þetta skapist spenna á vinnumarkaði, verðbólguþrýstingur aukist og hugsanlega verði kjarasamningum á almennum vinnumarkaði sagt upp næsta haust.

Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga kynntu félagsmálanefnd í þessu sambandi hugmyndir um að vaxandi spennu á vinnumarkaði væri unnt að mæta með auknu samráði allra vinnuveitenda, samræmdri vinnulöggjöf og heildarsamningum sem byggðust á mati á launahækkunarsvigrúmi þjóðarbúsins.

„Ég hef átt fundi með þeim og þetta er eitt stærsta málið sem við er að glíma," segir Jón Kristjánsson félagsmálaráðherra. „Kjarasamningarnir fela í sér mikinn kostnaðarauka og hafa orðið tilefni til samanburðar við aðra hópa. Á þessu stigi höfum við uppi varnaðarorð en afkoma sveitarfélaganna er þó misjöfn."

**johannh@frettabladid.is**




STEFNUMÓT VIÐ HJÖRLEIF SJÖTUGAN

Málþing til heiðurs Hjörleifi Guttormssyni haldið í sal Ferðafélags Íslands í Mörkinni 6 í Reykjavík, laugardaginn 25. mars kl. 13:00 - 18:00

Fyrri hluti málþingsins fjallar um óbyggðir Íslands í nútíð og framtíð og hinn síðari um alþjóðlegt samstarf og náttúruvernd á norðurslóðum

Til málþingsins boða:
Ferðafélag Íslands, Félag um vernd hálendis Austurlands, Fuglavernd, Hið íslenska náttúrufræðifélag, Landvernd, Náttúruverndarsamtök Íslands, Náttúruverndarsamtök Austurlands, Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi, Náttúruverndarsamtök Suðurlands, Náttúruverndarsamtök Vesturlands og Náttúruvaktin.

Allir velkomnir, sem heiðra vilja Hjörleif sjötugan

MESTA ÚRVAL LANDSINS AF FERÐAVÖGNUM



Komdu og kynntu þér vönduðu Bandarísku A-húsin frá Chalet. Þau sameina kosti fellihýsa og hjólhýsa og uppsetningin tekur aðeins um 30 sekúndur.

Verslaðu við traustan aðila!

Tjaldvagnaland

SEGLAGERÐIN ÆGIR

www.seglagerdin.is

EYJARSLÓÐ 5 • SÍMI 511 2203


Flugmálastjórn í Keflavík lögð niður í núverandi mynd:

# Flugmálastjórnir sameinast

**KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR** Starfsemi flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli verður lögð niður í núverandi mynd og færð undir Flugmálastjórn Íslands, að sögn Sturlu Böðvarsonar samgönguráðherra.

Keflavíkurflugvöllur hefur verið rekinn sem sjálfstætt flugstjórnarsvæði samkvæmt ákvæðum varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna og hefur það sætt gagnrýni af hálfu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar ICAO sem hefur mælst til þess að Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli verði færð undir Flugmálastjórn Íslands sem ber ábyrgð á flugöryggismálum gagnvart stofnuninni.



**HERÞOTA HEFUR SIG Á LOFT Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI** Sturla Böðvarsson samgönguráðherra segir að hagræða megi verulega með sameiningu flugmálastjórnanna tveggja. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Samkvæmt Hjördísi Guðmundsdóttur, upplýsingafulltrúa Flugmálastjórnar Íslands, hafa meginrökin gegn sameiningu flugmálastjórnanna hingað til verið að tvö ráðuneyti, utanríkisráðuneyti og samgönguráðuneyti, hafa farið með þessi mál. Samgönguráðuneyti hefur flug og flugvelli á sínu starfssviði en utanríkisráðuneytið heldur utan um allt sem tengist varnarsamningnum. Með brotthvarfi Bandaríkjahers verður hægt að færa alla flugstarfsemi undir samgönguráðuneyti. **- sdg**







## HELENA RUBINSTEIN DAGAR Í HAGKAUPUM KRINGLUNNI
## 23. – 29. MARS

### Sérfræðingar frá Helena Rubinstein sýna þér það nýjasta í förðun og húðumhirðu.

- Beverly Hills, vor- og sumarlitirnir eru mildir, þægilegir í notkun og draga fram það allra besta hjá hverri og einni konu.
- Wanted Rouge eru nýir, kremaðir varalitir. Þeir endast vel, þekja vel og innihalda hunang sem nærir varirnar.
- Prodigy Cleanser hreinsar húðina á mildan hátt, auk þess sem hann varðveitir ferskleika húðarinnar og vinnur gegn öldrun.
- Glæsilegar tilboðsöskjur í Prodigy og Gold Future kremunum, þar sem falleg taska og 3 vörur í lúxusstærðum fylgja með.
- Life Pearl kremið er nú á sérstöku tilboðsverði með 35% afslætti og auk þess fylgir því falleg skartgripaaskja.

Líttu við og fáðu fagmannlegar ráðleggingar. Glæsilegir kaupaukar fylgja þegar keyptar eru 2 vörur frá Helena Rubinstein.




Verðmæti kaupaukans er 7.500 krónur.

HR HELENA RUBINSTEIN

Gildir til 29. mars eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*


OROBLU

Kynning
á nýju vorvörunum
frá OROBLU
í dag í Lyfjavali,
Mjódd kl. 14-18.





Kaupauki
fylgir hverri
OROBLU vöru

Lyfjaval
APÓTEK

Niðurfelling hámarkstaxta leigubíla þýðir vart aukna samkeppni:

# Hreyfill mun ráða taxtanum

**SAMKEPPNISMÁL** „Úrskurðinum hefur verið áfrýjað til áfrýjunarnefndar en við eigum frekar von á að þetta gangi í gegn og það veldur okkur talsverðum heilabrotum,“ segir Hjalti Hafsteinsson, stjórnarmaður í Frama, félagi leigubílstjóra.

Nú er rúmur mánuður þangað til fellur úr gildi hámarkstaxti fyrir leigubifreiðar en skiptar skoðanir eru um hvað tekur þá við þann 1. mars. Geta bílstjórar þá í raun ráðið taxta sínum alfarið sjálfir en fyrirséð er að ýmis vandkvæði eru því samfara.

Viðskiptavinir munu vart taka vel í að greiða mismunandi verð í hvert skipti og ekki er loku fyrir það skotið að stöku bílstjórar sjái sér hag í að hækka og lækka taxta sína eftir framboði og eftirspurn á hverjum tíma sólarhringsins.




**SAMKEPPNI EYKST EKKI** Að mati stjórnarmanns í félagi leigubílstjóra mun stærsta fyrirtækið á markaðnum ráða taxtanum þegar taxtinn verður gefinn frjáls 1. mars. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Líklegra verður þó niðurstaðan sú að stærsta stöðin, Hreyfill, setur viðmiðunarverð og hin fyrirtækin fylgi í kjölfarið að mati Hjalta. „Það er sú leið sem ég sé í dag enda hafa þeir meira bolmagn en minni stöðvarnar. Ólíklegt er að gjaldið lækki frá því sem nú er enda er talsverður kostnaður því samfara að breyta kerfum og mælum vegna þessa og sá kostnaður flyst yfir á viðskiptavini eins og alltaf.“

Búast má við niðurstöðu áfrýjunarnefndar á næstu vikum. **- aöe**

Félag stúdenta á Akureyri:

# Fagna leiðréttingu á rekstri

**MENNTAMÁL** Félag stúdenta við Háskólann á Akureyri fagnar því að ríkisstjórnin hafi ákveðið að leiðrétta rekstrargrunn Háskólans á Akureyri um 60 milljónir króna.

Í yfirlýsingu sem félagið sendi frá sér í gær, segir að með þessu sé verið „að koma til móts við það mikla uppbyggingarstarf sem unnið hefur verið við háskólann og stórauka eftirspurn eftir námi skólans“.

Einnig er tekið fram að samþykkt ríkisstjórnarinnar tryggi það að skólinn geti haldið áfram að vinna á metnaðarfullan hátt, án þess að þurfa að grípa til sársaukafullra sparnaðaraðgerða. **- mh**

# Gegnumlýsingartæki vantar

**Ekkert gegnumlýsingartæki er til hjá tollgæslunni á Seyðisfirði. Sjóleiðin með Norrænu er því opnari fíkniefnasmyglurum en annars væri. Ekki er talið nauðsynlegt að efla gæslu þótt skemmtiferðaskipum fjölgi.**

**ÖRYGGISMÁL** „Gegnumlýsingartæki er eitt mikilvægasta tækið við tollgæslu og hefur margsannað gildi sitt,“ segir Kári Gunnlaugsson, aðaldeildarstjóri tollgæslunnar á Keflavíkurflugvelli, en ekkert gegnumlýsingartæki er hjá tollgæslunni á Seyðisfirði. Fyrir vikið þykir leiðin með ferjunni Norrænu opnari fíkniefnasmyglurum en hún annars væri, en nýlega fann tollgæslan þrjú kíló af hassi og lítilræði af kókaíni í bifreið Pólverja í skipinu.

Ástríður Grímsdóttir, sýslumaður á Seyðisfirði og yfirmaður tollgæslunnar á staðnum, sagði í viðtali við Fréttablaðið í gær að nauðsynlegt væri að koma upp gegnumlýsingartæki á staðnum, en á milli ellefu og tólf þúsund gestir koma til Seyðisfjarðar á ári hverju með Norrænu.

Tollgæslan heyrir undir fjármálaráðuneytið og hefur þegar verið óskað eftir því að gegnumlýsingartæki verð keypt til þess að hægt sé að herða eftirlit með farþegum sem koma með Norrænu til landsins.

Árni Mathiesen fjármálaráðherra segist vita af áhuga yfirvalda á Seyðisfirði, á því að fá tæki til þess að aðstoða við eftirlitið. „Þessi mál eru í skoðun innan ráðuneytisins og verður unnið að þeim í samvinnu við tollgæsluna á Seyðisfirði.“




**SKEMMTIFERÐASKIP UTAN VIÐ EYJAFJÖRÐ** Heimsóknir skemmtiferðaskipa til Akureyrar hafa aukist jafnt og þétt frá 1988. Skrifstofustjóri Hafnarsamlags Norðurlands telur öryggismál í kringum heimsóknir skemmtiferðaskipanna hingað til lands vera í góðu lagi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURÐUR

**TOLLGÆSLA** Tækjabúnaður tollgæslunnar á Seyðisfirði er óviðunandi.

Koma skemmtiferðaskipa til landsins hefur aukist mikið á síðustu árum. Sérstaklega hafa ferðir til Akureyrar aukist mikið en um 40 þúsund farþegar komu í bæinn með skemmtiferðaskipum á síðasta ári.

Sigurður Pétur Ólafsson, skrifstofustjóri Hafnarsamlags Norðurlands, segir ekki vera þörf á því að efla eftirlit með farþegum skemmtiferðaskipa á Akureyri þar sem öryggismálum sé sinnt með fullkomnum tækjum inni í skipunum sjálfum. „Skipin sem hingað koma eru vel búin fullkomnum öryggistækjum, meðal annars gegnumlýsingarbúnaði, og því tel ég ekki vera þörf á því að koma upp öflugum tækjabúnaði hér á höfninni.“

Búist er við því að ferðum skemmtiferðaskipa til Akureyrar muni fjölga umtalsvert á þessu ári en ferðir skemmtiferðaskipa til Akureyrar voru um 20 prósent af öllum tekjum Hafnarsamlagsins í fyrra. „Við gerum ráð fyrir því að ferðum hingað haldi áfram að fjölga. Það er mikil ásókn í ferðirnar til Íslands. Við njótum góðs af markaðsvinnu sem unnin hefur verið á erlendum vettvangi, en annars er það ímynd landsins sem tryggir mikinn áhuga útlendinga á því ferðast til landsins.“

magnush@frettabladid.is

**FJÖLDI FARÞEGA SKEMMTIFERÐASKIPA TIL AKUREYRAR**

| ÁR | FARÞEGAR | ÁHÖFN |
|---|---|---|
| 1995 | 17.789 | 10.023 |
| 1996 | 15.970 | 9.848 |
| 1997 | 16.174 | 10.037 |
| 1998 | 15.559 | 7.962 |
| 1999 | 13.779 | 7.134 |
| 2000 | 16.803 | 9.512 |
| 2001 | 17.542 | 9.242 |
| 2002 | 20.199 | 10.008 |
| 2003 | 23.458 | 11.718 |
| 2004 | 32.639 | 16.117 |
| 2005 | 40.056 | 19.537 |




Flott hugmynd að
fermingargjöf

Silva 8x20
Vandaður sjónauki í vasann.
Stækkar 8 sinnum.
3.990 kr.

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580
ÚTILÍF


Í Skútuvogi
aðeins í dag!
Páskaliljur í potti
10 kr
2 pottar á mann
Pottahlíf fylgir ekki
Silkivendir 999
Englastyttur 20% afsláttur
Tilboðsdagar
Túlípanaveisla!
10 túlípanar
599 kr.
Ný afskornir
og ferskir
Garðbekkir
4 gerðir
verð frá 5.900
Soldis
Silkitré & silkiblóm
ný sending
full búð af
sumarblómum
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind




Kjarabarátta lækna við ríkisspítala í Þýskalandi:

# Læknar skiptast á að fara í verkfall

**BERLÍN, AP** Læknar við tuttugu ríkisrekin sjúkrahús í Þýskalandi fóru í verkfall í gær. Þeir krefjast þess að fá verulegar launahækkanir og vilja hætta að vinna ógreidda yfirvinnu.

Læknarnir gæta sín á að láta verkfallið hvorki bitna á bráðaþjónustu né gjörgæslu, en það raskar verulega almennri læknisþjónustu á ellefu háskólasjúkrahúsum og níu geðsjúkrahúsum.

Læknarnir hófu aðgerðir sínar á fimmtudaginn í síðustu viku og hafa skipst á um að fara í skyndiverkföll.

**- gb**



**FRANK ULRICH MONTGOMERY** Formaður Læknafélagsins í Marburg segir þýska lækna luma á frekari aðgerðum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**VÖRÐUR OG VEGGSPJALD** Spænskur öryggisvörður gengur fram hjá veggmynd sem auglýsir aðskilnaðarsamtök Baska, en þau lofuðu að leggja niður vopn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# ETA leggur niður vopn

**Aðskilnaðarsamtök Baska, ETA, boðuðu varanlegt vopnahlé í gær við mikinn fögnuð Spánverja. ETA lofar að leggja niður vopn á föstudag.**

**SPÁNN, AP** Þrír talsmenn aðskilnaðarsamtaka Baska, ETA, á Spáni birtust á spænskum sjónvarpsskjám í gær og tilkynntu að samtökin muni hefja varanlegt vopnahlé frá og með föstudeginum. Fréttirnar vöktu mikla athygli og kættust Spánverjar mjög yfir þeim, þó sumir tækju þeim með fyrirvara. Vopnahléið mun binda endi á áratuga langa sögu ofbeldis samtakanna, sem eru ein síðustu vopnuðu samtök aðskilnaðarsinna í Vestur-Evrópu.

Mennirnir voru grímuklæddir með baskneskar alpahúfur og sátu við borð sem skreytt var ETA-fánanum, en upptakan var sýnd á ríkissjónvarpsstöð Spánar og á sjónvarpsstöðvum Baska. Jafnframt birtu basknesk blöð fréttir af upptökunni. Yfirlýsing um vopnahlé er fyrsta skrefið að formlegum friðarumleitunum milli ETA og stjórnvalda á Spáni, en mennirnir báðu spænsk og frönsk yfirvöld um að taka yfirlýsingu þeirra vel.

Maria Teresa Fernandez de la Vega, aðstoðarforsætisráðherra Spánar, fagnaði yfirlýsingunni, en bætti við að „ríkisstjórnin verði nú að vera varkárari en áður“.

Samtökin hafa í nær fjóra áratugi barist fyrir sjálfstæðu ríki á Norður-Spáni og Suðvestur-Frakklandi og hafa yfir 800 manns fallið í sjálfstæðisbaráttu þeirra. Þó hefur enginn farist í sprengingum þeirra síðan árið 2003 því ETA hefur varað við öllum sínum sprengjum síðan þá.



**VOPNAHLÉ** Þrír talsmenn aðskilnaðarsamtaka Baska birtust á sjónvarpsskjám Spánverja í gær, og lofuðu varanlegu vopnahléi frá og með föstudeginum. NORDICPHOTOS/AFP

Í síðasta mánuði sagðist Jose Luis Rodriguez Zapatero forsætisráðherra vera vongóður um að ETA myndi brátt lýsa yfir vopnahléi. Zapatero hefur lýst yfir vilja til að veita stjórnum 17 héraða Spánar meira vald á heimavelli, þar með talið stjórnum Baskahéraðanna og Katalóníu. Margir hægrisinnaðir Spánverjar telja slíkt tal eingöngu auka á óstöðugleikann heima fyrir og að það myndi á endanum leysa upp spænska ríkið.

Zapatero hefur hins vegar lofað að ræða þessi mál við aðskilnaðarleiðtoga Baska leggi ETA niður vopn, og hefur spænska þingið stutt hann í því.

**smk@frettabladid.is**




AÐALFUNDUR

BAKKAVÖR GROUP HF.

Aðalfundur Bakkavör Group hf. 2006 verður haldinn föstudaginn 24. mars nk. kl. 17.00 í Íslensku óperunni, Ingólfsstræti 2a, 101 Reykjavík.

Eftirtalin mál eru á dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið ár.
2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár, ásamt skýrslu endurskoðanda, lagður fram til samþykktar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á síðastliðnu reikningsári.
4. Ákvörðun um stjórnarlaun.
5. Kosning stjórnar félagsins.
6. Kosning endurskoðanda.
7. Heimild til kaupa á eigin hlutum.
8. Önnur mál.

Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent við innganginn við upphaf fundarins. Fundarstörf fara fram á ensku.

*Eftir fundinn verður boðið upp á úrval rétta sem Bakkavör framleiðir.*

Stjórn Bakkavör Group hf.

1986 BAKKAVÖR 20 ÁRA 06




## Verður þú einn af 30 nýjum milljónamæringum?

Á morgun drögum við út 30 vinningshafa sem fá milljón hver.
Vertu með og fáðu þér miða í síma 800 6611 eða á hhi.is
Aðeins dregið úr seldum miðum.

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
*vænlegast til vinnings*



**PÍLAGRÍMSFÖR PÚTÍNS** Vladimír Pútín Rússlandsforseti sneri heim úr Kínaför í gær, en gat ekki stillt sig um að skreppa til Shaolin áður en hann yfirgaf Kína. Pútín er með svarta beltið í júdó, en talið er að bardagaíþróttin kúng fú sé upprunnin í Shaolin. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ágúst Ólafur Ágústsson alþingismaður:

# Vill lögfesta Barnasáttmála

**ALÞINGI** Lagt hefur verið fram þingmál á Alþingi um lögfestingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Fyrsti flutningsmaður er Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar.

Aðildarríki samningsins, Ísland þar með talið, eru einungis skuldbundin barnasáttmálanum samkvæmt þjóðarrétti en ekki landsrétti. Því þarf að lögfesta alþjóðlega samninga ef þeir eiga að hafa bein réttaráhrif hér á landi.

Einnig er lagt til í þingmálinu að íslensk löggjöf verði aðlöguð að barnasáttmálanum, að sögn Ágústs Ólafs. Ákvæði hans geta sömuleiðis kallað á endurskoðun hegningarlaga. Má þar nefna hækkun kynferðislegs lögaldurs úr 14 ára, setningu ákvæðis um heimilisofbeldi og afnám fyrningarfresta í kynferðisafbrotum gegn börnum.

Samkvæmt barnasáttmálanum ber að aðskilja unga fanga frá fullorðnum föngum en hér á landi er það ekki gert.

Tryggja þarf rétt barnsins til að þekkja foreldra sína og skoða hvort það eigi við ættleidd börn og sæðisgjafir. Skoða þarf sérstaklega stöðu barna sem glíma við langvarandi veikindi, fötlun, geðsjúkdóm og fátækt og barna nýbúa í íslenskum lögum.



**BARNASÁTTMÁLINN** Lögfesting Barnasáttmála SÞ er mikilvægt skref í réttindamálum barna.

Andalæknir fundinn sekur:

## Lofaði konu hafmeyjum

**SIMBABVE, AP** Kona sem þóttist vera andalæknir hefur verið fundin sek fyrir simbabveskum dómstólum um að hafa svikið rúmar tvær milljónir íslenskra króna út úr kaupsýslukonu. „Andalæknirinn" lofaði að útvega hafmeyjar sem áttu að hafa uppi á stolinni bifreið kaupsýslukonunnar.

Hluti upphæðinnar átti að fara í uppihald hafmeyjanna á hóteli í Harare, og einnig sagðist svikahrappurinn ætla að kaupa naut fyrir féð og nota kynfæri þess til að finna bílaþjófinn. Hafmeyjarnar áttu jafnframt að hjálpa konunni með persónuleg vandamál. - smk




# Afturkölluðu leyfi á nefúðarannsókn

**Vísindasiðanefnd hefur afturkallað leyfi Lyfjaþróunar hf. á rannsókn á nefúða við bólusetningu. Rannsóknunum var hætt í mars í fyrra. Þetta er í fyrsta skipti sem nefndin afturkallar leyfi fyrirtækis til rannsókna af þessu tagi.**

**VÍSINDI** Lyfjaþróun hf. hefur misst leyfi sitt til rannsóknar á notkun nefúða við bólusetningu eftir að Vísindasiðanefnd afturkallaði samþykki sitt fyrir rannsókninni, þar sem hún taldi skorta upplýsingar um öryggi rannsókna á lyfinu.

Afturköllun á leyfinu hefur ekki áhrif á starfsemi Lyfjaþróunar hf. þar sem rannsókninni á lyfinu var hætt í mars á síðasta ári, en fyrstu rannsóknirnar á nefúðanum fóru fram 1999.

Sveinbjörn Gizurarson, sem nú starfar sem prófessor við Lyfjafræðideild Háskóla Íslands, var framkvæmdastjóri Lyfjaþróunar á þeim tíma sem rannsóknirnar voru gerðar og var hann tilgreindur sem ábyrgðarmaður rannsóknarinnar.

Erindi barst til nefndarinnar níunda janúar á þessu ári þar sem fullyrt var að rangar og villandi upplýsingar hefðu verið gefnar vegna umsókna til Vísindasiðanefndar.

Í rökstuðningi nefndarinnar fyrir afturkölluninni á leyfinu, segir að hvergi hafi verið getið sérstaklega um mögulega fleiðurmyndun í nefslímhúð í kjölfar inntöku á lyfinu. Að auki segir að þátttakendur í rannsókninni, sem voru um 100 talsins, hafi ekki átt kost á því að taka afstöðu til þessara mögulegu óþæginda, eins og krafa hafi verið gerð um.

Nefndin telur einnig að fullnægjandi upplýsingar hafi ekki verið veittar um vísindalegar forsendur þess að ráðist var í rannsóknina, en af þeim gögnum sem nefndin hefur til skoðunar telur hún að fyrri niðurstöður mælinga á ónæmissvörun hafi ekki gefið tilefni til að afla þátttakenda í rannsókn undir þeim formerkjum sem gert var.



**RANNSAKANDI VIÐ VINNU** Afturköllun á rannsóknarleyfi Lyfjaþróunar hefur ekki áhrif á vinnu fyrirtækisins. Maður á myndinni tengist ekki rannsókninni.

Lyfjaþróun sendi frá sér yfirlýsingu vegna niðurstöðu Vísindasiðanefndar og er þar tekið sérstaklega fram að enginn þátttakenda í rannsóknunum, hvorki árið 1999 né í seinni hluta rannsóknarinnar sem fór fram 2004, hefði kvartað undan óþægindum vegna tilraunanna.

Að auki er tekið fram að „Lyfjaþróun muni senda út bréf til þátttakenda með niðurstöðu nefndarinnar og Lyfjaþróun mun taka fullt tillit til athugasemda Vísindasiðanefndar varðandi ítarlegri upplýsingagjöf í framtíðinni."

Í yfirlýsingunni kemur fram að framkvæmd rannsóknar hafi farið fram eftir þeim alþjóðlegu gæðastöðlum sem klínískar rannsóknir gilda og með samþykki Lyfjastofnunar og Vísindasiðanefndar á þeim tíma, en nefndin gerði engar athugasemdir við framkvæmd rannsóknarinnar.

magnush@frettabladid.is






Héðinsfjarðargöng:

# Þrjú tilboð undir áætlun

**ÚTBOÐ** Háfell og tékkneska verktakafyrirtækið Metrostav áttu lægsta tilboðið í gerð Héðinsfjarðarganga. Tilboðið hljóðaði upp á rúma 5,7 milljarða króna en kostnaðaráætlun nam tæpum 6,5 milljörðum króna.

Aðrir sem buðu í verkið voru: Leonhard Nilsen & Sönner og Héraðsverk, 5,8 milljarða, Arnarfell, 6,1 milljarð, Ístak, 6,5 milljarða og Marti Contractors og Íslenskir aðalverktakar, 8,9 milljarða króna.

Eftir er að meta tilboðin og yfirfara en áætluð verklok eru 10. desember 2009.

- kk

Siðanefnd Sambands íslenskra auglýsingastofa:

# Fréttablaðið brotlegt

**SAMKEPPNISMÁL** Auglýsingar 365 prentmiðla sem birtust í Fréttablaðinu á tímabilinu 16. ágúst til 30. nóvember í fyrra og áttu að sýna fram á yfirburði blaðsins sem auglýsingamiðils, brutu í bága við siðareglur Sambands íslenskra auglýsingastofa að mati siðanefndar hennar. Árvakur, útgáfufélag Morgunblaðsins, kærði auglýsingarnar til siðanefndar.

Í úrskurðinum segir að samanburður á lestri sérblaða sé ekki sanngjarn og framsetningin með þeim hætti að hún geti villt um fyrir neytendum því erfitt sé að sjá hvort um sé að ræða lestur á sérblöðum eða aðalblöðum.

Einnig telur nefndin að hugtök eins og „matgæðingar“ og „innkaupastjórar heimilanna“ sem notuð eru í auglýsingunum séu ekki studdar nægilegum rökum né umræddir hópar skilgreindir nægilega vel. Þar að auki telja nefndarmenn að 365 hafi ekki sýnt áreiðanlega íslenska könnun sem sýni að fólk undir fimmtugu standi fyrir 85 prósentum af einkaneyslu. Ónákvæmni og misvísi gætir í meðferð gagna úr fjölmiðlakönnunum sem auglýsingarnar vísa til, segir einnig í álitinu. Þá eru súluritin ekki í réttum hlutföllum þar sem skorið hefur verið neðan af þeim án þess að brotalína gefi það til kynna.



**365 PRENTMIÐLAR** Siðanefnd Sambands íslenskra auglýsingastofa telur að 365 prentmiðlar hafi brotið í bága við siðareglur með auglýsingum sínum í Fréttablaðinu.

Nefndarmenn telja þar að auki að staðhæfingar um Fréttablaðið eins og „áhrifamesti fjölmiðillinn“ og „stærsti fjölmiðillinn“ hafi ekki verið sannreyndar svo að hægt sé að nota þær við auglýsingar.

- jse

Héraðsdómur Reykjavíkur:

# Tryggingafélag sýknað

**DÓMSMÁL** Tryggingafélag var í gær sýknað af kröfu útgerðarmanns. Sá taldi sig eiga endurkröfurétt á félagið eftir að hafa verið dæmdur til að greiða starfsmanni sínum rúmar níu milljónir í skaðabætur vegna slyss.

Taldi maðurinn að tryggingar sínar næðu yfir slíkar bætur enda um venjulegar slysatryggingar sjómanna að ræða. Höfðu í millitíðinni orðið breytingar á kjarasamningum sjómanna sem þýddu breytingar á tryggingum sem útgerðarmaðurinn hefði sjálfur átt að kynna sér. Var tryggingafélagið því sýknað af kröfum mannsins.

- aöe



**NÁÐIST Á ENDANUM** Allen Abney ávarpaði fjölmiðla á mánudaginn. Dóttir hans fylgist með. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bandarískur liðhlaupi:

# Handtekinn eftir 38 ár

**BANDARÍKIN, AP** „Þegar ég var 18 ára áttaði ég mig engan veginn á því að skylda og heiður yrðu mér jafn mikils virði og núna,“ sagði Allen Abney, 56 ára liðhlaupi úr bandaríska hernum, en hann náðist í síðustu viku. „Þetta var ekki þess virði.“

Hann flúði úr landgönguliði flotans árið 1968 þegar Víetnamstríðið stóð sem hæst og forðaði sér til Kanada þar sem hann hefur búið öll þessi ár. Hann hafði margsinnis farið yfir landamærin til Bandaríkjanna án þess að þurfa að sýna skilríki, en á nú yfir höfði sér fimm ára fangelsi.

- gb



**HUGO CHAVEZ** Forseti Venesúela.

Hugo Chavez um Bandaríkin:

# Byltingarsinnar sameinist

**VENESÚELA, AP** Hugo Chavez, forseti Venesúela, varaði við því á mánudag að reyni Bandaríkjaher að gera innrás inn í eitthvert land í Rómönsku Ameríku, muni „byltingarsinnar“ frá allri álfunni sameinast gegn þeim.

Chavez lét þessi orð falla í ræðu sem hann hélt í forsetahöllinni eftir að hann hafði skrifað undir samning um olíusölu til borga í El Salvador.

Chavez hefur löngum varað við innrásum Bandaríkjanna í Venesúela, þó að talsmenn Bandaríkjastjórnar segi enga hættu á þeim og ásaki Chavez um að auka á óstöðugleika innan Rómönsku Ameríku.

- smk

www.toyota.is








Kostum hlaðinn Hiace

Íslenskir atvinnubílstjórar hafa aðeins góða reynslu af Hiace, enda þjónar hönnunin þeim tilgangi að draga úr óeðlilegu álagi á líkamann. Fjölbreytilegar aðstæður kalla á fjölhæfan bíl, lipran, háan, breiðan, stöðugan, öruggan og umfram allt meðfærilegan. Þetta færðu allt með Hiace.

Verð frá 1.810.000 kr.

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 421 4888

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480 8000


OPIÐ til kl. 21.00 í kvöld!

16.- 26. mars

# Tískuvika

Í Smáralind

## Vortískan í Smáralind kl. 18.00 í dag

Tískusýning frá verslununum Debenhams, Benetton, Coast, Hagkaup, Isis, Drangey og Hygea.

Frábært tækifæri til að kynna sér nýjustu tísku í verslunum Smáralindar.

### Nokkur sýnishorn af tilboðum og viðburðum á Tískuviku

Zink

**Full búð** af nýjum tískuvörum fyrir börn og unglinga.
**NÝTT:** DIESEL og Puma deildir!
**Zink bolur** fylgir með kaupum á DIESEL gallabuxum á Tískuviku meðan birgðir endast!
**20% afsláttur** af völdum vörum!

UNITED COLORS OF BENETTON.

**Mjög gott úrval** af fermingarfötum.
**Glæsilegar dragtir** á einstaklega góðu verði.

DEBENHAMS

**10% kynningarafsláttur** af Designers at Debenhams vörum í öllum deildum.




Starfsfólk Debenhams tekur vel á móti viðskiptavinum.

Levi's

**Ný kvensnið** í mörgum litum.

DOROTHY PERKINS

**20% afsláttur** af klassískum buxum.

BLEND OF AMERICA

Starfsfólk okkar tekur vel á móti ykkur – full búð af nýjum vörum fyrir dömur og herra.

Kauptu tvennar gallabuxur og fáðu **bol í kaupbæti.**

ISIS

**ISIS kynnir GUESS** og hátískufatnaðinn GUESS by Marciano með **20% afslætti**, GUESS töskur og belti á **10% afslætti** á tískudögum.

HYGEA snyrtivöruverslun

**Spennandi kaupaukar** – sérfræðingur frá **Yves Saint Laurent** kynnir nýja vorliti og veitir ráðgjöf.

### Komdu í mat í kvöld! Frábær fimmtudagstilboð!

energia SMÁRALIND

**Mexikó-pasta** m/kjúklingi, nachos, fersku grænmeti og hvítlauksbrauði.
**Tilboðsverð 850 kr.**

CAFÉADESSO 2. hæð í Smáralind v/Vetrargarðinn

**Saltfiskur í kókos** með piparkartöflumauki og plómusósu. **Verð 1.590 kr.**

**Steikarsamloka** með nautasneiðum, hlaðin fersku káli með sveppum og pipardressingu. **Verð 1.290 kr.**

BURGER KING

**15% afsláttur af öllum réttum** á matseðli Burger King í Smáralind.
**Gildir aðeins í dag!**

GILDIR AÐEINS Í DAG!

Pizza Hut

**Ostadagar á Pizza Hut!**
Piparostur, Camenbert, Ísbúi, Gráðostur, Parmaasean, Rjómaostur og Mozzarella. Komdu og fá þér æðislegar pönnupizzur með osti að eigin vali.




Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21**, fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18 / smaralind.is / 528 8000

ENNEMM / SÍA / NM21026

# Fermingarbarn'90




**„Ég fékk hring fyrir hvern fingur í fermingargjöf. Ég notaði þá aldrei enda er leitun að manneskju sem er minna glysgjörn en ég. En ljóðasöfnin skipa heiðurssess í bókahillunni."**




Fermingargjöf sem vit er í

Edda
edda.is




Vélstjórafélag Íslands sendir frá sér áskorun til stjórnvalda:

# Öryggi sjómanna ekki tryggt

**VARNARLIÐIÐ** Helgi Laxdal, formaður Vélstjórafélags Íslands, telur öryggi sjófarenda innan íslenskrar landhelgi ógnað vegna breytinga á varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna, sem leiða til brotthvarfs þyrlusveitar Varnarliðsins. Verði sjóslys sé íslenska þyrlusveitin ekki nægilega vel búin til að sinna björgunarhlutverki.

Í dag eru tvær þyrlur í flotanum og aðeins önnur þeirra búin tækjum sem gera flug í ísingu mögulegt. Einnig eru þyrlunum settar skorður þegar beðið er um aðstoð við sjómenn á skipum sem stödd eru langt frá landi því þær geta ekki tekið eldsneyti á lofti sem takmarkar notkun þeirra. Þar að auki hefur ekki verið fjármagn til að halda þeim úti eins og hefur komið fram í fréttum nýlega að sögn Helga.

„Í gegnum árin hefur verið treyst á Varnarliðið sem gengur ekki lengur, nú verða menn að standa á eigin fótum og gera þær ráðstafanir sem þarf."

Vélstjórafélagið vill að íslensk stjórnvöld beiti sér fyrir því að efla flota íslensku þyrlusveitarinnar og tryggja þannig öryggi sjómanna á Íslandsmiðum.

Flugbjörgunarsveit Varnarliðsins hefur frá árinu 1971 bjargað 310 mannslífum, þar af eru nærri 180 Íslendingar.

- sdg



**HELGI LAXDAL FORMAÐUR VÉLSTJÓRAFÉLAGS ÍSLANDS** Kallar eftir aðgerðum frá stjórnvöldum til eflingar íslensku þyrlusveitinni. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



**BJÖRGUNARSTARF** Ástralskir hermenn aðstoða við að hreinsa til í bænum Innisfall eftir hamfarirnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Sjö þúsund manns misstu heimili sitt

**Hvirfilbylurinn sem reið yfir Queensland í Ástralíu aðfaranótt mánudags skildi eftir sig slóð eyðileggingar. Talið er að heimili sjö þúsund manna hafi eyðilagst. Mesta mildi þykir að enginn skyldi týna lífi í þessum miklu náttúruhamförum.**

**ÁSTRALÍA, AP** Talið er að um 7.000 manns séu heimilislausir eftir að hvirfilbylur reið yfir Queensland í Ástralíu aðfaranótt mánudagsins.

Björgunarstarf hófst fyrir alvöru á þriðjudag, en búist er við að það verði bæði afar kostnaðarsamt og langvinnt. John Howard forsætisráðherra ferðaðist um svæðið í gær til að skoða skemmdirnar og heyra hljóðið í fólki.

Hann sagðist telja að kostnaðurinn nemi hundruðum milljóna dala, og skýrði jafnframt frá því að ríkisstjórnin hafi ákveðið að verja miklu fjármagni til að veita bændum og litlum fyrirtækjum ýmist lán á lágum vöxtum eða skattfrjálsa styrki til þess að koma undir sig fótunum á ný.



**ÞAKIÐ FARIÐ** Goeff Downey notast við regnhlíf meðan hann skoðar skemmdirnar í eldhúsi sínu í Innisfall á norðanverðri Ástralíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ríkisstjórn landsins sendi herafla á svæðið til að aðstoða fólk við tiltekt og endurbyggingu, en stormhviðurnar splundruðu húsum. Einungis um 30 manns slösuðust lítillega í veðurofsanum, og þakka Ástralar góðu almannavarnakerfi hversu vel fólk slapp.

Forsætisráðherrann var furðu lostinn og sagði það vera hreint kraftaverk að enginn hafi týnt lífi í bænum Innisfail, þar sem hamagangurinn í hvirfilbylnum var mestur á mánudaginn. Bærinn var gjörsamlega lagður í rúst.

Annar hvirfilbylur var í gær á sveimi úti á hafi hundruð kílómetra austur af Queensland og er óttast að hann geti farið á land á svipuðum slóðum, en hann er þó vægari en sá sem gerði þennan usla á mánudaginn.

- smk/- gb

Stofnfundur AFA – Aðstandendafélags aldraðra í Hafnarfirði á sunnudag:

# Halda stjórnvöldum að verki

**ALDRAÐIR** Stofnfundur AFA – Aðstandendafélags aldraðra verður haldinn í Hafnarfirði á sunnudag. Hvatamenn stofnfundarins segja ólíðandi að aldraðir þurfi að bíða árum saman eftir viðunandi húsnæði og skattlagning á eldri borgara sé þjóðarskömm.

„Við teljum að það séu skilyrði í þessu samfélagi til að gera almennilega við fólk og leyfa því að halda sinni sjálfsvirðingu og hýsa það ekki eins og niðursetninga. Lífeyrissjóðakerfið er núna útbólgið með 1.400 milljarða og ég held að það væri allt í lagi að nota eitthvað af því í fjárfestingu," segir Jóhann G. Bergþórsson verkfræðingur. Undirbúningsfundur var haldinn rétt fyrir síðustu jól og mættu um 100 manns þrátt fyrir stuttan fyrirvara. Jóhann segir að félagið sé hugsað sem þrýstihópur á stjórnvöld til að yfirlýsingar um bættan hag aldraðra að undanförnu verði ekki bara orðin tóm. Stofnfundurinn er haldinn á sunnudag þegar 38 ár eru síðan fyrsta styrktarfélag aldraðra á Íslandi var stofnað í Hafnarfirði. Jóhann segir að vegna þrýstings frá þeim félagsskap hafi verið byrjað að byggja íbúðir fyrir aldraða við Sólvang í Hafnarfirði og dæmin sanni því að miklu er hægt að áorka ef vilji er til staðar.

- shá



**JÓHANN G. BERGÞÓRSSON** Verkfræðingur.



Tilboð í viku 12 gilda til sunnudags 26. mars eða á meðan birgðir endast
Fersk lúxusblanda
3 BRINGUR
3 LEGGIR
3 VÆNGIR
BÓNUS KJÚKLINGUR
Lúxus Bónus kjúklingablanda
899 kg KR.
MERKT VERÐ 1199 KR.
Vanillu Ís 2
Súkkulaði Ís 2
BÓNUS
BÓNUSÍSINN
198 KR.
2 LÍTRAR!
25% afsláttur við kassann
bonus.is
Appeljuice Apple juice
1 liter • 1 litre
Tropisk nektar Tropical nectar
EINN LÍTRI
69 KR.
ÁVAXTASAFI
Fylgist með okkur!
BEN & JERRY'S
New York Super Fudge Chunk
ICE CREAM
398 KR.
BOXIÐ
VILLI SIRLOINSNEIÐAR
1259 KR.
MERKT VERÐ 1799 KR.
LAMBA MIÐLÆRISSNEIÐAR
LAMBA SIRLOINSNEIÐAR
REYKTAR SVÍNAKÓTELETTUR
Allt frá Kjarnafæði!
30% afsláttur við kassann
REYKTAR SVÍNAKÓTELETTUR
981 KR.
MERKT VERÐ 1635 KR.
VILLI LAMBAMIÐLÆRISSNEIÐAR
1889 KR.
MERKT VERÐ 2699 KR.
40% afsláttur við kassann
Bónus úrvalsrækja
ÚRVALS RÆKJA
599 kg KR.
Bónus býður betur!
Bónus línuýsa
Fiskibollur 800g
Fiskeboller • Fiskbullar Fishballs
FISKIBOLLUDÓS
159 KR.
800g
800 g
EKKERT BRUDL
FROSIN ÝSUFLÖK
499 kg KR.
ROÐLAUS
FROSIN ÝSUFLÖK
599 kg KR.
ROÐLAUS/BEINLAUS
FROSIN ÝSUFLÖK
399 kg KR.
MEÐ ROÐI
www.bonus.is



**MÁLVERK Á MANNSHÁRI** Kínverski málarinn Jing Ying Hua málaði þetta málverk á eitt mannshár. Sem pensil notaði hann eitt kanínuhár. Á myndinni sést málverkið stækkað 50 þúsund sinnum í smásjá. Það er nú til sýnis í Taívan.FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sextíu milljóna króna aukafjárveiting til Háskólans á Akureyri:

# Fjárhagsvandinn að baki

**REKSTUR** Ríkisstjórnin hefur samþykkt sextíu milljóna króna aukafjárveitingu til Háskólans á Akureyri að tillögu Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur menntamálaráðherra.



**ÞORSTEINN GUNNARSSON**

Þorsteinn Gunnarsson, rektor skólans, segir að fjárveitingin muni tryggja hallalausan rekstur. „Þetta er árleg aukning og því reiknum við með að geta rekið háskólann innan fjárheimilda næstu árin miðað við að nemendum fjölgi um sex til átta prósent á ári," segir Þorsteinn.



**HÁSKÓLINN Á AKUREYRI** Rektor Háskólans á Akureyri segir auknar fjárveitingar ríkisvaldsins til skólans tryggja hallalausan rekstur næstu árin.

Starfsemi Háskólans á Akureyri hefur vaxið hratt á undanförnum árum. Nemendum og kennurum hefur fjölgað, námsframboð aukist og húsnæði skólans hefur verið stækkað.

Á árabilinu 2000 til 2005 fjölgaði nemendaheimildum skólans samkvæmt fjárlögum um rúm 123 prósent og á milli áranna 2005 og 2006 var nemendaheimildum fjölgað um 7,9 prósent. Frá árinu 2000 hafa framlög til Háskólans á Akureyri, samkvæmt fjárlögum, verið aukin um nær 140 prósent.

Nemendur Háskólans á Akureyri eru nú um 1.550 og fastráðnir kennarar og annað starfsfólk um 170. Stundakennarar eru tæplega 500 talsins. **- kk**

Stálsmiðjan:

# Slippurinn á Grundartanga

**IÐNAÐUR** Viðræður standa nú yfir milli Faxaflóahafna og Stálsmiðjunnar um að starfsemi þeirrar síðarnefndu verði flutt til Grundartanga.

„Það er verið að rannsaka aðstæður við Grundartanga og þegar því verður lokið um mánaðamótin maí-júní verður hægt að taka afstöðu til þess," segir Bjarni Thoroddsen, framkvæmdastjóri Stálsmiðjunnar. Vegna framkvæmda sem fyrirhugaðar eru á hafnarsvæðinu í Reykjavík verður Stálsmiðjan að víkja. Bjarni segir það taka um eitt og hálft til tvö ár að flytja starfsemina. **- jse**


# Kynlegur skóli

*-ráðstefna um jafnréttisstarf í leik – og grunnskólum haldin af lýðræðis- og jafnréttisnefnd Hafnarfjarðar og jafnréttisnefnd Reykjavíkurborgar, í samstarfi við menntamálaráðuneyti og félagsmálaráðuneyti.*



*Ráðstefnan er opin öllum og aðgangur ókeypis en vinsamlegast tilkynnið þátttöku á netfangið margretj@hafnarfjordur.is eða í síma 585-5524 fyrir hádegi fimmtudaginn 23. mars nk.*

HAFNARFJÖRÐUR

***Föstudaginn 24. mars 2006 frá kl. 13:00–17:00***
***í Hafnarborg, Strandgötu 34, Hafnarfirði***

*Ráðstefnustjóri er Haraldur Finnsson, fyrrverandi skólastjóri*

***Dagskrá:***

**13:00–13:10** **Ávörp**
*Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra*
*Steinunn Valdís Óskarsdóttir, borgarstjóri*

**13:10–13:30** **Á kynjafræði erindi í kennaramenntun?**
*Þórdís Þórðardóttir, lektor í uppeldis- og menntunarfræði við KHÍ*

**13:30–13:50** **„Eru strákar í basli en stelpur í góðum málum?"**
*Hafsteinn Karlsson, skólastjóri Salaskóla*

**13:50–14:00** **Samræðuhlé**

**14:00–14:20** **Jafnréttisáætlun Álftamýrarskóla**
*Fanný Gunnarsdóttir, starfandi námsráðgjafi í Álftamýrarskóla*

**14:20–14:40** **Úr viðjum vanans – á að fræða börn um kynferðisofbeldi?**
*Halla Gunnarsdóttir, blaðamaður*

**14:40–15:00** **Skólaþróun í þágu jafnréttisuppeldis**
*Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor við kennaradeild Háskólans á Akureyri*

**15:00–15:20** **Kaffihlé**

**15:20–15:40** **Kynjaskipting Hjallastefnunnar; hvers vegna og til hvers!**
*Margrét Pála Ólafsdóttir, skólastjóri*

**15:40–16:10** **Kynbundið námsval – jafnréttisfræðsla fyrir stelpur og stráka**
*Kira Appel, sérfræðingur í danska jafnréttisráðuneytinu*

**16:10–16:20** **Verkefnistillaga**
*Stefán Jón Hafstein, formaður menntaráðs Reykjavíkurborgar*

**16:20–16:40** **Umræður og ráðstefnuslit**
*Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði, slítur ráðstefnunni*

**Léttar veitingar í boði menntamálaráðuneytisins**




**NIÐURRIF** Hús Lýsis og bygging gömlu Hraðfrystistöðvarinnar eru meðal þeirra húsa sem nú eru að hverfa. Aldrei hafa fleiri byggingar verið rifnar en árið 2005.FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Byggingaúrgangur í Reykjavík meiri en almennt sorp:

# Sífellt fleiri byggingar rifnar

**HEILBRIGÐISMÁL** Niðurrif bygginga hefur aukist stöðugt frá árinu 2001 og árlega hefur þeim fjölgað um sjö og hálft tilfelli, segir Erpur Snær Hansen, heilbrigðisfulltrúi hjá Mengunarvörnum Umhverfissviðs Reykjavíkur.

Talið er að á næstu árum dragi heldur úr fjölda niðurrifa vegna þéttingar byggðar. Ástæðan er sú að flest fyrirhuguð niðurrif hafa þegar átt sér stað en nokkur eru þó á dagskrá. Daníelslippur varð ur rifinn í vor og Faxaskáli og nærliggjandi byggingar hverfa í sumar til að rýma fyrir nýju tónlistarhúsi.

Byggingaúrgangur er meiri hérlendis en í löndum Evrópusambandsins eða 600 kíló á hvern Reykvíking samanborið við 480 kíló. Úrgangur af þessu tagi er hættulegur og kemur þar margt til. Gæta þarf að förgun hans svo að mengandi efni valdi ekki fólki skaða.

Asbest er gott dæmi um hættulegt efni sem fylgjast þarf með við niðurrif bygginga. Um leið og asbest er brotið niður þyrlast glernálar út í andrúmsloftið og festast í lungunum sem getur leitt til dauða 30 til 40 árum síðar. Asbest var notað við byggingar alveg fram undir 1970 hér á landi og finnst víða. **- shá**

Ráð fyrir reykingamenn:

# Reykingaklefi settur upp á Hótel Nordica

**REYKINGAR** Sérstökum reykingaklefa var komið fyrir á þriðju hæð Hótel Nordica um síðustu helgi. Hann er þannig úr garði gerður að sérstakt reykræstikerfi sýgur í sig reykinn svo enginn verður fyrir honum jafnvel þó hann standi rétt andspænis manni sem er að reykja.

Það er danska fyrirtækið Smoke Solution sem hefur hannað þennan opna klefa sem það kallar Smoke Point og komu forsvarsmenn þaðan að máli við stjórnendur hótelsins og báðu um að fá að setja klefann upp til reynslu. Ekki náðist í hótelstjórann til að spyrjast fyrir um hvernig klefinn hafi reynst. **- jse**



**Í REYKINGAKLEFANUM Á HÓTEL NORDICA** Reykurinn hverfur jafnóðum þegar reykt er í reykklefanum sem komið hefur verið upp á Hótel Nordica.FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Skíðafélag Dalvíkur:

## Fékk tvær snjóbyssur að gjöf

**FÉLAGSMÁL** Skíðafélag Dalvíkur hefur fengið gjöf sem nemur andvirði tveggja snjóbyssna til að stækka snjóframleiðslukerfi félagsins í Böggvisstaðafjalli. Gjöfin var afhent félaginu á aðalfundi Sparisjóðs Svarfdæla.

Verðmæti gjafarinnar er um 4,3 milljónir króna og eru snjóbyssurnar komnar í fulla notkun enda fram undan Skíðamót Íslands í Böggvisstaðafjalli um komandi helgi. Fram kom hjá formanni Skíðafélags Dalvíkur við þetta tækifæri að kostnaður við snjóframleiðslukerfi félagsins væri orðinn um 32 milljónir króna og hafa safnast um 25 milljónir í gjafafé. - jss

Mikil fjölgun opinberra starfa á höfuðborgarsvæðinu:

# Landsbyggðin skilin út undan

**ATVINNUMÁL** Störfum hjá ríkinu hefur fjölgað meira á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni þrátt fyrir að markmið stjórnvalda síðustu tólf ár hafi verið að flytja störf frá ríkinu út á land.

Þetta kom fram í svari Árna Mathiesen fjármálaráðherra við fyrirspurn Sigurjóns Þórðarsonar á Alþingi. Samkvæmt því hefur starfsmönnum ríkisins í Reykjavík fjölgað um 2.955 frá árinu 1997 en aðeins um 2.861 á sama tímabili úti á landi. Hefur stöðugildum ríkisins á Suðurlandi og Austurlandi beinlínis fækkað á umræddu tímabili.

Gagnrýnir Sigurjón stjórnvöld fyrir villandi málflutning gagnvart landsbyggðarfólki þar sem greinilegt sé að útþensla ríkisins sé áfram í Reykjavík og nágrenni þvert á loforð. Hver byggðaáætlunin á fætur annarri innihaldi háleit markmið um fjölgun starfa á landinu öllu en tölurnar tali sínu máli. - aöe



**SAUÐÁRKRÓKUR** Þangað var Byggðastofnun flutt fyrir allnokkrum árum en ennþá verða til fleiri ríkisstörf í höfuðborginni en í öðrum byggðum landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ÁSGEIR



**STARFSMENN HAGSTOFUNNAR AÐ STÖRFUM** Þingflokksformaður Frjálslynda flokksins vill pakka Hagstofunni upp í næsta flutningabíl og fara meðan hana út fyrir höfuðborgarsvæðið, til dæmis til Vestmannaeyja. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Magnús Þór Hafsteinsson:

## Vill Hagstofuna út á land

**ALÞINGI** Magnús Þór Hafsteinsson, þingflokksformaður Frjálslynda flokksins, vill að Hagstofa Íslands flytjist út á land, helst til Vestmannaeyja.

„Þetta er tækifæri sem við ættum að nota okkur," sagði Magnús Þór á Alþingi í gær. Hann vildi einnig færa Þjóðskrána út á land, en á Alþingi hefur verið lagt fram frumvarp um að færa hana undir hatt dómsmálaráðuneytisins og gefa henni aukið vægi, svo sem að hún gefi út vegabréf landsmanna.

Flutningurinn færði helst konum trygg og góð störf sem væru þokkalega launuð. Magnús benti á að varla þyrfti annað en tölvukunnáttu til að vinna á Þjóðskránni og sú kunnátta fyndist á landsbyggðinni rétt eins og á höfuðborgarsvæðinu. - gag

Raforkunotkun Íslendinga:

## Almenn notkun jókst

**ORKUMÁL** Raforkunotkun á hvern íbúa hér á landi minnkaði árið 2005 frá árinu áður en notkun almennt í landinu öllu jókst á sama tíma.

Raforkunotkun er almennt afar mikil hér á landi og var sú hæsta í heiminum árið 2002. Notkun stóriðju hefur að mestu staðið í stað síðustu tvö árin eftir að hafa aukist mikið árin þar á undan. Stóriðja notar helming allrar raforku sem framleidd er til móts við aðra notendur í landinu. - aöe

### LÖGREGLUFRÉTT

**Íkveikja í Árbæ** Kveikt var að kvöldi þriðjudags í blaðagámi fyrir utan Hraunbæ 102 í Árbæ. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var tvisvar kallað til vegna elds í gámnum en lögregla rannsakar nú upptök eldsins.

### ALÞINGI

**Tvö ár fyrir vörslu barnakláms** Herða á lög um barnaklám. Hver sem flytur inn, aflar sér eða öðrum eða hefur í vörslu sinni ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýna börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt skal sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum ef brot er stórfellt. Allsherjarnefnd hefur fengið fyrirhugaðar lagabreytingar til umfjöllunar á Alþingi.


Merkjavara á silfurfati

MIKIÐ ÚRVAL AF ÍÞRÓTTAVÖRUR FRÁ NIKE, ADIDAS OG PUMA

Upplýsingasími: 552 6634
Opnunartími: Opnum fimtudag 23.03.06 kl. 14:00
Opið virka daga frá kl. 14:00 til kl. 18:00
Opið um helgar frá kl. 10:30 til kl. 18:00

Adidas | Mitre | NIKE | Rucanor
Triumph | SPEEDO | Runway | adidas
Northland | Puma | Catmandoo

Fótboltavörur: Nike, Adidas, Puma, Mitre - Góðar sumargjafir.
Fótboltaskór - legghlífar - búningar - boltar
mesta úrval landsins

Sundfatnaður: Nike, Adidas, Speedo, Arena og Triumph.
Sundbolir, bikini, sundskýlur, sundbuxur (boxer), barnasundföt.

Okkar takmark: 50% - 80% lækkun frá fullu verði.

50% - 80% lækkun

VERÐDÆMI

| | Okkar verð | Fullt verð |
|---|---|---|
| Adidas fótboltaskór Pulse TRXFG | 12.000 kr | 23.990 kr. |
| Puma legghlífar | 700 kr. | 1.990 kr. |
| Speedo sundbolir | 1.000 kr. | 2.990 kr. |
| Rucanor sokkar 3 í pakka | 500 kr. | 1.990 kr. |
| Flíssett barna | 1.200 kr. | 2.990 kr. |
| Northland bolir (Dri Fit) | 1.200 kr. | 2.990 kr. |
| Nike stuttbuxur | 1200 kr | 2.990 kr |
| Adidas síðerma bolir | 1.500 kr. | 2.990 kr. |
| Adidas gallar barna | 2.000 kr. | 4.990 kr. |
| Puma fótboltaskór | 2.000 kr. | 3.990 kr./5.990 kr. |
| Jakkar, flísfóðraðir | 1.500 kr. | 5.990 kr. |
| Úlpur | 3.500 kr. | 6.990 kr. |
| Kuldagallar barna, Catmandoo | 3.600 kr. | 7.990kr. |

Okkar takmark: 50% - 80% lækkun frá fullu verði
Visa/euro
Sendum út á land



Opnunartími: Virka daga 14.00 - 18.00 • Laugardaga/Sunnudaga 10.30 - 18.00 • Upplýsingasími 552 6634

## „ORÐRÉTT“

### *Toppurinn á tilverunni*

**„Hér er fínn flygill og rosalega góð síld í hádeginu, marineruð að skandinavískum hætti og borin fram með seyddu rúgbrauði.“**

SNORRI SIGFÚS BIRGISSON PÍANÓLEIKARI Í MORGUNBLAÐINU UM AÐSTÆÐUR Í NORRÆNA HÚSINU.

### *Og fá sér kannski skottís?*

**„Nú verða utanbæjarmenn sem koma með skott að snúa við með skottið á milli lappanna.“**

GÍSLI GEIRSSON Í ÁRBORG EN AÐEINS HEIMAMENN FÁ GREITT FYRIR MINKA- OG REFADRÁP. FRÉTTABLAÐIÐ.

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** HILDUR HELGA SIGURÐARDÓTTIR ÚTVARPSKONA

# *Fer aldrei södd í beina útsendingu*

„Ég er bara eins og við flest í mínum hversdagsleika,“ segir Hildur Helga Sigurðardóttir útvarpskona hress að vanda þegar blaðamaður slær á þráðinn á frídegi hennar.

Hildur stjórnar Síðdegisþættinum í beinni útsendingu á Útvarpi Sögu alla virka daga nema miðvikudaga og hefur starfað þar í níu mánuði. „Eitt af því sem er skemmtilegt við að vera á Útvarpi Sögu er hvað þetta er hrátt og hratt,“ segir hún en allt er meira og minna í beinni útsendingu á Útvarpi Sögu nema endurflutningur. „Mér skilst að andvökusjúklingar haldi mikið upp á Útvarp Sögu, það er mikið hlustað á okkur á nóttunni.“ Hildur segir álag fylgja því að vera í beinni útsendingu en það venjist. „Faðir minn kenndi mér að maður á aldrei að halda ræðu á fullum maga þannig að ég fer aldrei södd í útsendingu. Heilinn er skarpari þegar orkan fer ekki öll í að melta.“



Hildur rifjar upp minnisstætt atvik sem átti sér stað í beinni útsendingu þegar hún bjó í London og var með morgunpistla á Rás tvö í gegnum síma. „Eitt skipti sat ég í eldhúsinu mínu í Brixton en gatan sem ég bjó við var kölluð Murder Mile. Ég bjó á jarðhæð og í beinni útsendingu rekur maður inn höfuðið með stór, útstandandi blóðhlaupin augu og gerði sig líklegan til að koma inn. Ég hélt áfram að tala eins og ekkert hefði í skorist en starði á manninn, sem endaði með því að hann ákvað af einhverjum ástæðum að hætta við inngöngu. Þetta stóð yfir í tæplega fimm mínútur og allan tímann hélt ég áfram að tala um hvað hafði gerst á breska þinginu daginn áður,“ segir Hildur og hlær af tilhugsuninni um hversu magnað augnaráð hún hljóti að hafa.

Hildur hefur mikinn áhuga á íþróttum sem lýtur þó aðallega að íþróttaiðkun sonarins, sem keppir í fótbolta, körfubolta og borðtennis fyrir KR. Fjölskyldan skellti sér á spennandi körfuboltaleik KR og Snæfells um daginn þar sem lið sonarins var heiðrað í hálfleik. Hildur sækir þó ekki bara íþróttaviðburði og er einmitt á leið á stórtónleika slóvenska menningarfyrirbærisins Laibach á Nasa um kvöldið og lýsir mikilli tilhlökkun. Með þeim orðum kveður blaðamaður hina duglegu íþróttamömmu í vesturbænum sem snýr sér að því að njóta frídagsins.

## HVAÐ SEGIR ANNA Á HESTEYRI?

ÁLVERSFRAMKVÆMDIR



ANNA MARTA GUÐMUNDSDÓTTIR BÓNDI Á HESTEYRI

# *Höfum þau öll í Straumsvík*

„Þeir sögðust víst um daginn vera að velta fyrir sér að leggja niður álverið í Straumsvík. Mér fyndist nú nær að öll álver í landinu væru bara höfð þar,“ segir Anna Marta Guðmundsdóttir, bóndi á Hesteyri í Mjóafirði.

Anna er mikill áhugamaður um gróður og hefur áhyggjur af gróðurfari í blómlegum sveitum landsins ef álver verða sett þar niður. „Þegar er búið að skemma allan gróður við Straumsvík, ég var þar einu sinni á ferð og sá að þar er ákaflega mikil auðn. Það er því tilvalið að hafa þar fleiri álver ef við þurfum fleiri álver á annað borð.“

Önnu líst illa á álversframkvæmdirnar í Reyðarfirði og hugmyndir um álver við Húsavík. „Það býður upp á að gróður sé skemmdur. Og í Reyðarfirði á að reisa ákaflega háa skorsteina en ég hef nú ekki heyrt annað en að það sem fer upp í loftið kemur aftur niður. Sama hversu langt upp það nær. Það getur bara tekið lengri tíma að koma niður.“





betra bragð
betri gæði
betra verð

THAI heritage

*Allt í tælenska matinn*

na na thai

Skeifan 4 • s. 5881818




**MEÐAN ALLT GEKK VEL** Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra og Smári Geirsson, forseti bæjarstjórnar Fjarðabyggðar, tóku hús á Jeff Clemmensen fyrir tveimur árum þegar tófuframleiðslan var í blóma.

# Að hrökkva eða stökkva

**Mjólkurtæknifræðingurinn Jeff Clemmensen bíður milli vonar og ótta eftir að finna samstarfsmenn til tófú- og sojamjólkurframleiðslu í Neskaupstað.**



**GÓÐGÆTI** Einhverjir kunna að fá vatn í munninn við að sjá svona mikið af tófú.



**SÍS-MERKIÐ Á SÍNUM STAÐ** Gamla Mjólkursamlagið í Neskaupstað skartar ennþá merki Sambands íslenskra samvinnufélaga.

Jeff flutti til Íslands fyrir tæpum tuttugu árum og vann lengi sem bústjóri Mjólkursamlagsins í Neskaupstað. Samlagið var úrelt 2001 og keypti Jeff tæki þess og hús. Þar voru framleiddar ýmsar mjólkurvörur uns starfsemin hætti fyrir fáum árum. Í kjölfarið reyndi Jeff fyrir sér í tófúframleiðslu en hætti fyrir um ári.

„Þetta gekk ekki nógu vel hjá mér. Ég hef ekki næga þekkingu á markaðsmálum og því fór sem fór,“ segir Jeff, sem finnst staðan grátleg. „Það er allt tilbúið, ég kemst bara ekki í gang.“

Árlega eru um 600 tonn af sojavörum flutt til landsins og stækkar markaðurinn ört. Það er því eftir nokkru að slægjast fyrir dugmikla menn en þá þurfa allir þættir að vera í lagi. „Vörunum var vel tekið en mig vantaði einhvern til að selja þær á höfuðborgarsvæðinu. Það getur verið erfitt að vera úti á landi.“ Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra heimsótti Jeff fyrir tveimur árum og kynnti sér framleiðsluna. „Henni leist vel á og sagði það gott fyrir ímynd landsins að hafa svona verksmiðju. Þegar hún kom var allt í blóma en svo fór að halla undan fæti.“

Jeff bendir á að tófú- og sojamjólkurframleiðsla sé dæmi um þetta „eitthvað annað“ sem stjórnarandstöðuþingmenn tala um þegar þeir mótmæla stóriðjuverum og virkjunum. Þá er ónefnd sú sýn Jeffs að gott verði að hafa slíka framleiðslu á Íslandi ef og þegar fuglaflensan verður að stóru vandamáli. „Það gæti verið að útflutningsbann verði sett á vörur í útlöndum. Ef svo fer þurfum við að minnsta kosti ekki að óttast skort á þessum vörum.“

Jeff segist standa frammi fyrir tveimur kostum. „Annar er að finna samstarfsaðila sem getur séð um sölu, kynningu og dreifingu. Hinn kosturinn er að gefast upp og selja tækin og húsið.“

Síðan framleiðslan lagðist af á síðasta ári hefur Jeff unnið hjá Securitas í Fjarðabyggð. Þó starfið sé ágætt er auðheyrt að hann unir sér ekki fyrr en vélarnar í gamla Mjólkursamlagshúsinu í Neskaupstað eru komnar í gang og tófú og sojamjólk streymir af færiböndunum. Og fari allt á besta veg sér hann fram á að þrjú til fjögur störf gætu skapast í bænum. Það munar um minna.

# Svört sól og ófundin fjöll

„Ég reyni að snerta fólk með þessum myndum og hef fengið þau viðbrögð að einhverjar þeirra hafa haft róandi áhrif á suma en svo stuða þær kannski aðra,“ segir ísfirska listakonan Marsibil Kristjánsdóttir en sýning á verkum hennar hófst á Kaffi Mílanó á sunnudag. Er þetta fyrsta sýning Marsibilar í Reykjavík.

Raunveruleikinn er jafnan víðs fjarri í myndum hennar þó efniviðurinn sé kunnuglegur. „Ég hef gaman af að raða ólíkum hlutum saman. Þannig má til dæmis sjá epli innan um syndandi fiska og svarta sólina. Hver segir að sólin þurfi að vera gul?“ spyr hún.

Fyrirmyndirnar sækir Marsibil í eigin hugarheim en þó greinir blaðamaður vestfirsk fjöll í verkunum. „Þetta eru ekki fjöll sem ég horfi á meðan ég teikna heldur sé ég þetta fyrir mér. En ég er viss um að einhvern tíma á ég eftir að finna þessi fjöll,“ segir hún og hlær við.

Marsibil hlaut góðar viðtökur við upphaf sýningarinnar. Um sextíu manns voru við opnun hennar og héldu fjórir heim með mynd í farteksinu. „Þetta kom mér skemmtilega á óvart,“ segir Marsibil um viðtökur borgarbúa á vestfirskri listinni.

- jse



**MARSIBIL KRISTJÁNSDÓTTIR** „Hver segir að sólin þurfi að vera gul?“

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR


Bestir í kjöti
NÓATÚN
í 40 ár
Frábært
verð á grísakjöti!
Sparaðu
500kr.
GRÍSAGÚLLAS
ÚR KJÖTBORÐI
898 kr. kg
ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN
Nóatún er með ánægðustu viðskiptavinina á matvörumarkaði
Sparaðu
500kr.
GRÍSASNITSEL
ÚR KJÖTBORÐI
998 kr. kg
40%
afsláttur
NÓATÚNS
BAYONESKINKA
898 kr. kg
Hollt & Gott
Lime Toppur
fylgir frítt
með boxi
NÓATÚNS
SALATBAR
349 kr. pk
Cœur de Suisse
CS
SÚKKULAÐI
69 kr. stk
12 RÚLLUR WC PAPPÍR
NÓATÚN
NÓATÚNS WC
RÚLLUR 12 STK
399 kr. stk
2 FYRIR 1
MYLLU FJÖLKORNA
SAMLOKUBRAUÐ
259 kr. 2stk
Mundu Chester Fried
NÓATÚN
OPIÐ
TIL KL. 21 ALLA DAGA

## > SVONA ERUM VIÐ

**Alkóhólneysla á mann á Íslandi.**
Í lítrum talið (hreint alkóhól).




Heimild: Hagstofa Íslands

baksvið
*fréttir og fróðleikur*

**FBL – GREINING:** STARFSMANNAMÁL VARNARLIÐSINS

# *Þriðji hver býr utan Suðurnesja*

Eins og öllum er ljóst hefur Bandaríkjastjórn tekið ákvörðun um brotthvarf nær alls Varnarliðsins frá Keflavíkurflugvelli í septemberlok. Þar með er framtíð þeirra sem þar hafa starfað í uppnámi og hafa miklar hræringar átt sér stað á ýmsum vígstöðum til að stemma stigu við því.



**Hvað vinna margir Íslendingar hjá Varnarliðinu?**
Samkvæmt upplýsingum frá starfsmannaskrifstofu Varnarliðsins starfa 593 íslenskir starfsmenn þar. Einnig starfa á þriðja hundrað manns fyrir Varnarliðið sem verktakar að sögn Þorvalds Kristleifssonar starfsmanns þar en hann fer fyrir hópi starfsmanna sem tilkynnt hefur að muni berjast fyrir því að þeir fái biðlaun við starfslokin þegar þeim hafi borist uppsögnin.

**Hvaðan koma starfsmennirnir?**
426 starfsmenn, eða þrír fjórðu, eru búsettir á Suðurnesjum. Þar af eru flestir búsettir í Reykjanesbæ eða 378 sem er 64 prósent starfsmanna varnarliðsins. 21 er búsettur í Sandgerði, 18 í Garði og sex í Grindavík og sex í Vogum.

Af heildarfjölda íslenskra starfsmanna Varnarliðsins eru 108 hjá Verslunarmannafélagi Suðurnesja, 92 hjá Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur en 393 hjá öðrum stéttarfélögum.

**Hvernig verður staðið að starfslokum?**
Eins og fyrr segir hefur stigið fram hópur starfsmanna sem mun krefjast biðlauna við starfslokin. Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, lagði fram þær tillögur við ráðamenn þjóðarinnar að starfsmenn 60 ára og eldri verði boðinn einhvers konar starfslokasamningur en aðrir fengju aðstoð við atvinnuleit eða endurráðningu.

## SPURT & SVARAÐ

**BÚSETUMÁL GEÐFATLAÐRA**



**SIGURSTEINN MÁSSON** Formaður Geðhjálpar.

# *Rými geðfatlaðra sé virt*

Í dag eru 79 geðfatlaðir sem búa hjá foreldrum eða aðstandendum og eru í brýnni þörf fyrir annað búsetuúrræði. Alls eru 215 sem óska eftir breytingu á búsetu. Heilbrigðismálaráðuneyti og félagsmálaráðuneyti ætla að taka á búsetumálum geðfatlaðra og að sögn heilbrigðismálaráðherra mun einn og hálfur milljarður verða lagður í þennan málaflokk. Formaður Geðhjálpar segir félagið taka virkan þátt í þeirri vinnu.

**Hver er staðan í þessum málaflokki hérlendis miðað við hin Norðurlöndin?**
Í dag stöndum við mjög illa miðað við öll hin Norðurlöndin í búsetumálefnum fatlaðra og þá sérstaklega geðfatlaðra. En með þessu átaki þá eigum við möguleika á að koma þessum málum í mjög viðunandi horf.

**Hvað vill Geðhjálp sjá gert í þessum málaflokki?**
Við viljum sjá myndarlegt átak í að til verði góðar íbúðir fyrir geðfatlaða, ýmist sem sjálfstæð búsetuúrræði eða í litlum íbúðakjörnum sem njóti sólarhrings þjónustu með viðveru starfsfólks.
Við viljum fara frá þeim stofnanaúrræðum sem geðfatlaðir búa við í dag en dæmi eru um að fólk hafi búið á Kleppi í tvö ár sem er algjörlega óviðunandi, alltof dýrt og ófullnægjandi úrræði fyrir geðfatlaða. Sjálfstæð búseta er markmiðið þar sem sjálfsákvörðunarréttur geðfatlaðra og hans rými eru virt.

OKKUR ER HLÝTT TIL ÞÍN...
...þess vegna bjóðum við þér
UNIVERN Røros kuldagalla með
35% afslætti
í takmarkaðan tíma
Við sláum mikið af verðinu
en ekkert af gæðakröfunum.
VERÐ NÚ kr. 6.780,-
VERÐ ÁÐUR kr. 10.431,-



Vandaðir, vindheldir, fóðraðir gallar sem henta einstaklega vel við íslenskar aðstæður.
concept
Skeifan 3
108 Reykjavík
Sími: 588 5080
www.dynjandi.is
DYNJANDI
allt fyrir öryggið

# Hlutverk okkar að verja hagsmuni Íslendinga

**Umræður um fjárfestingar Íslendinga og íslenskt efnahagslíf hafa verið næstum daglegt brauð í Danmörku undanfarnar vikur og mánuði. Töluvert hefur hallað á Íslendinga í umfjölluninni og Danir vilja nánari útskýringar á því hvers vegna Íslendingar hafa peninga til að fjárfesta af sama krafti og síðastliðið ár.**



**SVAVAR GESTSSON SENDIHERRA ÍSLANDS Í DANMÖRKU** Svavar segir að í heildina séð andi ekki köldu í garð Íslendinga í Danmörku þrátt fyrir neikvæð skrif danskra blaða um íslensk efnahagsmál að undanförnu. FRÉTTABLAÐIÐ/KS

Forsvarsmenn íslensku fyrirtækjanna hafa ekki látið mikið eftir sér hafa í dönskum fjölmiðlum og telja viðmælendur Fréttablaðsins í þeirra hópi að umræðan í Danmörku byggist oft á misskilningi sem ekki gangi vel að leiðrétta.

Í síðustu viku birtist hins vegar grein eftir sendiherra Íslands í Danmörku, Svavar Gestsson, í dagblaðinu Børsen þar sem hann setur út á eina af greinum blaðsins um fjárfestingar Íslendinga.

**Kornið sem fyllti mælinn**
Af hverju fannstu þig knúinn til að svara þessari grein frekar en öðrum neikvæðum greinum um fjárfestingar Íslendinga?

„Þessi grein var eiginlega kornið sem fyllti mælinn. Þar var talað um þátttöku Íslendinga í dönsku efnahagslífi eins og hún væri gagngert gerð til að veikja það. Þessu var líkt við það þegar menn eru sendir inn í óvinaherbúðirnar til að brjóta niður baráttuandann hinum megin víglínunnar. Þessi uppsetning mála og textinn í greininni var líka þannig að allt væri þetta slæmt, eingöngu vegna þess að Íslendingar eiga í hlut.

Það er okkar hlutverk sem störfum í sendiráðinu að taka til varna fyrir Ísland og Íslendinga og því skrifaði ég þessa grein sem vakið hefur athygli sennilega vegna þess að ég kvað í henni skýrt á um hlutina,“ segir Svavar og bætir við að varla hafi liðið sá dagur síðan að hann tók við sendiherrastarfinu í Danmörku, fyrir fimm mánuðum síðan, að ekki hafi verið einhver umfjöllun um íslenska fjárfesta í dönskum fjölmiðlum.

**Berlingske alltaf gagnrýnið á Ísland**
Að mati Svavars eru það helst dagblöðin Børsen og Berlingske tidende sem eru á neikvæðu nótunum. „Berlingske hefur alltaf verið gagnrýnið á Ísland, nánast alla tíð. Blaðið gagnrýndi afhendingu handritanna, stofnun lýðveldisins og gerð uppkastsins og hefur því alltaf verið á þessari línu gagnvart Íslendingum.“

Svavar áréttar að í Danmörku birtist fjöldi annarra greina um Ísland, t.d. um menningarlífið, Íslendingasögurnar og íslenska náttúru. „Í það heila tekið er ekki hægt að segja að það andi köldu til Íslendinga hér. Okkur er vel tekið enda búa hátt í tíu þúsund Íslendingar hér. Danmörk er það land sem unga fólkið fer til og fyrirtækin koma hingað líka. Það er því yfirleitt engin ástæða til að láta neikvæð skrif á okkur fá. En það er hins vegar okkar skylda að útskýra okkar hluti og að reyna að skilja Danina. Við viljum heyra það og læra af því ef það er eitthvað sem við gerum eða látum ógert sem er sérstaklega gagnrýnivert.

Það er eins og menn gleymi því að þegar fyrirtækin koma til Danmerkur þá verða þau dönsk. Þau verða hluti af dönsku efnahagslífi og fá lán hjá dönskum bönkum og Danir selja þeim vörur og eignir í stórum stíl. Menn vinna hér samkvæmt þeim reglum sem hér gilda. Það stendur ekki annað til. Mér sárnar pínulítið að virðuleg blöð skuli gefa það í skyn að við séum með annarlegar hvatir þegar við erum að vinna í Danmörku. Það stendur ekkert annað til að hálfu okkar fólks en að rækja sín verkefni samkvæmt þeim reglum sem hér gilda og reyndar almennt á evrópska efnahagssvæðinu,“ segir Svavar.

**Fyrirtækin hugi að ímyndarmálum**
Danskir fjölmiðlar leita töluvert til viðskiptafulltrúa sendiráðsins sem lætur þeim í té upplýsingar. En Svavar segir það ekki hlutverk sendiráðsins að standa í orðaskylmingum. Fyrirtækin verða sjálf að taka þátt í átökunum um sjálf sig í dönsku viðskiptalífi. En þegar vegið er að Íslandi eins og gert var í þessari fyrrnefndu grein þá finnist sér að sendiráðið geti tekið til varna.

Aðspurður um hvort hann telji íslensk fyrirtæki sinna þessari vörn segir Svavar að honum finnist þau mættu skoða þessa hluti aðeins betur og huga betur að „ímyndarmálunum“. Hann segist þó ekki vera með uppskriftina að því hvernig þau eigi að standa að því. „Það er þó skiljanlegt að þegar menn koma hingað til Danmerkur til að fjárfesta að þeir reikni ekki með því að þeir þurfi að gera út auglýsingastofu eins og stjórnmálaflokkur til að gæta orðsporsins. Þeim er því eiginlega vorkunn.“

**Neikvæðri umræðu linnir**
Fyrir tveimur vikum var haldinn fundur í Danmörku þar sem nokkrir frammámenn íslenskra fyrirtækja kynntu fyrirtæki sín og reyndu að svara þeim spurningum sem danskir fjölmiðlar og fjármálastofnanir hafa spurt síðustu misseri. Svavar telur að þar hafi komið svör við öllum þeim atriðum sem Danir hafa helst spurt út í. „Til dæmis er alltaf verið að spyrja hvaðan peningarnir komi og ég tel að það hafi verið gert vel grein fyrir því á fundinum.“ Hann segist þó ekki viss um að allir Danir hafi viljað heyra svörin.

Svavar segist reikna með að neikvæðri umræðu í Danmörku linni einn daginn og sérstaklega ef einhver tími líði milli fjárfestinga. Hann segist þó ekki sjá í spilunum að Íslendingar hætti að fjárfesta í Danmörku meðan þeir sjá sér ávinning í því.

„Það verður til dæmis gaman að sjá hvaða viðtökur væntanleg blaðaútgáfa Íslendinga í Danmörku fær. Nú þegar er farið að tala um blaðið sem íslenskt og hluta af íslensku viðskiptaútrásinni hér og það verður sjálfsagt reynt að finna veikan blett á þeim áformum, allavega í fyrstu.“



FRÉTTAVIÐTAL
KRISTJÁN SIGURJÓNSSON
kristjans@frettabladid.is


Virk Sam-keppni
KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI
30% Afsláttur
Krydduð lambasteik 1.119 kr./kg.
35% Afsláttur
Móa kjúklingaleggir 389 kr./kg.
399 kr./kg.
Goða súpukjöt lítill poki
30% Afsláttur
Naggar 3 teg.
25% Afsláttur
Fjörfiskur forsteiktir fiskréttir
Ömmubakstur eldbakaðar pizzur 3 teg.
299 kr./stk.
ÍSKEX FYLGIR ÖLLUM 1L KRÓNUÍS
Krónuís 1L 3 teg.
159 kr./stk.
Myllu heilhveitibrauð
99 kr./stk.
Náttúra appelsínusafi
79 kr./stk.
Vínber rauð
219 kr./kg.
Vatnsmelónur
69 kr./kg.
Blómkál
148 kr./kg.
Meira úrval
ALLTAF FRÁBÆR TILBOÐ

# Stríðsátök í Írak halda áfram



■ **Saddam Hussein:** Steypt af stóli, handtekinn og færður fyrir dómstól

■ **Efnahagur:** 1990-2003 Refsiaðgerðir S.Þ. lækka VÞF í 3.000-4.100 milljarða/ári

| | |
|---|---|
| 2003 *(Alþjóðab.)* | 1.086 milljarðar |
| 2004 | 1.810 milljarðar |
| 2005 | 1.860 milljarðar |

*CIA áætlar VÞF 2004 66.376 milljarða*

## Staðan eftir þrjú ár

**Nú, þremur árum eftir að innrás í Írak hófst undir forystu Bandaríkjanna, þykir aukin hætta á því að innbyrðis átök í landinu snúist upp í borgarastríð. Trúarleg átök gætu aukið enn á klofninginn milli tveggja meginhópa múslima, þ.e. súnnía og sjía, og dregið nágrannalönd inn í átökin.**






■ **Öryggismál:** Ástandið hefur versnað síðan í júní 2003

| | |
|---|---|
| **Fallnir Írakar:** | Til 15. mars - á bilinu **33.638** til **37.754** |
| **Bandaríkjamenn:** | fallnir **2.311** særðir **17.004** |
| **Fallnir hermenn annarra ríkja:** | **205** |
| Bretland | 103 |
| Ítalía | 27 |
| Úkraína | 18 |
| Pólland | 17 |
| Búlgaría | 13 |
| Spánn | 11 |
| Slóvakía | 3 |
| Danmörk, El Salvador, Eistland, Holland, Taíland | 2 hvert |
| Ungverjaland, Kasakstan, Lettland | 1 hvert |






■ **Leiðin til lýðræðis:**
**Júlí 2003:** Bandaríkin skipa íraska stjórnarnefnd, sem á að fara með völd í landinu

**Júní 2004:** Stjórnarnefndin lögð niður til að rýma fyrir nýrri bráðabirgðastjórn

**Janúar 2005:** Í kosningum til stjórnarskrárþings sigrar bandalag undir forystu sjía. **Meirihl. súnnía kýs ekki**

**Ágúst: Stjórnarskrá** tekur gildi þrátt fyrir andmæli súnnía

**Desember:** Í þingkosningum hlýtur bandalag sjía 128 þingsæti - en nær ekki tveimur þriðju þingsæta sem þyrfti til að stjórna án samstarfsflokka



**16. mars, 2006:** Nýtt þing kemur saman - súnníar og kúrdar andvígir því að ***Ibrahim al-Jaafari***, sem er sjía-múslimi, verði forsætis-ráðherra






■ **Gíslar:** Meira en 250 útlendingum og þúsundum Íraka hefur verið rænt
**Fimmtíu og fimm erlendir gíslar hafa verið teknir af lífi**



■ **Dauðarefsing:** 16 Írakar teknir af lífi frá september 2005

■ **Bandarísk fangelsi:** 14.590 fangar í haldi núna. **Myndir af pyntingum og illri meðferð fanga í *Abu Ghraib* hafa dregið mjög úr áliti umheimsins á Bandaríkjunum**



■ **Dánartíðni ungbarna:**
Af hverjum 1.000 lifandi fæddum

| | |
|---|---|
| **1990** | **32** |
| **2004** | **102** |

■ **Atvinnuleysi:** 70%
Fimmti hver Íraki lifir undir fátæktarmörkum, sem teljast einn bandaríkjadalur á dag

■ **Enduruppbygging:** Kostar Bandaríkin **2.130 milljarða**



**Olíuframleiðsla:** 186 árásir uppreisnarm. 2005 valda ***444 milljarða*** tekjutapi

Útflutn. (tunnur á dag):

| | |
|---|---|
| Fyrir innrásina | **2,4 milljónir** |
| **2003**, júní | **750.000** |
| **2004** | Allt að **1,6 milljónir** |
| **2005**, desember | **1,1 milljón** |
| **2006**, febrúar | **1,4 milljónir** |
| **Áætluð verkefni** | **59** |
| **Lokið** | **13** |



**Vatn og hreinlæti:**
Einungis þriðji hver Íraki hefur aðgang að hreinu drykkjarvatni - fyrir innrásina hafði helmingurinn hreint vatn

| | |
|---|---|
| **Fjöldi áætl. framkvæmda** | **712** |
| **Verkefnum lokið** | **434** |



**Rafmagn:**
Íbúar í Bagdad fá fjórar raforkustundir á dag - var að meðaltali 16 stundir á dag fyrir innrásina

| | |
|---|---|
| Þörfin | **6000 megavött** |
| Raforka fyrir 2003 | **4,400MW** |
| Raforka nóv 2005 | **3,995MW** |

*1MW nægir um 1,000 fjölskyldum*

| | |
|---|---|
| **Áætluð verkefni** | **616** |
| **Lokið** | **253** |

■ **Kostnaður við stríðið:** Bush vill ***5.140 milljarða*** aukafjárv. fyrir 2006. Heildarkostnaðurinn er **22.365 milljarðar**

■ **Innbyrðis átök:** Sprengjuárásin 22. feb, 2006 á ***Askariya moskuna*** í Samarra hrindir af stað átökum milli súnnía og sjía. Á einni viku kosta átökin meira en 1.300 Íraka lífið



■ **Herskáir hópar:** **28**
Þar á meðal ***Mahdi-herinn***, undir stjórn ***Muqtada al-Sadr*** *(t.v.)* og ***Al Kaída***, undir stjórn ***Abu Musab al-Zarqawi*** *(t.h.)*

■ **Hópar Baath-sinna:** **7**
Heildarfjöldi **8,000-40,000**

**Allar fjárhæðir í íslenskum krónum.** Heimildir: World Bank, WHO, UNICEF, Oil & Gas Journal, United Nations Development Programme, IISS, Iraq Body Count.net, U.S. Department of Defense, Islamicweb.com, International Relations and Security Network, Congressional Research Service, U.S. Library of Congress, U.S. Government Accountability Office Myndir: Associated Press © GRAPHIC NEWS




NÝR VALKOSTUR
FYRIR HEYRNARSKERTA

Heyrnartæki • Heyrnarmælingar • Sala, ráðgjöf, þjónusta

HEYRNARSTÖÐIN
3. hæð, Kringlunni • Sími 568 6811 • www.heyrnarstodin.is



99 kr. dagar í Nettó
frábær kaup
ódýrt
Ódýrt í nettó
Corn Flakes
99 kr.pk.
Coop kornflex 750gr.
frábærar vörur
99 kr.pk.
Nettó samlokubrauð
99 kr.stk.
Toppur
56% afsláttur
ódýrt
PÁSKASMAKK
FRÁ GÓU
99 kr.pk.
Goða pylsur
99 kr.2stk.
Góu páskaegg
99 kr.stk.
Ferðakaffibolli
ódýrt
99 kr.stk.
Geisladiskataska
99 kr.stk.
DORA hárteygjur
99 kr.stk.
Plastbox
99 kr.pk.
Disney litir 5 stk
99 kr.stk.
Salatskál
allt í matinn á einum stað
www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími er 23. mars eða á meðan birgðir endast.
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi
nettó

**Viðskiptajöfnuður sem hlutfall af vergri landsframleiðslu**




Heimild.
Hagstofa Íslands/
Fjármálaráðuneytið

*áætlun

# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** REGÍNA ÓSK ÓSKARSDÓTTIR SÖNGKONA

## *Regína heppin í fasteignakaupum*

„Bestu kaupin sem ég hef gert er íbúðin mín. Hún hefur hækkað svo í verði," segir Regína Ósk Óskarsdóttir söngkona, sem heillaði landann með laginu Þér við hlið í Söngvakeppni Sjónvarpsins. Regína segir að hún hafi ekki gert sér grein fyrir því hve góð kaupin voru fyrir fjórum árum þegar hún keypti íbúðina en hækkanirnar á fasteignamarkaðinum hafi verið ævintýralegar.

„Þetta er mín önnur íbúð en með fyrstu íbúðinni gerði ég einnig góð kaup því hún hækkaði líka í verði. Ég keypti á mjög góðum tíma þegar allt var að hækka og því má segja að ég sé voða heppin í fasteignakaupunum."

Regína býr í Kópavoginum og er mjög ánægð með staðsetninguna. Hún hyggst ekki flytja sig um set, enda hafi aðrar íbúðir á markaðinum hækkað eins og hennar. Hún ákvað að búa í Kópavoginum því hún vildi búa í nýju húsnæði og úrvalið ekki mikið í Reykjavík á þessum tíma.

Regína á erfitt með að hugsa um verstu kaupin hingað til en segir þó að það hljóti að vera einhver flíkin.



Hún hafi verið gjörn á að kaupa föt á útsölum sem hún svo ekki notaði: „En ég er hætt því núna. Ég fer ekki mikið á útsölur nema til að kaupa föt á dóttur mína." Eftir smá umhugsun segir hún að oft hefði hún betur sleppt því að kaupa eyrnalokka: „Ég er svo mikið eyrnalokkafrík. Ég hef oft keypt mér eyrnalokka sem mér finnst æðislegir í búðinni en nota aldrei. Ég á nokkur hrylllieg pör hérna heima. Enda hlýtur maður einhvern tímann að kaupa eitthvað ljótt af því sem maður kaupir mest af," segir Regína Ósk og skellir upp úr. Hún segist þó ánægð með að vondu kaupin séu ekki í dýrari kantinum: „Ég þarf alltaf að hugsa mig vel um áður en ég kaupi dýrari hluti."

## GÓÐ HÚSRÁÐ

**VERÐUR AÐ NOTA ÞUMALINN**

■ *Nanna Rögnvaldsdóttir ritstjóri segir að öll húsráð sem hún kunni séu kerlingabækur og ekkert að marka þau.*



„Flest húsráð ganga mann fram af manni og enginn athugar hvort þau standast í raun, eins og til dæmis að loka steik. Næstum allir kokkar og matreiðslubókahöfundar segja að fyrst þurfi að brúna steikina svo safinn haldist í henni. Þetta er náttúrlega della en steikin verður betri á bragðið. Ég mæli því ekki með því að fólk hætti að brúna steikurnar sínar." Eina húsráð Nönnu til að vita hvort steik sé safarík er að steikja hana ekki of mikið og nota svo þumalfingurinn til að athuga mýkt kjötsins. „Þannig veit maður að steikin er safarík og góð."

■ **Hvað kostar... að hafa greiðslukort?**

## Allt að tuttugu þúsundum á ári

Fullyrða má að flestir Íslendingar eigi eitt eða fleiri kreditkort en hversu margir gera sér grein fyrir þeim kostnaði sem því fylgir að eiga slík kort? Árgjöld og stofngjöld þeirra eru misjöfn milli banka og milli kortategunda og hægt að spara sér nokkrar upphæðir með því að gera verðsamanburð.

Venjuleg silfurkort eru þau ódýrustu en veita jafnframt minnst fríðindi og tryggingar. Árgjald slíkra korta er frá 2.500 til 2.900 hjá útgefendum og við bætast yfirleitt þúsund krónur fyrir fyrsta kort. Gullkortin koma næst og eru einna vinsælust meðal Íslendinga. Árgjald þeirra er frá 8.900 krónum til 9.500 króna. Stofngjaldið er misjafnt eftir tegund og því hvort ferðaávísun eða ferðapunktar fylgja kortinu. Handhafar gullkorta eru þokkalega tryggðir á ferðalögum og njóta annarra fríðinda svo lengi sem ferðin er greidd með kortinu.



Best settir eru handhafar svokallaðra Platinum-korta. Þau veita umtalsverð fríðindi og tryggingar umfram önnur kort en bankar setja nokkur skilyrði fyrir því að viðskiptavinir fái slík kort. Árgjaldið endurspeglar það því ódýrast er það 18.900 krónur. Stofngjald slíkra korta er um 3.500 krónur að auki. Í einhverjum tilfellum bjóðast betri kjör séu viðskiptavinir skráðir í einhverja þjónustu bankanna og annars lagið bjóðast fólki ýmis sérkjör eins og að fá fyrsta árið frítt.

■ **Verslun og þjónusta**

## Ódýrari erlendar kiljur

Bóksala stúdenta selur nýjustu erlendu kiljurnar á lægra verði en gengur og gerist annars staðar. Getur munað allt að helmingi á verði nýrra og vinsælla erlendra bóka en úrvalið er þó nokkuð minna en hjá stærri söluaðilum. Þar eiga bókaormar að geta gengið að öllum vinsælustu kiljum á listum á hverjum tíma bæði frá Bretlandi og Bandaríkjunum. Verð á hverri kilju er sjaldan hærra en þúsund krónur og geta áhugasamir því sparað sér nokkrar upphæðir.






# Hátíðarbúningurinn er vinsælastur hjá strákum

**Það færist sífellt í vöxt að drengir taki fermingarföt sín á leigu. Íslenski hátíðarbúningurinn nýtur mestra vinsælda og er víða orðinn ófáanlegur.**

Hjá Fataleigu Garðabæjar fengust þau svör að foreldrar hefðu byrjað að panta strax eftir áramót. Algengast er að tekinn sé fullur búningur, þ.e. jakki, buxur, vesti, skyrta, hálstau og næla, sem er óaðskiljanlegur hluti af íslenska hátíðarbúningnum. Algengt verð á fermingarfötum hjá fataleigum er 6.500-7.900 krónur. Birna Hermannsdóttir hjá fataleigunni Höfða taldi að útleigan í ár væri svipuð og í fyrra, en hefði verið að aukast undanfarin ár. Hún sagði að strákarnir væru mjög ánægðir með að taka fötin á leigu. „Þetta er mjög vinsælt. Það er algengt að strákar á þessum aldri séu ekki fullvaxnir, þótt þeir séu hávaxnir. Þeir passa því oft ekki í venjulegar herrastærðir. Foreldrar kjósa því að taka fötin á leigu," sagði Eva Vilhjálmsdóttir, hjá Brúðarkjólaleigu Katrínar, en þar hafa fötin rokið út. Erla Vigdís Óskarsdóttir hjá Brúðarkjólaleigu Dóru segir að smókingfötin hafi verið vinsælust í ár. „Strákarnir vilja vera í jakkafötum. Íslenski hátíðarbúningurinn hefur verið á undanhaldi". Hún segir jafnframt að lítið sé um að stelpur leigi föt. „Strákar á þessum aldri eru að vaxa svo hratt, þeir eru ekkert nema útlimirnir. Þeir vaxa upp úr fötunum á árinu og geta ekki einu sinni notað fötin um jólin þó það hafi verið ætlunin þegar þau voru keypt. Stelpur á þessum aldri er oft búnir að taka út vöxt. Þær kaupa því frekar eitthvað sem þær geta notað áfram".



**PILTUR Í HÁTÍÐARBÚNINGI** Íslenski hátíðarbúningurinn er vinsæll fermingarfatnaður.

Rafmagnsverð Hitaveitu Suðurnesja lægst þó það hafi hækkað mest:

# Lítill verðmunur á rafmagni

Rafmagnsreikningar hafa hækkað um 16-23 prósent á suðvesturhorninu á síðustu þremur árum þar sem áttatíu prósent landsmanna búa. Orkuverðið er þó enn lægst þar. Verðmunur á milli orkufyrirtækja á landinu er nú aðeins um fimm prósent.

Kostnaður viðskiptavina sem skipta við Orkuveitu Reykjavíkur hefur á þremur árum hækkað um tæpar 5.600 krónur við kaup á 4.000 þúsund kílóvattstundum af rafmagni á ári. Nemur hækkunin sextán prósentum. Viðskiptavinir Norðurorku greiða 7.154 krónum meira nú fyrir sama magn en hjá Hitaveitu Suðurnesja hækkuðu reikningarnir mest, um 7.374 krónur eða 23 prósent. Fyrirtækið býður þó lægsta verðið. Verð hjá Orkubúi Vestfjarða fyrir sama magn hækkaði um 3.697 á árunum þremur, sem nemur tíu prósentum. Sömu magnkaup hafa lækkað um 5.099 krónur í verði hjá RARIK, um tíu prósent.



**SAMKEPPNIN HEFUR JAFNAÐ VERÐ Á RAFORKU** Verð rafmagns eftir að markaðurinn var gefinn frjáls er nú nær það sama hjá orkufyrirtækjunum. Viðskiptavinir geta þó ekki skipt um orkufyrirtæki fyrr en á miðju ári þegar tölvubúnaður sem til þarf er tilbúinn.

Neytendasamtökin benda einnig á að Orkuveita Reykjavíkur og Orkubú Vestfjarða birti gjaldskrár sínar án virðisaukaskatts á heimasíðum sínum og sé það brot á lögum. **- gag**

**RAFMAGNSVERÐ**

| | Verð* | %** |
|---|---|---|
| Akureyri | 40.791 | 21% |
| Egilsstaðir | 40.476 | -11% |
| Hafnarfjörður | 38.817 | 23% |
| Ísafjörður | 40.712 | 10% |
| Kópavogur | 39.987 | 16% |
| Reykjanesbær | 38.817 | 23% |
| Reykjavík | 39.987 | 16% |
| Sauðárkrókur | 40.479 | -11% |
| Selfoss | 38.817 | -3% |

*Miðað við 4.000 kílóvattstundir á ári
** Verðbreyting frá nóvember 2002


Mikið úrval af flottum skóm
...frábær verð!
VERÐ: 3.995 kr. STÆRÐIR: 36-41
VERÐ: 4.995 kr. STÆRÐIR: 36-41
VERÐ: 3.795 kr. STÆRÐIR: 36-46
VERÐ: 6.995 kr. STÆRÐIR: 36-41
VERÐ: 6.995 kr. STÆRÐIR: 36-41
VERÐ: 2.995 kr. STÆRÐIR: 36-41
HÖNNUN GREIND
VERÐ: 4.995 kr. STÆRÐIR: 36-41
VERÐ: 4.995 kr. STÆRÐIR: 36-41
VERÐ: 4.995 kr. STÆRÐIR: 36-41
VERÐ: 4.995 kr. STÆRÐIR: 36-41
VERÐ: 3.995 kr. STÆRÐIR: 36-41
VERÐ: 3.995 kr. STÆRÐIR: 36-41
VERÐ: 5.995 kr. STÆRÐIR: 36-41
VERÐ: 4.995 kr. STÆRÐIR: 36-41
Vor 2006
FRÁBÆR VERÐ!
EURO SKO
Kringlan 568 6211
*TILBOÐ GILDA Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.224 **+1,21%** **Fjöldi viðskipta:** 401 **Velta:** 11.016 milljónir

MESTA HÆKKUN

| | |
|---|---|
| Kögun | 5,23% |
| Marel | 4,37% |
| Bakkavör | 3,67% |

MESTA LÆKKUN

| | |
|---|---|
| FL Group | -2,43% |
| Atlantic Petroleum | -0,75% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 59,80 +0,67% ... Alfesca 4,09 +2,25%... Atorka 6,20 +0,65% ... Bakkavör 53,70 +3,67% ... Dagsbrún 7,04 +2,62% ... FL Group 24,10 -2,43% ... Flaga 3,22 +0,63% ... Glitnir 18,50 +1,65% ... KB banki 884,00 +0,68% ... Kögun 74,40 +5,23% ... Landsbankinn 27,20 +2,64% ... Marel 76,00 +3,68% ... Mosaic Fashions 17,60 +0,57% ... Straumur-Burðarás 17,60 +0,57% ... Össur 114,00 +0,89%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

### Töffarar eins og ég

Kaup Dagsbrúnar á helmingshlut í Kögun ollu mikilli undrun í viðskiptalífinu, enda hafði verið búist við að Síminn og Exista, sem eiga 39 prósent í Kögun, hefðu augastað á félaginu. Segir sagan að yfirtakan á Kögun sé runnin undan rifjum Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, sem á að hafa hrifist af því að stjórnendur Kögunar skyldu hafa boðið Símanum birginn á aðalfundi Kögunar í síðuðustu viku. „Þetta eru töffarar að mínu skapi," á Jón Ásgeir að hafa sagt. Gangi yfirtaka Dagsbrúnar á Kögun eftir verður fyrrnefnda félagið með yfirburðastöðu innan íslenska hugbúnaðargeirans en í Kögunarsamstæðunni eru meðal annars af Skýrr, Opin kerfi, Teymi, Hugur og Landsteinar-Strengur auk Hands í Noregi. Þá stefnir allt í það að Kögun eignist 58 prósenta hlut í EJS.



### Síminn situr eftir

Síminn ákvað að aðhafast ekkert og vekur það spurningar um næsta skref þar á bæ. Þótt félagið og Exista hagnist ágætlega á fjárfestingunni í Kögun er ljóst að félögin ætluðu sér mikla hluti innan Kögunar. Síminn gat ekki tekið Kögun yfir að óbreyttu nema með útgáfu nýs hlutafjár. Það kómíska við allt þetta mál er að fyrsti aðalfundur Símans í eigu nýrra eigenda fór fram í gær sama dag og Dagsbrún keypti í Kögun. Skyggðu tíðindi dagsins óneitanlega á gleðina.

## MARKAÐSPUNKTAR...

Innlend útlán og markaðsverðbréf innlánsstofnana jukust um 5,7 prósent í febrúar og hafa aukist um 57,4 prósent á tólf mánuðum til febrúarloka að því er fram kemur í tölum frá Seðlabankanum.

Í nýju verðmati frá Greiningu Glitnis á Alfesca er fyrirtækið talið 27,2 milljarða króna virði, sem jafngildur 4,6 krónum á hlut. Í síðasta verðmati var fyrirtækið metið á 5,3 krónur á hlut.

Moody's gaf á föstudag út álit á lánshæfi Kaupþings þar sem það staðfestir fyrri lánshæfiseinkunnir bankans og metur jafnframt horfur áfram stöðugar.

# Misskilja hagkerfið

Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka banka- og verðbréfafyrirtækja (SPV), segir skýrslu Danske bank svipaða þeim skýrslum sem áður hafi komið út um íslenskt efnahagslíf. „Þarna gætir nokkurs misskilnings um íslenskt hagkerfi og íslenska bankakerfið," segir hann um skýrslu Danske bank. Samtökin sendu fréttatilkynningu til fjölmiðla og greiningaraðila bæði í Bretlandi og á Norðurlöndunum í lok síðustu viku þar sem fjallað var um áhættudreifingu í útlánasafni íslenska bankakerfisins. Þar kom m.a. fram að innlend áhætta bankanna er einungis 27 prósent af heildaráhættu útlána banka hér á landi. Er erlend áhætta þeirra þar af leiðandi 73 prósent og hafa sveiflur því lítil áhrif á íslenskt hagkerfi. „Ég get ekki séð að það hafi verið horft til þessa í skýrslu Danske bank," Guðjón. - jab



**GUÐJÓN RÚNARSSON** Danske bank vissi af skýrslu SPV um áhættudreifingu íslensku bankanna.

# Kaupir meirihluta í Kögun

**Stjórnendur Kögunar og Straumur höggva á óvissuhnút með sölu á helmingshlut í Kögun til Dagsbrúnar fyrir 7,4 milljarða króna. Stjórnendur Kögunar stýra félaginu áfram og gerast eigendur í Dagsbrún, sem mun velta um fimmtíu milljörðum í ár.**



**SELDU TIL DAGSBRÚNAR** Gunnlaugur M. Sigmundsson, Vilhjálmur Þorsteinsson og Guðmundur Þórðarson, stjórnarmenn í Kögun, tóku þá ákvörðun að selja hlutabréf meirihlutans til Dagsbrúnar.

Skoðun, dótturfélag Dagsbrúnar, hefur keypt 51 prósent hlutafjár í Kögun, stærstu hugbúnaðarsamsteypu landsins, fyrir tæpa 7,4 milljarða. Seljendur eru Straumur-Burðarás, Teton ehf., sem er í eigu forstjórans Gunnlaugs M. Sigmundssonar, Arnar Karlssonar, stjórnarformanns Kögunar og Vilhjálms Þorsteinssonar, og fjölmargir starfsmenn Kögunar.

Kaupin fóru fram á genginu 75, sem var sex prósenta yfirverð frá lokagenginu á þriðjudaginn. Mun Skoðun leggja fram yfirtökutilboð til annarra hluthafa innan fjögurra vikna.

Gunnar Smári Egilsson, forstjóri Dagsbrúnar, segir að gengið hafi verið frá kaupunum á þriðjudagskvöld. Kaupin verði fjármögnuð með útgáfu nýs hlutafjár í Dagsbrún auk lánsfjár.

Verður ekki annað sagt en að kaupin komi mjög á óvart þar sem fastlega var búist við að Síminn og Exista, sem fara samanlagt með 39 prósent hlutafjár í Kögun, myndu leggja fram yfirtökutilboð í Kögun. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins var vilji meðal seljenda fyrir því að selja bréfin Símanum, sem hafði ekki hug að svo stöddu á að taka Kögun yfir. Óttuðust stjórnendur Kögunar að sitja fastir með miklar skuldir vegna hlutabréfakaupa og skapaðist því óvissa meðal stórs hóps hluthafa sem átti sinn þátt í því að Dagsbrún eignast yfir helming í Kögun.

Á dögunum reyndi Síminn að ná meirihluta í stjórn Kögunar á aðalfundi félagsins en stjórnendurnir í Teton og Straumur mynduðu bandalag um að tryggja sér þrjá af fimm mönnum í stjórn.

Gunnlaugur M. Sigmundsson segir að engar breytingar verði á yfirstjórn Kögunar með þessum viðskiptum og mun Dagsbrún styðja óbreytta stefnu stjórnenda. „Ég hef skuldbundið mig til að vera áfram hjá Kögun og Örn Karlsson og Vilhjálmur Þorsteinsson hafa skuldbundið sig til að gerast eigendur í Dagsbrún."

Gunnlaugur er nokkuð sáttur við kaupverðið: „Við trúðum því sjálfir að með óbreyttri stefnu, og ef ekkert hefði gerst, hefði félagið alveg átt það inni að vera komið í 86-88 í árslok en raunveruleikinn varð annar. Það lá ekkert fyrir að þeir [Síminn og Exista] myndu styðja áframhaldandi útrás."

Markaðsverð Kögunar miðað við væntanlegt tilboð Dagsbrúnar er um 14,4 milljarðar króna en Dagsbrún er um 38 milljarða virði. Ætla má að velta Dagsbrúnar fari hátt í 50 milljarða á árinu gangi yfirtakan eftir. eggert@frettabladid.is

# Síminn gengur að tilboði Dagsbrúnar

## Félagið hagnast um yfir 600 milljónir á Kögun.

Brynjólfur Bjarnason, forstjóri Símans, telur að það verð sem Dagsbrún bjóði hluthöfum Kögunar sé viðunandi. „Við gerum ráð fyrir því að selja í þessari stöðu."

Síminn og Exista, stærsti eigandi Símans, keyptu rúm 38 prósent hlutafjár í Kögun í febrúar á genginu 63 en nú býður Dagsbrún 75 krónur á hlut, sem þýðir að ávöxtun félaganna er nítján prósent. Hagnast Síminn um yfir 620 milljónir á fjárfestingunni án arðgreiðslna.

Stefna Símans með fjárfestingunni í Kögun var mjög skýr: félagið ætlaði ekki í yfirtöku. „Við vildum fara þarna inn til að vinna með fólkinu í fyrirtækinu og kynna okkur félagið." Hann bendir á að í báðum félögum séu þættir sem hefðu getað styrkt hvort annað og aukið verðmæti þeirra.

Aðspurður um næstu skref segir Brynjólfur að Síminn hafi mikla möguleika á að auka hlutdeild sína í upplýsingatækni með því að efla þau félag sem eru í eigu Símans, eins og til dæmis Anza. „Við munum svo leita að nýjum tækifærum. Ég þori hins vegar ekki að segja frá því hver þau eru, því þeir kaupa þau þá á morgun." - eþa





Nýir Mercedes Benz eftirársbílar

| | lager | innfluttur í dag | OKKAR VERÐ | mismunur |
|---|---|---|---|---|
| C 200 Coupe | 1 stk. | 4.190.000 | 2.990.000 | 1.200.000 |
| C 200 KOMPR. | 3 stk. | 4.890.000 | 3.690.000 | 1.200.000 |
| C 240 | 3 stk. | 5.450.000 | 4.190.000 | 1.260.000 |
| C 240 Wagon | 1 stk. | 5.190.000 | 4.190.000 | 1.000.000 |
| C 320 | 2 stk. | 6.150.000 | 4.490.000 | 1.660.000 |

birt með fyrirvara á prentvillum

MASTER

Glæsibæ / Álfheimum 74 / 104 Reykjavík / sími 540-2200 / www.masterbill.is

# Greiðslufrestur í tvo mánuði

Með gildistöku nýrra tollalaga um áramótin varð sú breyting á innheimtu tollkrítar, sem samanstendur annars vegar af aðflutningsgjöldum og hins vegar virðisaukaskatti, að gjalddagi er á tveggja mánaða fresti í stað eins áður.

„Markmið þessara breytinga var einkum að flytja gjalddaga til samræmis við skil í virðisaukaskattskerfinu,“ segir Lilja Sturludóttir, lögfræðingur í fjármálaráðuneytinu.

Virðisaukaskattsskyldir aðilar, sem eru í skilum við ríkissjóð, njóta greiðslufrests á aðflutningsgjöldum af vörum sem eru fluttar inn í atvinnuskyni. - eþa

# Skrif Danske Bank illa grunduð

Davíð Oddsson seðlabankastjóri segir skrif Danske Bank um íslenskt efnahagslíf að mörgu leyti illa grunduð og í þeim rangfærslur sem komi á óvart.

„Svo eru dregnar af þeim rangfærslum niðurstöður sem til að mynda snúa að almennum efnahagsmálum þjóðarinnar. Þar eru mjög miklar skekkjur svo sem í samanburði sem ekki á rétt á sér við hluti sem eiga að hafa gerst forðum tíðar. Til að mynda það sem sagt er um væntanlegan viðskiptahalla þar sem dregin er kúrva fram á við. Þar eru menn algjörlega á röngu róli og eins náttúrlega í spám varðandi útflutningstekjur á næsta ári. Inn í þá mynd er ekki tekið að þá hefst útflutningur á áli frá nýjum verksmiðjum,“ segir Davíð og áréttar að í greinargerð Danske Bank séu margar staðreyndarvillur. „Vont er að greinargerðin hafi jafnmikil áhrif hér og raun ber vitni, en hún er þeirrar gerðar að hún ætti ekki að gera það,“ segir Davíð og vísar til þess að þegar skýrslan kom út á þriðjudag lækkaði gengi bæði krónunnar og hlutabréfa í Kauphöll Íslands. „Við erum dálítið undrandi á þessari framsetningu allri. Sjálfsagt verður markaðurinn að dæma hvernig hann tekur þessu, en vegna þess hversu gölluð hún er og misvísandi ætti hún ekki að hafa áhrif á markaðinn hér til lengri tíma.“

Davíð segir ekki hafa verið tekna um það ákvörðun í Seðlabankanum hvort brugðist verði sérstaklega við neikvæðum skrifum á borð við greinargerð Danske Bank. „Við höfum ekki eltst við skrif af þessu tagi, en við höfum auðvitað samband við okkar kollega, til dæmis í Danmörku, og látum okkar sjónarmið í ljós. Hins vegar brennur heitast á bönkunum sjálfum að svara þessu, en varðandi almenn atriði sem snúa að hinu efnahagslega umhverfi viljum við gjarnan að afstaða okkar komi skýrt fram og vænti ég þess að ársfundi bankans eftir fáeina daga komi fram upplýsingar sem sýni að þarna eru menn á villigötum.“ - óká



**SEÐLABANKASTJÓRI** Davíð Oddsson, formaður bankastjórnar Seðlabankans, gagnrýnir harðlega rangfærslur Danske Bank.



**SEÐLABANKASTJÓRI BANDARÍKJANNA** Ben Bernanke er bjartsýnn á stöðu bandaríska hagkerfisins.

# Ben Bernanke bjartsýnn

Ben Bernanke, seðlabankastjóri Bandaríkjanna, ávarpaði Wall Street í fyrradag eftir að hann tók við embætti. Bernanke var almennt bjartsýnn á stöðu hagkerfisins. Ræddi hann meðal annars ávöxtunarkröfu og ástæður þess að hún er eins lág og raun ber vitni. Sagði hann lága ávöxtunarkröfu til langs tíma ekki endilega veikleikamerki og merki um samdrátt heldur gæti hún eins táknað trú fjárfesta á hagkerfið og trú á að verðbólga haldist stöðug.

Að því er fram kemur í Vegvísi Greiningardeildar Landsbankans hafði ræði Bernanke lítil áhrif á væntingar markaðsaðila til hækkana stýrivaxta á næstunni. Almennt er gert ráð fyrir að þeir hækki um tvo punkta í 4,75 prósent í lok mánaðarins og upp í 5 prósent í maí. - hhs




**DANSKE BANK** Greinarhöfundur fréttastofu Dow Jones segir Danske Bank taka of djúpt í árinni í nýrri skýrslu sinni.

# Bölsýnisskýrsla gagnrýnd

Robb M. Stewart, greinahöfundur fréttastofu Dow Jones, gagnrýnir nýjustu svörtu skýrsluna um fyrirsjáanlega kreppu á Íslandi sem Danske Bank sendi frá sér á þriðjudag. Hann segir íslenska hagkerfið hafa vaxið með slíkum hraða síðustu ár að flestar aðrar Evrópuþjóðir litu öfundaraugum hingað til lands. Lítið hafi breyst í íslensku umhverfi á síðustu vikum sem réttlæti þessar skyndilegu hrakfallaspár.

Stewart segir vissulega merki um að íslenskt hagkerfi sé að byrja að hægja á sér. Þrátt fyrir það sjái Íslendingar fram á meira en fjögurra prósenta hagvöxt á árinu. Hann segir óljóst hversu mikinn skaða Ísland muni bera af skýrslunum og hvort þær muni ala af sér frekari bölsýnisspár. - hhs


Gefið ykkur góðan tíma fyrir flug

því nú standa yfir framkvæmdir í Flugstöð Leifs Eiríkssonar



Velkomin í stærri og endurbætta flugstöð sumarið 2007



FYRIR BREYTINGAR



EFTIR BREYTINGAR

Verslunar- og þjónustusvæði farþega mun tvöfaldast og nýjar verslanir verða opnaðar. Markmið stækkunar og breytinga í flugstöðinni er að bregðast við spám um öra fjölgun farþega á ferð um Keflavíkurflugvöll.

Stjórnendur og starfsmenn Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf. munu vinna markvisst að því í samstarfi við verktaka að framkvæmdirnar valdi farþegum sem allra minnstum óþægindum. Breytingarnar valda þó óhjákvæmilega raski og hafa nokkur áhrif á starfsemi í flugstöðinni. Fólk er því hvatt til þess að gefa sér góðan tíma fyrir flug.

Nánari upplýsingar á **www.airport.is**

FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR HF.

# skoðun

SJÓNARMIÐ
ÞORSTEINN PÁLSSON

Listasafn Íslands:

## Kæfa, menning, framtíð

Fáar þjóðir að jöfnum mannfjölda geta hrósað sér af jafn gróskumiklu myndlistarlífi og Íslendingar. Að vísu er það svo að íslensk myndlistarmenning er ekki í sögulegum skilningi sprottin upp af djúpum rótum. Alltént er ekki unnt að halda því fram í alþjóðlegu samhengi. Eigi að síður þolir íslensk myndlist samanburð þó að horft sé um viðmið til stærri og fjölmennari þjóða.

Listasöfn eru ekki sjálfkrafa aflvaki sköpunar. Þau endurspegla miklu fremur sögu og samtíma og geta með þeim hætti leitt til nýrrar grósku. Kjarni málsins er sá að íslensk myndlist er svo ríkur þáttur í menningu þjóðarinnar að fjárfesting í þekkingu á því sviði er nokkurs virði. Þar koma listasöfnin til sögunnar. Eðli máls samkvæmt er það einkum hlutverk Listasafns Íslands að vera þar í fararbroddi.

Sú var tíð að skilningur á samhengi menningar og atvinnulífs var harla rýr. Halldór Laxness hafði á sínum tíma eftir Ragnari í Smára um þetta efni: „Ég sýð kæfu, þú spilar á hljóðpípu, peningarnir eru brúin á milli okkar.“ Í þessum skilningi hafa peningar ekki sjálfstætt gildi. Þeir eru aðeins milliliður. En það er ósmátt hlutverk.

Listasafn Íslands hefur nýlega notið þess að peningar eru mikilvægur milliliður; milli þeirra sem sjóða kæfu og hinna sem hafa það hlutverk að sýna og uppfræða um íslenska myndmenningu. Björgólfur Guðmundsson, sem er að verða eins konar athafnaskáld í þjóðlífinu, færði Listasafninu nýlega ríflegan styrk. Hann var nýttur til þess að fella niður aðgangseyri. Þetta var markvert framtak þar sem hinn máttugi milliliður hefur nú þegar haft góð áhrif. Ærin ástæða er til að meta að verðleikum þann næma skilning er að baki býr.

Ólafur Kvaran, forstöðumaður Listasafnsins, hefur skýrt frá því að þessi ráðstöfun hafi á skömmum tíma kallað mun fleiri gesti til safnsins en starfsmenn þess hafi vanist að sjá. Hann segir einnig að þessi breyting hafi leitt til þess að fleira ungt fólk hafi komið í heimsókn. Með öðrum orðum sýnist safnið vera að ná til fólks fyrir utan raðir hefðbundinna áhugamanna um myndlist. Það er ágætis reglustrikumælikvarði á árangur.

Menningarstarfsemi eins og myndlistarsöfn á ekki að vera afmarkaður bás í þjóðlífinu heldur virkur og lifandi þáttur. Íslensk myndlist rís undir því hlutverki. Þar af leiðir að starfsemi sem þessi má ekki alfarið verða ríkisverkefni. Þó að ríkisvaldið leggi til uppistöðuna í vefinn má ívafið gjarnan vera fjölþættara. Þróunin hefur verið þannig. Það mun ugglaust styrkja þetta mikilvæga menningar- og menntastarf eftir því sem stundir líða.

Þetta góða framfaraskref, sem nú hefur verið stigið, vekur hins vegar upp spurningar um framtíðina. Mikil umskipti urðu þegar Listasafnið fékk núverandi húsnæði. Það er hins vegar of þröngur stakkur um lifandi starf og markvissa þróun. Þannig getur safnið ekki haft fasta sögusýningu íslenskrar myndlistar jafnhliða breytilegum sérsýningum með bæði innlendri og erlendri list. Þessi möguleiki er þó grundvallaratriði ef safnið á með mestum sóma að rísa undir hlutverki sínu.

Húsnæðisúrbætur eru því þarfar. Þó að hér sé ekki um augnabliksviðfangsefni að ræða er nú ráð að huga að því hvernig bæta megi stöðu safnsins að þessu leyti þegar til framtíðar er horft. Öflug, traust og lifandi menningar- og menntastofnun eins og Listasafnið er mikilvægur bakhjarl allrar skapandi listar. Gildir þá einu hvort hún er hugsuð í andrúmi heimahaganna eða víðara samhengi. Tími stefnumörkunar inn í nýja framtíð á þessu sviði er kominn. ■


**Humartilboð**
**Úrval Fiskrétta**
**Sigin Grásleppa**
**Lax og Lúða**

**Fiskbúðin Vör**
Höfðabakka 1 s 587-5070


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Að spyrja um hagsmuni

Í hátíðarræðum segja talsmenn fréttamiðla að þeir hafi sannleikann að leiðarljósi. Mest sé um vert að afla gagna, sannreyna þau og vanda úrvinnslu. Einnig verði þó að spyrja um fréttagildi, siðferði og jafnvel kjark til þess að birta efni. Hið merkilega er að ef vel tekst að sannreyna gögn gufa að mestu upp vandamál sem snerta siðferði og kjark til birtingar. Mönnum lærist einnig að spyrja sem oftast um hagsmuni. - Nú gerðist það á Alþingi í fyrradag að Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra sagði að sumir fjölmiðlar - og stjórnarandstaðan - hlypu upp til handa og fóta og tækju undir órökstudda gagnrýni erlendra banka, „...þar á meðal...greiningardeildir banka sem eru í harðri samkeppni við íslensku bankana, og eru hreinlega sett fram í því skyni að koma höggi á sína samkeppnisaðila. Slíkt háttarlag er ekki til þess að auðvelda íslenskum fjármálastofnunum að koma á framfæri réttmætum leiðréttingum á þessum rangfærslum.“



### Að taka gagnrýni

Styrmir Gunnarsson, ritstjóri Morgunblaðsins, hefur mikla reynslu af því að sannreyna gögn og spyrja fyrst og síðast á gagnrýninn hátt um hagsmuni áður en hann birtir sannleikann. Leiðarahöfundur Morgunblaðsins virðist taka orð Halldórs til sín í gær og gefur forsætisráðherranum leiðbeiningar um það hvernig taka eigi gagnrýni. - Blaðamaður á Morgunblaðinu spurði Styrmi um afskipti hans af Baugsmálinu eftir að Fréttablaðið hafði birt tölvupósta í lok september síðastliðins. Þeir bentu til afskipta Styrmis af málinu sem komu heiðvirðum blaðamanni í opna skjöldu: „Þú hefur stjórnað fréttaflutningi af Baugsmálum á sama hátt og af olíumálum og frumkvæði innlendrar fréttadeildar hefur verið sáralítið... eins og þetta blasir við mér ert þú orðinn þátttakandi í Baugsmálinu. Getur þú eftir sem áður haldið áfram að stýra fréttaflutningi okkar af þessum málum?“ Styrmir tók gagnrýninni svona: „Verð ég aðili að málinu bara af því að Fréttablaðið tekur upp á því að setja mál í rangt ljós? Ég tel að svo sé ekki og tel það fráleitt að ég sé aðili að málinu þótt ég hafi hjálpað ungum manni að fá lögfræðing sér til ráðuneytis. Ég er ritstjóri þessa blaðs í umboði stjórnar Árvakurs og eini ábyrgðarmaður blaðsins. Ég mun ekki afsala mér neinu ritstjórnarvaldi varðandi málefni Baugs.“ (Mbl. 27. sept. 2005)

johannh@frettabladid.is

## Herinn og skjaldbakan

Í DAG
BROTTFÖR VARNARLIÐSINS



ÞORVALDUR GYLFASON

*Kannski hefur kaninn bara gefizt upp á silaganginum í ríkisstjórninni og ekki nennt að bíða lengur eftir gagntillögum hennar um æskilegar landvarnir. Eftir stendur nauðsyn þess, að Íslendingar geri sér sjálfir glögga grein fyrir stöðunni, sem upp er komin.*

Það er nú varla bætandi á allt grínið, sem búið er að demba yfir grunlausa ríkisstjórnina undanfarna daga vegna einhliða ákvörðunar Bandaríkjastjórnar að kveðja herinn heim frá Keflavíkurflugvelli. En málið er alvarlegt og lýsir í hnotskurn því undarlega andvaraleysi, sem hefur einkennt ýmsa þætti landsstjórnarinnar mörg undangengin ár. Hvað á ég við?

Þegar aðild að Evrópusambandinu var efst á baugi stjórnmálanna í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð árin eftir 1990, lagði Jón Baldvin Hannibalsson þáverandi utanríkisráðherra fram tillögu um það í ríkisstjórninni, að hún léti fara fram gagngera úttekt á kostum þess og göllum fyrir Íslendinga að fylgja hinum löndunum þrem og Austurríki inn í Sambandið 1995; Danmörk hafði þá þegar verið í Evrópusambandinu í 20 ár. Það er skemmst frá því að segja, að tillagan var felld í ríkisstjórninni; Sjálfstæðisflokkurinn kærði sig ekki um að kynna sér málið, eða þjóðinni. Meðan bókabúðarborðin í Helsinki, Osló og Stokkhólmi svignuðu undan bókum og skýrslum um Evrópumál frá ýmsum hliðum, veitti ríkisstjórn Íslands almenningi hér heima engan kost á sambærilegri uppfræðslu og rökræðu um málið. Sjálfstæðisflokknum tókst það, sem hann ætlaði sér: að tefja málið og trufla í lengstu lög, þótt skoðanakannanir hafi jafnan bent til þess, að meiri hluti landsmanna er hlynntur inngöngu í Evrópusambandið. Meiri hlutinn mun að endingu fá að ráða þessu.

Sama sinnuleysi virðist einkenna afstöðu núverandi ríkisstjórnar til varnarmálanna. Það hefur legið fyrir lengi, að Bandaríkjamenn vildu endurskoða varnarsamstarfið við Íslendinga. Bandaríkjastjórn er fullfær um að meta framlag Íslands til sameiginlegra varna Atlantshafsbandalagsþjóðanna og hefur líklega gert það og komizt að þeirri niðurstöðu, að varnarliðsins sé ekki lengur þörf í þágu sameiginlegra varna. Því er þó samt ekki að fullu treystandi, að kaninn viti, hvað hann er að gera, svo mjög sem honum hafa verið mislagðar hendur í ýmsum öðrum utanríkismálum í stjórnartíð Bush forseta, sem hefur tekizt að sameina svo að segja gervalla heimsbyggðina á hyldjúpri andúð á utanríkisstefnu Bandaríkjanna. En það er ekki í verkahring Bandaríkjastjórnar að meta varnarþörf Íslands að kalda stríðinu löngu loknu. Það verk hefði ríkisstjórn Íslands átt að vinna fyrir löngu á eigin spýtur, en hún sýnir þess samt engin merki, að hún hafi borið sig að því. Hún kemur af fjöllum. Hún hefur ekki getað lýst því, hvað þyrfti að koma í staðinn fyrir þoturnar og þyrlurnar, sem hún telur nauðsynlegar til að tryggja varnir landsins. Ríkisstjórnin gat sagt sér það sjálf, að vélarnar yrðu kallaðar heim, en hún hefur enga gagntillögu fram að færa. Þess vegna hefur stjórnarandstaðan, eða Samfylkingin réttara sagt, tekið málið að sér.

Fyrirhyggjuleysi ríkisstjórnarinnar lýsir sér einnig í því, að hún hefur nýlega ráðizt í rándýrar framkvæmdir á Reykjavíkurflugvelli, þótt vitað sé, að völlurinn eigi að hverfa úr Vatnsmýrinni 2016, auk þess sem það hefur blasað við, að yfirvofandi brottför hersins myndi leggja rekstrarkostnað Keflavíkurflugvallar á herðar Íslendinga og kippa með því móti fjárhagsgrundvellinum undan rekstri Reykjavíkurflugvallar í ofanálag.

Bandaríkjastjórn virðist nú hafa ákveðið að segja upp varnarsamningnum frá 1951. Öðruvísi er varla hægt að túlka einhliða tilkynningu hennar um brotthvarf flugflotans og heraflans frá Keflavíkurflugvelli gegn vilja íslenzku ríkisstjórnarinnar, án þess að fyrir liggi, hvort eitthvað annað þarf að koma í staðinn. Kannski hefur kaninn bara gefizt upp á silaganginum í ríkisstjórninni og ekki nennt að bíða lengur eftir gagntillögum hennar um æskilegar landvarnir. Eftir stendur nauðsyn þess, að Íslendingar geri sér sjálfir glögga grein fyrir stöðunni, sem upp er komin. Þrennt kemur helzt til álita: (a) að Ísland verði varnarlaust eins og Kostaríka hefur verið vandræðalaust um langt skeið og treysti því einhliða á Atlantshafsbandalagið og utanaðkomandi aðstoð, ef á þyrfti að halda; (b) að Íslendingar setji upp eigið varðlið, sem gæti kostað svipaða fjárhæð og rekstur Háskóla Íslands á hverju ári, eins og ég lýsi í Tveir heimar (2005), en þá er stofnkostnaður ekki talinn með; og (c) að Íslendingar semji við önnur Evrópulönd, NATO eða ESB um varnir Íslands. Þessa þrjá kosti þarf að vega og meta. Þarna er verk að vinna handa Jóni Baldvini Hannibalssyni og stjórnarandstöðunni, úr því að ríkisstjórnin gekk úr skaftinu. ■


MARKAÐURINN
**Mest lesna viðskiptablaðið**
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA




AUGLÝSINGASÍMI
**550 5000**

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

# TOPPSKÓRINN OUTLET
## HEFUR OPNAÐ Á NÝJUM STAÐ Í
# GRAFARHOLTINU
(VIÐ HLIÐINA Á HÚSASMIÐJUNNI)






# FRÁBÆR OPNUNARTILBOÐ
## DÖMUSKÓR - HERRASKÓR - BARNASKÓR - SANDALAR

# 30-90% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM SKÓM!




PETER KAISER ecco ara LLOYD ZINDA

Toppskórinn Outlet

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109




OPIÐ: MÁN.-FÖS. 11 - 18, LAU. 10 - 16

# Dagur Norðurlanda

**UMRÆÐAN**
NORÐURLANDA-SAMSTARF



**BJARNI DANÍELSSON**

*Áherslur og leiðir í hinu pólitíska samstarfi Norðurlandanna hafa breyst, einkum í seinni tíð, og sama má segja um starfsemi Norræna félagsins á Íslandi og systurfélaga þess á hinum Norðurlöndunum. Um þessar mundir leggja félögin mikla áherslu á réttindamál norrænna borgara sem flytja milli Norðurlanda.*

Fyrir nokkrum árum var ákveðið að nefna 23. mars dag Norðurlanda. Þá standa Norrænu félögin og fjölmargar svæðisdeildir þeirra um öll Norðurlönd fyrir samkomum sem kallast Norræn veisla þar sem glaðst er yfir vináttutengslum landanna og á borðum er matur sem einkennir mataræði þjóðanna. Tilefni þess að dagurinn er haldinn hátíðlegur er að þennan dag árið 1962 var undirritaður í Helsinki samningur um víðtækt og skuldbindandi samstarf Norðurlandanna á fjölmörgum sviðum. Helsinkisáttmálinn, eins og samningurinn hefur verið kallaður, kveður á um náið samstarf á sviði réttarfars, menningarmála, félagsmála, efnahagsmála, samgangna og umhverfisverndar.

Sáttmálinn fjallar einnig um störf Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar og festir í sessi formlegt samstarf þjóðþinga og ríkisstjórna landanna. Samkvæmt honum skulu ríkisborgarar norrænna landa njóta sama réttar í öllum löndunum við setningu laga og annarra réttarreglna á þeim sviðum sem sáttmálinn tekur til. Réttur Norðurlandabúa til að sækja nám og atvinnu, stunda viðskipti og nýta sér annars konar tækifæri án

hindrana innan Norðurlandanna hefur þannig um áratugaskeið verið talinn mikilvæg þáttur í því að auka lífsgæði einstaklinga og fjölskyldna á Norðurlöndunum. Víðtækt norrænt samstarf, opin landamæri, hreyfanlegt vinnuafl og frelsi til viðskipta hefur einnig verið ein af forsendunum fyrir samkeppnishæfni norrænna fyrirtækja á alþjóðavettvangi.

Norrænu félögin á Norðurlöndum eru miklu eldri en Helsinkisáttmálinn og voru stofnuð í kringum 1920 til að efla samstarf og vináttutengsl Norðurlandabúa og er sú hugsjón hið fasta leiðarljós félaganna. Félögin áttu drjúgan þátt í því að Norðurlandaráð var stofnað og Helsinkisáttmálinn undirritaður. Samband Norrænu félaganna hefur alla tíð fylgst náið með störfum Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar og komið þar á framfæri ýmsum góðum málum. Undanfarna áratugi hafa Norrænu félögin einnig annast rekstur margra verkefna sem Norræna ráðherranefndin hefur hleypt af stokkunum, oft fyrir atbeina félaganna sjálfra.

Áherslur og leiðir í hinu pólitíska samstarfi Norðurlandanna hafa breyst, einkum í seinni tíð, og sama má segja um starfsemi Norræna félagsins á Íslandi og systurfélaga þess á hinum Norðurlöndunum. Um þessar mundir leggja félögin mikla áherslu á réttindamál norrænna borgara sem flytja milli Norðurlanda, eða eiga í viðskiptum er reyna á réttarstöðu þeirra sem útlendinga. Þrátt fyrir Helsinkisáttmálann og skýrar línur í flestum meginatriðum kemur í ljós að víða er pottur brotinn þegar á reynir. Ekki hefur tekist að tryggja að lög og reglur um réttindamál borgaranna í einu landi gildi sjálfkrafa við flutning milli landanna og með auknum og fjölbreytilegum viðskiptatengslum koma einnig í ljós ýmsir hnökrar á samræmingunni.

Hið opinbera samstarf Norðurlandanna hefur smám saman verið að þróast frá hinu fjölþætta, faglega og félagslega samstarfi til afmarkaðra verkefna með skilgreindan pólitískan tilgang. Viðbrögð Norrænu félaganna hafa m.a. verið þau að vilja stuðla að aukinni samvinnu frjálsra félagasamtaka á sem flestum sviðum innan Norðurlandanna til að tryggja áfram þá breidd og fjölbreytni sem jafnan hefur einkennt norrænt samstarf.

Í raun og veru snýst allt þetta starf um þá hugsjón að standa vörð um það sem við köllum norræn lífsgildi. Við vitum öll í stórum dráttum hvað það þýðir þótt ekki fylgi nánari skýringar og við teljum þau viðhorf og þær aðstæður sem hugtakið vísar til sjálfsögð og eðlileg. En sannleikurinn er sá að þau eru ekki sjálfgefin, heldur áunnin og þau þarf að verja og þróa í takt við breytta tíma. Þess vegna er norrænt samstarf á öllum sviðum mikilvægt - þess vegna er starf Norræna félagsins mikilvægt. Gleðilega hátíð á degi Norðurlanda.

*Höfundur er formaður Norræna félagsins á Íslandi.* ■

# *Þotuliðið á förum*

**UMRÆÐAN**
BROTTHVARF VARNARLIÐSINS

**EIRÍKUR STEPHENSEN**

*Það er eitthvað grátbroslegt við það að Halldór skuli segja þessa sögu nákvæmlega eins nú og þegar fundurinn með Colin Powell var nýafstaðinn, þ.e. með áherslu á að utanríkisráðherra Bandaríkjanna hafi ávarpað hann með fornafni.*

Ég man þegar ég var lítill drengur á Háaleitisbrautinni og fylgdist fullur aðdáunar og öfundar með mér eldri drengjum úr hverfinu spila fótbolta á skraufþurrum malarvelli við blokkina sem ég bjó í. Margsinnis beið ég þolinmóður á hliðarlínunni og beið eftir að einhver myndi náðarsamlegast hrópa: „Eiríkur, vilt þú kannski vera með?“ Og stundum var ég bænheyrður og leið óskaplega vel, fannst ég einn af þeim og ólmaðist á vellinum eins og naut í flagi eða öllu heldur íkorni í forðaleit til að eftir mér yrði örugglega munað og mér boðið að vera með seinna. Svo rann upp nýr dagur og knattspyrnuhetjurnar heilsuðu mér kumpánlega en höfðu engan áhuga á að hafa mig með. Þá upplifði ég þessa sérkennilegu tilfinningu: sambland stolts og höfnunar.

Ég sá þessa tilfinningu kristallast í myndskeiði í sjónvarpsfréttum um daginn. Það er þegar Geir Haarde utanríkisráðherra og starfssystir (eða móðir) hans Condoleezza Rice koma til myndatöku eftir „árangursríkan“ tveggja og hálfrar mínútu fund í Hvíta húsinu um stöðu herþotanna fjögurra í Keflavík. Geir er voðalega ánægður og tvístígur gleiðbrosandi fyrir framan myndavélarnar en Condoleezza er alltaf einhvern veginn á förum, ýtir Geir að myndavélunum og afsakar sig. Hún hefur ekki tíma til þess að standa í þessu. Sömu tilfinningu upplifði ég þegar ég sá Halldór Ásgrímsson fyrrverandi utanríkisráðherra í fréttum 15. mars sl. vitna í eigið samtal (náði það þremur og hálfri mínútu?) sama efnis við þáverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna nokkrum mánuðum fyrr. Þar hafði Colin Powell sagt: „Við frestum þessu, Halldór“ og átti þar við brottflutning flugvélanna. Það er eitthvað grátbroslegt við það að Halldór skuli segja þessa sögu nákvæmlega eins nú og þegar fundurinn með Colin Powell var nýafstaðinn, þ.e. með áherslu á að utanríkisráðherra Bandaríkjanna hafi ávarpað hann með fornafni. Eins og það eitt tryggði veru þessara fjögurra herflugvéla á Keflavíkurflugvelli.

Stundum, bæði í stórum og smáum málum, er erfitt fyrir litla kút að sanna sig meðal stórstjarnanna. Og alltaf mun ég minnast sólríka sumardagsins í algleymi kalda stríðsins þegar stóru strákarnir höfðu kallað mig til leiks af hliðarlínunni. Ég kom á harðaspretti inn á völlinn og var umsvifalaust stillt upp í vörn í eigin vítateig þar sem andstæðingarnir höfðu fengið hornspyrnu. Spyrnan var tekin, og þótt ég væri rétt tæpur metri að hæð var kappið slíkt að ég sveif hátt yfir rykuga þvögu mútuskrækja og spóaleggja og smellhitti boltann með kollinum... beint í eigið mark. Og þá fór ég grenjandi af velli. Niðurlægður. ■





## ENDINGARGOTT OG SLITSTERKT

Teppaland býður upp á skemmtilega fjölbreytt úrval gólfdúka.

HEIMILI 10



## GRÍÐARLEGUR PRJÓNAÁHUGI

Tískusýning á sumarlínu Prjónablaðsins Ýr var haldin á dögunum, en áhuginn á handprjóni hefur vaxið mikið undanfarin ár.

TÍSKA 4


# allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ


## ALLT HITT

**[HEILSA TÍSKA HEIMILI]**



**DansWorkshop** verður haldið í Sporthúsinu um næstu helgi. Þangað koma frægir danshöfundar frá London sem meðal annars hafa unnið með Justin Timberlake, Michael Jackson, Britney Spears, Janet Jackson, Mariah Carey, Kaney West, Aaliyah og Pink. Nánari upplýsingar fást á blomster09@gmail.com.



**Mynstraðar** flíkur verða vinsælar í vor og sumar. Hönnuðir sem lögðu línurnar fyrir komandi tísku voru að minnsta kosti mjög hrifnir af ýmiss konar mynstri svo sem afrískum mótífum og stórum blómamynstrum. Sem dæmi um hönnuði má nefna Calvin Klein, Phi, Alexandre Herchcovitch, Marni og Christian Lacroix.

**Ikea** hefur nú gefið út nýjan eldhúsbækling. Hann er þó einungis að finna á vefsíðu verslunarinnar, www.ikea.is. Í bæklingnum, sem er 48 blaðsíður, eru ýmsar hugmyndir og útfærslur á eldhúsum sem geta auðveldað fólki framkvæmdir.

## GÓÐAN DAG

**Í dag er fimmtudagurinn 23. mars, 82. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 7.18 | 13.34 | 19.52 |
| Akureyri | 7.02 | 13.19 | 19.38 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
**550 5000**

Auglýsingasími Allt
**550 5880**

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Af öllum skópörunum hennar Erlu heldur hún mest upp á litla gyllta skó sem hún keypti í London.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Óháð tískustraumum

***Erla Dís starfar sem stílisti og hefur mikinn áhuga á tísku. Hún á mikið skósafn og kaupir föt óháð straumum og stefnum.***

„Það eru tveir hlutir sem eru mér kærastir þessa dagana," segir Erla Dís Arnardóttir, stílisti í Top Shop, aðspurð um eftirlætisflíkina. „Annað eru skór sem ég fékk í lítilli búð í London. Þeir eru litlir, reimaðir og gylltir með blómum. Hitt er ristastór, svört og síð angórupeysa úr Rokki og rósum. Hún er ofboðslega þægileg fyrir íslenskan vetur." Erla kveðst vera með mikla skódellu og á því mörg skópörin. „Ég veit ekki alveg hvað ég á marga skó. Ég er alltaf að reyna að hafa stjórn á þessu en ég á þrjátíu pör, að lágmarki," segir Erla, sem kýs helst að vera í þægilegum flatbotna skóm. „Ég er ekki mikið fyrir hæla, þeir eru einum of sársaukafullir, þó ég sé mjög lágvaxin," segir Erla hlæjandi.

Föt og tíska eru eitt helsta áhugamál Erlu enda starfar hún sem stílisti. Hún stefnir á fatahönnun í framtíðinni og þá helst í Flórens. „Það er mekka tískunnar og allir draumarnir þar, trúi ég," segir Erla, sem fór eitt sumarið til Ítalíu og heillaðist upp úr skónum.

Fatasmekkur Erlu er fjölbreyttur og hún klæðist fötum óháð því sem er að gerast í tískunni. „Ég fer bara í það sem mér finnst vera skemmtilegt hverju sinni. Ég versla mjög víða og bind mig aldrei við einhverjar ákveðnar búðir eða strauma," segir Erla og viðurkennir að hún fari stundum gagngert til útlanda til að versla. „Það er veikleiki minn. En maður dulbýr þessar ferðir sem tónleikaferðir eða eitthvað slíkt svo þetta líti aðeins betur út," segir Erla hlæjandi.

mariathora@frettabladid.is

## Ný skódeild

SÆVAR KARL OPNAR NÆSTKOMANDI LAUGARDAG NÝJA SKÓDEILD INNAN VERSLUNAR SINNAR ÞAR SEM FÁANLEGIR VERÐA SKÓR FRÁ MERKJUM Á BORÐ VIÐ MIU MIU.



Sævar Karl ætlar loksins að opna skóbúð inni af verslun sinni á Bankastræti. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Verslun Sævar Karls hefur fyrir löngu stimplað sig sem ein besta hátískuverslun landsins. Almennileg skódeild hefur þó ekki verið innan vébanda Sævars Karls en nú hefur loksins verið ráðin bót á málinu. Laugardaginn næsta verður formlega opnuð ný skódeild eða hálfgerð skóbúð inni af fataversluninni.

Í nýju deildinni verður hægt að finna fjölbreytt úrval ýmiss skóbúnaðs, bæði fyrir karla og konur. Meðal framleiðenda sem verða hjá Sævari Karli má helst nefna Prada, Miu Miu og einnig skinnskó frá Rosetti-bræðrum. „Við verðum líka með stígvél frá Mexíkó og einnig verðum við með hátískuskó frá Ítalíu og Spáni," segir Sævar Karl glaðbeittur.




**Vaxtalaus greiðslukjör í allt að 24 mánuði**

**(visa/euro) Engin útborgun**

Sjóntækjafræðingur með réttindi til sjónmælinga og linsumælinga

GLERAUGNAVERSLUN
Gleraugað

Í bláu húsunum við Faxafen Sími: 568 1800

**Kuldakastið** síðustu daga er fullkomin afsökun til að nota trefilinn áður en hann fer úr tísku.








Stefán Svan Aðalheiðarson er hér staddur í gömlu Kronkron-búðinni en hún var flutt yfir í stærra húsnæði fyrir stuttu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Litríkt sumar fram undan

***Mjög mikið er að gerast hjá öllum tískuhönnuðum í kringum herratískuna í sumar, segir Stefán Svan Aðalheiðarson, starfsmaður Kronkron við Vitastíg.***

Stefán bendir þó á það að hér á Íslandi sé erfiðari að fylgja sumartískustraumunum sökum veðráttu. „Það er gott fyrir stráka að eiga hnepptar peysur sem hægt er að nota yfir flotta boli, enda er ekki alltaf neitt sérstaklega heitt hérna,“ segir Stefán og bætir einnig við að hægt sé að nota skyrtur við þessar hnepptu peysur. „Flottar og vel sniðnar skyrtur hafa líka verið að koma sterkar inn. Ekki endilega mjög aðsniðnar heldur frekar þægilegar og afslappaðar. Í haust kemur svo aðeins herralegri tíska. Flottur kragi skiptir líka nokkru máli.“

Stefán telur að kvartbuxur verði ekki eins áberandi og verið hefur heldur frekar hnésíðar stuttbuxur. „Annars eru lágar buxur svolítið að hverfa og mittishærri buxur að verða meira áberandi. Gallabuxur verða síðan með frekar beinu sniði en þær eru einnig að verða vinsælli í fleiri litum.“ Stefán býst við litríku sumri. „Litirnir eru þó ekki mjög skærir heldur miklu frekar ákveðnir, sterkir og nokkuð þungir í sér.“

Strákar eru líka að verða mun snyrtilegri að sögn Stefáns, ekki með skítugt hár í grunge-stíl. „Annars held ég að fólk taki minna eftir breytingum í herratískunni því þar gerast breytingar mun hægar. Þetta er þó að breytast og ég hef tekið eftir því hér á landi hvað strákar eru orðnir miklu áhugasamari og fylgjast betur með tískunni. Aðalmálið er þó að strákunum líði vel í fötunum sem þeir klæðast,“ segir Stefán Svan að lokum.

steinthor@frettabladid.is



Grænn er einn af grunnlitum sumarsins. Ákveðinn, sterkur og töff.

Grunnlitirnir sjást vel á þessari pólóskyrtu sem er afar sumarleg. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Mynd frá sýningu Givenchy fyrir haust/vetur 2006/07. Hér sjást ákveðnar áherslur eins og fallegur kragi, snyrtileiki og sítt v-hálsmál.



V-hálsmál og hnepptar peysur eru flottar, snyrtilegar og svalar. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

## Hvítt, hvítt, hvítt

Vorið er komið og grundirnar gróa... eða næstum því. Eftir fyrsta vordaginn kólnar hér enn og aftur og trén sem ættu að vera þakin bleikum blómum eru rétt að fara af stað. Hvað um það, nú verða þeir sem misstu af öllum frumlegu flíkunum í fjölstraumabúðunum að fara að hugsa sinn gang fyrir komandi sumar. Slæmu fréttirnar eru þær að meirihluti hönnuða sér allt í hvítu þetta sumarið (nokkrir með svart í bland) og eins og allir vita er það ekki það besta fyrir varadekkið! Þó er von þar sem tískuspírurnar sem hafa lokið yfirreið sinni um borgina eru margar anóreksískar með kók í nös, þess vegna er mögulegt að við sem erum meira í þungaflutningum finnum eitthvað í stærri númerunum. Svo hef ég það frá fyrrverandi mágkonu minni í Karíbahafinu að action sechange extrême-töflurnar svínvirki á magann, læt vita þegar ég er búinn að prófa!

Pilsungarnir víðu sem Jean-Paul Gaultier kom af stað í fyrra virðast vera búnir að vera. Nú eru pilsin styttri og þrengri. Þó auðvitað megi finna fleiri síddir og form í takt við tíðarandann sem er annað hvort mótaður af sjötta áratugnum, Audrey Hepburn í Breakfast at Tiffany´s eða tísku eftirhippaáranna undir 1980 í stíl Chrissie Hynde. Í pilsunum má sjá í bland við hvíta litinn alls kyns munstur til dæmis „ psycedelique „ (Mu 115), súrrealísk (Junko Shimada) eða grafísk (Léonard). Blúndur eru í hávegum hafðar hjá YSL (hvítt hálfsítt pils í popplíni aðeins 3.790) og þar eins og víðar má sjá mikið af múslíni og gegnsæju efni, létt og sexý. Kjólar eru annað lykilatriði í sumar. Hvítir eða munstraðir eins og pilsin, gjarnan úr lérefti eða hör (Etam 44,90) sumir mittislausir með útvíkkandi sniði. Ekki má gleyma bermúdabuxunum, sem verða ómissandi í sumar.

Ég verð að viðurkenna að margt sem er í tísku er ekki sérstaklega í uppáhaldi hjá mér. Það á sérstaklega við um skóna, nánast allir eru þeir með breiðri tá, annað hvort flatar ballerínur sem á sextugum konum er hálf menntaskólalegt, eða með breiðum hælum. Þið verðið að afsaka að þó ég sé sannfærður jafnréttissinni finnst mér támjóir skór með mjóum hælum alltaf miklu kvenlegri. Skórnir eru oft hvítir eins og töskurnar nema þær sem eru gylltar. Gylltar töskur passa svo við gylltu beltin og gylltu skóna.

En svo er líka bara spurning um að vera maður sjálfur og láta litaspjald sérfræðingana eins og vind um eyru þjóta og vera í þeim litum sem maður fílar sjálfur og skapa sinn stíl.

Nýjasta tískuaddressan í París er Paul et Joe, 2, avenue Montaigne, París 8e.

*bergthor.bjarnason@wanadoo.fr*

# Ekki bara Converse

***Uppháa strigaskó er hægt að fá frá fleiri framleiðendum en Converse.***

Uppháir strigaskór hafa notið geysilegra vinsælda að undanförnu í kjölfar þess að Converse-skórnir slógu í gegn. Slíkir uppháir strigaskór eiga þó rætur sínar að rekja allt til fyrri hluta síðustu aldar. Reyndar hefur afturhvarfið til níunda áratugarins að undanförnu átt nokkurn þátt í því að uppháir strigaskór urðu vinsælir aftur.

Uppháa strigaskó má þó fá frá fleiri framleiðendum en Converse. Hafa meðal annars Adidas, Dior og Vans sent frá sér uppháa strigaskó í anda þeirra sem komu á markað á fimmta og sjötta áratug síðustu aldar. Því má aðeins fara að hægja á notkun á skóm frá Converse og fara að prufa aðrar tegundir líka. Vilji maður hins vegar halda sig við gömlu góðu Converse má alveg fara að prófa nýja liti og ný munstur endar eru svörtu og bláu Converse skórnir orðnir pínu þreyttir.



Converse-strigaskór hafa verið geysilega vinsælir undanfarin misseri.

## Knúinn áfram af gleðinni

ÍTALSKI TÍSKUHÖNNUÐURINN VALENTINO GARAVANI SEGIST HAFA SVO GAMAN AF ÞVÍ SEM HANN GERI AÐ HANN GETI EINFALDLEGA EKKI HÆTT.

Hin 74 ára gamla tískugoðsögn Valentino hélt nýlega stóra tískusýningu í tískuvikunni í París. Þrátt fyrir að hafa verið í bransanum í um 45 ár er Valentino ekkert á þeim buxunum að fara að hætta. „Ég hanna línurnar mínar af mikilli gleði.“

Valentino og ofurtöffarinn Karl Lagerfeld, sem er 67 ára, verða að teljast þeir elstu í bransanum en hvorugur virðist vera á leið úr sviðsljósinu. „Sú staðreynd að nokkrar stjörnur klæðast fötum frá mér á til dæmis Óskarsverðlaunahátíðinni gerir mig afar glaðan og stoltan. Auk þess dreymir margar ungar stúlkur um að fá að giftast í brúðarkjólum frá mér, sem gerir mig afar, afar glaðan,“ sagði Valentino að lokinni sýningunni sinni í París og er greinilega ennþá ungur í anda.



Tískugoðsögnin Valentino er komin vel yfir sjötugt en ætlar ekki að fara að setjast í helgan stein í bráð.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

tíska }

## Teygjubelti

Margir þeirra sem voru upp á sitt besta á níunda áratugnum hafa eflaust átt eitt gott teygjubelti. Nú eru þau komin aftur í tísku, þannig að nú er rétti tíminn til að draga þau fram í dagsljósið, þ.e.a.s ef þau eru ekki orðin of slitin eða mittið orðið of stórt. Leyfilegt er að skella þeim utan um hvaða flík sem er, þá sérstaklega peysur og kjóla, en þau geta vel gengið utan um þunnar kápur líka. Úrvalið er kannski ívið meira en gekk og gerðist á níunda áratugnum þar sem þau voru flest úr svartri teygju.








Thelma Björk á vinnustofu sinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Íslenskt höfuðskraut

***Thelma Björk Jónsdóttir útskrifaðist síðasta vor sem fatahönnuður frá Listaháskóla Íslands. Lokaverkefni hennar var hönnunarlína sem meðal annars innihélt höfuðskraut.***

Hugmyndin að skrautinu er fengin frá óvenjulegum stað. „Það er langur ferill frá hugmynd að lokaútkomu,“ segir Thelma. „Hugmyndin að þessu tiltekna skrauti er fengin frá „best in show“ verðlaunapeningum sem veittir eru á hundasýningum. Út frá því hef ég svo hannað fleiri útgáfur.“

Höfuðskrautið varð fljótlega vinsælt og ekki minnkaði eftirspurnin þegar Björk mætti í sjónvarpið með eitt slíkt á höfðinu.

Thelma saumar allar sínar vörur sjálf á vinnustofu sinni í Garðastræti. Höfuðskrautið selur hún í KronKron en nokkuð hefur borið á því að aðrir séu að sauma svipaðar vörur. „Það eru einhverjir farnir að herma eftir mér en ætli það sé ekki ákveðin viðurkenning,“ segir Thelma og hlær. „Annars er ekki eins og ég sé að finna upp hjólið. Margir hafa hannað og búið til hatta og annað höfuðskraut á undan mér.“



Höfuðskrautið fæst í mörgum mismunandi útgáfum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Thelma er nokkuð viss að þessar eftirhermur komi lítið niður á henni. „Það er ekki hægt að endurgera handbragð mitt og hönnun. Minn kúnnahópur þekkir hönnun mína og leitar til mín þegar hann vantar vöru,“ segir Thelma. „Annars er þetta spurning um að virða annarra manna hönnun og Ísland er lítið land svo fólk kemst lítið upp með að gera það ekki.“

Spennandi tímar eru fram undan hjá Thelmu. Brátt flytur hún til Parísar en þar mun hún eflaust vafra um St.Germain í leit að nýjum og ferskum hönnunarhugmyndum innblásnum af Parísarborg.

**tryggvi@frettabladid.is**




TRIND ALLTAF NO. 1

Nú nýtt*

Hin frábæra glernaglaþjöl og hin frábæra þriggja flata þjöl frá í Trind Magic Boxi



TRIND ALLTAF NO. 1

Útsölustaðir: apótek og snyrtivöruverslanir.



Xtra

Hársnyrtistofan

Stigahlið 45 – 47 Suðurveri

María og Sólveig bjóða Gullu og Evu velkomnar til starfa

Hjá Xtra er lögð áhersla á góða þjónustu og rólegt umhverfi

Næg bílastæði

Pantanir í síma 5688824



Vertu eftirminnileg,
Vertu geislandi,
Vertu kynþokkafull

JOHN FRIEDA.

FRIZZ EASE

Sérverslun með kvensilfur



Margar gerðir af búningasilfri.

**Þetta er ódýrasta mynstrið. Allt sem þarf á upphlutinn, settið frá 90.530, kr.**

Allar upplýsingar um hefð og gerðir búninga eru veittar á staðnum.

**Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.**












# Gríðarlegur prjónaáhugi

***Tískusýning á sumarlínu Prjónablaðsins Ýrar var haldin á dögunum. Áhugi á handprjóni óx mikið á síðasta ári.***

Í tilefni af útkomu nýjasta Prjónablaðs Ýrar var tískusýning haldin á dögunum. Þar var sumarlínan sýnd en mikið bar á ljósum litum og brúnum tónum ásamt sægrænbláa litnum sem er mjög ríkjandi.

„Við vorum mjög ánægðar með sýninguna og fengum góðar undirtektir,“ segir Auður Kristinsdóttir, ritstjóri Prjónablaðsins Ýrar og eigandi Tinnu ehf. „Áhugi á handprjóni er alveg gríðarlegur. Ég hef starfað hjá Tinnu ehf. í rúm tuttugu ár og það hefur aldrei verið eins mikil sala og áhugi eins og var á síðasta ári,“ segir Auður. Um 10.000 konur eru í skráðar í ókeypis prjónaklúbb Tinnu ehf. en áhugasamir geta skráð sig á www.tinna.is.










Frískandi og mildir hreinsiklútar fyrir augn- og andlitsfarða.

Fást í verslunum um land allt. Dr. Fischer



jbj design

Ermar úr ull og silki

www.jbj.is

Skólagerði 5 554-2718

**Þorskaensím** getur mögulega virkað sem lyf á fuglaflensuveirur. Það er því um að gera að gúffa í sig þorski, sem auk þess að vera bráðhollur er afskaplega bragðgóður.



# Þunglynd móðir, dapurt barn

***Ný bandarísk rannsókn bendir til þess að með því að veita þunglyndum mæðrum meðferð sé hægt að koma í veg fyrir þunglyndi hjá börnum þeirra.***

Þunglyndi tengist mjög sterkt erfðaþáttum. Hins vegar er ekki öruggt að börn þunglyndra foreldra fái röskunina sjálf en ýmsir umhverfisþættir geta orðið kveikjan að þunglyndi hjá einstaklingum sem eru veikir fyrir.

Úrtakið í rannsókninni var heldur smátt en sérfræðingar telja niðurstöður hennar samt nokkuð sannfærandi enda sýni hún hversu mikilvæg heilsa foreldra er fyrir velferð barnsins.

114 þunglyndar konur tóku þátt og voru metnar eftir þriggja mánaða meðferð. Börnin voru einnig 114, á aldrinum ellefu til tólf ára. Af þeim höfðu um sextíu prósent engar geðraskanir við upphaf meðferðar móðurinnar.

Um þriðjungur kvennanna losnaði alveg við þunglyndið eftir meðferðina. Af þeim börnum sem höfðu geðraskanir læknuðust 33 prósent eftir þrjá mánuði hjá þeim mæðrum sem náðu sér að fullu, hins vegar læknuðust aðeins tólf prósent þeirra barna sem áttu mæður sem áfram voru þunglyndar. Af þeim börnum sem áður voru heilbrigð voru öll börn það áfram sem áttu mæður sem náðu sér en sautján prósent þróuðu geðræn vandamál ef móðurinni tókst ekki að sigrast á þunglyndinu.



Mæður þurfa að hugsa um velferð sína ekki síður en barnanna.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess þunglyndisköst mæðra geti komið af stað þunglyndi hjá börnum þeirra. Því er talið líklegt að með því að veita mæðrum þunglyndismeðferð verði hægt að koma í veg fyrir að gefa þurfi börnum þunglyndislyf. Meðan mæður eru þekktar fyrir að setja eigin þarfir aftast á listann gefur þessi rannsókn góð rök fyrir því að þær þurfi fyrst og fremst að hugsa vel um sjálfar sig.

# Hnykk með færri kosti en talið var

***Nýleg bresk rannsókn gefur til kynna að hnykk sem notað sé til varnar háls- og bakmeiðslum hjálpi ekki mikið til.***

Peninsula-læknaskólinn í Devon í Bretlandi birti nýlega niðurstöður sínar um árangur hnykkmeðferðar í tímaritinu Journal of the Royal Society of Medicine. Niðurstöðurnar voru byggðar á rannsóknum sem ná frá árunum 2000 til 2005. Rannsökuð voru áhrif hnykkingar á bak- og hálsverki og auk þess áhrif hnykks á astma, ofnæmi, svima og sitthvað fleira.

Í ljós koma að hnykkmeðferðir höfðu engin áhrif á ofangreind atriði, fyrir utan bakverki. Jákvæðu áhrifin á bakverki voru þó ekki meiri en þau sem nást með öðrum aðferðum að sögn rannsakenda. Prófessor Edzard Ernst, sem fór fyrir rannsókninni, segir að frekari rannsókna sé þörf. Samtök breskra hnykklækna hafa lýst yfir vonbrigðum með niðurstöður rannsóknarinnar og segja hana hafa byggt á of neikvæðum forsendum. Samtökin segja einnig að fjölmargar aðrar rannsóknir, sem byggðar hafi verið á mun ítarlegri rannsóknum, hafi komist að algjörlega andstæðri niðurstöðu.



Menn hafa lengi deilt um áhrif hnykklækninga.

# Aukning á lýtaaðgerðum

***Samkvæmt tölum frá Félagi bandarískra lýtalækna voru framkvæmdar 15,6 milljónir lýtaaðgerða í Bandaríkjunum á síðasta ári.***

5,4 milljónir lýtaaðgerða voru framkvæmdar í kjölfar slysa og afskræminga en 10,2 milljónir á fólki sem vildi lappa upp á útlitið. Þetta er ellefu prósenta aukning frá 2004.

Vinsælasta fegrunaraðgerðin var Botox-innsprautun en alls voru framkvæmdar tæplega fjórar milljónir slíkra aðgerða. Botox er lyf unnið úr bútolíni, sem er gríðarlega eitrað náttúrulegt efni. Það hindrar að vöðvar geti dregist saman og veldur slökun. Þetta gerir það að verkum að ef Botoxi er sprautað í húð slakna vöðvar og hrukkur hverfa í 4 til 6 mánuði.

Innsprautun Botox fellur undir flokk minniháttar aðgerða. Algengasta stóraðgerðin var fitusog, sem framkvæmt var á 324.000 einstaklingum. Tæplega 300.000 manns létu laga á sér nefið, svipaður fjöldi kvenna stækkaði á sér brjóstin og 230.000 einstaklingar voru óánægðir með augnlok sín og létu því laga þau.


















**Rykið** í hornum og skotum sést nú mun betur þegar sólin fer að skína. Ryksugan á fullu, étur alla drullu...

Nýtt Tivoli útvarp! – Songbook
5 stöðva minni, vekjaraklukka, auka hátalari og tenging fyrir ipod.
Vandaðar heimilis- og gjafavörur
DUKA
Kringlunni - sími : 533 1322



Jóhanna við gamla skrifborðið sem hún er nýbúin að láta gera upp og sómir sér vel í vinnuherberginu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Svefn & heilsa
★★★★★
www.svefn.is

# Fjölskyldugersemar frá gamla tímanum

***Jóhanna Einarsdóttir, dósent í menntunarfræðum við Kennaraháskóla Íslands, á ýmsa muni sem tengjast fjölskyldu hennar og hafa tilfinningalegt gildi.***

Meðal þess sem prýðir heimili Jóhönnu er borðklukka sem foreldrum hennar var gefin í tilefni af fæðingu hennar og einnig alíslenskur bókaskápur með gleri. Slíkir skápar sáust sums staðar í betri stofum landsins um miðja síðustu öld. „Þessi skápur er líka úr eigu foreldra minna,“ segir hún og bætir við: „Gömul húsgögn sem ég hef verið að láta gera upp eru stór partur af mínu innbúi.“

Jóhanna er að koma sér upp vinnuherbergi heima. „Þegar börnin fara að flytja að heiman losna herbergi,“ segir hún til skýringar og sýnir skatthol sem hún var að láta taka í gegn og er nú orðið að nýtísku tölvuborði. „Þetta borð er komið úr föðurætt minni austur í Flóa. Það er íslensk smíði en ég veit ekki hversu gamalt það er. Þó veit ég að það er að minnsta kosti búið að ganga í gegnum þrjá ættliði. Það var orðin spurning um að henda því eða gera það upp.“ Jóhanna kveðst hafa farið með skrifborðið á verkstæði og þar hafi flinkur maður farið höndum um það. Undir mörgum málningarlögum hafi komið í ljós haganleg viðgerð í miðri plötunni sem benti til að einhvern tíma hefði heitur straubolti verið settur þar. „Þetta er auðvitað ekki merkilegur gripur fyrir aðra en mig en mér finnst gaman að hlutum sem hafa einhverja tengingu við fólkið mitt,“ segir hún brosandi.

*gun@frettabladid.is*



Gamall skápur og nútímaleg listaverk fara ljómandi vel saman.



Klukkan sem foreldrum Jóhönnu var gefin í tilefni fæðingar hennar.







Keramik fyrir alla
Barnaafmæli
Bekkjaferðir

Frábær skemmtun fyrir allan hópinn.
Tilboðspakkar
Keramik og pizza frá kr. 990 á mann.
Keramik fyrir alla, sími 552 2882, Laugavegi 48b.
Sjá lýsingu: www.keramik.is

allt matur
Alla föstudaga


Edik eyðir flestum fnyk.

# Losnað við óþef

***Edik er sótthreinsandi og lyktareyðandi efni.***

Ef það er vond lykt af einhverju heima hjá þér er mjög líklegt að edikið hreinsi óþefinn í burtu. Ef vonda lyktin er af einhverju með hörðu yfirborði þarf aðeins að blanda ediki við vatn, bleyta tuskuna í blöndunni og strjúka af hlutnum. Ef vonda lyktin kemur af fötum eða mjúkum hlutum þarf að leggja hlutina í bleyti eða setja smá edik í þvottavélina. Edikið virkar líka vel til að ná burt vondri lykt í dýnum en þá er hellt blöndu af vatni og ediki yfir dýnuna.

Ediklyktin hverfur fljótt úr hlutunum sem eru hreinsaðir með því en ekki úr tuskunni sem var notuð og því skal skella henni í þvottavélina eftir notkun.


Rusl er ekki bara rusl. Það er lykilatriði að flokka úrgang til endurvinnslu rétt.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Flokkum sorpið rétt

***Endurvinnsluflokkar Sorpu***

Flokkun og endurvinnsla sorps er eitt mikilvægasta skrefið í því að minnka ágang á auðlindir jarðarinnar. Þar sem sorpflokkun er frekar ný af nálinni hérlendis getur það vafist fyrir fólki að flokka réttan úrgang saman.

Á heimasíðu Sorpu, www.sorpa.is, má finna upplýsingar um endurvinnsluflokka og leiðbeiningar um hvað fer í hvaða flokk og hvernig beri að skila úrgangi til endurvinnslu. Á sama stað eru upplýsingar um hvað verður um úrganginn eftir að honum hefur verið skilað.

**Úrgangsflokkar Sorpu:**

- Bylgjupappi - fyrirtæki
- Bylgjupappi - heimili
- Dagblöð/tímarit
- Fernur og pappírsumbúðir
- Filmuplast - fyrirtæki
- Föt og klæði
- Garðaúrgangur
- Gler og postulín
- Hjólbarðar
- Húsbúnaður
- Jarðvegur og steinefni
- Kertavax
- Kjötvinnslu- og sláturúrgangur
- Kælitæki
- Lyf
- Málmur
- Net, kaðlar og troll
- Plastumbúðir - fyrirtæki
- Plastumbúðir - heimili
- Rafeindatæki
- Skilagjaldsskyldar umbúðir
- Skrifstofupappír, hvítur afskurður
- Skór
- Spilliefni
- Timbur
- Trúnaðargögn














# Í GARÐINUM HEIMA

HAFSTEINN HAFLIÐASON SKRIFAR UM POTTAPLÖNTUR

# Bertel Thorvaldsen, Kleópatra, Júlíus Cesar og fimm þúsund ára Kínverjar

Einhvers staðar er á prenti tilvitnun í tilsvar myndhöggvarans dansk-íslenska, Bertels Thorvaldsen, þegar hann var spurður hvaða blóm ættu að vera á borðum í væntanlegri heimsókn Danadrottningar: „Blóm? - Eru til önnur blóm en rósir?" Þetta tilsvar þótti bera vott um hinn hástemmda fegurðarsmekk meistarans og eins hversu upphafinn hann var og ósnertur af hinum gráa hversdagsleika. Þetta var um hávetur einhvern tíma í kring um 1840 og hvergi nokkrar rósir að fá í öllu Danaveldi. Ekki voru þar gróðurhúsin þá.



### Tákn virðingar og væntumþykju

En öldin er önnur nú: Jafnvel í dimmasta skammdeginu hér uppi á Íslandi standa rósir í miklum blóma í raflýstum gróðurhúsum. Dag hvern eru þar uppskornir bílfarmar af fegurstu rósum sem fanga athygli okkar og kaupþrá í blómabúðunum. Og við kaupum rósir til að skrýða heimili okkar og vinnustaði árið um kring. Rósirnar eru tákn vináttu, virðingar og væntumþykju og eru viðeigandi við hvert tækifæri í ævi okkar. Jafngildar hvort sem um er að ræða fögnuð og ást, gleði eða sorg.

Fáar tegundir ræktaðra plantna eru komnar eins langt frá hinum náttúrulega uppruna sínum og rósirnar sem við þekkjum best sem afskornar í blómvöndum. Og enda þótt menn hafi ræktað rósir í þúsundir ára, eru rósir nútímans til muna frábrugðnar þeim rósagerðum sem þær eiga ættir sínar að rekja til. Evrópumenn hafa ræktað rósir svo langt aftur sem sögur ná og þær voru í miklu uppáhaldi hjá Forn-Egyptum. Rómverjar fluttu rósir frá Egyptalandi yfir til Rómar og þegar hin fagra og ómótstæðilega drottning Egypta, Kleópatra, var að stíga í vænginn við Júlíus Cesar og síðar Markús Antóníus sá hún til þess að öll umgjörð ástarhreiðranna, væri þakin blöðum ferskra rósablóma. Þaðan er komin trúin á að rósir styrki ástina milli karls og konu og allt sem þeirri tilfinningu tengist.

### Fimmþúsund ára saga og La France

Enn eldri sagnir eru um rósarækt frá Persaveldi. En Kínverjar hafa sennilega vinninginn, því að í Kína eru til meira en fimmþúsund ára gamlir rósalistar sem í engu gefa eftir hinum glæsilegu rósakatalógum frá voldugustu rósaframleiðendum nútímans hvað úrvalið varðar. Og það voru einmitt kínverskar rósir sem lögðu grundvöllinn að þeim rósum sem ræktaðar eru í gróðurhúsunum okkar hér uppi á Íslandi. En þarna eigum við líka Frökkum ýmislegt að þakka. Því að um 1864-65 rakst garðyrkjumaðurinn Jean-Babtiste Guillot á sjálfsáinn rósarunna í gróðrarstöð sinni í Lyon. Plantan bar allt öðruvísi blóm en allar aðrar rósir sem stóðu í kring um hana. Blómin voru stór, mjög fyllt, fagurbleik og ilmandi. Blómknúpparnir sérkennilega typptir, greinarnar kröftugar og báru sig vel. Nágrannaplönturnar voru af kínverskum uppruna og í þeim hópi sem kallast enn „terósir" en til hliðar við þær stóðu rósir sem borist höfðu frá eynni Reunion og voru kallaðar „bourbonrósir". Jean-Babtiste velti þessum nýja rósarunna fyrir sér og kynnti hann fyrir rósavinum vítt um þá veröld sem hann þekkti til. Öllum bar saman um að hér væri mikil nýlunda á ferðinni. Sérfræðingar settu nýju rósina í sérstakan flokk sem þeir kölluðu „teblendingsrósir" og gáfu nýjunginni yrkisheitið La France. Hér á landi var þessi rós mjög í hávegum höfð í lok nítjándu aldar og allt fram undir miðja hina tuttugustu. Græðlingar gengu húsmæðra á milli undir heitinu „Lafransrós" og enn munu vera til eintök hjá söfnurum og líklega í Grasagarðinum í Laugardal.

Eftir að þessi fyrsta „teblendingsrós" var uppgötvuð fór mikið kynblöndunar og ræktunarstarf af stað og fyrr en varði óx úrvalið. Hundruð teblendingsrósa komu fram og síðan hafa þær verið yfirgnæfandi í ræktun afskurðarrrósa.

# Betra bað

***Baðherbergi bjóða upp á endalausa möguleika.***

Baðherbergi getur verið hvort sem er skápur sem þú ferð bara inn í af nauðsyn eða þín persónulega vin í hversdagseyðimörkinni.

Hengdu upp myndir í glerramma eða annað veggskraut. Það gefur herberginu stíl og fágun. Spegill með ramma er ólíkt hlýlegri en venjulegur spegill og gólfmottur geta gefið tóninn í hvaða litaþema sem þú vilt hafa á herberginu.

Til að ganga skrefinu lengra færðu þér græna plöntu, sem annaðhvort stendur á gólfinu eða hangir á vegg, og fallega kertastjaka sem eru til dæmis hengdir mishátt á veggi.



Það getur aukið notagildi baðherbergisins að gera það notalegt.

Lokahandbragðið getur svo verið ljósdeyfir eða sérhönnuð lýsing og að sjálfsögðu handklæði með ísaumuðum upphafsstöfum.

ráð }

## Leður hreinsað

RÉTT HANDTÖK VIÐ HREINSUN LEÐURHÚSGAGNA.



Fallegur leðursófi er mikið húsprýði. Það getur verið erfitt að ná óhreinindum úr leðri en í flestum tilfellum dugar eftirfarandi ráð.

Nuddaðu leðursápu á leðrið með rökum klút, þar til hún byrjar að freyða. Strjúktu sápuna í burtu með öðrum rökum klút og þurrkaðu með handklæði. Að endingu er leðuráburður borinn á með klút.

Þessi aðferð virkar vel í mörgum tilfellum en stundum er betra að fá fagfólk til að hrinsa leðrið. Til dæmis ef um er að ræða bjór-, súkkulaði-, blóð- eða málningarbletti.






# Kristall og postulín í Glæsibæ

***Kristall og postulín hefur opnað nýja verslun í Glæsibæ. Þar er að finna úrval matarstella auk alls borðbúnaðar.***

Eigendur Kristals og postulíns eru hjónin Sigurður Kristinsson og Anna Dís Bjarnadóttir. Þau keyptu verslunina fyrir rúmu ári og hafa nú stækkað við sig. „Við erum með okkar aðalverslun og lager í Bæjarlindinni og er verslunin í Glæsibæ eiginlega útibú,“ segir Sigurður.

Meðal þess sem verslunin býður upp á eru söfnunarsett frá Mikasa, en þau eru öll úr beinapostulíni. Kuthaya-sett eru einnig áberandi en þau koma frá Tyrklandi og eru úr svokölluðu úrvalspostulíni.

Kristall og postulín hefur bryddað upp á því að bjóða brúðhjónum að gera svokallaðan brúðargjafalista. Þá velja brúðhjón hvað þau vilja helst fá í brúðargjöf, hvaða stelli þau vilja safna og þess háttar.

Þetta ætti að einfalda gjafakaup brúðkaupsgesta til muna og þar að auki fá öll brúðhjón sem búa til lista áletruð kampavínsglös.


Endless Love frá Mikasa. Hér ræður rómantíkin ríkjum.


Oriental stellið frá Kuthaya. Falleg lína með óvenjulegt form.


Mikasa Deco Platinum. Einfalt og stílhreint.


Kristall og postulín. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


Ljós gluggatjöld geta lífgað upp á herbergið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Gott fyrir glugga

***Einföld ráð til að leyfa gluggum að njóta sín.***

Gluggar spila stórt hlutverk á heimilinu. Með því að láta þrífa rúðurnar og hreinsa gluggatjöldin gefur þú ekki bara glugganum sjálfum nýtt líf, heldur líka veröldinni báðu megin við hann.

Þung og dökk gluggatjöld geta dregið úr lífi, sérstaklega í litlum herbergjum eða herbergjum með litlum gluggum. Skiptu þeim út fyrir ljós gluggatjöld sem hleypa ljósi í gegnum sig og eru úr léttu efni. Púðaver og borðdúkar í stíl gefa stofunni skemmtilegt yfirbragð.





opið virka daga 10-18 laugardaga 11-16 sunnudaga 13-16

KYNNINGARTILBOÐ
Í MARS - NÝ VARA
**30%** afsláttur af Coffie eik og Grá eik **20%** afsláttur af Natur eik

mira art
HÚSGÖGN

bæjarlind 6 201 kópavogi sími 554 6300 www.miraart.is




KORTER.IS









Nú er nýja heimasíðan komin í gagnið!

www.badheimar.is

BAÐHEIMAR

Fosshálsi 1
s: 525 0800


# Lúxushótel heima

***Breyttu heimilinu í lúxushótel á einfaldan hátt.***

Flestir líta á það sem mikinn munað að gista á lúxushóteli. Heimilið þarf þó ekki að vera neitt síðra.

Komdu fyrir lítilli silfurskál með gotteríi í stofunni og hafðu alltaf eitthvað gott í henni. Settu lítið borð eða kommóðu inn á bað undir fallegar sápur, handklæði og blómavasa. Breyttu einum skáp í vínskáp og keyptu nýjar sængur og sængurföt á rúmin.

Að lokum má svo setja síma og lítið sjónvarp inn á bað, í eldhúsið og í gestaherbergið. Þá vantar ekkert nema herbergisþjónustuna.



Það er vissulega fínt að gista á Ritz-hóteli, en af hverju ekki að viðhalda sama munaði heima fyrir?



Filigree-borði á ljósum parkettdúk. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Endingargott og slitsterkt

***Teppaland er með Amtico-dúka á gólf sem eru sérlega fallegir og fást í miklu úrvali.***

Amtico-dúkagólfefnið vekur athygli fyrir hversu lík áferðin er náttúrulegu efnunum. Í línunni eru framleiddir dúkar sem prentað er á parkettmynstur, marmara- og flísamynstur. Á parkettmynstruðu dúkana má fá fallega borða sem geta legið meðfram jöðrum og myndað falleg mynstur í hornum.

Einnig er hægt að fá dúka sem eru skemmtilegir fyrir barnaherbergi eða fyrir þá sem eru nýstárlegir í hugsun en þá gólfdúka má fá í öllum litum með alls kyns mynstrum.

Amtico-gólfdúkarnir eru slitsterkir og auðveldir í þrifum. Gólfdúkar henta því vel inn á baðherbergi eða eldhús þar sem oft gengur mikið á og margt á til að sullast. Með gólfdúki er undirlagið hlýtt og mýkra og dúkurinn endist vel.



**1.** Concrete Medium **2.** Torino
**3.** Oriental Slate Lead **4.** Norw. Slate Silver
**5.** African Slate **6.** Zebra viður
FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTINN



Fallegt gólfefni fyrir heimilið með marmarastíl. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Art deco listar á fallegum parkettdúki. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


Lagersala
Parket og Gólf

að Eirhöfða 18 er í fullum gangi þar sem allt á að seljast.

Gegnheilt parket frá 500 krónur fm
plastparket frá 600 krónur fm




PARKET & GÓLF

Ármúla 23 • S. 568 1888

Opnunartími: Virka daga 9-18 • Lau og sun 10-16

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Vélaborg ehf



**omet iðnaðarryksugur**
gerðir, verð frá kr. 12.608 m/vsk. borg ehf., Krókhálsi 5F,110 Rvk, 414 , Njarðarnesi 2, 603 Ak, 464 8600.




verksmiðjusaumavél til sölu. Vel farin, lítið notuð. Kostar ný 270- . Tilboð óskast. Ásdís 693 4072

## ljóðfæri

útvegað allar gerðir af harmonikk- Notaðar og nýjar á frábæru verði. S. 2020. www.harmonikan.is.

## jónvarp

varps/videoviðgerðir. Afsl. til ryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli . 552 7095.

## ölvur

u aðstoð við tölvuna? Kem á stað- og geri við. Viðurkenndur af osoft. 10 ára reynsla. Ríkharður S. 0690, 8-23 alla daga.

**Ódýrar tölvuviðgerðir.**
samdægurs í heimahús. Kvöld- og arþjónusta. 695 2095.

**Ódýrar tölvuviðgerðir!**
ða tölvuviðgerðir og uppfærslur. . í s. 899 8894.

**ölvuviðgerðir frá 1.500 kr.**
naþjónusta í hæsta gæðaflokki. pis uppsetning á öflugri vírusvörn. et, s. 694 6161.

## élar og verkfæri

orisdewalt borð og Gereftssög til 533 3366, Europris.

## l bygginga

H-BAU
Járnbakkar · Fjarlægðarrör
Kónar · Plötustólar
Rósettur · Súlumót o.fl
Steypuíhlutir á hagstæðu verði
formaco
Fossaleyni 6 • 112 Reykjavík
Sími: 577 2050 • Fax: 577 2055
formaco@formaco.is • www.formaco.is

**vidur.is**
Harðviður til húsagerðar. Vatnsklæðning frá kr. 350 lm. Pallaefni frá kr. 270 lm. Panill frá kr. 187 lm. Ofl.ofl. sjá vidur.is/hardvidur.is Magnús sími 561 1122 / 660 0230 Fluggörðum 26 Rvík.

Arkitektar, verkfræðistofa geta bætt við sig verkefnum. Til greina kemur að taka hluta í skrifstofuhúsnæði sem greiðslu. S. 824 7587.

140 m2 segltjald á stálgrind til sölu. Lofthæð 4,4 m. Innkeyrsludyr. Auðvelt í uppsetningu. Nánari uppl. í síma 894 1399.

## Verslun




## Ýmislegt

Glerlist.is Gler-í-gegn

Jeppakerrur, dráttarbeisli. Víkurvagnar.

Hamborgarabúlla-Tómasar, lífið er dásamlegt. Hamborgarabúlla-Tómasar.

Nýjar vörur. Belladonna.

Creola borgari, Grillhúsið Tryggvagötu.

Hamborgarabúlla-Tómasar, allir kátir. Hamborgarabúlla-Tómasar.

Höfum aldrei haft eins mikið úrval af fallegum leðurjökkum. Herrafataverslun Birgis.

Náttsloppa tilboð. Cos Glæsibæ.

Álrör, Málmtækni

# ÞJÓNUSTA

## Vöruflutningar

Tek að mér smávöruflutninga fyrir fyrirtæki og einstaklinga út um allt land. Upplýsingar í síma 661 8087.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn
5 44 44 46
Hreingerum, bónum, þrífum glugga og eftir iðnaðarmenn, sjáum um flutningsþrif.
Þvegillinn, stofnað 1969, sími 544 44 46.

Nostra Hreingerningarþjónusta. Tökum að okkur fyrirtækja-, flutnings-, stigagangaþrif og teppahreinsanir, bónvinnu og gluggaþvott. Uppl. í s. 578 1450 eða senda fyrirspurnir á nostra@nostra.is

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.

## Garðyrkja

**Bílaplön og gangstéttar**
Getum bætt við okkur fleiri verkum. Leggjum einnig hitalagnir og flísar.
**Upplýsingar veitir Skúli s. 822 0528.**

**www.gardyrkjan.is**

## Bókhald

HSE Bókhald & Uppgjör ehf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

Reikningshald, skattskil, skattframtöl, fjármálaþj, stofnun félaga. SMCO-reikningshald og ráðgjöf. S. 866 1605.

Bókhald. Bókhaldsþjónusta, laun, skattframtöl. Sveinbjörn, s.: 898 5434, netfang: svbjarna@simnet.is.

**Framtal 2006**
Sérstök þjónusta fyrir kaupendur og seljendur fasteigna. Sæki um frest. Vönduð vinna. Einnig opið um helgar. Framtalsþjónustan, s. 533 1533.

Viðskiptafræðingur aðstoðar við framtalsgerð. Löng reynsla - vönduð vinnubrögð. Uppl. í síma 517-3977

## Fjármál

Framtalsþjónusta HR. Einfalt framtal kr. 2.700. Tímapantanir í s. 663 4141.

## Málarar

Stigahús - íbúðir - nýsmíði eða endurmálun. Föst verðtilboð. Arnar málarameistari. S. 893 5537.

**FB málarameistar**
Getum bætt við okkur inniverkefnum. Tilboð eða tímavinna. Uppl. í s. 693 0999.

Opnum klukkan 8. Flugger gefur lífinu lit.

Polytex, íslensk gæðamálning. Flugger gefur lífinu lit.

Sértilboð á málningu og málningaverkfærum. Flugger gefur lífinu lit.

## Meindýraeyðing

MeinVarnir ehf.
Sími: 898-2801
Reynsla, öryggi og fagleg þjónusta
Með starfsleyfi og í Félagi meindýraeyða

Alhliða meindýraeyðing í heimahúsum s.s. geitungar, stari, mýs o.fl. S. 898 2801.

## Húsaviðhald

Bortækni
S:892-7544
Allhliðar Þjónusta
Steypusögun
Kjarnaborun
Múrbrot
Þrifaleg umgengni
20 ára reynsla

HÚSEIGNAÞJÓNUSTAN
Sími 892-1565

892 1565 - Húseignaþjónustan - 552 3611. Lekaþéttingar - þakviðg. - múrviðg. - húsakl. - öll málningarvinna - háþrýstiþv. - þakþéttiefni (500% teygjanl.).



## tvinnuhúsnæði



igu 300 fm skrifstofuhúsnæði á 2. við Malarhöfða 2. Leigist út allt í eða í tveimur hlutum. Uppl. í s. 2500.

**Atvinnueign.is**
u að leigja eða taka á leigu at-uhúsnæði? Skráðu þig þá á leigu- Atvinnueignar þér að kostnaðar. www.atvinnueign.is S. 568 6600.

## eymsluhúsnæði







óðageymsla Olivers geymir búslóð-brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 & 892 2074. Sækjum og sendum óðirnar.

ATVINNA

## Gisting

Flóki Inn - Heimilisleg herbergi til leigu í lengri eða skemmri tíma á frábæru verði. Hafðu samband í síma 552 1155 eða sendu fyrirspurn á floki@inns.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Fiskvinnsla Reykjavík**
Óska eftir starfsfólki til fiskvinnslu í Reykjavík.
Frábær vinnuaðstaða og mikil vinna.
**Uppl. í s. 515 8622 & 863 8605.**

**Furðufiskar ehf**
sem reka meðal annars Kokkana veisluþjónustu, fiskborðin í Hagkaupum og Osta og sælkeraborðið í Hagkaupum Kringlunni og Smáralind. Við leitum eftir mannesku í afgreiðslu í Osta- og sælkeraborðið í Hagkaupum Kringlunni. Einning vantar okkur mannesku í Osta- og Sælkeraborðið í Hagkaupum Smáralind til afgreiðslu. Okkur vantar líka aukafólk seinnipart viku í bæði borðin. Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi mikinn áhuga á mat og matargerð.
**Áhugasamir sendið tölvupóst á kokkarnir@kokkarnir.is eða hringið í síma 511 4466 milli kl 9 og 17. Furðufiskar ehf Fiskislóð 81a 101 Reykjavík.**

**Hefur þú gaman af fötum?**
Ef svo er þá erum við að leita að jákvæðum og hressum einstaklingum í hópinn okkar, miklir tekjumöguleikar. Þjálfun, fræðsla og stuðningur fyrir réttan aðila. Engin áhætta eða útlagður kostnaður.
**Ef þú vilt vita meira hafðu þá samband við Sylvíu í síma 565 3900 eða 660 7401.**

Málmsmíði Vanur maður óskast strax, góður vinnustaður, fjölbreytt verkefni. Suðulist-Reisir ehf. Helga GSM 892 3929.

**Hársnyrtisveinn óskast.**

**Viltu vinna með hressu fólki á skemmtilegum vinnustað?**
Þá erum við að leita að þér. Okkur vantar starfsmann í hlutastarf og í vaktavinnu sem er jákvæður, hress og skemmtilegur.
**Höllabátar Bíldshöfða. Upplýsingar á staðnum og í síma 892 9846.**

**Veitingahúsið Vegamót**
óskar eftir hressum þjónum í fullt starf og hlutastarf í vetur og sumar ásamt starfsfólki í eldhús. Einnig vantar fólk í glasatínslu um helgar.
**Uppl. á staðnum hjá Gumma, Bryndísi eða Óla. Einnig er hægt að senda umsókn á vegamot@vegamot.is**

**Veitingahúsið - Lauga-ás.**
Okkur vantar áhugasaman og lífsglaðan starfskraft í sal. Góður starfsandi. Góð laun fyrir réttan aðila. Vaktavinna.
**Nánari upplýsingar á staðnum. Veitingahúsið Lauga-ás, Laugarásvegi 1. S. 553 1620.**

**Ræsting hentar vel fyrir heimavinnandi**
Morgunvinna, unnið til skiptis frá 8-12 og 8-14. Á vöktum, ca 50% starf.
**Uppl. og umsóknir á staðnum eða á www.kringlukrain.is**

**Ræsting/Matráður**
Óskum eftir að ráða nú þegar starfskraft til að sjá um ræstingar og matseld í 60% starf. Vaktavinna, unnið í viku, frí í viku. Íslenskukunnátta skilyrði. Uppl. í s. 699 8403 & 896 5066.
**Uppl. í s. 699 8403 & 896 5066.**

**Bakari Bakari.**
Bakarameistarinn Suðurveri óskar eftir alhliða góðum bakara sem er stundvís, ábyrgur og áreiðanlegur.
**Uppl.gefur Óttar Sveinsson**

**Aðstoðamaður bakara.**
Bakarameistarinn Suðurveri óskar eftir aðstoðarmanni í vinnusal. Vinnutími frá kl. 7-16 virka daga.
**Uppl.gefur Óttar Sveinsson framleiðslustjóri í síma 864 7733 eða á ottar@bakarameistarinn.is**

**Verðmerkingar**
Óskað er eftir eljusömum og einbeittum starfsmönnum í verðmerkingar á fatnaði og öðrum vörum. Vinnutíminn er kl. 08:00 - 16:30 og hentar vel fólki með börn á leikskólum eða hjá dagforeldrum. Starfið hentar báðum kynjum og er fyrir fólk á öllum aldri.
**Nánari uppl. eru veittar í s: 530-5697, eða að Skútuvogi 9.**

**Meiraprófsbílstjórar.**
Vífilfell hf. óskar eftir að ráða meiraprófsbílstjóra í afleysingastörf í sumar. Um er að ræða akstur á höfuðborgarsvæðinu.
**Umsóknareyðublöð liggja frammi í afgreiðslu Vífilfells Stuðlahálsi, Nánari upplýsingar gefnar í síma 525 2500.**

**Vífilfell**
óskar eftir að ráða starfsmann í framleiðslusal fyrirtækisins Stuðlahálsi . Viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega.
**Umsóknareyðublöð liggja frammi í afgreiðslunni Stuðlahálsi 1. Nánari upplýsingar í síma 525 2500**



**Leikskólinn Hlaðhamrar Deildarstjóri óskast Leikskólakennarar**
Deilarstjóri óskast til starfa við leikskólann Hlaðhamra sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi. Um er að ræða stöðu á yngri barnadeild. Unnið er í anda Reggio stefnunar og kjör eru samkvæmt FL og LN.
**Upplýsingar gefur Sveinbjörg leikskólastjóri í símum 566 6351 og 861 3529**

Gallerý fiskur

**Þjónustufólk óskast í sal!**
Þjónustufólk óskast í sal í vaktavinnu fim.- lau. Vinnutími 17.30-22.
**Uppl. í s. 587 2882 & 869 4443, Kristófer.**

**Langar þig að vinna á Undralandi?**
Með vorinu losnar fullt starf hjá okkur. Reynsla æskileg.
**Nánari uppl. í s. 554 0880. Undraland er einkarekinn leikskóli í Kópavogi, stofnaður 1987. 33 börn eru í skólanum og 7 starfsmenn.**

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

**Góðir tekjumöguleikar**
Lærðu allt um neglur, gervineglur, skraut, lökkun o.fl. Íslandsmeistarar kenna. Naglasnyrtiskóli Kolbrúnar. Símar 565 3760 & 892 9660.

**Nonnabiti**
Starfskraftur óskast í fullt starf. Reyklaus. Uppl. í s. 899 1670 & 586 1840 eða á staðnum Nonnabita Hafnarstræti 11.

**Bakarí**

sbakarí óskar eftir starfskrafti til af-slustarfa hálfan daginn og aðra helgi. Ekki yngri en 20 ára. Upp-ar í síma 820 7370.

erkstæði Hjalta Einarssonar aug-eftir lagermanni, starfið innifelur í ðhald og pöntun á lager, jafnframt alda utan um handverkfæri í eigu ekisins ásamt sendiferðum. Við um endilega fólk á besta aldri að um, framtíðarstarf í boði fyrir rétt-ðila, nánari upplýsingar veittar á tofutíma í síma 565 1240. Hluta-gæti einnig komið til greina

**Múrar og verkamenn óskast!**

núr ehf óskar eftir múrara eða i vönum múrverki. Einnig er ósk-eftir verkamanni. Mikil vinna undan. Góðir tekjumöguleikar. í s. 699 1434.

**ðskiptatækifæri**

**tu miklu hærri tekjur?**

100% tímafrelsi og 100% sjálf-? Ég get hjálpað þér. www.Fag-aska.com

**LKYNNINGAR**

**lkynningar**

t þú ekki Fréttablaðið í morgun? du í síma 550-5000 og láttu okk-a. Fréttablaðið.

**mislegt**

tenor
www.tenor.is

r ykkur tónlistarmenn, skemmti-fyrir þorrablótið, árshátíðirnar, af-tónleika, þemadaga, 17. júni há-nöld eða aðrar skemmtanir. Á skrá okkur eru m.a. fremstu tónlistar-n og skemmtikraftar landsins. Höf-ratuga reynslu af skemmtanahaldi. um einnig út samkvæmistjöld, út-m matvörur, grill og þjónustufólk ugi er fyrir slíku. Símar 586 9000 & 9903 Netfang orlygur@tenor.is

**eikir**

rgun fá 30 miðaeigendur milljón Fáður þér miða í síma 800-6611 hhi.is Happdrætti Háskólans.

# Verkefnastjóri - Kerfisþjónustu

ÍKON

ÍKON óskar eftir kerfisstjóra í fullt starf sem fyrst eða í síðasta lagi 2. maí 2005

**Starfssvið**

Starf kerfisstjóra er bæði fjölbreytt og krefjandi á sviði upplýsingatækni. Starfið felst í kerfisstjórn og notendaaðstoð við viðskiptavini Íkon ásamt þátttöku í frekari uppbyggingu og þróun kerfisþjónustu og vefhýsingar.

Vinsamlegast lesið nánar um starfið á vefsvæði okkar: www.ikon.is

VEGAGERÐIN

# Auglýsing vegna úthlutunar atvinnuleyfa til aksturs leigubifreiðar.

Vegagerðin auglýsir laus til umsóknar 30 leyfi til leiguaksturs á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum.

Þeir einir geta sótt um leyfi sem hyggjast stunda akstur leigubifreiðar að aðalatvinnu. Til að öðlast leyfi þurfa umsækjendur að uppfylla skilyrði leyfis skv. 5. gr. laga nr. 134/2001 og reglugerðar nr. 397/2003 um leigubifreiðar, með síðari breytingum.

Úthlutun leyfa fer fram á grundvelli starfsreynslu við akstur leigubifreiðar, sbr. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 397/2003.

Umsóknareyðublöð má nálgast á vegagerdin.is/leyfisveitingar, eða í afgreiðslu Vegagerðarinnar Borgartúni 5 í Reykjavík. Þeir sem þegar hafa sótt um leyfi þurfa ekki að endurnýja umsóknir sýnar.

Umsóknarfrestur er til 01.04.06

# Starfsfólk í umönnun og borðsal

Vilt þú bætast í okkar góða hóp starfsmanna?
Við óskum eftir fólki til starfa á hinar ýmsu vaktir, bæði heilsdags- og hlutastörf. Sveigjanlegur vinnutími.
Einnig vantar starfsmann í borðsal

Nánari upplýsingar veitir starfsmannastjóri í síma 530-6100 virka daga kl. 9:00 til 15:00

Sveitarfélagið ÁRBORG

## Sveitarfélagið Árborg vex og dafnar

# Leikskólastjóri

Þann 1. desember 2006 verður tekin í notkun nýr sex deilda leikskóli að Erlurima 1 á Selfossi og því óskar Sveitarfélagið Árborg eftir að ráða leikskólastjóra til starfa. Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

**Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:**

- Ber ábyrgð á daglegum rekstri og starfsemi leikskólans.
- Skipuleggur faglegt starf innan leikskólans.
- Umsjón með starfsmannamálum leikskólans.
- Starfar samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, öðrum lögum er við eiga, aðalnámskrá leikskóla og stefnu sveitarfélagsins í málaflokknum.

**Þekkingar- og hæfnismarkmið:**

- Leikskólakennaramenntun og framhaldsmenntun í stjórnun
- Góð skipulagshæfni
- Góð færni í mannlegum samskiptum
- Góð þjónustulund

Laun er skv. Kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og Félagi leikskólakennara.

Nánari upplýsingar veita Heiðdís Gunnarsdóttir, leikskólafulltrúi, sími 480-1900 netfang: heiddis@arborg.is og Harpa Þ. Böðvarsdóttir, starfsmannastjóri, sími 480-1900, netfang: harpa@arborg.is.

Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist skriflega til leikskólafulltrúa Austurvegi 2, 800 Selfoss fyrir 10. apríl n.k. Gert er ráð fyrir að viðkomandi hefji störf 1. október n.k.

*Sveitarfélagið Árborg er ört vaxandi bæjarfélag þar sem í dag búa um 7000 manns. Hjá sveitarfélaginu starfa um 500 starfsmenn og er það sameiginlegt verkefni starfsmanna og stjórnenda að veita metnaðarfulla og framsækna þjónustu.*



# Um vorvandann og vorandann

UMRÆÐAN
VORIÐ



ARI TRAUSTI GUÐMUNDSSON
NÁTTÚRUFRÆÐINGUR

Mikið er skiljanlegt að fólk þrái blíða vorvinda og hækkandi sól. Þannig má líta á allt talið um vorið, vorkomu og vorveður snemma í mars, hvað þá í apríl. Meðan ég sinnti veðurfréttum í sjónvarpi var einhver algengasta spurning sem heyrðist þessi, strax snemma í mars: Er vorið komið? Og í kringum sumardaginn fyrsta, sem er fyrsti fimmtudagur eftir 18. apríl, tala margir hástöfum um að nú sé sumarið komið. Óþreyjan eftir birtu og yl er hluti af tilveru Íslendinga og vonandi hluti af þjóðarsálinni sem enginn getur skilgreint.

En það er gott og blessað að reyna að eygja vor og sumar og líka fínt að vita haus og sporð á hvoru tveggja. Vor er ekki til skilgreint í almanaki, frekar en aðrar árstíðir af því að þær eru fyrst og fremst huglæg skipting ársins eftir framvindu gróðurs og annars í lífríkinu, jafnvel líka eftir veðurlagi. Vor er komið þegar gróður hefur tekið vel við sér, kominn tími á jarðverk eða sáningu og dýr farin að fæða af sér afkvæmi eða upptekin í tilhugalífinu. Sumar er árstíð þegar allt er komið í blóma og hlýindi (afstæð að vísu) farin að koma fram fyrir alvöru. Haust á Íslandi hefst þegar næturfrost verða tíð og gróður tekur að sölna en farfuglar hópast í burtu. Vetur er kominn þegar trén standa nakin og snjór er farinn að festast á hálendi. Þessar lýsingar eru ekki einhlítar og menn ekki endilega sammála um einkenni hverrar árstíðar. Þannig er ljóst að það vetrar, vorar, sumrar og haustar á ólíkum tímum eitt árið miðað við annað, árstíðarkomur eru mismunandi eftir landshlutum og einn segir annað og hinn hitt.

Vorjafndægur eru 20. mars og þá er miðað við allt norðurhvel hnattarins en ekki aðeins Ísland. Vorið á Íslandi hefst ekki þennan dag en það gæti verið brostið á í Róm. Þennan dag á þessu yfirstandandi ári var ástand gróðurs og veðurlags þannig að fáir treysta sér til að lýsa yfir vorkomu á Íslandi. Kannski gengur það eftir tuttugu ár, hver veit. Haustjafndægur 23. september markar heldur ekki endilega upphaf íslensks hausts. Báðir dagarnir eru bara tímatalsmörk; þegar dagur verður jafnlangur nótt.

Sumardagurinn fyrsti er líka gamalt tímatalsmark (eins og fyrsti vetrardagur) sem hefur ekkert með upphaf árstíða að gera, enda dettur engum í raun í hug að sumarið í venjulegum skilningi orðsins hefjist þegar þrjár vikur eru liðnar af apríl og kannski rétt farið að vora. Hér fyrrum var árinu skipt í tvo helminga (vetur og sumar) til hægðarauka og vikur taldar í hvorum helmingi í stað þess (eða auk þess) að nota mánaðarheiti til að staðsetja atburð eða verk. Þá var sagt: Þetta gerðist í miðri 13. viku vetrar. Við segðum frekar: Þetta gerðist 29. mars.

Af þessu leiðir að hið hefðbundna sumarhugtak árstíðanna á ekki við þegar kemur að fyrsta sumardegi. Tal um sumar er þá bara vonarneisti. Hitt er svo annað mál að dagurinn er eldgamall hátíðis- og skemmtidagur vegna hækkandi sólar og vorkomu með öllum fiðringnum og bjartsýninni sem fylgir. Það er áhugaverður siður að halda lífi í honum sem slíkum. ■

# Er vor hjá öldruðum?

KARL GÚSTAF ÁSGRÍMSSON
EFTIRLAUNAÞEGI
SKRIFAR UM KJÖR ALDRAÐRA

Spurningin hér að ofan kemur upp í hugann þegar hlustað er á málflutning stjórnmálamanna nú um þessar mundir. Er eitthvað bjartara framundan eða er þetta bara kosningaáróður? Stjórnmálamenn hafa ekki undan að flytja okkur loforð um gull og græna skóga.

Bæjarstjórn Kópavogs boðaði til blaðamannafundar þar sem lofað var að nú skyldi byggja yfir hluta þeirra sem eru í brýnni þörf fyrir hjúkrunar- eða þjónusturými, byrja ætti á þessu ári, en heilbrigðisráðherra sagði á sama fundi að engir peningar væru ætlaðir í þetta frá ríkinu eins og er. Daginn eftir að bæjarstjórn Kópavogs hélt þennan blaðamannafund, hélt minnihlutinn í Reykjavík blaðamannafund þar sem þeir lofa að byggja tvö hundruð hjúkrunarrými á næstu árum ef þeir komast að, en það er bara fyrir hluta þeirra sem eru í brýnni þörf. Þarna er talað um að gera aldraða fjárhagslega sjálfstæða þannig að þeir borgi sjálfir fyrir sig og fái svo tryggingagreiðslurnar sjálfir.

Báðir þessir aðilar tala um að auk þess að bæta þjónustu við aldraða sjúka þurfi að bæta þjónustu við aðra aldraða og þá sérstaklega til þeirra sem þurfa á heimaþjónustu að halda og er það til mikillar fyrirmyndar, en dæmið er ekki reiknað til enda. Ekkert er rætt um það hvernig skuli bæta þessa þjónustu. Það er ekki nóg að byggja ef enginn fæst til að starfa við þessi þjónustustörf.

Það hefur komið fram í fréttum að hjúkrunar- og dvalarheimili eru undirmönnuð vegna lágra launa og sama er með heimaþjónustuna. Að byggja ný hús fyrir hluta aldraða sem eru sjúkir eða þurfa á þjónustu að halda er hið allra besta mál, en er ekki nema hluti af vandanum. Aðalvandamálið í dag er að tíu til fimmtán þúsund eftirlaunaþegar eru með laun undir hungurmörkum. Þetta fólk verður ekki fjárhagslega sjálfstætt þó það komist inn á svona heimili.

Gleðilegt er að vita til þess að stjórnendur stóru sveitarfélaganna skuli nú sjá þarfir aldraða og ríkisstjórn skuli hafa skipað nefnd manna til að vinna að úrbótum á kjörum aldraðra, en eins og allir vita skipaði ríkisstjórn nefnd fyrir ári síðan til að vinna að þessum málum en hún dó fyrir síðustu áramót og þá var ný nefnd skipuð. Það er von mín að jákvæður hugsunarháttur bæjarstjórnamanna og ríkisvalds gagnvart öldruðum sé til frambúðar og aldraðir fari að sjá einhverjar leiðréttingar þess misréttis sem þeir hafa orðið að þola í rúmlega áratug. Vonandi er nú loks farið að vora í málefnum okkar og vonandi er þetta ekki bara kosningabóla sem springur eftir kosningar. ■



# Um forvarnir, þjáningafrelsið og vanahugsun

**UMRÆÐAN**
ÁFENGISFORVARNIR



**ÞORLEIFUR GUNNLAUGSSON**

Sumum þingmönnum virðist vera sérstaklega umhugað um að auka aðgengi að áfengi. Menn vilja lækka áfengiskaupaaldurinn, leyfa heimabruggun og síðast en ekki síst berjast nokkrir alþingismenn fyrir frjálsri sölu áfengis í verslunum landsins. Margir vilja frekar líta á áfengisneyslu sem sjálfsagða menningarathöfn en sem heilbrigðisvandamál. Menningararfleifð þjóðar sem upplifði áfengisofneyslufaraldur í aldir sagði löngum til sín og það var fyrst þegar menn fóru fyrir alvöru að stemma stigu við þessari landlægu plágu í upphafi 19. aldar að þjóðin náði sér á strik.

Í fyrra tóku sig til þingmenn úr öllum flokkum að VG undanskildum og endurvöktu gamalt þingmál Vilhjálms Egilssonar um breytingar á áfengiseinkasölunni. Í stuttu máli er nú lagt til að áfengiseinkasalan verði aflögð og verslun með léttvín (undir 23%) verði gefin að miklu leyti frjáls. Einnig er lagt til að áfengisgjald verði lækkað um 50%. Röksemdirnar eru af ýmsum toga. Rætt er um að færa áfengissöluna í nútímalegt horf, að ríkisvaldið eigi ekki að standa í sölu á varningi, óæskileg áhrif á ferðamannaiðnaðinn og þann skaða sem kaupmaðurinn á horninu hlýtur af því að fá ekki að selja áfengi.

Aðrir vilja líta svo á að væri áfengi og tóbak að koma á markað í dag myndu menn gjalda miklum varhug við þeim, jafnvel banna þau. Þeir benda á að áfengi valdi fíkn hjá mörgum, ekki síður en tóbak og áfengisneysla eigi stóran þátt í glæpum, slysum, sjúkdómum, nauðgunum og ofbeldi af ýmsu tagi. Færðar hafa verið sannanir á að áfengisneysla ófrískra kvenna, jafnvel í litlum mæli, getur haft skaðleg áhrif á fóstrið. Jóhannes Kári Kristinsson, læknir og doktor í faraldsfræði, segir í Morgunblaðinu hinn 18. apríl sl.: „Ríkisstjórn okkar hefur mjög óljósa stefnu í forvarnarmálum. Á sama tíma og norrænir félags- og heilbrigðismálaráðherrar lýsa áhyggjum sínum yfir mikilli og vaxandi áfengisneyslu á öllum Norðurlöndunum koma einstakir íslenskir alþingismenn fram og vilja með öllum ráðum auka hana.“

Áfengisneysla þjóðarinnar er að aukast. Sala alkóhóls hefur á einu ári vaxið um 5% að sögn Hagstofu Íslands. Samkvæmt könnun Lýðheilsustofnunnar frá því í fyrra hefur mesta aukningin á hreinum vínanda orðið meðal ungs fólks, sérstaklega ungra kvenna. Alþjóða heilbrigðismálstofnunin hélt ráðstefnu 40 þjóða í Stokkhólmi í fyrra. Þar var skýrt frá því að um 600.000 manns létust af völdum áfengis í Evrópu árið 2002. Að fjöldi þeirra sem deyja með þessum hætti vex stöðugt og að þegar við bætast dauðsföll af völdum umferðarslysa og ofbeldis hækkar talan enn frekar. Samkvæmt skýrslu Alþjóða heilbrigðisstofnunarinnar tengist áfengi andláti fjórða hvers Evrópumanns á aldrinum 15 til 29 ára.

Þeir sem vilja auka aðgang að áfengi hafa voldugan stuðning frá Evrópusambandinu en þar á bæ er almennt litið á áfengi út frá viðskiptasjónarmiði og sem hverja aðra neysluvöru sem ekki eigi að takmarka aðgang að. En þá hlýtur að vakna sú spurning hvort nokkur önnur „neysluvara“ eða „matvara“ drepi 600.000 manns á ári; hvernig sala á eplasafa, sem ylli fósturskaða, gengi eða hvernig menn litu á sölu á lambakjöti sem gerði fórnarlömb varnarlaus gagnvart nauðgunum? Hve margir skyldu vera tilbúnir að horfa gagnrýnið í eigin barm og spyrja hvort verið gæti að þeir kæmu ekki auga á hið augljósa sökum íhaldssemi og vanahugsunar? Að sjálfsögðu risu einhverjir upp og segðu að svona væri frelsið, það yrði bara hver og einn að axla sína ábyrgð og þar er kannski kjarni málsins. Á hið opinbera að beita boðum og bönnum til að þegnarnir fari sér ekki að voða eða er slíkt brot á mannréttindum? Vilja viðskiptafrelsishetjurnar kannski setja þjáningarfrelsið aftan við tjáningarfrelsið, nú þegar verið er að endurskoða stjórnarskrána? Áfengisvandamálið og ólöglegi vímuefnafaraldurinn sem af því hlýst er slík vá að spyrna verður víð fótum.

Á ráðstefnunni sem getið er hér áður voru fulltrúar 40 þjóða sammála um að herða yrði til muna baráttuna gegn áfengisneyslu í Evrópu. Leiðirnar til þess eru meðal annars þær að mati ráðstefnugesta að hækka skatta á áfengi, draga úr framboði, takmarka auglýsingar enn frekar og auka forvarnir. Tillögur um sölu áfengis í matvöruverslunum eru því gegn stefnu Alþjóða Heilbrigðismálastofnunarinnar í þessu máli.

*Höfundur er þriðji maður á V-listanum til borgarstjórnarkosninga og formaður Vinstri Grænna í Reykjavík.*

# Látum ráðið virka!

**UMRÆÐAN**
MANNRÉTTINDARÁÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA



**KOFI A. ANNAN**

*Eðlilegt er að athyglin beinist að því hvernig ríki veljast í ráðið og hvort líkur séu á því að ríki sem alræmd eru fyrir mannréttindabrot séu kosin, eins og raunin hefur verið í Mannréttindanefndinni.*

Ályktun Allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna um að stofna nýtt mannréttindaráð ætti að marka nýtt upphaf í mannréttindastarfi Sameinuðu þjóðanna. Hvort sú verður raunin er á valdi aðildarríkjanna.

Ályktunin kemur í kjölfar tillögu sem ég lagði fram fyrir næstum einu ári. Ég viðurkenndi að Mannréttindanefnd SÞ hefði villst af leið. Ríki sem gerst höfðu sek um að brjóta mannréttindi gátu myndað griðabandalag innan nefndarinnar og haldið hlífiskildi hvort yfir öðru, í stað þess að vinna að eflingu mannréttinda um allan heim. Kastljósinu hefur mjög verið beint að þeim mun sem er á upphaflegri tillögu minni og ályktuninni sem var samþykkt. En aðalatriðum tillögum minnar hefur ekki verið breytt.

Í ályktuninni er gengið út frá, rétt eins og í tillögu minni, að þróun, friður og öryggi séu „undirstöður Sameinuðu þjóða kerfisins [...] tengist innbyrðis og styrki hvort annað“. Eins og ég lagði til verður til sjálfstætt ráð sem kosið er beint af aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna og verður vettvangur ríkisstjórna heims til að ræða mannréttindamál. Staða þess verður endurskoðuð innan fimm ára, sem opnar þann möguleika að það verði ein af „meginstofnunum“ SÞ við hlið Öryggisráðsins og Efnahags- og félagsmálaráðsins en tveggja þriðju hluta meirihluta þarf til að ná kjöri til þeirra. Þangað til hefur ráðið - öfugt við Mannréttindanefndina - umboð til að „efla skilvirka samþættingu og gera mannréttindastarfi hærra undir höfði“ í öllu starfi SÞ.

Nýja ráðið verður, eins og ég lagði til, kallað saman til fundar með reglubundnu millibili allt árið og getur brugðist við neyðarástandi í mannréttindamálum með því að halda sérstaka fundi með skömmum fyrirvara, hvenær sem þriðjungur meðlimanna fer fram á það. (Í Mannréttindanefndinni tók þetta lengri tíma og krafist var meirihluta atkvæða.) Mannréttindaráðið mun fjalla um ástand í mannréttindamálum allra ríkja, í stað þess að beina spjótum sínum að tilteknum ríkjum en sleppa öðrum. Ráðið á að hafa að leiðarljósi algildi, hlutlægni, óhlutdrægni og forðast að draga í dilka. Jafnframt er í ályktuninni lögð áhersla á að útrýma „tvöföldu siðgæði og pólitiskri refskák“. Ráðið hefur einnig umboð til að hindra mannréttindabrot en Mannréttindanefndin átti einungis að bregðast við þeim.

Þótt ráðið komi að auðu borði er ætlast til að haldið sé fast í verklagsreglur, ráðgjöf sérfræðinga og kvartanaferli, þar á meðal að skipa óháða sérfræðinga til að rannsaka og að ætla frjálsum félagasamtökum stórt hlutverk, en margir óttuðust að þessu yrði kastað fyrir róða eða dregið úr því. Í stuttu máli hefur nýja Mannréttindaráðið möguleika á að nýta sér bestu kosti gamla kerfisins auk þess sem nauðsynlegar breytingar eru gerðar.

Það veltur fyrst og fremst á aðildarríkjunum hvort árangur næst. Eðlilegt er að athyglin beinist að því hvernig ríki veljast í ráðið og hvort líkur séu á því að ríki sem alræmd eru fyrir mannréttindabrot séu kosin, eins og raunin hefur verið í Mannréttindanefndinni. Forseti Allsherjarþingsins hefur af mikilli leikni og þolgæði stýrt samningaviðræðum. Hann komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri nægur stuðningur við að tvo þriðju hluta atkvæða þyrfti til að ná kjöri í ráðið, eins og ég hafði lagt til, eða að útiloka ákveðin ríki. En með því að gefa þessi tvö atriði eftir gat hann knúið í gegn samþykkt annarra mikilvægra atriða.

Aðildarrríki ráðsins verða „kosin beinni kosningu og hvert fyrir sig í leynilegri atkvæðagreiðslu og þurfa meirihluta atkvæða aðildarríkja Allsherjarþingsins“. Með öðrum orðum munu lönd ekki komast í ráðið einfaldlega af því að ekkert annað framboð kom úr sama landahópi, en sú var raunin í Mannréttindanefndinni. Greidd verða atkvæði sérstaklega um hvert framboð og fái ríki ekki stuðning 96 landa - hreinan meirhluta allra aðildarríkja SÞ og ekki aðeins þeirra sem eru viðstödd og greiða atkvæði- nær það ekki kjöri. Landahópurinn verður þá að bjóða fram nýtt ríki.

Að auki munu aðildarríki ráðsins verða að „vera í hæsta gæðaflokki í eflingu og vernd mannréttinda“ og að gangast undir almenna mannréttindaskoðun á meðan þau sitja í ráðinu. Ef aðildarríki ráðsins gerast sek um stórfelld og kerfisbundin mannréttindabrot getur Allsherjarþingið vikið þeim um stundarsakir úr ráðinu. Þetta var ekki hægt í Mannréttindanefndinni.

Enginn þröskuldur - ekki einu sinni tveggja þriðju hluta merihluti - getur hindrað kosningu tiltekins ríkis. Þar eru á ferðinni pólitískar ákvarðanir. Það er á valdi aðildarríkjanna og almenningsálits heimsins að sjá til þess að ríkin kjósi rétt. Ef nógu margir styðja mannréttindi og beita þeirri stjórnlist og fortölum sem hrífa getur Mannréttindaráðið orðið umtalsverð bót miðað við gömlu Mannréttindanefndina. Ég vona sannarlega að öll aðildarríkin - þar á meðal Bandaríkin sem leikið hafa lykilhlutverk í að koma upp mannréttindakerfi Sameinuðu þjóðanna - leggi sín lóð á vogarskálarnar til að nýja ráðið virki.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna.*

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




Miele

Miele S381 Tango Plus ryksuga
með 1800W mótór
Verð áður kr. 22.800

Tilboð:
kr. 15.960

Fæst nú bæði í rauðu og ljós-gráblau

Miele ryksugur
á einstöku tilboðsverði

30% afsláttur

Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur Miele heimilistækin í einni glæsilegustu heimilistækjaverslun landsins.

Miele Tango ryksugur, fást nú
hjá eftirtöldum aðilum á tilboðsverði:

GEISLI
Flötum 29, Vestmannaeyjum

LJÓSGJAFINN
Glerárgötu 34, Akureyri

Tilboðið gildir á meðan birgðir endast.

EIRVÍK
– hágæðaheimilistæki
Suðurlandsbraut 20 - 108 Reykjavík
Sími 588 0200 - www.eirvik.is

Ekkert blað?

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja ef blaðið berst ekki.

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesið




FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

PANTAÐU Í SÍMA 5505000 EÐA Á VISIR.IS

**HENRI B. STENDHAL (1783-1842)**
**LÉST ÞENNAN DAG**

*„Ekkert er eins forljótt og úrelt tíska.“*

***Franska rithöfundundinum Stendhal var greinilega umhugað um tískustrauma.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 23. MARS 1663

# *Sálmurinn um blómið sunginn*

Þennan dag árið 1663 lést Ragnheiður Brynjólfsdóttir, biskups í Skálholti. Hún var aðeins tuttugu og tveggja ára gömul þegar hún dó og var mikil sorg í Skálholti. Lát hennar og útför hafa verið skráð í sögubækurnar vegna þess að líklegt er talið að sálmur Hallgríms Péturssonar, „Um dauðans óvissa tíma“, hafi verið fluttur þá í fyrsta sinn. Flestir þekkja þennan sálm, sem hefst á orðunum „Allt eins og blómstrið eina“ og hefur verið sunginn í flestum jarðarförum síðan.

Kveðskap Hallgríms Péturssonar þekkja allir Íslendingar og Passíusálmarnir hans hafa verið sungnir af kynslóð eftir kynslóð. Hann var fæddur árið 1614 í Gröf á Höfðaströnd, en faðir hans var Fljótaumboðsmaður og hringjaris á Hólum. Hann lærði málmsmíði í Þýskalandi og starfaði við hana í Kaupmannahöfn en þar hitti hann verðandi konu sína, Guðríði Símonardóttur, og saman fluttu þau heim til Íslands. Brynjólfur Sveinsson biskup vígði hann svo til prests á Hvalsnesi og síðar fékk hann veitingu í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd. Hann lést á Ferstiklu á Hvalfjarðarströnd eftir baráttu við holdsveiki.



**FRÁ SKÁLHOLTI**

## MERKISATBURÐIR

**1919** Benito Mussolini klýfur sig úr ítalska Sósíalistaflokknum og stofnar Fasistaflokkinn.

**1933** Þýska þingið samþykkir framsal á löggjafarvaldinu til ríkisstjórnarinnar og festi þar með völd nasista enn meira í sessi.

**1937** Fjölmenni er við vígslu Sundhallarinnar í Reykjavík, sem hafði verið í byggingu í nokkur ár.

**1960** Söngsveitin Fílharmónía syngur við flutning á verkinu Carmina Burana í Þjóðleikhúsinu en þetta er í fyrsta sinn sem söngsveitin kemur fram opinberlega.

**1983** Barney Clark deyr, einungis 112 dögum eftir að hann varð fyrsti maðurinn sem fékk grætt í sig gervihjarta.



*Hjartans þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Rögnu Lísu Eyvindsdóttur**

(Góu), Borgarheiði 13v, Hveragerði.

**Eyvindur Ólafsson** **Sigríður R. Jónsdóttir**
**Hjörtur Ólafsson** **Svandís Ingimundardóttir**
**Hlynur Ólafsson** **Þórdís Magnúsdóttir**
**Ásta Katrín Ólafsdóttir** **Jóhannes Guðmundsson**
**Lilja Björk Ólafsdóttir** **Óskar Óskarsson**
**Elva Ósk Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför móður minnar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Guðrúnar Sveinsdóttur**

frá Þönglaskála Skagafirði og Hamraborg 18.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Grundar deild A-2.

**Eysteinn Jónsson**
**Edda Þorleifsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**



*Okkar góða móðir*

**Hólmfríður Jónsdóttir**

frá Mjóabóli, síðast til heimilis að Hvassaleiti 58,

lést á Landspítalanum að morgni 21. mars.
Útförin verður gerð frá Grensáskirkju föstudaginn 24. mars kl. 15.00.
Fyrir hönd aðstandenda,

**synir hinnar látnu.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Aðalheiður Þorsteinsdóttir**

frá Litlu-Tungu,

sem lést 10. mars síðastliðinn verður jarðsungin frá Árbæjarkirkju í Holtum laugardaginn 25. mars, kl. 14. Þeim sem vilja minnast hennar er vinsamlegast bent á Minningarsjóð Árbæjarkirkju, s. 849-6558.

**Karl Jóhann Þórarinsson** **Inga Jóna Einarsdóttir**
**Vigdís Þórarinsdóttir** **Gunnar A. Jóhannsson**
**Vilhjálmur Þórarinsson** **Guðbjörg Ólafsdóttir**
**Þorsteinn Gunnar Þórarinsson** **Sigríður Ása Sigurðardóttir**
**Þórdís Torfhildur Þórarinsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**



**CARL H. ERLINGSSON SPARISJÓÐSSTJÓRI** Segir að Sparisjóður Kópavogs hafi breyst mikið síðan hann var stofnaður en fyrir fimmtíu árum var sparisjóðsstjórinn í öðru starfi og vann tvo klukkutíma í viku. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

SPARISJÓÐUR KÓPAVOGS: FIMMTÍU ÁRA

# Ræturnar liggja í byggðarlaginu

Í vikunni hefur verið mikið um dýrðir í Sparisjóði Kópavogs. Fimmtíu ár eru liðin frá stofnun hans og í tilefni af afmælinu hafa starfsmenn og viðskiptavinir gert sér glaðan dag. Í dag býður bankinn viðskiptavinum í vildarþjónustu og samstarfsaðilum til veislu í Listasafni Kópavogs og að sögn Carls H. Erlingssonar sparisjóðsstjóra mun afmælisandinn svífa yfir vötnum næstu vikurnar.

„Okkur líður mjög vel og erum í hátíðarskapi. Sparisjóðnum hefur vegnað vel síðustu árinn og við erum með lið sem vill starfa vel,“ segir Carl. Á síðasta ári skilaði sparisjóðurinn mesta hagnaði fyrr og síðar, ef frá er talið árið sem hann seldi eignarhlut sinn í Kaupþingi. Því má segja að á meðan jafnaldrar hans séu komnir á miðjan aldur sé sparisjóðurinn sprækari en nokkru sinni fyrr. Carl segir að þrátt fyrir þetta hafi sparisjóðurinn líka lent í smá áföllum sem þó hafi ekki dregið varanlegan dilk á eftir sér. „Árin fimmtíu hafa verið misjöfn eins og gengur hjá öllum fyrirtækjum. Erfiðleikarnir hafa líka komið til okkar en við höfum bara litið á þá sem tækifæri til að gera betur.“

Að sögn Carls hefur mikið vatn runnið til sjávar frá því að Sparisjóður Kópavogs var stofnaður 20. mars 1956. „Þetta byrjaði allt mjög rólega. Fyrir fimmtíu árum var sparisjóðurinn í tveimur herbergjum á Skjólbraut 6 í Kópavogi. Sparisjóðsstjórinn var í öðru starfi og kom í tvo klukkutíma í viku,“ útskýrir hann. Frumkvæðið að stofnun sparisjóðsins kom úr byggðarlaginu en þjónusta bankanna við Kópavog þótti ekki nógu góð. „Framámenn í bænum höfðu á þeim tíma óskað eftir því við forsvarsmenn viðskiptabankanna að opnað yrði útibú í Kópavogi, sem þeir töldu ekki ástæðu til að gera. Því gengu þeir í það að stofna sparisjóð. Á þessum tíma var aðgangur að lánsfé takmarkaður þannig að upphaflegt hlutverk sparisjóðsins var að styðja við bakið á húsbyggjendum í Kópavogi.“ Greinilegt er að Kópavogsbúar eru enn þakklátir fyrir sparisjóðinn því meirihluti viðskiptavina hans er úr sveitarfélaginu. „Við höfum alltaf átt gott fylgi í Kópavogi og okkar rætur liggja fyrst og fremst þar. Ætli milli þrjátíu og fimm og fjörutíu prósent viðskiptavinanna séu ekki úr Kópavogi en það eru oft fyrrverandi Kópavogsbúar þótt aðrir séu líka í viðskiptum við okkur.“

Aðspurður segist Carl ómögulega geta séð framtíð Sparisjóðs Kópavogs fimmtíu ár fram í tímann. Næstu ár geti þó ekki verið neitt annað en björt enda hafi starfsmenn og stjórnendur ekki áhuga á neinu öðru en að efla sparisjóðinn og vinna að framgangi sparisjóðakerfisins á Íslandi.



## Afmæli

**50 ára**

*Föstudaginn 24. mars nk. verður*

***Hermann Ingólfsson***

*Hjalla, Kjós, fimmtugur. Að því tilefni býður hann ættingjum, vinum og samferðafólki að gleðjast með sér og þiggja léttar veitingar heima að Hjalla á afmælisdaginn kl. 20.30. (ath. tjaldastemning, klæðnaður eftir veðri).*


LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR
Mikið úrval legsteina og fallegra fylgihluta.
Ljósker, blómavasar, englar, styttur, kerti og margt fleira.
Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.
S:HELGASON
Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is


## AFMÆLI



**Baldvin Halldórsson** leikari er 83 ára.



**Valgerður Sverrisdóttir** iðnaðar- og viðskiptaráðherra er 56 ára.



**Bjarni Ármannsson** forstjóri Glitnis er 38 ára.

## ANDLÁT

**Arnar Freyr Valdimarsson**, Efstuhlíð 25, Hafnarfirði, lést mánudaginn 20. mars.

**Hermann Sigurvin Þorgilsson**, Hrísum, Fróðárhreppi, Ólafsvík, lést á St. Franciskusspítalanum í Stykkishólmi sunnudaginn 19. mars.

**Margrét Helgadóttir**, Reynivöllum 4, Selfossi, lést á hjúkrunarheimilinu Ljósheimum mánudaginn 20. mars.

**Hólmfríður Jónsdóttir** frá Mjóabóli, síðast til heimilis í Hvassaleiti 58, lést þriðjudaginn 21. mars.

## JARÐARFARIR

15.00 **Salvör Stefanía Ingólfsdóttir** frá Unaðsdal, Klapparhlíð 30, Mosfellsbæ, verður jarðsungin frá Bústaðarkirkju.

15.00 **Gísli Karlsson** stýrimaður verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju.

15.00 **Guðríður Pálsdóttir**, Seljahlíð, áður til heimilis í Drápuhlíð 19, verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Reykjavík.


4.997 KR. Á MÁNUÐI TIL 5. JÚLÍ
PÁSKATILBOÐ
STÖÐ 2 BÍÓ FYLGIR FRÍTT MEÐ!
515 6100 | STOD2.IS
SKÍFAN | OG VODAFONE
GOTT FÓLK McCANN

**Vectavir** krem er áhrifaríkt lyf til meðferðar á frunsu af völdum Herpes Simplex. Vectavir virkar á öllum stigum frunsunnar frá sting eða æðasláttar til blöðru. Í Vectavir er virka efnið penciklóvír sem stöðvar framgang veirunnar. Vectavir er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Berið Vectavir á frunsusvæðið á 2 klst fresti í 4 daga. Berið á rétt fyrir svefn og um leið og vaknað er. Dæmigert er að frunsa komi fram við ofreynslu, kvef eða inflúensu eða í mikilli sól (t.d. á skíðum). Ekki á að nota lyfið ef að áður hefur komið fram ofnæmi fyrir penciklóvír, famciklóvír eða öðrum innihaldsefnum. Með Vectavir grær frunsan hraðar, verkir minnka og smittími styttist. Vectavir kremið 2 g fæst án lyfseðils. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.
**Otrivin** nefúðinn og nefdroparnir innihalda xýlómetasólin sem vinnur gegn bólgu, nefstíflu og slímmyndun vegna kvefs og bráðrar bólgu í ennis- og kinnholum. Otrivin virkar fljótt og áhrifin vara í 6-10 klst. Otrivin getur valdið aukaverkunum, s.s. ertingu í slímhúð og sviðatilfinningu. Einnig ógleði og höfuðverk. Otrivin má nota þrisvar á dag en ekki lengur en í 10 daga í senn. Varúð: Langtímanotkun Otrivin getur leitt til þurrks í nefslímhúð. Sjúklingar með gláku eða þeir sem hafa ofnæmi fyrir xýlómetasólin ættu ekki að nota Otrivin. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.
**Strepsils** töflur eru látnar renna í munni og leysast þar hægt upp. Þannig nást fram staðbundin sótthreinsandi áhrif í munni og koki. Auk þess hafa bragðefnin væg kælandi áhrif sem slá á ertingu. Venjulega er ein tafla látin leysast hægt upp í munni á 2-3 klst fresti. Lyfið þarf venjulega að nota í 3-4 daga og stundum í allt að eina viku. Einnig má leysa upp 1-2 töflur í heitu vatni og drekka sem heitan drykk. Notkun lyfsins hefur engin áhrif á önnur lyf sem notuð eru samtímis. Ofnæmi eða ofnæmislík viðbrögð geta komið fyrir en eru afar sjaldgæf. Hver pakki af Strepsils inniheldur 24 munnsogstöflur, sem eru í hentugum þynnupakkningum. Hverri pakkningu fylgja viðurkenndar leiðbeiningar á íslensku um notkun lyfsins, sem gott er að kynna sér vel. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.
**Voltaren Dolo®** (díklófenak kalíum) 12,5 mg töflur. Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem höfuðverk, tannpínu og tíðaþrautum. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða hafa haft sögu um maga- eða skeifugarnarsár eða skerta lifrarstarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetýlsalisýru, íbuprófen eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitið ráða læknis eða lyfjafræðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

KVEF?




Lyf & heilsa
Við hlustum!

Austurstræti · Austurveri · Domus Medica · Firði, Hafnarfirði
Fjarðarkaupum · Glæsibæ · Hamraborg Kópavogi
JL-húsinu · Kringlunni 1.hæð · Kringlunni 3.hæð · Melhaga · Mjódd
Mosfellsbæ · Salahverfi · Eiðistorgi · Hellu · Hveragerði · Hvolsvelli
Kjarnanum Selfossi · Vestmannaeyjum · Þorlákshöfn · Dalvík
Glerártorgi Akureyri · Hrísalundi Akureyri · Ólafsfirði · Akranesi · Keflavík

## STUÐ MILLI STRÍÐA Of löt til að hugsa

**KRISTÍN EVA ÞÓRHALLSDÓTTIR** SPÁIR Í LETINGJANA.



Flest fólk er latt. Fáir átta sig á því að þeir séu latir og enn færri vilja viðurkenna það. Leti er nefnilega margvísleg og kemur ekki bara í ljós þegar fólk nennir ekki að taka til eða labba út í búð. Slík leti er nokkuð skaðlaus. Önnur tegund af leti er öllu verri, sú leti sem fær fólk til að flýja í öryggið og nenna ekki að takast á við hlutina eða hreinlega nenna ekki að hugsa. Hún á sér mörg andlit og stundum birtist hún í hefðum og íhaldssemi því fólk nennir ekki að takast á við að gera hlutina öðruvísi en á að gera þá. Ástæðan fyrir því að ég er að velta letinni fyrir mér er sú að bandaríski herinn fór burt og ótrúlegasta fólk örvænti. Ekki vegna þess að fullt af fólki missti vinnuna, eða vegna þess að Ísland stæði varnarlaust, heldur vegna þess að það þurfti að gera eitthvað í því. Og allt lata fólkið fór að tala um hvað þetta væri nú hræðilegt. Ekki hafði liðið langur tími frá því að fréttin var komin í loftið að álunnendur fóru að fagna. Jibbí, þá getum við bara byggt álver og þá fær allt þetta fólk vinnu. Hljómar dáldið eins og lata heimilisfólkið sem nennir ekki að elda og dettur þá ekkert betra í hug en að panta pítsu. En hvað ef atvinnulausa fólkið vill ekki pítsu, ég meina vill ekki vinna í álverinu? Ekki svo að skilja að það sé slæmt starf, en það er ekki möguleiki að það henti öllum. Við erum frjáls og rík þjóð og getum menntað okkur til fjölbreyttra og margvíslegra starfa. Í slíku samfélagi getur fólk fundið þá vinnu sem hentar hverjum og einum, ef það bara nennir að hafa sig eftir því. Fólk verður atvinnulaust, herinn kemur og fer. Slíkt gerist. Spurningin er hvort stjórnvöld beri ábyrgð á að búa til nýja atvinnu, sérstaklega í ljósi þess að á stjórnarheimilinu virðist enginn nenna að hugsa og þá er bara pöntuð stóriðja.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Pú og pa
Eftir SÖB




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott



# Vendetta í efsta sæti á aðsóknarlistanum

Pólitíski tryllirinn V for Vendetta, með Natalie Portman í aðalhlutverki, fór beint á toppinn á aðsóknarlistanum í Bandaríkjunum sína fyrstu viku á lista.

Halaði hún inn um 1,8 milljarða króna og skákaði þar m.a. rómantísku gamanmyndinni Failure to Launch með Sarah Jessica Parker í aðalhlutverki. Náði hún inn um 1,1 milljarði króna í aðsóknartekjur. Disney-myndin The Shaggy Dog lenti í þriðja sætinu.

Framleiðendur og handritshöfundar V for Vendetta eru Wachowski-bræðurnir sem leikstýrðu The Matrix-myndunum á sínum tíma. Myndin er byggð á teiknimyndasögu breska höfundarins Alans Moore. Auk Portman fara með helstu hlutverk í myndinni Hugo Weaving, sem einnig lék í Matrix, Stephen Rea, Stephen Fry og John Hurt.



**NATALIE PORTMAN** Leikkonan Natalie Portman fer með aðalhlutverkið í V for Vendetta. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Fimmta barn Trumps

Auðjöfurinn Donald Trump hefur eignast dreng með eiginkonu sinni Knauss Trump. Þetta er fimmta barn Trumps en það fyrsta sem Knauss eignast.

„Ég held mér ungum með því að framleiða börn,“ sagði Trump í viðtali við MSNBC-sjónvarpsstöðina og bætti við að fæðingin hefði gengið mjög vel.

Knauss, sem er fædd í Slóveníu, er fyrirsæta og leikur í auglýsingum. Trump er um þessar mundir að gera góða hluti með raunveruleikaþáttinn The Apprentice. ■



**TRUMP OG KNAUSS** Hjónin voru að eignast sitt fyrsta barn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Söng- og leikkonan Barbra Streisand er að undirbúa umfangsmikla tónleikaferð þrátt fyrir að hafa haldið „lokatónleika“ sína í september árið 2000. Streisand er sögð hafa bætt á sig um 25 kílóum og telur hún að yfirvofandi tónleikaferð eigi eftir að hvetja sig til að fara í megrun.



Leikkonan Jennifer Garner er smám saman að taka upp heilbrigðari lífshætti eftir að hafa bætt töluvert á sig þegar hún gekk með sitt fyrsta barn. Garner eignaðist dótturina Violet í desember. Vill hún aftur ná fyrra formi en ætlar að passa sig á að grenna sig ekki of hratt. Vill hún frekar eyða meiri tíma með dótturinni.



Búningamyndin Marie-Antoniette með Kirsten Dunst í aðalhlutverki hefur verið valin til að keppa um Gullpálmann í Cannes. Myndinni er leikstýrt af Sofiu Coppola og með annað aðalhlutverkið fer Jason Schwartzman sem sló í gegn í American Pie. Hin margumtalaða The Da Vinci Code verður opnunarmynd hátíðarinnar sem verður haldin 17. til 28. maí.



Jennifer Aniston ætlar að flytja frá Hollywood og til Chicago en hún féll fyrir borginni þegar hún dvaldi þar við tökur á The Breakup. Hún ætlar að hvíla sig á sviðsljósinu eftir skilnaðinn við Brad. „Mér finnst það eina í stöðunni vera að fara. Ég get vel búið fyrir utan Los Angeles og flogið þangað til að vinna,“ sagði Jennifer sem að sögn slúðurblaðanna á í ástarsambandi með Vince Vaughn.



**GUS GUS** Urður Hákonardóttir, Biggi Þórarinsson, Magnús Guðmundsson og Stephan Stephensen skipa hljómsveitina Gus Gus.

# Þeir síðustu í 6 mánuði

Síðustu tónleikar hljómsveitarinnar Gus Gus í sex mánuði verða haldnir á laugardagskvöld á Nasa.

Fimmta breiðskífa sveitarinnar er tilbúin og verður gefin út í síðasta lagi í júní á vegum þeirra eigin útgáfu, Pineapple records. Þrátt fyrir það mun sveitin ekki halda tónleika fyrr en í október. Plötusnúðurinn Dj Margeir hitar upp fyrir Gus Gus og eftir tónleikana, sem hefjast um miðnætti, mun Exox þeyta skífum.



! **Kl. 20.00**
*Hinn geðþekki og góðkunni söngvari Skapti Ólafsson flytur ýmsar dans- og dægurlagaperlur frá liðnum árum við undirleik hljómsveitar Karls Möller í Salnum í Kópavogi.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Heimildir um hugsuð

Í kvöld sýnir Kviksaga, heimildarmyndamiðstöð ReykjavíkurAkademíunnar, mynd um franska heimspekinginn Jacques Derrida eftir Kirby Dick og Amy Ziering Kofman. Í heimildarmyndinni er greint frá ævi og störfum hugsuðarins, sem lést árið 2004, bæði daglegu heimilislífi hans og opinberum störfum en hann kenndi í háskólum beggja vegna Atlantsálanna.

Myndin er sögð vinna markvisst með heimildarmyndarformið og gera ögrandi tilraun til þess að virkja tengsl þess forms við hugsun heimspekingsins í samræðum sem og skrifum. Fram kemur í fréttatilkynningu að lífs- og hugsanamunstur þessa helsta heimspekings samtímans í myndrænu formi láti engan ósnortinn og að myndlesturinn sjálfur bjóði upp á áhugaverða leið til að öðlast innsýn í hugsun hans.

Aðalheiður Lilja Guðmundsdóttir heimspekingur flytur stutta kynningu á heimildarmyndinni fyrir sýningu, sem fer fram á 4. hæð í húsakynnum ReykjavíkurAkademíunnar við Hringbraut 121 og hefst kl. 20.00.



JACQUES DERRIDA, HEIMSPEKINGUR.

## > Ekki missa af...

Tónleikum Rivulets í plötubúð Smekkleysu á morgun kl. 17.30. Bandaríski tónlistarmaðurinn Nathan Amundson leikur á þrennum tónleikum í þessari fjórðu heimsókn sinni til Íslands. Ljúf og hlýleg tónlist.

Sýningu á dansverkinu Hindarleik eftir Gunnlaug Egilsson í Dómssalnum við Lindagötu 3, í kvöld kl. 21.00. Hvernig verður fyrirrmyndarríki framtíðarinnar þar sem aðeins konur búa?

Leikritinu Ríta gengur menntaveginn eftir Willy Russel sem sýnt er í Iðnó. Leikhópurinn Kláus setur gamanleikinn upp en leikstjóri og þýðandi er Oddur Bjarni Þorkelsson.

# Ljóðræn ásýnd

Ólafur Kvaran, safnstjóri Listasafns Íslands, og Rakel Pétursdóttir safnafræðingur munu fjalla um sýningar á verkum listmálaranna Snorra Arinbjarnar og Gunnlaugs Blöndal nú um helgina.

Fræðsluerindi þeirra eru hluti af hádegisfyrirlestraröð Listasafns Íslands sem nýlega var sett á laggirnar og ber heitið „Þankar um myndlist - spurt og spjallað" og miðar að því að auka fræðslu og þátttöku safngesta og almennings í umræðu um íslenska myndlist. Listasafn Íslands hefur aukið fræðslustarf sitt til muna í kjölfar þess að aðgangseyrir til safnsins var felldur niður nú fyrir skömmu.

Safngestum er einnig bent á bókasafn Listasafnsins að Laufásvegi 12 og safnabúðina inni í listasafninu við Fríkirkjuveg en þar eru seldar útgáfur Listasafnins sem og listmunir frá Metropolitian Museum of Art og MoMasafninu í New York.

Rakel spjallar um verk Snorra og Gunnlaugs í hádeginu í dag milli kl. 12.10 og 12.40 en Ólafur verður með leiðsögn um sýningu Snorra Arinbjarnar og fræðslu um lífshlaup hans á laugardaginn kl. 11.00.



**ÓLAFUR KVARAN** Safnstjóri Listasafns Íslands leiðir gesti um sýningu Snorra Arinbjarnar á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ TEITUR






**ÚR EINNI KVIKMYNDINNI** Alls voru um 320 myndir frá 34 löndum sendar í keppnina en Kristín hefur grisjað þær niður í 50.

# Listin ekki bundin við 101

**Alþjóðlega tilraunakvikmyndahátíðin 700IS verður haldin á Egilsstöðum í fyrsta sinn dagana 1. til 3. apríl, en til stendur að hún verði árlegur viðburður. Um 50 myndir verða á dagskrá en alls bárust rúmlega 300 myndir frá 34 löndum á hátíðina.**

„Ég er nýflutt að utan og fannst undarlegt að það væri ekki til nein svona hátíð fyrir almenning á Íslandi, svo ég ákvað halda hana sjálf," segir Kristín Scheving, listakona og umjónarmaður Menningarmiðstöðvar Fljótsdalshéraðs, sem stendur að keppninni í samstarfi við Eiða ehf.

Kristín hóf störf hjá Menningarmiðstöðinni í ágúst síðastliðnum og tók þegar til óspilltra málanna. „Við byrjuðum að auglýsa hátíðina í erlendum blöðum í október og viðbrögðin létu ekki á sér standa. Það gera sér ekki allir grein fyrir því að margar milljónir eru að gera tilraunamyndir úti um allan heim."

Alls bárust Kristínu um 320 myndir hvaðanæva að úr heiminum, en hefur nú grisjað þær niður í 50 sem verða sýndar á hátíðinni. „Það er eins og það séu jól á hverjum degi," segir hún og hlær. Hátíð sem þessi er ekki haldin á hverjum degi hér á landi, hvað þá í þorpi út á landsbyggðinni. Kristín segist hafa viljað kanna áhugann á þessu listformi hér á landi en um leið beina sjónunum frá höfuðborginni. „Mér finnst mjög mikilvægt að það sé eitthvað að gerast út á landi; listin er ekki bundin við 101 Reykjavík." Um tuttugu listamenn af þeim fimmtíu sem eiga myndir á hátíðinni hafa boðað komu sína.

Á hátíðinni verða veitt verðlaun fyrir bestu myndina og bjartasta vonin á Austurlandi hlýtur líka viðurkenningu. Sýningin fer svo á flakk um landið og í haust gerir Kristín ráð fyrir að hún fari út fyrir landsteinana. „Við erum búin að bóka hana í New York, þremur borgum á Englandi, Spáni, Noregi og Litháen. Um leið byrjum við að viða að okkur efni fyrir næstu hátíð og það eru því spennandi tímar fram undan."



**KRISTÍN SCHEVING** Kenndi við sjónlistadeild Manchester-háskóla áður en hún kom aftur heim.

bergsteinn@frettabladid.is


ICELANDAIR KYNNIR Í SAMVINNU VIÐ CONCERT OG BYLGJUNA
ICELANDAIR
VINSÆLASTI SÖNGVARI Á ÍSLANDI OG VINSÆLASTA SÓPRAN SÖNGKONA BRETLANDS
GARDAR THÓR CORTES
KATHERINE
FORSALA HEFST KLUKKAN 10:00 Í DAG
40 MANNA HLJÓMSVEIT
Í LAUGARDALSHÖLL
LAUGARDAGSKVÖLDIÐ 29. APRÍL 2006
STJÓRNANDI GARÐAR CORTES
BYLGJAN 20 ÁRA
MasterCard
20% afsláttur af öllum viðburðum Concert ef greitt er með Mastercard á forsöludegi Mastercard
Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef Tilboðsklúbbs MasterCard, www.kreditkort.is/tilbodsklubbur
FORSALA AÐGÖNGUMIÐA Á WWW.CONCERT.IS OG WWW.MIDI.IS OG Í VERSLUNUM SKÍFUNNAR
CONCERT

ÓPERUSTÚDÍÓ
NÓTT Í FENEYJUM
EFTIR JOHANN STRAUSS

Nótt í Feneyjum

**NÓTT Í FENEYJUM - eftir JOHANN STRAUSS**
**Frumsýning mið. 29. mars kl. 20**
2. sýn. fös. 31 mars kl. 20 – UPPSELT – 3. sýn. sun. 2. apríl kl. 20
4. sýn. þri. 4. apríl kl. 20 – 5. sýn. fim. 6. apríl kl. 20
6. sýn. lau. 8. apríl kl. 20 - SÍÐASTA SÝNING

Glitnir er bakhjarl Óperustúdíós Íslensku óperunnar

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

ÁTTA KONUR
**Frumsýning fös. 31/3 uppselt**, 2. sýn. lau. 1/4 örfá sæti laus, 3. sýn. sun. 2/4 örfá sæti laus, 4. sýn. fim. 6/4 örfá sæti laus, 5. sýn. fös. 7/4 örfá sæti laus, 6. sýn. lau. 8/4 örfá sæti laus

TÚSKILDINGSÓPERAN
Sun. 26/3 örfá sæti laus. **Allra síðasta sýning.**

VIRKJUNIN
Lau. 25/3. **Allra síðasta sýning.**

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

ELDHÚS EFTIR MÁLI
Í kvöld fim. 23/3 **uppselt**, **aukasýning fös. 24/3** örfá sæti laus, lau. 25/3 **kl. 17:00 uppselt**, sun. 26/3 **uppselt**, fim. 30/3 **uppselt**, fös. 31/3 **uppselt**, lau. 1/4 **uppselt**, sun. 2/4 nokkur sæti laus, fim. 6/4, fös. 7/4 nokkur sæti laus, lau. 8/4 nokkur sæti laus.

KASSINN KL. 20:00

PÉTUR GAUTUR
Fös. 24/3 **uppselt**, lau. 25/3 **uppselt**, mið. 29/3 **uppselt**, lau. 1/4 **kl. 16:30 uppselt**, sun. 2/4 **kl. 17:00 uppselt**, **aukasýning þri. 4/4** örfá sæti laus, mið. 5/4 **uppselt**, fim. 6/4 **uppselt**, fös. 7/4 **uppselt**, lau. 8/4 **uppselt**, sun. 9/4 **uppselt**, fös. 21/4 **uppselt**, lau. 22/4 **uppselt**, sun. 23/4 **uppselt**, mið. 26/4 **uppselt**, fim. 27/4 **uppselt**, fös. 28/4 **uppselt**, lau. 29/4 **uppselt**.
**Aukasýningar í maí:** lau. 6/5 örfá sæti laus, sun. 7/5 örfá sæti laus.

DÓMSALURINN

**Í kvöld fim. 23/3** og **lau. 25/3 kl. 21:00 Hindarleikur** - Danshöfundasmiðja Íslenska dansflokksins og dansbrautar leiklistardeildar LHÍ í samvinnu við Þjóðleikhúsið. Nánari upplýsingar á heimasíðu Íslenska dansflokksins **www.id.is**

LEIKHÚSKJALLARINN

**Hugleikur - Þetta mánaðarlega.** Í kvöld fim. 23/3 og sun. 26/3 kl. 21:00.
**Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!**
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295**.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

BORGARLEIKHÚSIÐ

Belgíska Kongó | Carmen | Ronja | Woyzeck

Stóra svið

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Lau 25/3 kl. 14 UPPS. Su 26/3 kl. 14 UPPS.
Lau 1/4 kl. 14 UPPS. Su 2/4 kl. 14 UPPS.
Lau 8/4 kl. 14 UPPS. Su 9/4 kl. 14 UPPS.
Su 23/4 kl. 14 Su 23/4 kl. 17:30
Lau 29/4 kl. 14 Su 30/4 kl. 14
ÓSÓTTAR PANTANIR SELDAR DAGLEGA

CARMEN
Lau 25/3 kl. 20 SÍÐASTA SÝNING!

TALAÐU VIÐ MIG -ÍD-
Su 26/3 kl. 20 Blá kort Fö 31/3 kl. 20
SÍÐUSTU SÝNINGAR!

WOYZECK
Í kvöld kl. 20 SÍÐASTA SÝNING

KALLI Á ÞAKINU
Fi 13/4 kl. 14 skírdagur UPPSELT
Lau 15/4 kl. 14 UPPSELT
Má 17/4 kl. 14 annar í páskum
Fi 20/4 kl. 14 sumardagurinn fyrsti
Lau 22/4 kl. 14

FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP
Su 30/4 kl. 20 UPPS. Má 1/5 kl. 20 UPPS.
Þri 2/5 kl. 20 UPPS. Mi 3/5 kl. 20 UPPS.
Su 7/5 kl. 20 UPPS. Má 8/5 kl. 20 UPPS.
Þr 9/5 kl. 20 UPPS. Fi 18/5 kl. 20 UPPS.
Fö 19/5 kl. 20 UPPS. Fö 19/5 kl. 22:30
Su 21/5 kl. 20 UPPS. Fö 26/5 kl. 20 UPPS.
Fö 26/5 kl. 22:30 Su 28/5 kl. 20
Fi 1/6 kl. 20 Fö 2/6 kl. 20

Nýja svið / Litla svið

BELGÍSKA KONGÓ
Í kvöld kl. 20 UPPS. Fi 6/4 kl. 20 UPPS.
Fö 7/4 kl. 20 Fi 20/4 kl. 20
Fö 21/4 kl. 20 Lau 29/4 kl. 20

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Fö 24/3 kl. 20 UPPS. Lau 25/3 kl. 20 UPPS.
Fi 30/3 kl. 20 UPPS.
Fö 31/3 kl. 20 100. SÝNING
Lau 1/4 kl. 20 Su 2/4 kl. 20
ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR Í REYKJAVÍK

HUNGUR
Í kvöld kl. 20 Fö 24/3 kl. 20 UPPS.
SÍÐUSTU SÝNINGAR

NAGLINN
Lau 25/3 kl. 20
SÝNINGAR HEFJAST AÐ NÝJU Í ENDA APRÍL

GLÆPUR GEGN DISKÓINU
Su 26/3 kl. 20

FORÐIST OKKUR
Lau 1/4 kl. 20 Su 2/4 kl. 20
Fi 6/4 kl. 20 UPPS. Fö 7/4 kl. 20
Lau 8/4 kl. 20 Su 9/4 kl. 20
Fi 20/4 kl. 20 Fö 21/4 kl. 20
Lau 22/4 kl. 20 Su 23/4 kl. 20

KERTALJÓSATÓNLEIKAR
HARÐAR TORFA
FIMMTUDAGINN 6/4 Kl. 20

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is




**ANDRI SNÆR MAGNASON RITHÖFUNDUR** Kynnir bók sína Draumalandið - sjálfshjálparbók handa hræddri þjóð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Listræn erindi og ádeila

Í vikunni voru haldnir tveir menningarviðburðir sem í eðli sínu voru ólíkir en umfjöllunarefni þeirra beggja tengist áherslum íslenskra stjórnvalda í orku- og atvinnumálum.

Í Borgarleikhúsinu á mánudagskvöld kynnti Andri Snær Magnason rithöfundur nýja bók, Draumalandið - sjálfshjálparbók handa hræddri þjóð, og á þriðjudagskvöldið hélt Fræðsludeild Þjóðleikhússins umræðufund um leikritið Virkjunina eftir Elfriede Jelinek. Grunntónninn í bók Andra og í Virkjuninni er að hluta til sá sami, gagnrýni á vél- og tæknihyggju nútímamannsins og á stóriðjustefnu íslenskra stjórnvalda, en það sætir tíðindum að sífellt fleiri íslenskir listamenn kjósa að fjalla á svo gagnrýninn hátt um hápólitísk málefni dagsins í dag.

Sköruglegur og hnyttinn málflutningur Andra Snæs í kynningu bókarinnar minnti á uppistand þrátt fyrir alvarleika málsins og ádeilunnar á virkjunarframkvæmdirnar á hálendi Íslands en ljóst var að hann átti sér marga skoðanabræður í sal Borgarleikhússins því hann fékk rífandi undirtektir og uppklapp. Frummælendur á Réttarhöldum Fræðsludeildar Þjóðleikhússins höfðu ólíkar áherslur og efnistök í erindum sínum en mál þeirra bauð upp á býsna líflegar umræður eftir hlé.

Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, fór í stuttu máli yfir sögu stóriðju og náttúruverndar á Íslandi en hafði annars lítið að segja um leikritið sjálft. Jóhannes Geir Sigurgeirsson, stjórnarformaður Landsvirkjunnar, lagði út af leikhúsupplifun sinni en kvaðst hafa velt fyrir sér hvert leikskáldið væri að fara. Hann kvaðst hafa skemmt sér á köflum en fann að þeim hlutum sýningarinnar sem voru staðfærðir til íslensks veruleika og þeirri blöndun að sögusvið þess væri bæði Ísland og Austurríki og tók það fram að honum fyndist verkið „nógu tært af hendi höfundar,“ þrátt fyrir að hann hefði ekki lesið það.

Sigríður Þorgeirsdóttir heimspekingur var á öðru máli og taldi að heimfæra hefði mátt verkið enn meira, en í erindi sínu setti hún verk og lífsskilning Jelinek í samhengi við heimspekilegar hugmyndir um vald tækninnar yfir manninum. Að hennar mati brýtur þessi sýning Þjóðleikhússins blað í íslenskri leikhússögu því verkið fer „beint inn að hjarta íslensks samtíma,“ en henni varð tíðrætt um það áfall eða „trauma“ sem hún telur þjóðina upplifa í tengslum við ákvarðanir og áherslur stjórnvalda í virkjanamálum, einkum vegna virkjunarinnar við Kárahnjúka.

Tinna Gunnlaugsdóttir Þjóðleikhússtjóri komst líklega næst kjarna málflutnings þriðjudagskvöldsins en hún lagði út af orðum Jóhannesar Geirs sem fyrr um kvöldið ræddi um hina íslensku tilhneigingu að vera ávallt „annað hvort eða“, það er annað hvort á móti náttúrunni eða með henni. Tinna áréttaði að markmiðið með sýningunni á Virkjuninni hefði öðrum þræði verið að endurspegla ákveðna hugmyndafræði sem gegnsýrir íslenskt samfélag, sem til dæmis sæist í forræðishyggju stjórnvalda sem virtust líta á stóriðju sem einu lausnina í efnahags- og atvinnumálum. Hugmyndin um „annað hvort eða“ ætti sér síðan fleiri birtingarmyndir, meðal annars í ótta Íslendinga við of pólitískt leikhús og dilkadrátt því tengdan.



**RÉTTARHÖLD Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU** Árni Finnsson talar um íslensku virkjunina. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

- khh

# Þjóðmálin hægra megin

Nýjasta hefti tímaritsins Þjóðmála er komið út og segir ritstjórinn, Jakob F. Ásgeirsson, að viðtökur ritsins hafi verið góðar allt frá upphafi þrátt fyrir að tímaritaútgáfa geti verið óttalegt basl hér á landi. Þjóðmál er vettvangur frjálshyggjumanna og Jakob segir að „augljós hægri slagsíða sé á ritinu“ enda sé markmiðið með útgáfu þess að vera vettvangur fyrir tæpitungulausa umræðu um mál sem annars fara ekki hátt í íslenskum fjölmiðlum.

Jakob telur skorta skýrari línur í íslensku fjölmiðlalandslagi. „Hér er í raun og veru ekki um marga valkosti að velja,“ segir hann og tekur dæmi af Bretlandi þar sem fólk getur valið að lesa hægri eða vinstri blöð eftir sinni skoðun og smekk. „Hér er þetta einn hrærigrautur og það er kannski það sem fer í taugarnar á fólki því almennt séð vill fólk lesa til þess að fá staðfestingu á sínum eigin hugsunum og kannski fordómum líka.“ Hann segist þó ekki sakna flokksblaðanna sérstaklega þó sumir geri það ef til vill.



„Það hefur aldrei verið neitt vandamál að fá fólk til þess að skrifa og margir hafa haft samband og vilja fá að birta efni,“ segir Jakob. Meðal efnis í ritinu Þjóðmálum að þessu sinni eru grein eftir Davíð Oddsson, seðlabankastjóra og fyrrum forsætisráðherra, flokksbróður hans Björn Bjarnason, núverandi dóms- og kirkjumálaráðherra, og bókarýni eftir Birgi Ármannsson, þingmann Sjálfstæðisflokksins. Efnistök greinanna eru fjölbreytt, þar er m.a. fjallað um ráðherraábyrgð, embættisathafnir forsetisembættisins, túlkanir á stöðu skattamála og málefni innflytjenda. - khh

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

20 21 22 **23** 24 25 26

### Fimmtudagur

#### TÓNLEIKAR

☐ 19.30 Stórtónleikar á Nasa til styrktar verkefinu **Blátt áfram**. Fram koma **Leaves, Brain Police, Mammút, Úlpa, Vínill, Sólstafir, Lokbrá, Days of our lives og Ensími**. Einnig verður tískusýning á vegum **Eskimo models**. Verð er 800 krónur en 1000 ef keypt er armband merkt Blátt áfram.

☐ 20.00 Hinn geðþekki og góðkunni söngvari **Skapti Ólafsson** flytur ýmsar dans- og dægulagaperlur frá liðnum árum við undirleik hljómsveitar **Karls Möller** í **Salnum í Kópavogi**.

#### FYRIRLESTRAR

☐ 12.05 **Prófessor Ewald Reuter** heldur fyrirlestur á vegum **Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur** um framtíð þýskukennslu og gildi náms í þýskum fræðum fyrir alþjóðaviðskipti. **Lögberg**, stofa 102.

#### FUNDIR

☐ 12.00 **Ungir jafnaðarmenn** í Reykjavík halda hádegisfund á Café Viktor undir fyrirsögninni „Umhverfismál í brennidepli“. Erindi flytja **Dofri Hermannsson** og **Björn Guðbrandur Jónsson.**

#### SÝNINGAR

☐ **Jón Gunnarsson** listmálari sýnir vatnslitamyndir og olíumálverk í **Menningarsal Hrafnistu**. Sýningin stendur til 1. maí.

#### NÁMSKEIÐ

☐ 17.00 **Skógræktarfélag Reykjavíkur** býður upp á námskeið í trjáklippingum. **Auður Jónsdóttir** garðyrkjufræðingur leiðbeinir.

#### UPPÁKOMUR

☐ 19.00 Nemendur í **Hólabrekkuskóla** halda fjáröflunarkvöld til styrktar **Barna- og unglingageðdeild Landsspítalans(BUGL)**. Fjölbreytt skemmtiatriði, þar á meðal dans, söngur og tískusýning.




























*„Beneath this mask there is more than flesh. There is an idea, Mr. Creedy, and ideas are bulletproof.“*

- Byltingarmaðurinn V er ódrepandi, einfaldlega vegna þess að hann gengur fyrir hugsjónum og þær verða ekki drepnar niður með nokkru móti.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Óþekkt nafn, þekkt andlit

Hugo Weaving varð eitt mesta illmenni vísindaskáldsaganna þegar hann elti Neo og Morpheus í hlutverki Smith, hins ofurþrjóska fulltrúa vélanna í Matrix-mynd þeirra Wachowski-bræðra. Eflaust hafa fáir lagt nafnið á minnið enda heyrist ósjaldan þegar andlit leikarans birtist á hvíta tjaldinu. „Þetta er náunginn úr Matrix.“

Weaving hefur eytt mestum hluta ferilsins heima í Ástralíu enda segist hann kunna best við sig á sviðinu hjá leikhúsinu í Sydney. Hann er margverðlaunaður fyrir leik sinn og hefur í tvígang verið valinn kvikmyndaleikari ársins hjá andfætlingum. Þrátt fyrir að hafa farið hamförum sem dragdrottningin Mitzi Del Bra í gæðakvikmyndinni The Adventures of Priscilla, Queen of the Desert varð nafn Weaving ekkert þekktara. Hann hélt sig heima hjá börnunum sínum tveim og eiginkonu sinni til tveggja ára. Var ekkert að hreykja sér af eigin árangri.

Þrátt fyrir ófá gylliboð hélt Weaving tryggð við heimalandið, talaði inn á svínamyndina Babe og lék stórt hlutverk í sjónvarpsmynd um lögreglukonuna Halifax. Hann stóðst hins vegar ekki freistinguna þegar Wachowski-bræðurnir buðu honum hlutverk í framtíðarmyndinni The Matrix. Weaving gat heldur ekki setið á sér þegar Peter Jackson bauð honum hlutverk álfakonungsins Elrond í Hringadrottinssögu og sér væntanlega ekki eftir því.



**HUGO WEAVING** Leikur hans sem „lögreglufulltrúinn“ Smith í Matrix-þríleiknum kom andlitinu á kortið en nafnið þekkja þó færri.

## > Ekki missa af...

Match Point eftir Woody Allen. Gamli karlinn er í miklu stuði að þessu sinni og teflir fram áhugaverðum persónum og flottum samtölum í sinni bestu mynd til margra ára. Það er einnig ánægjuleg tilbreyting að Allen skuli yfirgefa Manhattan og láta söguna eiga sér stað í London en borgin er skemmtilegur bakgrunnur fyrir þessa dramatísku ástar- og framhjáhaldssögu sem endar með ósköpum.





**TRISTAN & ISOLDE** Riddarar, prinsessur og kóngar spila stóra rullu í kvikmyndinni Tristan & Isolde sem leikstýrt er af Kevin Reynolds.

# Ástir og örlög riddarans

Væntanlega hefur það ekki farið framhjá neinum að riddaramyndin Tristan & Isolde verður frumsýnd nú um helgina. Leikstjórinn Kevin Reynolds er væntanlegur til landsins og þá leikur athafnamaðurinn Jón Ólafsson prest í myndinni.

Reynolds er á kunnuglegum slóðum en hann gerði einmitt Robin Hood: Prince of Thieves með Kevin Costner áður en slettist uppá vinskapinn með þeim við gerð myndarinnar Waterworld. Sögusviðið er miðaldir en eftir fall Rómaveldis er barist um hvern landskika. Írski konungurinn Donnchadh heldur enskum herjum við efnið með stöðugum árásum á meðan aðalsmaðurinn Marke vill sameina England undir einni stjórn. Með riddarann Tristan í fararbroddi reynir Marke að fá smálöndin til að láta af árásum sínum en í einni árásinni særist Tristan illilega og er skilinn eftir í blóði sínu. Írska þokkagyðjan Isolde kemur og hjúkrar honum og verndar fyrir mönnum Donnchadh. Þrátt fyrir heitar ástríður neyðist Tristan til að snúa aftur heim og keppir þar fyrir hönd konungs síns um dóttur hins illa Donnchadh en hjúskapnum er ætlað að lægja öldurnar í stríðshrjáðu landi. Tristan til mikillar skelfingar reynist dóttirin vera draumastúlkan Isolde og riddarinn er því fastur milli steins og sleggju.






**V** Þessi rómantíski hryðjuverkamaður berst fyrir betri heimi með ofbeldi, vitnar í Shakespeare á meðan hann drepur útsendara yfirvalda og sprengir byggingar upp með forleik Tsjaíkovskís að 1812 í botni.

# Stjórnleysingi gengur laus

**Bretland er fasískt einræðisríki þar sem þegnunum er haldið niðri með ógnarstjórn. Grímuklæddi hryðjuverkamaðurinn V rís upp gegn ofríkinu og berst einn síns liðs fyrir betri heimi um leið og hann hefnir persónulegra harma.**

Myndasöguhöfundurinn Alan Moore er mikill snillingur á sínu sviði og af öllum þeim aragrúa myndasagna sem eftir hann liggja nægir að nefna From Hell, The League of Extraordinary Gentlemen og V for Vendetta. Allt eru þetta magnaðar bækur sem eiga það sameiginlegt að hafa verið kvikmyndaðar með æði misjöfnum árangri.

The League var beinlínis vond mynd, From Hell slarkfær en afleit sem aðlögun á sögu Moores að hvíta tjaldinu. Moore hefur því verið átakanlega óheppinn hvað samskipti við Hollywood varðar og beiskjan og döpur reynslan varð til þess að hann afneitaði kvikmyndagerð V for Vendetta alfarið og kærir sig ekki um að nafn sitt sé tengt þessari nýjustu framleiðslu Matrix-bræðranna Andy og Larry Wachowski. Þetta má heita kaldhæðnislegt í ljósi þess að V for Vendetta er enn sem komið er langbesta bíóúrvinsla á verkum Moores.

Wachowski-bræður skrifa handritið en fengu James McTeigue, sem vann með þeim við gerð The Matrix þríleiksins, til þess að leikstýra. V for Vendetta er fyrsta leikstjórnarverkefni McTeigue og það er óhætt að segja að hann hafi staðist eldskírnina þar sem aðdáendur Moores mega vel við una. Pirringur Moores er þó jafnframt vel skiljanlegur þar sem ýmsu er breytt og öðru sleppt.

Moore byrjaði að skrifa V for Vendetta öskureiður árið 1981 þegar hann hafði fengið sig fullsaddan af lífinu í Bretlandi undir stjórn Margrétar Thatcher.

Bretland er orðið fasistaríki þar sem þegnarnir lifa í stöðugum ótta við yfirvöld sem fylgjast með öllu að hætti Stóra bróður Orwells og vandræðagemlingar eru látnir hverfa sporlaust.

Hryðjuverkamaður sem gengur undir nafninu V rís einn síns liðs upp gegn ofríkinu og gerir yfirvöldum lífið leitt með sprengjuárásum og morðum á háttsettum embættismönnum. Leiðir hans og stúlkunnar Evey Hammond liggja saman og hún fær að kynnast manninum á bak við grímuna, hugsjónum hans og reiðinni sem keyrir hann áfram. Það þarf svo ekki að fjölyrða um hversu mikil áhrif þessi uppbyggilegi félagsskapur hefur á óharðnaða stúlkuna.

Handritshöfundarnir halda anda Moores með því að leggja ríka áherslu á samtímaádeilu frekar en hraðann og lætin sem einkenndu The Matrix.

thorarinn@frettabladid.is

# Glaðir vorvindar hjá Hitler

Max Bialystock var eitt sinn kóngurinn á Broadway og framleiddi metsölusýningar á færibandi. Nú gengur hins vegar allt á afturfótunum og hver söngleikurinn á fætur öðrum er hrakinn af sviðinu eftir frumsýningu. Þegar allt er komið í öngstræti kynnist hann Leo Bloom, endurskoðanda sem gaukar að honum pottþéttri svikamyllu. Þeir afla mun meira fjár fyrir stóra sýningu en þörf krefur og hyggjast hirða afganginn þegar hún fer á hausinn. Bialystock fær nasistaforingjann Franz Liebkind til að skrifa fyrir sig söngleik sem nefnist Springtime for Hitler eða Það vorar hjá Hitler. Sænska ofurbomban Ulla er ráðin til að setja punktinn yfir i-ið og þegar Liebkind býðst til að leika aðalhlutverkið getur ekkert farið úrskeiðis. Kraftaverk gæti ekki komið í veg fyrir dauðadóm sýningarinnar en það er hins vegar ekki hægt að spá fyrir um smekk fólks.

Matthew Broderick, Nathan Lane, Will Ferrell og Uma Thurman leika aðalhlutverkin í þessari nýjustu gamanmynd Mel Brooks. The Producers þykir sýna að Brooks er ekki dauður úr öllum æðum og þótti sýna mikið hugrekki þegar hann fékk Susan Stroman til að leikstýra fyrir sig en hún nýtur mikillar virðingar meðal söngleikjafólks á Broadway.



**LIEBKIND, BIALYSTOCK OG BLOOM** Hyggjast græða á vonlausum söngleik.



Sigtið
fim
kl. 21
Sjónvarpsmaðurinn Frímann Gunnarsson leitast við að dýpka skilning áhorfenda á lífinu í nýjum þætti á fimmtudögum klukkan 21.
ENNEMM / SIA / NM20808

# *Ég hringi í þig frá tunglinu*

Geimdrottningin **Natalie Portman** situr í hásæti bandaríska bíólistans sem bresk táningsstúlka undir oki fasistastjórnar í myndinni V for Vendetta. *Birgir Örn Steinarsson* hitti hana í London.

Hún horfir beint í augun á mér þegar hún gengur inn í herbergið. Hugsanlega er það vegna frönsku sjóliðapeysunnar sem ég er í. Ég þori að minnsta kosti ekki að leyfa mér að hugsa neitt annað. Natalie Portman er ein af þessum kvenverum sem allir verða ástfangnir af strax eftir „halló“. Hún lítur nákvæmlega jafn glæsilega út í þrívídd og hún gerir í tvívídd kvikmyndatjaldsins. Guð átti góðan dag þegar hann hannaði þetta eintak af kvenstofninum.

Hún er svartklædd frá toppi til táar, í þröngum jakka og buxum. Líklegast í stíl við myndina sem hún er í vinnunni fyrir þennan dag.

Hár hennar er nokkuð stutt, enda tæpt ár síðan hún krúnurakaði sig fyrir hlutverk sitt í V for Vendetta, þar sem hún leikur unga mær í London framtíðarinnar þegar öfgasinnaður hægri kristnitrúarflokkur hefur breytt Bretlandi í fasistaríki.. Athöfnin sjálf, þegar Natalie fórnaði lokkunum, er reyndar í myndinni sjálfri.

Natalie sest í sætið sitt, hallar sér fram á borðið og býr sig undir spurningaflæðið sem ég og örfáir aðrir blaðamenn erum í þann mund að hella yfir hana. Hún rennir augunum yfir borðið sem við sitjum við til þess að lesa á nafnspjöld okkar. Hún stoppar á mínu og spyr: „Ó, ertu frá Íslandi?“

Svo sannarlega, en hvaðan ert þú?

„New York, en upprunalega frá Ísrael. Ég er einmitt búin að fara á nokkra tónleika Sigur Rósar upp á síðkastið. Ég er rosalega hrifin af henni og er rosalega spennt fyrir því að koma til Íslands í heimsókn.“

Jamm, þú getur komið og dansað á þröngum skemmtistöðum með frábærri tónlist og brjáluðu fólki.

„Mér finnst jafn gaman að fara út og skemmta mér eins og næstu stelpu. En þegar ég er að vinna hef ég ekki orku til þess að vinna og skemmta mér. Ég var að klára mynd núna á Spáni og þar kann fólkið þetta, að vinna og fara svo út að skemmta sér!“

Já, en það er bara vegna þess að þeir hafa síesta, og ná að blunda yfir daginn.

„Já, en ekki þegar þeir vinna að kvikmyndum. Þau unnu allan daginn án blunds og fóru svo út að skemmta sér á kvöldin. Þeir hafa líka sérstakt sagnorð fyrir svoleiðis daga.“

Nei, þetta byrjar sko alls ekki illa.

### Heimsfræg frá barnæsku

Natalie Portman var uppgötvuð á pizzastað af starfsmanni fyrirsætuskrifstofu þegar hún var aðeins ellefu ára gömul. Þannig komst hún beint í kvikmyndaprufur og var komin með hlutverk í kvikmynd franska leikstjórans Luc Besson nokkrum vikum síðar. Þar lék hún smástelpu sem flýr undir verndarvæng leigumorðingja að nafni Leon. Einhverjum fannst sumar senurnar í þeirri mynd sýna stelpuna sem kynveru, þrátt fyrir að hún hafi þá ekki haft kynþroska. Auðvitað hefur hún verið heimsfræg síðan þá. Eftir það tók hún að sér mun barnalegra hlutverk í Stjörnustríðsmyndunum.

Þú ert búin að vera heimsfræg alveg frá því að þú varst þrettán ára. Líður þér einhvern tímann eins og þú hafir misst af því tækifæri að vita hvað „eðlilegt líf“ er?

„Nei. Mér finnst ég hafa verið ótrúlega heppin með að foreldrar mínir hafi alltaf búið á Long Island í New York, sem er frekar „venjulegt“ úthverfi í stórborg. Það er að minnsta kosti betra en að alast upp í Hollywood. Ég fór í venjulegan skóla eins og allir aðrir og svo beint í Harvard. Þess vegna á ég stóran hóp af vinum og fjölskyldu sem eru alltaf til staðar fyrir mig. Ég elska þau og þau elska mig. Ég þrái samt alltaf að geta hitt einhverja vingjarnlega ókunnuga manneskju og vita að hún veit ekki hver ég er. Það er bara svo frábært þegar maður rekst á einhvern úti á götu og sá hinn sami er vingjarnlegur að fyrra bragði. Stundum gerist það, en mig grunar alltaf að fólk sé bara svona vingjarnlegt af því að það kannast við andlitið á mér. Ég eyðilegg þetta stundum fyrir sjálfri mér bara vegna þess að mig grunar það, en þetta er samt notaleg tilfinning.“

### Ákvað tíu ára að vera leikkona

Þú hefur ekki alltaf verið jafn viss um að vilja enda sem leikkona, er það?

„Það er svolítið skrítið fyrir mig að hugsa um þetta núna, vegna þess að venjulega prufar fólk ýmislegt áður en það uppgötvar hvað það vill verða. Ég vissi hvað ég vildi vera þegar ég var tíu ára og byrjaði strax þá að fara í leiklistarprufur í New York. Ég náði árangri strax á þeim aldri, sem er bara heppni, held ég. Svo þegar ég var unglingur fór ég auðvitað að velta því fyrir mér hvað ég hefði orðið ef ég hefði ekki farið í þessar prufur svona ung. Hefði ég þá orðið eitthvað annað? Ég hef auðvitað hugleitt að vinna við aðra hluti og mig langar ennþá til þess að prófa það. Kannski geri ég það einn daginn, en mér finnst bara svo gaman að leika.“

Hvað annað myndir þú vilja starfa við?

„Guð, nei, ég ætla ekki að segja þér það. Ein mikilvægasta regla sem ég hef lært af áralangri reynslu af blaðaviðtölum er að tala aldrei um þá hluti sem mig langar til að gera fyrr en ég geri þá. Fólk á það stundum til að gera mér lífið leitt bara vegna þess að ég sagðist vilja gera eitthvað einhvern tíma en skipti svo um skoðun. Einu sinni sagðist ég vilja verða geimfari og fólk er ennþá að stríða mér á því, þannig að núna segi ég ekki orð þangað til ég er búin að framkvæma. Ég hringi í ykkur frá tunglinu!“

### Með eða á móti hryðjuverkum?

V for Vendetta er gerð eftir samnefndri myndasögu sem snillingurinn Alan Moore og teiknarinn David Lloyd gerðu saman fyrir rúmum tuttugu árum síðan. Hún er líka ein besta myndasaga allra tíma.

„Evey býr í ímyndaðri London framtíðarinnar,“ svarar Natalie þegar hún er beðin um að kynna okkur fyrir persónu sinni. „Hún og félagar hennar búa undir einræðisstjórn sem er ekkert endilega óþægileg. Fólk býr við efnisleg þægindi en hefur ekki frelsi. Þannig er fólk deyft til að sætta sig við einræði. Hún flækist inn í byltingu eins manns og verður fyrir miklum andlegum breytingum. Ég heillaðist mjög af þróun hennar frá manneskju sem trúir ekki á notkun ofbeldis til persónu sem trúir því að beiting þess sé nauðsynleg til að öðlast frelsi. Evey er í byrjun blind fyrir því hvernig hægt er að nota ótta til að vernda okkur frá því að gera hluti sem skaða okkur, eða skaða annað fólk. Að losa sig við allan ótta er ekki gott. En það er nokkuð sem fólk gerir til þess að vera reiðubúið til þess að deyja fyrir land sitt, eða málstað. Hvort sem þú ert hermaður í stríði eða einhver sem fórnar lífi sínu í hryðjuverkaárás.“

Hefur þetta hlutverk þá hjálpað þér að skilja, eða sætta þig meira við, málstað þeirra sem gera slíkt?

„Nei, ég get ekki sagt að ég sætti mig við það. Ég held að skilningur minn á spurningunum og öllum mismunandi svörunum við þeim hafi hlaðið utan á sig. Ég hef eytt svo miklum tíma á síðustu árum í því að velta þessu öllu fyrir mér, sérstaklega þar sem ég er fædd í Ísrael og ólst upp í New York. Þetta eru erfiðar spurningar sem yfirleitt eru engin svör við. Maður getur sannfært sjálfan sig um að ofbeldi sé nauðsynlegt, en svo segir samviskan þér eitthvað annað og manni líður enn eins og það sé ekki rétt. Það er akkúrat það sem ég elska við þessa mynd. Maður fylgir persónunni í gegnum alla söguna en svo í endann, þegar kemur að lokatriðinu, fær maður í magann. Maður innbyrðir allar upplýsingarnar og hugmyndafræðina en er samt hálf ringlaður. Þannig á það líka að vera. Fólk á að upplifa þennan endi á mismunandi hátt.“

Hvernig var að þurfa að raka af sér allt hárið?

„Senan þar sem hárið var rakað af mér er sú eina þar sem ég hef aðeins haft eitt tækifæri til henni að ná rétt, það var auðvitað ekki hægt að taka hana aftur. Það var það erfiðasta. Yfirleitt getum við alltaf skotið atriðið einu sinni enn. Annars var þetta alveg yndislegt. Það færði mér aukinn tíma til þess að fylgjast með því sem var að gerast innra með mér í stað þess að þurfa að hugsa eins mikið um útlitið.“

Eins og hún þurfi þess nokkurn tímann? ■



**NATALIE PORTMAN** „Ég vissi hvað ég vildi vera þegar ég var tíu ára og byrjaði strax þá að fara í leiklistarprufur í New York.“
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



## KVIKMYNDASTJARNA FRÁ 13 ÁRA ALDRI

● Natalie Portman er fædd 8. júní 1981 í Jerúsalem. Hún heitir réttu nafni Natalie Hershlag.

| | |
|---|---|
| **1994** | **Léon** í leikstjórn Luc Besson. |
| **1995** | **Everyone Says I Love You** í leikstjórn Woody Allen. |
| **1996** | **Mars Attacks!** í leikstjórn Tim Burton. |
| **1999** | Lék í seinni **Stjörnustríðs** þríleik George Lucas. |
| **2000** | **Anna Frank** á sviði í New York. |
| **2003** | Lék í Óskarsverðlaunamyndinni **Cold Mountain** í leikstjórn Ang Lee. |
| **2004** | **Closer** í leikstjórn Mike Nichols. Fékk Golden Globe fyrir leik sinn og tilnefningu til Óskarsverðlauna. |
| **2006** | **V for Vendett**a eftir Wachowski-bræður. |




AIRBRUSH

námskeið - EKKI missa af þessu!

Helgarnámskeið með einum virtasta förðunarmeistara heims, Ralph Siciliano. Einstakt tækifæri til að kynnast töfrum airbrush tækninnar. Innifalið í námskeiðsgjaldi eru kennslugögn og veglegur vörupakki: - Kennsla í tvo daga

- Loftpressa með höldu fyrir airbrush penna.
- Airbrush penni með skál að ofan.
- 12 litir af S/B farða (1 oz)
- Kinnalitir og skygging, start pakki
- S/B hreinsir
- S/B Primer
- Airbrush rakakrem
- Dura litir, 8 litir í pakka, Primary, skintone,shimmer.

Verð: 98.000 kr. Hámark 12 þátttakendur. Skráning í síma 565-2300 eða **skoli@rifka.is**
Skoðið: www.temptu.com; www.ralphsiciliano.com; www.rifka.is

**Förðunarskóli rifka,**
Hjallabrekku 1, 200 Kópavogi.

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

og vodafone Heyrumst!

Coke

ÞITT ATKVÆÐI TELUR

# AMERÍSKT POPP, ROKK OG KÁNTRÍ

4 manna úrslit í Idol-Stjörnuleit – föstudagur kl. 20:30 og 22:30









GOTT FÓLK McCANN



## Algert lostæti

...skerðu niður ferskan ananas og borðaðu alltaf þegar þig langar í eitthvað gómsætt.

# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

## MATGÆÐINGURINN ÍSLEIFUR B. ÞÓRHALLSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI IFF

# Forðast slys í eldhúsinu



**Hvaða matar gætir þú síst verið án?** Mér finnst allur fiskur góður og sushi er algjör yfirburðamatur í mínum huga enda borða ég ekki kjöt nema bara kjúkling.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið?** Ég hef borðað sushi úti um allan heim en það besta fékk ég á stað í Los Angeles sem heitir Blowfish.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?** Það er ótrúlega mikið af mat sem mér finnst vondur. Rautt kjöt er algjör viðbjóður og það er einhver misskilngur að þetta sé gott.

**Leyndarmál úr eldhússkápunum?** Ég reyni bara að slasa mig ekki enda hálfgerður hrakfallabálkur í eldhúsinu, kann ekki einu sinni að sjóða egg.

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?** Nammi og eitthvað fitandi, helst popp eða snakk. Þar sem ég er bíófíkill fer það ótrúlega vel saman við poppfíkn mína.

**Hvað áttu alltaf í ísskápnum?** Ég á alltaf til sojamjólk, ávexti og grænmeti.

**Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvaða mat tækir þú með þér?** Hrísgrjón og wasabi því það væri eflaust fiskur í sjónum sem umlykur eyjuna. Ég gæti þá búið mér til mitt eigið sushi.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?** ,Ég held að það sé ekki nokkur matur sem slái út íslenskan þorramat. Súrir hrútspungar og augu? Er eitthvað skrýtnara en það?

## FAXE AMBER:

# *Ný klæði hátíðarbruggsins*




Faxe Amber hefur notið síaukinna vinsælda á Íslandi eins og fleiri bjórar frá Faxe. Nýverið breyttist útlist dósanna en innihaldið er það sama og fyrr. Faxe Amber er hátíðarbrugg sett á markað í tilefni af 100 ára afmæli Faxe Bryggeri AS.

Í Danmörku heitir bjórinn Faxe Classic. Lengi vel gátu menn aðeins fengið þennan bjór af krana á dönskum veitingastöðum en hann var settur á flöskur og dósir í tilefni afmælisins. Má segja að hann hafi slegið í gegn um leið. Þetta er rauðgulbrúnn bjór með lykt af sætu og humlum sem er ekki of mikil. Bragðmeiri bjór en venjulegur lagerbjór, þægilega beiskur og fylltur án þess að vera neitt uppáþrengjandi né sætur. Bestur svolítið kældur.

Fyrir þá sem eru orðnir leiðir á venjulegum lagerbjór er Faxe Amber tilvalinn tilbreyting!

*Verð í Vínbúðum 179 kr. í 50 cl dós.*






ÚLFAR EYSTEINSSON Ólst upp í Hafnarfirði og hafgolan blés á hann allan ársins hring. FRÉTTABLAÐIÐ/ VILHELM

# Ensk steiking númer tvö

**Þótt Úlfar Eysteinsson borði fisk ellefu sinnum í viku fær hann aldrei nóg. Ommelettuýsa er að hans sögn tilvalin fyrir þá sem vilja tilbreytingu frá hádegissoðningunni sígildu.**

„Mér finnst stundum gott að taka ýsuflak, eða sporð, velta honum upp úr hveiti, svo eggi og steikja hann á pönnu,“ segir Úlfar Eysteinsson, veitingamaður á Þremur frökkum við Baldursgötu. „Þannig fæ ég ommelettu utan um fiskinn.“

Úlfar segir þetta vera gamla matreiðsluaðferð sem nefnist ensk steiking númer tvö. „Börn elska þennan rétt, fiskurinn er svo safaríkur og góður. Þetta er ofureinfalt í matreiðslu, það eina sem þarf að gæta að er að steikja fiskinn ekki við of háan hita því ef hann er of mikill kemur of sterkt bragð af egginu. Gætið líka að krydda eggin ekki, þá detta þau í sundur. Kryddið fiskinn bara á pönnunni. Ég er ósköp einfaldur og nota bara salt og pipar og kreisti sítrónu yfir í lokin, en kryddið fer auðvitað eftir smekk.“

Úlfar kveðst borða fisk að jafnaði ellefu sinnum í viku og fær aldrei nóg. „Ég er Hafnfirðingur í húð og hár þannig að hafgolan blés á mig allan ársins hring. Við strákarnir vorum alltaf niðri á höfn að dorga og stundum gáfu trillukarlarnir okkur í soðið. Það var ekkert bannað í þá daga. Fiskur er líka góður í maga og auðmeltur. Maður er kominn í gott stuð klukkustund eftir að hafa borðað.“

**ENSK STEIKING NÚMER TVÖ**

**1 ýsuflak eða sporður**
**1 egg**
**hveiti**
**salt og pipar**

Veltið fiskinum upp úr hveiti. Pískið eggið og veltið fiskinum upp úr. Steikið fiskinn á pönnu við lágan hita þar til hann verður fallega gylltur á hvorri hlið. Kryddið fiskinn með salti og pipar þegar hann er á pönnunni. Berið fram með kartöflum og hvítlauksbrauði. Líka er gott að hafa kokkteilsósu eða remúlaði með.

bergsteinn@frettabladid.is

## AFRÍKUDAGAR:

# *Helstu þrúgur Suður-Afríku*



Lengi var chenin blanc / steen mikilvægasta hvíta þrúgan í Suður-Afríku. Úr henni voru gerð ódýr hvítvín, freyðivín, auk þess var hún eimuð í brandí. Síðustu ár hefur chenin blanc verið að hefjast aftur til virðingar sem hvítvínsþrúga og tilraunir eru gerðar með ýmsar útfærslur, sæt og þurr vín, óeikuð eða eikarþroskuð. Tvímælalaust sú hvíta þrúga sem helst getur markað Suður-Afríku sérstöðu.

Eins og víðast annars staðar eru gerð góð (eða misgóð) vín úr chardonnay í Suður-Afríku. Vínið finnst í öllum stílum, þurr og létt upp í þung og eikuð.

Sauvignon blanc er þrúga sem, kannski nokkuð óvænt, nær að sýna sýnar bestu hliðar í svalari héruðum Suður-Afríku. Suður-afrískt sauvignon hefur skýr þrúgueinkenni. Ódýrari sauvignon vilja verða grösug og missa að einhverju leyti hreinleikann.

Cabernet Sauvignon hefur sannað sig í Suður-Afríku. Framúrskarandi vín eru einkum gerð í svalari strandhéruðum, t.d. Stellenbosch og í Paarl. Cabernet er oft blandað með öðrum þrúgum, t.d. merlot eða cabernet franc.

Pinotage, þessi eilítið grófi og ágengi blendingur pinot noir og cinsault er einkennisþrúga Suður-Afríku. Mörg bestu vínin hafa afgerandi brenndan eða sviðinn keim en um leið heitan og kröftugan ávöxt. Ódýr pinotage getur valdið vonbrigðum.

Syrah/Shiraz virðist geta orðið besta rauða þrúga Suður-Afríku. Heitt loftslag tryggir þrúgunum góðan þroska. Svalari héruð geta framleitt syrah nær frönskum stíl, en heitari héruð liggja nær áströlskum shiraz, þótt loftslagið sé ekki einrátt, heldur hafi vínger ðarmaðurinn meira um niðurstöðuna að segja.

## FLEUR DU CAP:

# Afrískur víngerðarmannadraumur



Suður-afrísk vín sækja fram með hverju árinu en aðeins tíu ár eru síðan þau urðu almennt fáanleg á Vesturlöndum eftir að viðskiptabanninu vegna kynþáttaaðskilnaðarstefnunnar lauk.

Undanfarin ár hafa nokkur suður-afrísk vín fengist hér á Íslandi og hafa þau fengið mjög góðar viðtökur og verið á góðu verði, sérstaklega hafa nokkurra ára gömul þroskuð vín verið á hagstæðu verði.

Flest suður-afrísk vín eru það sem kallað er „víngerðarmannadraumur“, það er vín sem eru blönduð af ýmsum ekrum og bera sterk einkenni víngerðarmannanna. Fleur du Cap er þar engin undantekning.

Framleiðandi Fleur du Cap er Bergkelder, sem þýða má sem „Fjallakjallarinn“, og er það eitt elsta og helsta húsið í Suður-Afríku. Helsta stolt fyrirtækisins er móðurekran þar sem vínviður er ræktaður og ræturnar fluttar til vínbænda í strandhéruðum Höfðastrandar. Besta uppskera þeirra vínekra er síðan notuð í vín Bergkelder og fer vínframleiðslan fram í bænum Stellenbosch í einu tæknivæddasta vínhúsi sem finnst á suðurhvelinu.

Þroskaferlið fer fram í kjöllurum og hellum þar sem hiti og raki er stöðugur. Vínið er síðan flutt í flöskukjallara þar sem það er geymt þar til réttum aldri er náð.



**Fleur du Cap Merlot**
Vínið hefur hlotið verðlaun nýlega á tveimur stórum vínsýningum í Kanada, á Intervin og á Ottawa Food and Wine Show. Þessi verðlaun eru mikill heiður fyrir víngerðarmanninn, Coenie Snyman. Þetta verða að teljast mjög góð kaup.

*Kynningarverð á afrískum dögum 1.160 kr.*



**Fleur du Cap Chardonnay**
Vínið er að hluta til látið þroskast í tunnum og að hluta í tönkum. Það er ávaxtaríkt og fremur fínlegt og á að drekka það frekar ungt.

*Kynningarverð á afrískum dögum 1.090 kr.*

## VEITINGASTAÐURINN

**VOX**
Á NORDICA HÓTEL
SUÐURLANDSBRAUT 2.



# *Betri sunnudagar*

**Hvernig er stemningin:** Það er skemmtilegt að heimsækja veitingastaðinn Vox. Veitingastaðurinn sjálfur er smekklega innréttaður þar sem látlaus húsgögn sóma sér vel innan um dökkbrún viðarborð, nýtískuleg gluggatjöld og fallega lýsingu þar sem ljósabúnaður fær að njóta sín. Á virkum dögum og um helgar er veitingastaðurinn hefðbundinn sælkerastaður með kjöt-, fisk-og grænmetisréttum. Klukkan 11.30 á sunnudagsmorgnum breytist Vox í aðalbrunch staðinn í bænum þar sem veitingarnar eru hjúpaðar sírópi og öðrum huggulegheitum. Staðinn sækja allar týpur, allt frá unglingum upp í eldri borgara enda er þetta frábær leið til að gefa sunnudeginum meiri fyllingu og ómælda skemmtun yfir girnilegum kræsingum.

**Matseðillinn:** Boðið er upp á glæsilegt hlaðborð. Hægt er að fá allan hefðbundinn mat eins og ristað brauð með osti og sultu, rúnstykki, ferska ávexti og kalkúnaskinku. Á hlaðborðinu sameinast Ameríka og Evrópa með þartilgerðum steiktum eggjum, pylsum, beikoni, steiktum kartöflum og jafnvel eggjaréttum. Fyrir þá sem vilja hefðbundna sunnudagssteik er þetta líka fínn kostur því boðið er upp á kjöt, kartöflur og brúna sósu. Fyrir þá sem vilja fara léttari leið er smart að fá sér tómatasalat, fullt af ávöxtum, lax, pestópasta og fleira í þeim dúr. Eftirréttirnir eru ómótstæðilegir, lostasúkkulaðimús og ferskir ávextir með bleikri sósu og rjóma. Með þessu er boðið upp á kaffi, te og ávaxtasafa.

**Vinsælast:** Egg og beikon stendur alltaf fyrir sínu en það fer einna mest af því ásamt ferskum ávöxtum.

**Verð:** Það kostar 2.300 krónur fyrir manninn. Börn 6-12 ára greiða hálft gjald en frítt er fyrir fimm ára og yngri.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ




NÝTT TÖLUBLAÐ KOMIÐ ÚT

BARNAHERBERGI – STAÐUR TIL
AÐ LEIKA OG LÆRA, SOFA OG DREYMA

ÁHRIF ÚR AUSTRI
STRAUMAR BERAST VÍÐA AÐ

ILMANDI HEIMILI | PÚÐAR OG PUNT

MATUR FYRIR ALLA ALDURSHÓPA

ÆVINTÝRAHEIMAR Á STRIGA
LÍNA RUT WILBERG MYNDLISTARMAÐUR



TRYGGÐU ÞÉR BLAÐIÐ Í ÁSKRIFT MEÐ 30% AFSLÆTTI Á AÐEINS 489 KR. EINTAKIÐ OG FÁÐU VEGLEGA GJÖF Í KAUPBÆTI

ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS




VEGGFÓÐUR. tímarit

fjörið … Fólk
folk@frettabladid.is

# Tónleikar til stuðnings Blátt áfram

Styrktartónleikarnir Rjúfum þögnina verða haldnir á Nasa í kvöld til stuðnings Blátt áfram-verkefninu. Fram koma hljómsveitirnar Leaves, Brain Police, Mammút, Margeir, Úlpa, Vínyll, Sólstafir, Lokbrá, Days of Our Lives og Ensími.

Það eru fimm nemendur í Kennaraháskóla Íslands sem standa fyrir tónleikunum. Eru þeir liður í útskriftarverkefni þeirra úr Tómstunda- og félagsfræðideild. Þeir játa að um óvenjulegt lokaverkefni sé að ræða en með tónleikunum hafi þeir viljað taka afstöðu gegn kynferðislegri misnotkun barna. Um leið hafi þeir viljað takast á við krefjandi lokaverkefni sem aldrei hafi verið gert áður. „Þetta tengist náminu því við munum vinna með brotnum börnum í framtíðinni og ýmsum vandamálum tengdum fjölskyldunni,“ segir Þórhallur Guðmundsson, einn af aðstandendum tónleikanna. Auk hans standa að tónleikunum þau Þröstur Sigurðsson, Stefán Arnarson, Guðlaug Ósk Pétursdóttir og Nanna Katrín Kristjánsdóttir. „Það er mikilvægt að ýta undir þessa umræðu. 17 prósent barna undir átján ára eru misnotuð og 60 prósent barna undir átján ára tilkynna ekki um slíka misnotkun strax eftir að hún á sér stað,“ segir Þórhallur.

Auk hljómsveitanna sem koma fram í kvöld verður tískusýning frá Top Shop á vegum fyrirsætuskrifstofunnar Eskimo Models. Húsið opnar stundvíslega klukkan 19.30 og er aðgangseyrir 800 krónur.

Þeir sem vilja kaupa armband merkt Blátt áfram og styrkja þannig verkefnið enn frekar greiða 1.000 krónur. - fb



**ÚTSKRIFTARNEMAR** Frá vinstri: Þröstur Sigurðsson, Þórhallur Guðmundsson og Stefán Arnarson, sem standa fyrir tónleikunum ásamt Guðlaugu Ósk Pétursdóttur og Nönnu Katrínu Kristjánsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Ísland síðast á svið

Eins og greint var frá í gær stígur Silvía Nótt síðust á svið í undankeppni Eurovision sem fram fer 18. maí í Grikklandi. Verði hún meðal tíu efstu kemst sjónvarpsdívan áfram í aðalkeppnina laugardaginn 20. maí.

Samkvæmt kenningum Eurovision-sérfræðinga kemur það Íslandi til góða að vera aftarlega í röðinni en gæti líka orðið okkar versti óvinur. Allra síst þykir að vera fremstur í röðinni því áhorfendur eru oft að koma sér fyrir á meðan fyrstu lögin renna í gegn. Það telst kostur að vera um miðbik keppninnar enda sitja margir þá sem fastast en einhverjir hljóta að vera orðnir þreyttir þegar 22 misgóð dægurlög hafa hljómað í eyrunum. Þess vegna gæti það reynst okkur dýrkeypt að syngja síðust en á móti kemur að síðasta lagið gæti verið mörgum í fersku minni.



**HELENA PAPARIZOU** Vann keppnina í fyrra með laginu My Number One.

Fjölmörg austantjaldslönd taka þátt í keppninni en ófáir hafa haldið því fram að með tilkomu þeirra sé nánast ógjörningur að komast upp úr undanriðlinum. Armenía, Búlgaría, Slóvenía, Makedónía, Pólland, Rússland, Litháen, Eistland og Bosnía og Hersegóvína eru öll lönd sem koma frá þessu svæði. Það er þó líklega bara enn ein afsökunin fyrir slæmu gengi okkar.

Armenía hefur leikinn og er Andre fulltrúi þeirra. Á undan okkur er Bosnía og Hersegóvína en það er hjartaknúsarinn Hari Mata Hari sem syngur um Nightingale frá Sarajevo. Ein breyting verður á útsendingu RÚV frá því í fyrra en tilkynnt hefur verið að Sigmar Guðmundsson, Gettu Betur-spyrill, leysir Gísla Martein af hólmi en hann hefur lýst keppninni undanfarin ár með miklum tilþrifum. ■



**SILVÍA NÓTT** Stígur síðust á svið í undankeppninni á Grikklandi fimmtudagskvöldið 18. maí.

# Röð laga skiptir máli

Íslenskir þátttakendur hafa átt misjöfnu gengi að fagna undanfarin ár. Eitthvað virðast Evrópubúar tregir til að skilja íslenska poppmenningu en kannski skiptir ekki minna máli hvar í röðinni við lendum til að flytja lagið. Árið 2001 stigu Two Tricky á stokk í Parken með lagið sitt Angel en þeir voru aðrir í röðinni. Lagið fékk enga kosningu þrátt fyrir að hafa verið óvenju vel kynnt. Ári síðar var komið að Birgittu Haukdal sem var fyrst á svið. Open Your Heart mæltist vel fyrir og hafnaði söngkonan í tíunda sæti. Jónsi vildi gjarnan hafa fetað í fótspor hennar þegar hann fór á sviðið að sextán keppendum loknum en eins og svo oft áður virtust aðrir íbúar álfunnar ekki vera hrifnir og nítjánda sætið því staðreynd. Selma Björns var því fyrst Íslendinga sem fór í undankeppnina, hún var númer tíu í röðinni en komst ekki upp úr „riðlinum“.



**RÖÐ LAGA Í AÞENU**

1. Armenía
2. Búlgaría
3. Slóvenía
4. Andorra
5. Hvíta-Rússland
6. Albanía
7. Belgía
8. Írland
9. Kýpur
10. Mónakó
11. Makedonía
12. Pólland
13. Rússland
14. Tyrkland
15. Úkraína
16. Finnland
17. Holland
18. Litháen
19. Portúgal
20. Svíþjóð
21. Eistland
22. Bosnía og Herzegóvína
23. ÍSLAND






# Tilboð

## ...allt fyrir augun




Augun eru spegill sálarinnar og nú um háveturinn er afar mikilvægt að vernda augnsvæðið.

Lancôme býður upp á maskaraöskjur með svörtum maskara, Primordiale augnkremi 5 ml í túpu og Bi-Facil augnhreinsi 30 ml. Öskjurnar eru fáanlegar með Amplicils, Définicils, Flextencils og Hypnôse.

**Verð kr. 2.140.-**
**Verðmæti kr. 3.900.-**

Útsölustaðir LANCÔME
um allt land.




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| BIG MOMMA'S HOUSE 2 | kl. 3.40, 5.45, 8 og 10.15 |
| BIG SÝND Í Í LÚXUS | kl. 3.40, 5.45, 8 og 10.15 B.I. 14 ÁRA |
| RENT | kl. 10 B.I. 14 ÁRA |
| YOURS MINE AND OURS | kl. 4 og 6 |
| PINK PANTHER | kl. 3.45, 5.50, 8 og 10.10 |
| NANNY MCPHEE | kl. 3.40 og 5.50 |
| WALK THE LINE | kl. 8 og 10.45 B.I. 12 ÁRA |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| BIG MOMMA'S HOUSE 2 | kl. 5.50, 8 og 10.10 |
| RENT | kl. 5.20 og 8 B.I. 14 ÁRA |
| CAPOTE | kl. 8 B.I. 16 ÁRA |
| BROKEBACK MOUNTAIN | kl. 10.40 B.I. 12 ÁRA |
| CONTANT GARDENER | kl. 5.30 og 10.20 B.I. 16 ÁRA |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| PINK PANTHER | kl. 8 |
| BIG MOMMA'S HOUSE 2 | kl. 6, 8 og 10 |
| YOURS, MINE & OURS | kl. 6 |
| RENT SÍÐUSTU SÝNINGAR. | kl. 10 B.I. 14 ÁRA |

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

Dolby SDDS THX BÍÓ.IS – allt á einum stað















**LÁRA** Tónlistarkonan knáa heldur tónleika á Stúdentakjallaranum í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/

# Lára með tónleika

Tónlistarkonan Lára Rúnarsdóttir heldur tónleika á Stúdentakjallaranum í kvöld með nýrri hljómsveit sinni.

Lára gefur út sína aðra sólóplötu í næsta mánuði undir merkjum Dennis Records. Á plötunni verða tólf frumsamin lög og textar eftir Láru, sem eru flutt af henni og þeim Berki Hrafni Birgissyni, Daða Birgissyni, Kristni Snæ Agnarssyni og Pétri Sigurðssyni.

Lára segir að platan sé þroskaðra verk en fyrsta plata hennar, Standing Still, sem kom út árið 2003. „Ég hafði mjög mótaðar hugmyndir þegar ég fór í stúdíóið og þótt hún hljómi öðruvísi en ég átti von á þá er þetta fínt framhald," segir Lára.

Söngvarinn vinsæli Damien Rice syngur sem gestur í einu lagi á plötunni. „Ég var að hita upp fyrir hann og þá myndaðist vinátta. Síðan bað ég hann um þetta og hann sagði já," segir hún. „Þetta er rólegt og tilfinningaríkt lag og hann bætir ennþá meira við það. Hann er mjög heilsteyptur náungi og er ekkert að láta frægðina stíga sér til höfuðs."

Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 21.00 og kostar 500 krónur inn. Söngkonan Jara mun einnig koma fram á tónleikunum. - fb

# Hart barist um útgáfusamning

Hið nýstofnaða útgáfufélag COD Music blæs til tónlistarveislu á Grand Rokk sem hefst í kvöld og lýkur á laugardag.

Á þrennum tónleikum munu koma fram þeir fjórtán tónlistarflytjendur sem hafa fengið að taka upp tónlist við bestu aðstæður í fullkomnustu hljóðverum landsins á vegum COD Music. Afraksturinn má einnig heyra á vefsíðu félagsins, www.cod.is.

Fyrstu útgáfur COD munu líta dagsins ljós í lok apríl en að minnsta kosti sex til átta flytjendum verður boðinn útgáfusamningur að loknum tónleikunum. Sérstakt tónlistarráð á vegum COD mun velja þá listamenn eftir að hafa séð hljómsveitirnar á tónleikunum og hlýtt á prufuupptökur. Að auki verður tekið tillit til þeirra athugasemda sem almenningur vill koma á framfæri í gegnum www.cod.is. ■



**NILFISK** Ein af hljómsveitunum sem reyna að fá útgáfusamning á vegum COD Music er Nilfisk frá Stokkseyri.

**DAGSKRÁIN Á GRAND ROKK**

**Fimmtudaginn 23. mars**
**frá kl. 21.00:**
Lada Sport
Hoffman
Vax
Benny Crespos Gang
Wulfgang

**Föstudaginn 24. mars**
**frá kl. 22.00:**
Andrúm
Streng
NilFisk
Black Valentine
Future Future

**Laugardaginn 25. mars**
**frá kl. 22.00:**
Lay Low
Múgsefjun
Dóri DNA
Dr. Mister & Mr. Handsome









## Allan til FH?

Líklegt er að Íslandsmeistarar FH semji við danskan framherja, Allan Dyring, fyrir sumarið. Það væri hentugt fyrir stuðningsmenn FH þar sem ekki þyrfti að framleiða nýjar treyjur né búa til ný stuðningsmannalög fyrir pilt þar sem hann kæmi í staðinn fyrir nafna sinn Allan Borgvardt sem fór frá FH eftir síðasta sumar.

**sport**

sport@frettabladid.is

ANDREW MWESINGWA LANDSLIÐSFYRIRLIÐI ÚGANDA: SPILAR HÉR Á LANDI MEÐ ÍBV Í SUMAR

# *Er Ísland ekki örugglega í Evrópu?*

Andrew Mwesingwa gengur til liðs við ÍBV fyrir sumarið en hann er 22 ára gamall miðvörður. Mwesingwa er landsliðsfyrirliði Úganda en hann hefur spilað með SC Villa í heimalandinu og verið þar fyrirliði en liðið hefur fjórtán sinnum orðið meistari og sjö sinnum bikarmeistari frá árinu 1982 og er sterkasta lið landsins.

„Ég byrjaði að spila fótbolta þegar ég var sex ára, það gekk ágætlega þrátt fyrir að aðstæðurnar hafi ekki verið upp á sitt besta. Það er mikill fótboltiáhugi hérna í Úganda og almenningur fylgist vel með boltanum. Fyrirtækin eru líka fyrirferðamikil í boltanum og kaupa oftast heilu liðin, þannig gengur boltinn fyrir sig hér,“ sagði Mwesingwa við Fréttablaðið í gær. Símasamband til Úganda var með ágætum en þessi geðþekki Úgandabúi veit skiljanlega ekki mikið um Ísland, ekki frekar en Íslendingar vita mikið um Úganda.

„Ég veit að það er mjög kalt á Íslandi en ég veit ekki alveg hvar það er. Er það ekki örugglega í Evrópu? Einhvers staðar í Norðurhöfum er það, en ég hef reynt að kynna mér land og þjóð með því að lesa tímarit og skoða myndir. Ég veit að bærinn þar sem ég mun búa er mjög fallegur en ég þekki samt engan íslenskan fótboltamann,“ sagði Mwesingwa sem getur ekki beðið eftir því að upplifa þetta ótrúlega ævintýri.

„Ég hlakka til að takast á við þessa ákvörðun. Þetta er skref í rétta átt fyrir mig, ég vil prófa að spila í Evrópu þar sem ég hef bara spilað í Afríku,“ sagði Mwesingwa sem veit ekki mikið um íslensku deildina. Hann spurði blaðamann hvort deildin væri byrjuð og hversu mörg lið væru í deildinni en spennandi verður að fylgjast með kappanum hér á Íslandi í sumar.

## > Íslendingarnir í stuði

Það var sannkallaður Íslendingaslagur í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta í gær þegar Lemgo tók á móti Minden. Lemgo fór með sigur af hólmi í skemmtilegum leik en lokatölur urðu 37-30. Ásgeir Örn Hallgrímsson og Logi Geirsson létu báðir að sér kveða í liði Lemgo líkt og Snorri Steinn Guðjónsson gerði hjá Minden. Logi var markahæstur Íslendinganna en hann skoraði fjögur mörk í leiknum. Ásgeir Örn skoraði þrjú mörk en Snorri Steinn fjögur fyrir Minden, þar af tvö úr vítaköstum. Minden er þar með í mjög slæmum málum við botn deildarinnar en Lemgo er áfram í harðri baráttu um sæti í Meistaradeildinni á næstu leiktíð.




## Aðalfundur Útivistar

verður haldinn miðvikudaginn 5. apríl nk. kl. 20:00 að Laugavegi 178.
Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf.
ATH. BREYTTA DAGSETNINGU FRÁ FYRRI AUGLÝSINGU
ÚTIVIST





Samgönguþing 5. apríl 2006

Í tilefni gerðar nýrrar 12 ára samgönguáætlunar er boðað til Samgönguþings. Á Samgönguþingi eru skilgreindar forsendur og markmið samgönguáætlunar, gerð grein fyrir stefnumótun og forgangsröð og ástandi og horfum í samgöngumálum.

Til þingsins er hér með boðið hagsmunaaðilum samgöngumála og öðrum þeim sem atvinnu sinnar vegna eða áhuga, æskja að koma og kynna sér málefnið.

Þingið verður haldið á Hótel Selfossi 5. apríl n.k. og hefst kl. 13 og stendur til kl. 17:30. Dagskrá Samgönguþings verður auglýst nánar síðar og kynnt á vef Samgönguráðuneytisins, **www.samgonguraduneyti.is.**

Þátttökugjald er ekkert, en nauðsynlegt er að tilkynna þátttöku fyrir 3. apríl n.k. Það skal gert á netfangið **postur@sam.stjr.is**, sem einnig veitir frekari upplýsingar.

SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ



550 5000
Hringdu ef blaðið berst ekki
FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesið


# Börn innflytjenda skila sér ekki inn í íþróttastarfið

**Gerður Gestsdóttir, verkefnastjóri fræðsludeildar Alþjóðahússins, vill að ÍSÍ taki á málefnum innflytjenda. Hún segir það skipta sköpum fyrir samfélagsmyndina að ÍSÍ grípi í taumana og aðstoði innflytjendur.**

**ÍÞRÓTTIR** Aðgengi að íþróttahreyfingunni er ekki eins gott fyrir alla á Íslandi og sá minnihlutahópur sem hvað mest hallar á eru börn innflytjenda. Sá hópur tekur ekki virkan þátt í íþróttalífinu og að mati Gerðar Gestsdóttur, verkefnastjóra fræðsludeildar Alþjóðahússins, er það ekki til góðs fyrir þjóðfélagið.

Gerður velti fyrir sér í erindi, sem hún hélt á hádegisverðarfundi hjá ÍSÍ fyrir skömmu, hvernig væri hægt að auka þátttöku þessa fólks, hvers vegna ÍSÍ ætti að einblína á þennan hóp og hvers vegna fleiri börn innflytjenda taki ekki þátt í íþróttum en raun ber vitni. Staðreyndin er nefnilega sú að mjög lítill hluti barna innflytjenda tekur þátt í íþróttalífinu þótt ekki liggi fyrir neinar beinar tölur um fjölda þátttakenda.

„Ég veit frá íþróttafélögum þar sem er mikið af innflytendum, eins og í Efra-Breiðholti, að þátttaka barna af erlendum uppruna hafi dregist saman í hlutfalli við fjölgun innflytjenda. Með öðrum orðum þá eru nýju innflytjendurnir ekki að skila sér inn í íþróttastarfið,“ sagði Gerður við Fréttablaðið.

Að mati Gerðar eru margar ástæður fyrir því að þessi börn stunda ekki íþróttir. Nefnir hún helst í því sambandi peningaleysi, að það sé lítil hefð meðal þessa fólks að stunda íþróttir, vinnuálag er oft mikið og þá bæði á foreldrum og jafnvel börnunum sem þurfa þá að vinna heimilisverkin og passa systkini sín. Fyrir vikið er tíminn líka af skornum skammti. Svo er það úrræðaleysið en foreldrar þessara barna, og jafnvel börnin, vita ekki hvert eigi að snúa sér. Stutt og einfalt símtal til að afla upplýsinga getur orðið að stóru vandamáli ef tungumálaörðugleikar eru til staðar. Í dag eru engin úrræði til að leysa þetta litla vandamál svo dæmi sé tekið.

„Ég hef heyrt að börn innflytjenda séu dugleg að taka þátt í opna félagsstarfinu innan skólanna en um leið og þarf að borga hætta þau að mæta. Peningar skipta miklu máli. Málið snýst að stóru leyti um að upplýsa fólk og að foreldrarnir geri sér grein fyrir því hversu mikilvægt það sé fyrir börnin þeirra að taka þátt í svona starfi,“ sagði Gerður en hún segir það skipta gríðarlegu máli fyrir samfélagið að börn innflytjenda séu virkir þátttakendur í íþróttastarfinu.

„Viljum við búa í samfélagi þar sem eru tveir hópar? Þeir sem eru af innlendum uppruna og þeir sem eru af erlendum uppruna. Viljum við samfélag þar sem síðarnefndi hópurinn vinnur illa borguðu skítavinnuna sem við nennum ekki að vinna og talar slæma íslensku. Eða viljum við samfélag þar sem allir fá að njóta eigin hæfileika og komast áfram á eigin verðleikum. Þetta snýst um það hvort við viljum samfélag jafnaðar eða ójafnaðar.“ Gerður vill sjá skýra stefnu sem miðar að því að vel sé tekið á móti innflytjendum um leið og þeir koma til landsins svo að þeir geti upplifað sig sem hluta af samfélaginu. Eftirleikurinn verði fyrir vikið mun auðveldari fyrir alla aðila.

Þar beinir hún spjótum sínum meðal annars að Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands, ÍSÍ, en í Ólympíusáttmálanum, sem og í lögum ÍSÍ, er kveðið á um að allir hafi jafnan rétt á þátttöku í íþróttum.

Stuðningur ÍSÍ við innflytjendur er ekki nægur í dag að mati Gerðar. Til að allir geti setið við sama borð verður að aðstoða þá sem eiga ekki eins auðvelt með að fóta sig í kerfinu.

henry@frettabladid.is



**GERÐUR GESTSDÓTTIR** Hefur áhyggjur af sífellt verri stöðu barna innflytjenda innan íþróttahreyfingarinnar. Hún kallar eftir viðbrögðum frá ÍSÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**MICHAEL BALLACK** Fer líklega ekki til Real Madrid. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Michael Ballack, fyrirliði þýska landsliðsins, opnar sig:

# Líst best á enska boltann

**FÓTBOLTI** Líkurnar á að Michael Ballack gangi til liðs við Chelsea í sumar jukust enn frekar í gær þegar leikmaðurinn lýsti því yfir að honum þætti enska úrvalsdeildin mun betri kostur en sú spænska. Ballack hefur lengi verið orðaður við Real Madrid en eftir því sem hann segir sjálfur virðist Ballack hafa lítinn áhuga á að fara þangað.

„Ég er leikmaður sem nota líkamann til að fá mínu fram og í Englandi nýtist þannig leikstíll best. Þar er leikurinn hraður og tæklingarnar eru harðar,“ segir Ballack. „Ég tel mig eiga margt sameiginlegt með þeim leikmönnum sem hafa nánast orðið goðsagnir í Englandi á síðustu árum, leikmönnum eins og Roy Keane og Patrick Vieira. Mig langar gjarnan að fylgja í fótspor þeirra,“ bætti Ballack við. - vig

**Ford**Mondeo

*Nýtt tákn um gæði*




## Veldu Mondeo Ghia í dag

# Ríkulegri en Avensis Sol

► Íslendingar velja Ford umfram önnur vestræn bílamerki. Spennandi hönnun, aukin gæði og örugg þjónusta Brimborgar er trúleg ástæða þess að Ford sækir á Toyota sem vinsælasta bílamerkið á Íslandi. Upplifðu nýtt tákn um gæði - veldu Ford.

### Veldu Mondeo Ghia í stað Avensis Sol

Ný hönnun færir Ford Mondeo nær þeim glæsileika nafnið stendur fyrir. Eiginleikar Mondeo eru í samræmi við vestræn gildi okkar Íslendinga. Hugmyndir okkar og ný tákn um lífsgæði; fegurð, styrk, ást og umhyggju fyrir hvort öðru kristallast í hönnun á nýjum Mondeo. Gömul tákn eru fallin. Og ný tekin við. Öryggi Ford, styrkleikinn, mýktin, sportið og glæsilegt útlit Mondeo kallar á nýjan samanburð. Berðu saman Toyota Avensis Sol við Ford Mondeo Ghia. Skoðaðu staðalbúnaðinn, lið fyrir lið. Kynntu þér þjónustu Brimborgar og endursölu Ford. Þegar allt er tekið með og verð borið saman við gæði verður til nýtt leiðarljós fyrir val á rétta bílnum. Veldu Ford Mondeo.

Staðalbúnaður Mondeo Ghia er ríkulegri en Avensis Sol: Þú færð 2,0 lítra, 145 hestafla Mondeo með 190 Nm togi. Skoðaðu nýjasta öryggisbúnaðinn; IPS öryggis-

**Nýr Ford Mondeo Ghia: Lægra verð, meiri búnaður.***

| **Kaupverð** | *Beinskiptur* | *Sjálfskiptur* |
|---|---|---|
| Ford Mondeo Ghia 4 dyra 2,0i | **2.260.000 kr.** | **2.400.000 kr.** |
| Ford Mondeo Ghia 5 dyra 2,0i | **2.320.000 kr.** | **2.460.000 kr.** |
| Ford Mondeo Ghia Wagon 2,0i | **2.380.000 kr.** | **2.520.000 kr.** |

kerfið, hálshnykksvörnina, **ESP stöðugleikastýrikerfið** sem dregur úr líkum á að bíllinn skriki til, TCS spólvörn sem tryggir akstur úr kyrrstöðu í snjó og hálku. Gott fyrir íslenskar aðstæður. Á köldum vetri er ísing á framrúðu ekki heldur vandamál í Mondeo þar sem hún er öll upphitanleg. Í náttmyrkrinu lýsa ljósin í hliðarspeglunum upp tilveruna þér til öryggis. Þú heldur þægilegum hraða með hraðastillinum, hækkar eða lækkar ökumannssætið eftir þörfum með rafdrifinni hæðarstillingu og bíður eftir að regnskynjarinn setji rúðuþurrkurnar af stað. Viðaráferð í innréttingu gefur stemningu ásamt krómi við skottopnun, afturljós, hliðarrúður og krómuðum hurðarhúnum. Berðu saman verð og gæði. Kynntu þér örugga þjónustu Brimborgar. Vertu í hópi þeirra bestu, í dag og um alla framtíð. Vertu á Ford.

Berðu saman bíla. Komdu í Brimborg. Veldu nýjan Ford - nýtt tákn um gæði.

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.ford.is

### Atriði af gæðalista staðalbúnaðar:

ESP stöðugleikastýrikerfi
TCS spólvörn
Tölvustýrð loftkæling með hitastýringu
16" Ghia álfelgur
Viðaráferð í innréttingu
Regnskynjari í framrúðu
Upphitanleg framrúða
Aksturstölva
Hraðastillir
Öryggispúðar að framan
Öryggispúðar í hliðum framsæta
Öryggispúðagardínur í hliðum
Stillanlegur hiti í framsætum
Baksýnisspegill með sjálfvirkri dimmingu
Rafknúnar rúður að framan og aftan
Hálshnykksvörn í framsætum
IPS öryggisbúnaður
ABS hemlakerfi
EBD hemlajöfnun
Fjarstýrð samlæsing
Þokuljós að framan
Rafdrifin hæðarstilling á ökumannssæti
Fjölstillanlegt stýri
Geislaspilari

### Hægt að fá aukalega:

Barnasetur í aftursæti
Leðuráklæði
Rafdrifin hæðarstilling á farþegasæti
DVD spilari og skjár
Rafdrifin sóllúga
Sony hljómflutningstæki
Upphitanlegt aftursæti
Xenon gasluktir
Þjófavörn
Bakkskynjari
Aðfellanlegir útispeglar
Dökklitaðar rúður að aftan
Leður/tau áklæði
Loftkælanleg framsæti

GO ALMANNATENGSL · GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

## Fáðu meira fyrir minna. Keyptu Mondeo Ghia.
## Skoðaðu úrvalið í bílaverslun Ford á Íslandi


**Ford** Fiesta Trend
3 dyra 1,4i 5 gíra*
Kaupverð 1.360.000 kr.
Bílasamningur 18.930 kr.
Rekstrarleiga 27.980 kr.


**Ford** Fusion Trend
5 dyra 1,4i 5 gíra*
Kaupverð 1.470.000 kr.
Bílasamningur 19.990 kr.
Rekstrarleiga 28.820 kr.


**Ford** Focus Trend
5 dyra 1,6i 5 gíra*
Kaupverð 1.890.000 kr.
Bílasamningur 25.730 kr.
Rekstrarleiga 33.990 kr.


**Ford** Focus C-Max Trend
5 dyra 1,6i 5 gíra*
Kaupverð 1.845.000 kr.
Bílasamningur 25.000 kr.
Rekstrarleiga 32.200 kr.


**Ford** Mondeo Ghia
4 dyra 2,0i 5 gíra*
Kaupverð 2.260.000 kr.
Bílasamningur 30.785 kr.
Rekstrarleiga 42.200 kr.


**Ford** Galaxy Trend
7 manna 2,0i 5 gíra*
Kaupverð 2.605.000 kr.
Bílasamningur 35.480 kr.
Rekstrarleiga 47.990 kr.


**Ford** Mustang Deluxe
Coupe 4,0i V6 5 gíra*
Kaupverð 2.860.000 kr.
Bílasamningur 38.960 kr.


**Ford** Escape XLS 4x4
5 dyra 2,3i sjálfskiptur*
Kaupverð 2.690.000 kr.
Bílasamningur 36.650 kr.
Rekstrarleiga 48.980 kr.


**Ford** Freestyle SEL 4x4
7 manna 3,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.660.000 kr.
Bílasamningur 46.950 kr.
Rekstrarleiga 61.960 kr.


**Ford** Explorer XLT 4x4
5 dyra 4,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.790.000 kr.
Bílasamningur 51.630 kr.
Rekstrarleiga 71.750 kr.


**Ford** Expedition XLT 4x4
8 manna 5,4i V8 sjálfskiptur*
Kaupverð 4.395.000 kr.
Bílasamningur 59.870 kr.
Rekstrarleiga 83.920 kr.


**Ford** Ranger XL Crew Cab 4x4
4 dyra 2,5 turbo dísil 5 gíra*
Kaupverð 2.370.000 kr.
Bílasamningur 32.280 kr.
Rekstrarleiga 43.900 kr.


**Ford** F150 Lariat
SuperCrew 4x4
4 dyra 5,4i V8 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.495.000 kr.
Bílasamningur 47.610 kr.


**Ford** F350 Lariat
Crew Cab 4x4 4 dyra
6,0 turbo dísil V8 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.995.000 kr.
Bílasamningur 54.420 kr.



**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.**
Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Ford í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.




*Ford er meðal vinsælustu bílamerkja á Íslandi. Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.*

brimborg
***Öruggur staður til að vera á***

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is**

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á mynd af Ranger er tvílitur.

# Man.Utd v Arsenal

**7.–10. apríl 2006**

## Ferðatilhögun

**Föstudagur 07. apríl**
Flogið með áætlunarflugi Icelandair til Manchester, með FI 440 Keflavík - Manchester kl: 17:30 - 21:05.

**Sunnudagur 09. apríl**
Manchester United v Arsenal kl: 16:00.

**Mánudagur 10. apríl**
Flogið með áætlunarflugi Icelandair til Keflavíkur, með FI 441Manchester - Keflavík kl: 22:05 - 23:35

## Gisting

**Novotel**
21 Dickinson Street
Manchester

**Verð**
74.500 kr. á mann í tvíbýli, aukagjald fyrir einbýli 12.000 kr.

**Innifalið**
Flug, flugvallaskattar, gisting í 3 nætur með morgunverði, rútur til og frá flugvelli, miði á leikinn og íslensk fararstjórn.

Nánari upplýsingar og bókanir hjá Íþróttadeild Úrvals Útsýnar í síma 585-4000 eða á tölvupósti silja@uu.is



550 5000
Hringdu ef blaðið berst ekki
FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesið




**HELENA SVERRISDÓTTIR** Er lykilmaður í liði Hauka en hún hefur skorað 19 stig að meðaltali í vetur auk þess að vera grimm í fráköstunum. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Haukar taka á móti ÍS í úrslitakeppni kvenna í kvöld:

# Nýtt tímabil hafið

**KÖRFUBOLTI** Haukar og ÍS leiða saman hesta sína á Ásvöllum í Hafnarfirði í kvöld en fyrirfram er búist við öruggum sigri Hauka í einvíginu. Haukastúlkur unnu deildina með miklum yfirburðum og unnu alla leiki sína í deildinni eftir að hafa tapað í fyrstu umferðinni fyrir Grindavík.

„Þetta er nýtt tímabil sem er að hefjast núna og þetta snýst allt um það hvernig við komum stemmd til leikjanna. ÍS er vissulega með landsliðsmenn í hverri stöðu og það er ljóst að þetta verður ekkert auðvelt. Þær hafa á reynslumiklu liði að skipa og þegar komið er svona langt í mótinu er enginn leikur auðveldur,“ sagði Ágúst Björgvinsson, þjálfari Hauka, fyrir leikina.

„Ég er orðinn mjög spenntur fyrir þessi einvígi. Við höfum unnið alla leiki frá fyrsta leiknum, þar á meðal ÍS fjórum sinnum. Okkur hefur gengið frábærlega vel í vetur og við vonumst bara eftir áframhaldandi velgengni,“ sagði Ágúst.

Ívar Ásgrímsson, þjálfari ÍS, vonast til þess að sitt lið nái að nýta sér þá miklu reynslu sem liðið býr yfir. „Leikmennirnir okkar þekkja þetta alveg. Þær vita alveg hvað þær eru að fara út í og við ætlum að nýta okkur það. Við erum búin að bíða eftir þessum leikjum eftir smá frí og því er góð stemning í hópnum,“ sagði Ívar.

„Eftir erfiða byrjun á tímabilinu fór okkur að ganga betur þegar nýi útlendingurinn kom til okkar og þetta er allt að smella saman. Við stefnum auðvitað á titilinn og þetta snýst kannski um að toppa á réttum tíma, ég er bjartsýnn á að það takist,“ sagði Ívar Ásgrímsson að lokum. - hþh

Brasilíumaðurinn Fabio Aurelio:

# Er í viðræðum við Liverpool

**FÓTBOLTI** Umboðsmaður hins brasilíska Fabio Aurelio hefur staðfest að leikmaðurinn eigi í viðræðum við Liverpool og er líklegt að hann semji um að ganga til liðs við Rauða herinn í sumar. Aurelio, sem er á mála hjá Valencia, er með samning sem rennur út í sumar og hefur ekki mikinn áhuga á að endurnýja hann.

Benitez þekkir vel til Aurelio eftir að hafa þjálfað hann um árabil hjá Valencia og telur að hæfileikar hans vinstra megin á vellinum muni koma til með að nýtast Liverpool afar vel, en Aurelio getur bæði spilað í bakverðinum og á kantinum.

Ef af verður má leiða líkum að því að dagar Djimi Traore á Anfield séu taldir en hann hefur átt vægast sagt misjafnt tímabil. - vig

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

20 21 22 **23** 24 25 26

**Fimmtudagur**

### LEIKIR

- 19.15 **Haukar** og **ÍS** mætast í úrslitakeppni Iceland-Express deildar kvenna í körfubolta á Ásvöllum.

### SJÓNVARP

- 18.55 **PGA Tour** á Sýn. Fréttaþáttur.
- 19.50 **Enska bikarkeppnin** á Sýn. Bein útsending frá leik **Charlton** og **Middlesbrough.**
- 22.00 **HM í Þýskalandi** á Sýn. Fréttaþáttur um stórmótið í sumar.
- 23.55 **Skíðamót Íslands** á Rúv. Samantekt frá mótinu sem fer fram á Dalvík og Ólafsfirði.







Fíton/SÍA



**ALLT FYRIR HEILSUNA**

**ALLT** er ný vöru- og þjónustuskrá á **visir.is**. Ef þú ert að breyta um lífsstíl er gott að hafa **ALLT** við höndina því þar finnur þú **ALLT** sem þú þarft til að öðlast hraustan líkama og heilbrigt útlit. **ALLT** er líka að finna í þjónustunúmerinu **1850** og í vor verður **ALLT bókinni** dreift til allra landsmanna. **Þú finnur ALLT á visir.is!**

vísir

**NÝ VÖRU- OG ÞJÓNUSTUSKRÁ Á VISIR.IS/ALLT**

allt

# Fínir bílar




**HYUNDAI TUCSON dísel**
Nýskr. 10.2004, 2000 cc.
5 dyra, sjsk., ekinn 15 þ.




**Nissan X-Trail elegance**
Nýskr. 07.2003, 2000cc.
5 dyra, sjsk., ekinn 31 þ.




**RENAULT Grand Scenic II**
Nýskr. 04.2005, 2000 cc.
5 dyra, bsk., ekinn 11 þ.
7 manna MPV




**TOYOTA AVENSIS**
Nýskr. 04.2004, 1800 cc.
4 dyra, bsk., ekinn 44 þ.




**VW Golf**
Nýskr. 01.2005, 1600cc.
5 dyra, bsk., ekinn 24 þ.




**VW Passat**
Nýskr. 07.2005, 2000 cc.
4 dyra, sjsk., ekinn 7 þ.

bílaland B&L notaðir bílar

Grjóthálsi 1
bilaland.is

Opið mán-fös 10-18
og lau 12-16

575 1230


Karlalið ÍBV í Landsbankadeild karla í sumar verður af erlendu bergi brotið:

# Nánast með fullt lið útlendinga

**FÓTBOLTI** ÍBV mun stilla upp nánast heilu byrjunarliði erlendra leikmanna en að minnsta kosti átta leikmenn erlendis frá spila með liðinu í sumar. Nú þegar eru fjórir leikmenn hjá liðinu, Ian Jeffs frá Englandi, Bo Henriksen frá Danmörku, Andrew Mwesingwa frá Úganda og Bandaríkjamaðurinn Christopher Vorenkamp, auk þess sem þeir eru nú með annan Bandaríkjamann, Jonah Long á reynslu hjá sér.

Sænska liðið Örebro er þó að reyna að kaupa Jeffs frá ÍBV en samkvæmt Gísla Hjartarsyni stjórnarmanns í ÍBV er ólíklegt að liðin nái samkomulagi vegna peningaleysis Örebro.

„Við erum með fjóra útlendinga til skoðunar og líklega tökum við tvo til þrjá þeirra en aldrei alla. Það gengur ekkert að fá íslenska leikmenn hingað sem verður að teljast skrýtið. Þetta eru ekki nema eins og fjórir mánuðir og hér eru allar heitustu skemmtanir sumarsins,“ sagði Gísli við Fréttablaðið í gær. - hþh



**ANDREW SAM** Lék með ÍBV í fyrra en er nú horfinn á braut. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Liðsheildin hjá Keflavík kom þeim í lykilstöðu

**Keflavíkurstúlkur gætu komist í úrslit Iceland-Express deildar kvenna í körfubolta eftir sannfærandi sigur gegn Grindavík í gær. Lokatölurnar urðu 83-90.**

**KÖRFUBOLTI** Grindavíkurstúlkur voru lengi í gang í leiknum í gær sem líklega má að hluta til rekja til arfadaprar mætingar á fyrsta leik úrslitaeinvígisins. Eftir fimm mínútur voru gestirnir úr Keflavík 13-2 yfir en þá rönkuðu stöllur þeirra við sér og náðu að minnka muninn í 12-19 eftir fyrsta leikhluta.

Það háði leik Grindavíkur að leitað var of mikið að Tamöru Stocks sem átti þó frábæran fyrri hálfleik þrátt fyrir að vera barin til af sterkri Keflavíkurvörninni. Stocks skoraði nítján stig í fyrri hálfleik og Hildur Sigurðardóttir tíu og því aðeins átta stig eftir til skiptanna fyrir aðra leikmenn Grindavíkurliðsins. Stocks var þó bersýnilega orðin þreytt enda gekk mikið á í kringum hana í leiknum.

Liðsheildin hjá Keflavík var mun betri og stigin skiptust betur á milli liðsins. Þrátt fyrir það misstu þær niður forskot sitt og hleyptu Grindavíkurstúlkum vel inn í leikinn en þær náðu að komast yfir þegar skammt var til hálfleiks. Þá tóku gestirnir aftur við sér og náðu að komast yfir og voru einu stigi yfir í hálfleik, 38-37.

Þriðji leikhluti var mjög líflegur og einkenndist af skemmtilegum sóknarleik á báða bóga. Mikið var um skemmtileg tilþrif hjá liðunum sem skiptust á að halda forystunni í mikilli spennu sem sagði til sín á köflum.

Keflavíkurstúlkur náðu þó betri endaspretti í þriðja leikhluta og leiddu með sex stigum, mikið til að þakka Bandarísku stúlkunni LaKiste Barkus sem átti góðan leik og skoraði meðal annars glæsilega flautukörfu um leið og þriðja leikhluta lauk.

Spennan hélt áfram framan af fjórða leikhluta og nánast allt til loka leiksins. Staðan var jöfn, 76-76 þegar rúmar þrjár mínútur lifðu leiks en þá tóku Keflavíkurstúlkur við sér og breyttu stöðunni á skömmum tíma í 83-76. Leiknum var þó ekki alveg lokið þar sem Erna Rún Magnúsdóttir kom Grindavík aftur inn í leikinn með þriggja stiga körfu og allt opið á lokasprettinum. Þá tók María Ben Erlingsdóttir til sinna ráða og svaraði með þriggja stiga körfu fyrir Keflavík og gerði nánast út um leikinn.

„Þetta var einn okkar besti leikur í langan tíma. Við gerðum okkur grein fyrir því að við þyrftum að stela sigri hér í Grindavík til að komast í úrslitin. Við getum tryggt þetta á heimavelli og að sjálfsögðu stefnum við á að gera það. Ef við spilum jafn vel og í þessum leik er ég sannfærður um að það takist,“ sagði síkátur Sverrir Þór Sverrisson þjálfari Keflavíkurstúlkna eftir leikinn.

Það var fyrst og fremst liðsheildin sem skóp sigurinn hjá Keflavík en Grindavíkurstúlkum vantaði að fleiri legðu hönd á plóginn auk þess sem tæknifeilar urðu þeim dýrir en þær hentu boltanum á tíðum frá sér á mikilvægum augnablikum.

- hbg - hþh




**BIRNA VALGARÐSDÓTTIR** Stóð vel fyrir sínu og skilaði átján stigum í hús. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

## ÚR SPORTINU

David Gill, stjórnarformaður Manchester United, segir að Ruud van Nistelrooy sé ekki á förum frá félaginu og að leikmaðurinn sé ánægður hjá liðinu, þvert á það sem sagt hefur verið í breskum fjölmiðlum upp á síðkastið. „Ferguson og Queros hafa báðir komið til mín og tjáð mér að Nistelrooy sé ennþá í framtíðaráætlunum þeirra,“ sagði Gill og útilokaði ekki þann möguleika á að Nistelrooy skrifaði undir nýjan samning við Manchester United fyrr en síðar.



David Sullivan, annar aðaleigenda Birmingham, hefur tjáð Steve Bruce að hann eigi ekki á hættu á að verða rekinn frá félaginu. Birmingham hefur gengið afleitlega undanfarnar vikur og beið afhroð gegn Liverpool í enska bikarnum í fyrradag. „Við töluðum við Bruce eftir leikinn og hann er staðráðinn í því að halda liðinu uppi í úrvalsdeildinni. Það er ekki hægt að skipta út stjóranum eftir ein vond úrslit. Það eru níu leikir eftir og það er enginn betur tilbúinn að stjórna liðinu í þeim leikjum en Steve Bruce,“ segir Sullivan.



Flavio Briatore, framkvæmdastjóri Renault-liðsins í Formúlu 1, segir að ef einhver eigi skilið að verða heimsmeistari ökumanna á þessu tímabili þá sé það landi hans Giancarlo Fisichella, sem einmitt bar sigur úr býtum í Malasíukappakstrinum um síðustu helgi. „Hann er jafngóður og Fernando Alonso og nýtur góðs af því að keyra frábæran bíl. Hann ók frábærlega í Malasíu og sýndi að hann er til alls líklegur. Ég sé alveg fyrir að hann verði heimsmeistari,“ segir Briatore.



## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

*Iceland-Express deild kvk:*

| | |
|---|---|
| GRINDAVÍK - KEFLAVÍK | 83-90 |

**Stig Grindavíkur:** Tamara Stocks 33, Hildur Sigurðardóttir 18, Jóhanna Stefánsdóttir 12, Ólöf Helga Pálsdóttir 7, Alma Rut Garðarsdóttir 5, Erna Rún Magnúsdóttir 4, Petrúnella Skúladóttir 4.
**Stig Keflavíkur:** LaKiste Barkus 30, María Ben Erlingsdóttir 23, Birna Valgarðsdóttir 18, Svava Ósk Stefánsdóttir 10, Margrét Kara Sturludóttir 4, Bryndís Guðmundsóttir 2.
Staðan í einvíginu er 1-0 fyrir Keflavík.

*Þýski handboltinn:*

| | |
|---|---|
| LEMGO-MINDEN | 37-30 |

Ásgeir Örn Hallgrímsson skoraði 3 mörk fyrir Lemgo og Logi Geirsson 4. Snorri Steinn Guðjónsson skoraði 4 mörk fyrir Minden.

| | |
|---|---|
| WILHELMSHAVEN - NORDHORN | 22-28 |

Gylfi Gylfason skoraði ekki fyrir. Wilhelmshaven

| | |
|---|---|
| DUSSELDORF - GÖPPINGEN | 28-31 |

Jalieski Garica lék ekki með Göppingen.

| | |
|---|---|
| KRONAU/ÖSTTRINGEN-KIEL | 31-34 |






Players-mótið í golfi um helgina:

# Woods ekki með?

**GOLF** Stigahæsti kylfingur heims, Tiger Woods, var ekki viðstaddur æfingar eða blaðamannafundi fyrir Players-mótið í golfi sem fram fer í Flórída í Bandaríkjunum um helgina og hafa margir leitt líkur að því að kappinn verði ekki með á mótinu.

Umboðsmaður hans þrætir þó fyrir þær fréttir og segir Woods hafa dregið sig í hlé í dag af persónulegum ástæðum.

Bandarískir fjölmiðlar eru flestir á þeirri skoðun að Woods ætli sér ekki að leika á mótinu enda hafi hann ekki lagt það í vana sinn að leika æfingahringi fyrir mót. Players-meistaramótið er oftast nefnt 5. risamótið enda er það eitt stærsta golfmótið á PGA-mótaröðinni og trekkir alltaf marga áhorfendur.

Sýnt verður frá mótinu í beinni útsendingu á Sýn. - hþh



**TIGER WOODS** Óvíst er hvort hann geti tekið þátt í mótinu um helgina. Tiger hefur verið í góðu formi á þessu ári og vonast flestir til að þessi magnaði kappi spili á mótinu. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES



**DJIBRIL CISSE** Hefur lítið getað í tvö ár hjá Liverpool. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Djibril Cisse:

# Til Tottenham í sumar?

**FÓTBOLTI** Djibril Cisse, franski landsliðsframherjinn hjá Liverpool, gæti verið á leið til Tottenham í sumar, að því er umboðsmaður leikmannsins heldur fram. Hinn 24 ára gamli framherji hefur ekki náð sér á strik með Liverpool í ár þrátt fyrir að hafa skorað í síðustu tveimur leikjum liðsins, og hefur lengi verið orðaður við sölu frá félaginu.

„Tottenahm hefur lengi haft áhuga á honum og ætti að hafa samband aftur í sumar," sagði umboðsmaðurinn Ranko Stojic. „Tottenham er félag á uppleið og þar fengi Cisse líklega fleiri tækifæri. Hann hefur mikinn áhuga á að fara þangað og Liverpool myndi líklega ekki neita tilboði upp á átta milljónir punda, enda þarf félagið að selja leikmenn til að fá pening til annarra leikmannakaupa í sumar," útskýrði Stojic, en Cisse kostaði Liverpool 14 milljónir punda þegar hann kom frá Auxerre fyrir tveimur árum. - vig



**ROBERT PIRES** Vill fá að spila sem mest. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Robert Pires:

# Hefur ekki rætt við önnur félög

**FÓTBOLTI** Hinn franski Robert Pires segir að það sem muni ráða mestu um hvort hann skrifi undir nýjan samning við Arsenal sé hve líklegt sé að hann fái að spila mikið. Pires hefur verið orðaður við Rangers á síðustu vikum en hann er ósáttur með að hafa aðeins verið boðin eins árs framlenging á núverandi samningi sínum við Arsenal, en hann rennur út í sumar.

„Ég hef alltaf verið ánægður hjá Arsenal og vil vera áfram hér. En eins og allir aðrir fótboltamenn vil ég spila sem mest," segir Pires og bætti því við að hann hefði ekki rætt við nein önnur félög. „Það er ný kynslóð að koma fram í liðinu og ef ég fæ að leiðbeina þeim mun ég gera það með stolti og ánægju," segir Pires. - vig

Hearts í Skotlandi:

# Rix rekinn

**FÓTBOLTI** Graham Rix var í gær rekinn úr starfi sínu sem knattspyrnustjóri Hearts í Skotlandi eftir að hafa stjórnað liðinu í aðeins fjóra mánuði. Rix tók við í nóvember eftir að George Burley var rekinn en gengi liðsins hefur ekki verið upp á það besta að undanförnu og er löngu orðið ljóst að Roman Romanov, hinn moldríki litháíski eigandi félagsins, er ekki mjög þolinmóður einstaklingur.

Litháinn Valdas Ivanauskas hefur verið skipaður þjálfari liðsins til bráðabirgða. - vig

Forseti Real Madrid er búinn að finna manninn sem leiða á uppbyggingu liðsins á næstu árum:

# Real Madrid er búið að ráða þjálfara



**SVEN-GÖRAN ERIKSSON** Er talinn vera á förum til Spánar þegar hann hefur lokið störfum sínum fyrir enska landsliðið eftir HM í Þýskalandi í sumar. NORDICPHOTOS/AFP



**FERNANDO MARTIN** Er búinn að finna manninn til að leiða uppbyggingu Real Madrid næstu ár. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

**FÓTBOLTI** Fernando Martin, tiltölulega nýskipaður forseti Real Madrid á Spáni, lýsti því yfir í gær að hann væri búinn að ákveða hver tæki við stjórnartaumunum hjá liðinu á næstu leiktíð. „Ég veit hver nýi þjálfarinn verður en ég ætla ekki að segja hver það er strax," sagði Martin í samtali við spænska dagblaðið El Mundo.

Martin var ófáanlegur til að gefa nokkuð upp um hinn meinta þjálfara en upplýsti þó að viðkomandi myndi hafa meiri völd en fyrirrennarar sínir undanfarin ár og yrði undirstaðan í uppbyggingu liðsins næstu ár. „Hann á að leiða liðið á toppinn á ný."

Ummæli Martins urðu til þess að fjölmiðlar um alla Evrópu fóru að geta í eyðurnar og eru flestir þeirra á því að maðurinn sem Martin hafi náð samkomulagi við sé Sven-Göran Eriksson, sem hættir sem landsliðsþjálfari Englands eftir HM í Þýskalandi í sumar. Aðrir þjálfarar sem hafa verið fremstir í goggunarröðinni hjá Real, Carlo Anchelotti hjá AC Milan, Arsene Wenger hjá Arsenal og Rafael Benitez hjá Liverpool, hafa allir lýst því yfir að þeir séu ekki að taka við spænska liðinu og þá gaf Fabio Capello, þjálfari Juventus, það sterklega í skyn í gær að hann yrði áfram hjá ítalska liðinu á næsta ári.

Aðrir sem nefndir hafa verið í sömu andrá og Eriksson er fyrrum þjálfari Real, Vincente del Bosque, og tveir fyrrverandi leikmenn félagsins, þeir Bernd Schüster og Hugo Sanchez. Eriksson er þó talinn langlíklegastur, enda þjálfari sem hefur náð frábærum árangri á alþjóðlegum vettvangi, auk þess sem hann er laus allra mála hjá enska knattspyrnusambandinu í sumar.

Þá lét Guus Hiddink, hinn hollenski þjálfari PSV og ástralska landsliðsins, hafa eftir sér í gær að hann væri búinn að ákveða hvað hann tæki sér fyrir hendur á næsta tímabili, en að hann myndi ekki upplýsa hvað það yrði fyrr en í lok mánaðarins. Hollenskir fjölmiðlar telja sig hafa heimildir fyrir því að hann muni hætta með bæði PSV og Ástralíu en gæti tekið við rússneska landsliðinu. En ummæli Hiddinks í gær þykja gefa vísbendingar um að hann sé að fara til Rússlands og beiti þar af leiðandi sömu taktík og Martin. - vig




B&L Grjóthálsi 1 110 Reykjavík 575 1200 www.bl.is
Keflavík 421 4444 Akranes 431 2622 Akureyri 461 2533 Egilsstaðir 471 2524

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Have you tried talking to a corpse? It's boring."**

**Svar:** Jack úr kvikmyndinni An American Werewolf in London frá árinu 1981

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ ÞÓRDÍSI LILJU GUNNARSDÓTTUR FINNST FALLEGT HEIMA HJÁ LANDANUM**

## *Gerilsneytt augnakonfekt og alvöru heimilislíf*

Mikið óskaplega eiga Íslendingar falleg heimili. Dálítið keimlík, mörg hver, en hvert öðru snotrara, stílhreinna og eins og snert af töfravendi innanhússhönnuða og listamanna. Ég er oft alveg stúmm yfir þeim flottheitum sem landsmönnum tekst að skapa sér og kaupa, en sennilega eru framkvæmdirnar, nýju innréttingarnar og gnótt merkjavöru heimilanna merki um góðæri.



Einstaka sinnum kíki ég á heimsóknarþættina Innlit-Útlit og Veggfóður í sjónvarpinu. Þættirnir eru báðir forvitnilegir en ólíkir hvað varðar auglýsingamennsku og kynningarefni og þykir mér örlítið meira lagt upp úr fjölbreytni í sköpun og dugandi úrræðum í Innliti-Útliti.

Ég velti þó fyrir mér hvort ánægja húsráðenda haldist í hendur við íburðinn heima fyrir. Sá tími er vissulega liðinn þegar Íslendingar lögðu fyrir og greiddu út í hönd innbú sitt í áranna rás; þegar hver hlutur og framkvæmd hafði sinn tíma, en núna er allt fengið strax og helst ekki flutt inn nema íbúðin sé tæk í uppstillingu tímarita. Því finnst mér ég stundum skynja fölnaðan ánægjuglampa í augum húseigenda. Hreiðurgerðin var aðeins fljótafgreidd skyndiafþreying og tími afborgana upprunninn með lítinn sem engan tíma aflögu til að njóta flottheitanna og lúxusins heima, í það minnsta klárlega ekki eftir að búið er að sóa naumt skömmtuðum frítímanum í tiltekt og fíniseringu heima við svo allt líti nú sem óaðfinnanlegast og óheimilislegast út. Heimilin eru nefnilega veruleg augnayndi, en orðin eins og sýningarherbergi í húsgagnaverslunum, þar sem enginn býr né lifir.

Íslendingar eru hópsálir. Þeim þykir gott að falla í kramið og vera gjaldgengir í samfélagi mannanna með því að vera í stíl og ekki minni menn í veraldlegum skilningi en náunginn. Þess vegna eru heimilin í þáttunum oft keimlík. Það væri frískandi að sjá innlit á venjuleg, íslensk heimili, þar sem tekið væri hús á nægjusamara fólki sem er óhrætt við að sýna eðlilegt heimilislíf með tilheyrandi rúi og stúi, en hjartað og góðan heimilisanda á réttum stað.



22.25 *Gaman*

DESPERATE HOUSEWIVES



22.05 *Gaman*

LIFE ON MARS



22.30 *Drama*

EXTRA TIME – FOOTBALLERS' WIVE



21.00 *Lífstíll*

SIGTIÐ



19.50 *Fótbolti*

CHARLTON – MIDDLESBROUGH

### SJÓNVARPIÐ

**16.40** Handboltakvöld **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar

**18.30 Latibær**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Gettu betur** Spurningakeppni framhaldsskólanna, fyrri undanúrslitaþáttur.
**21.15 Sporlaust (6:23)** (Without a Trace)Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki.
**22.00 Tíufréttir**
▶ **22.25 Aðþrengdar eiginkonur (31:47)** (Desperate Housewives)Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar.

**23.10** Lífsháski (33:49) **23.55** Kastljós **0.35** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Martha **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Alf **11.35** Whose Line is it Anyway

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Home Improvement **13.30** Two and a Half Men **13.55** The Sketch Show **14.25** The Block 2 **15.10** Wife Swap **16.00** Með afa **16.55** Barney **17.20** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** The Simpsons 15

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 Strákarnir**
**20.05 Meistarinn (13:21)** Í kvöld mætast Illugi Jökulsson fjölmiðlamaður og rithöfundur og Ágúst Örn Gíslason næturvörður á Kleppi.
**20.55 How I Met Your Mother (10:22)**
**21.20 Nip/Tuck (11:15)** Stranglega bönnuð börnum.
▶ **22.05 Life on Mars (1:8)** (Líf á Mars) Þátturinn er nýstárleg blanda af sakamálaþætti,gamanþætti og vísindaskáldsögu því hann fjallar um Sam gallharðan-lögregluvarðstjóra sem lendir í bílsslysi í miðri morðrannsókn.
**22.55 American Idol 5 (20:41)**

**0.15** American Idol 5 (21:41) **0.40** Dead Heat (Str. b. börnum) **2.10** Huff (6:13) **3.10** Clockers (e) (Str. b. börnum) **5.15** Fréttir og Ísland í dag **6.20** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 American Dad (4:16)**
**20.00 Friends (22:24)**
**20.30 Splash TV 2006** Fyrrverandi Herra Ísland 2005, Óli Geir og Jói bróðir hans bralla margt skemmtilegt milli þess sem þeir fara á djammið í Keflavík og gera allt vitlaust.
**21.00 Smallville** (Sacred)
**21.45 X-Files** (Ráðgátur)
▶ **22.30 Extra Time – Footballers' Wive** Þær eru fallegar, moldríkar og geta gert það sem þær vilja! Í þessari þáttaröð er fjallað um Aniku, systur Tanyu Turner. Ef ykkur fannst Tanya vera slæm, bíðið þá þar til þið sjáið Aniku.

**23.00** Invasion (11:22) (e) **23.45** Friends (22:24) **0.10** Splash TV 2006 (e)

### SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Fyrstu skrefin (e)

**15.50** Bak við tjöldin: V for Vendetta **16.15** Queer Eye for the Straight Guy (e) **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Cheers**
**19.25 Fasteignasjónvarpið**
**19.35 Game tíví**
**20.00 Family Guy**
**20.30 Malcolm In the Middle – lokaþáttur**
▶ **21.00 Sigtið** Í hverri viku fjallar Sigtið, um mikilvæg málefni: lífið, listir, vínmenningu, dauðann, fordóma, glæpi og hvernig það er að vera sonur landsfrægs trúðs.Sjónvarpsmaðurinn Frímann Gunnarsson leitast við að dýpka skilning áhorfenda á lífinu.
**21.30 Everybody loves Raymond**
**22.00 The Bachelor VI**
**22.50 Sex Inspectors** Kynlífssérfræðingarnir Tracey Cox og Michael Alveir greiða úr kynlífsvanda para.

**23.35** Jay Leno **0.20** Law & Order: SVU (e) **1.10** Top Gear (e) **2.00** Fasteignasjónvarpið (e) **2.10** Óstöðvandi tónlist

### SÝN

**16.20** Spænski boltinn**18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30 Stump the Schwab**
**18.55 US PGA 2005 – Inside the PGA T**
**19.20 Gillette World Cup 2006** (Gillette World Cup 2006)
▶ **19.50 Enska bikarkeppnin** (Charlton – Middlesbrough)Bein útsending frá leik í sjöttu umferð enska bikarsins, FA Cup en að þessu sinni fara leikirnir í þessari umferð fram í miðri viku sem er gert til að gera enska landsliðinu mögulegt að fá meiri tíma til æfinga fyrir Heimsmeistaramótið.
**22.00 Destination Germany** (Argentina + Trinidad)
**22.30 Saga HM** (Fifa World Cup Film Collection)(1954 -Sviss – Þýsku risarnir).

**0.00** Fifth Gear **0.30** Enska bikarkeppnin (Charlton – Middlesbrough)

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Independence Day (e) (Bönnuð börnum) **8.20** Lost in Translation **10.00** 50 First Dates **12.00** Thing You Can Tell Just by Looking at Her **14.00** Lost in Translation **16.00** 50 First Dates **18.00** Thing You Can Tell Just by Looking at Her **20.00 Independence Day (e)** Óhugnanlegur skuggi færist yfir jörðina. B. börnum. **22.20 The Prime Gig** Str. b. börnum. **0.00** Tears of the Sun (Str. b. börnum) **2.00** Pretty When You Cry (Str. b. börnum) **4.00** The Prime Gig (Str. b. börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** The E! True Hollywood Story **13.00** E! News **13.30** The Soup **14.00** Superstar Slimdown Secrets **15.00** Jennifer Aniston – America's Sweetheart **16.00** 50 Steamiest Southern Stars **17.00** 50 Steamiest Southern Stars **18.00** Rich Kids: Cattle Drive **19.00** E! News **19.30** Fashion Police **20.00** 50 Cutest Child Stars: All Grown Up **22.00** The Soup **22.30** Heartthrobs & Heartbreakers Gone Bad **23.00** Gastineau Girls **23.30** Gastineau Girls **0.00** E! News **0.30** Fashion Police **1.00** Heartthrobs & Heartbreakers Gone Bad **1.30** Party @ the Palms **2.00** 50 Cutest Child Stars: All Grown Up

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**7.00** Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt" (e) **8.00** Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt" (e) **14.00** Blackburn – Middlesbrough frá 18.03 **16.00** WBA – Man. Utd. frá 18.03 **18.00** Arsenal – Charlton frá 18.03

**20.00 Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt"**
**21.00 Birmingham – Tottenham frá 18.03**

**23.00** Everton – Aston Villa frá 18.03 **1.00** Dagskrárlok


# FRÁBÆR HELGARTILBOÐ



• ÖLL PALAZZO RÚM MEÐ 25% AFSLÆTTI

VERÐDÆMI:

90x200 Verð áður kr. ~~50.000~~ verð nú kr. 37.500
Eða kr. 3358 á mánuði í 12 mánuði

120x200 verð áður kr. ~~62.011~~ verð nú kr. 46.508
Eða kr. 4131 á mánuði í 12 mánuði

140x200 verð áður kr. ~~74.700~~ verð nú kr. 56.025
Eða kr. 4948 á mánuði í 12 mánuði

• EF VERSLAÐ ER FYRIR MEIRA EN 50 ÞÚSUND FYLGIR HEILSUKODDI MEÐ Í KAUPBÆTI!





SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

DRAUMARÚM | Bæjarlind 4, Kópavogi
Sími: 534 5200
www.draumarum.is

# VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Life on March **Stöð 2**, kl. 22.05

## *Gallharður lögregluvarðstjóri aðlagast breyttu samfélagi*

***Leikararnir John Simm, Philip Glenister og Liz White fara með aðalhlutverk í þáttunum.***



Í kvöld hefja göngu sína nýir breskir þættir á Stöð 2 sem slegið hafa rækilega í gegn í heimalandinu á síðustu vikum. Þátturinn er nýstárleg blanda af sakamálaþætti, gamanþætti og vísindaskáldsögu því hann fjallar um Sam, gallharðan lögregluvarðstjóra, sem lendir í bílslysi í miðri morðrannsókn og vaknar upp snemma á 8. áratugnum – sem lögreglumaður. En árið 1973 var líf og starf lögreglumannsins æði frábrugðið því sem það er árið 2006, og það í meira lagi. Klæðnaðurinn, kjafturinn og karlremban – allt var á öðrum og öfgakenndari nótum hér í den og kemur laglega flatt upp á Sam, sem verður samt að halda andlitinu og vinna áfram hjá lögreglunni.

# Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | | | | 9 | | | |
| 7 | | | 3 | | | | | 4 |
| | | | 8 | | | 5 | | |
| | | | | | | 8 | | 5 |
| | 9 | | 5 | | 3 | | 1 | |
| 6 | | 2 | | | | | | |
| | | 1 | | | 2 | | | |
| 4 | | | | | 5 | | | 1 |
| | | | 4 | | | | 3 | 8 |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 7 | 5 | 2 | 6 | 8 | 1 | 4 | 3 |
| 3 | 2 | 8 | 7 | 4 | 1 | 5 | 6 | 9 |
| 4 | 1 | 6 | 5 | 3 | 9 | 7 | 2 | 8 |
| 8 | 9 | 3 | 6 | 7 | 4 | 2 | 1 | 5 |
| 5 | 4 | 2 | 8 | 1 | 3 | 6 | 9 | 7 |
| 7 | 6 | 1 | 9 | 2 | 5 | 3 | 8 | 4 |
| 1 | 3 | 9 | 4 | 5 | 2 | 8 | 7 | 6 |
| 2 | 8 | 7 | 3 | 9 | 6 | 4 | 5 | 1 |
| 6 | 5 | 4 | 1 | 8 | 7 | 9 | 3 | 2 |



**15.00**
*Fréttir*

FRÉTTAVAKTIN EFTIR HÁDEGI

**NFS**

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið – fréttaviðtal. **13.00** Íþróttir/lífsstíll **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi

**18.00** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir/veður
**19.45** **Brot úr dagskrá**
**20.00** **Fréttir**
**20.10** **Fréttaljós** Vikulegur fréttaskýringaþáttur með fjölda gesta í myndveri í umsjónfréttastofu NFS.
**21.00** **Fréttir**
**21.10** **60 Minutes** Framúrskarandi fréttaþáttur sem vitnað er í.
**22.00** **Fréttir** Fréttir og veður
**22.30** **Hrafnaþing/Miklabraut** Hrafnaþing er í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar og Miklabraut í umsjáSigurðar G. Tómassonar.

**23.15** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir/veður **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Hrafnaþing/Miklabraut

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.30** Fréttayfirlit **9.03** Laufskálinn **9.45** Leikfimi **10.13** Litla flugan **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.00** Fréttayfirlit **12.20** Fréttir **12.45** Veður **12.50** Dánarfregnir og augl. **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Fallegast á fóninn **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.00** Fréttir **18.25** Spegillinn **18.50** Dánarfr. og augl. **19.00** Vitinn **19.27** Sinfóníutónleikar **22.15** Lestur Passíusálma **22.22** Útvarpsleikhúsið: Ifigenía í Orem

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns.

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Ungmennafélagið **20.10** Gettu betur **21.10** Konsert **22.10** Popp og ról

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying






## HRÓSIÐ

*...fá Tinna Lind, Katrín og Fanney fyrir að hafa unnið kokkakeppni Rimaskóla.*

# Helgin okkar...

**Morgunmaturinn:** Gerðu þér glaðan dag og skelltu þér í brunch á veitingastaðinn Vox á sunnudaginn. Nammi namm...

**Hreyfingin:** Vaknaðu snemma á laugardagsmorguninn og farðu í langan göngutúr í kringum Tjörnina eða út á Ægisíðu. Það er fátt notalegra en að byrja daginn á góðri hreyfingu.

**Skemmtunin:** Skráðu þig á dansnámskeið og byrjaðu strax að æfa þig heima. Áður en þú veist af muntu dansa í gegnum lífið.



**Bókin:** Það má enginn láta Draumalandið: Sjálfshjálparbók handa hræddri þjóð, eftir Andra Snæ Magnason fram hjá sér fara.

**Leikhús:** Sjáðu sýninguna Eldhús eftir máli eftir Völu Þórsdóttur en verkið byggir á nokkrum smásögum Svövu Jakobsdóttur. Á föstudagskvöldið er aukasýning á verkinu en uppselt hefur verið á 50 sýningar.



**Drykkurinn:** Þeir sem eru að taka heilsuæðið föstum tökum vita það að áfengisneysla er allt annað en grennandi. Þeir sem geta hins vegar ekki látið vínið í friði ættu að panta sér vodka í vatn og fullt af sítrónu. Þetta bragðast dásamlega.



| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2** skipalægi **6** utan **8** rá **9** farvegur **11** sem **12** þátttakandi **14** yndis **16** skóli **17** kvenmannsnafn **18** drulla **20** til **21** hrjúf.

**LÓÐRÉTT**
**1** páfagauk **3** mannþyrping **4** brjósthimna **5** lík **7** rólegur **10** taug **13** háttur **15** trassa **16** starfsgrein **19** holskrúfa.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** höfn, **6** án, **8** slá, **9** rás, **11** er, **12** aðili, **14** unaðs, **16** fg, **17** gró, **18** aur, **20** að, **21** gróf.

**LÓÐRÉTT: 1** gára, **3** ös, **4** fleiðra, **5** nár, **7** náðugur, **10** sin, **13** lag, **15** sóða, **16** fag, **19** ró.


Zappa plays Zappa



Miðasala hefst 2. apríl

Yfir 150.000 gestir daglega
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ




RAGNAR OG ÖRN ELÍAS Troða upp á tónlistarhátíðinni Aldrei fór ég suður sem haldin er þriðja árið í röð á Ísafirði um páskana. FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM

MUGISON: UNDIRBÝR TÓNLISTARHÁTÍÐ FYRIR VESTAN

# Enginn má græða neitt

Um páskana verður tónlistarhátíðin Aldrei fór ég suður haldin á Ísafirði þriðja árið í röð en fjöldi tónlistarmanna heiðrar Vestfirðinga með nærveru sinni. Hátíðin hefur mælst vel fyrir meðal heimamanna en hún er í góðum tengslum við skíðavikuna á Ísafirði sem haldin er í bænum ár hvert.

Örn Elías Guðmundsson, betur þekktur sem Mugison, er einn upphafsmaður hátíðarinnar en sagan segir að hann og pabbi hans, Muggi, hafi fengið hugmyndina yfir bjórdrykkju á bar. Mugison fékk vin sinn Ragnar Kjartansson til að leggja sér lið og síðan þá hefur hátíðin undið upp á sig ár frá ári. Æskulýðsandinn svífur þó yfir vötnum enda er slagorð hátíðarinnar: „Enginn má græða, bara skemmta sér,“ en þess má geta að ókeypis er inn á alla viðburði og allt selt á kostnaðarverði.

Tónlistarmaðurinn var staddur í sumarbústað uppi í Hvalfirði og vann að lagasmíðum fyrir næstu plötu. „Ég hef verið að vandræðast með millikafla í góðu lagi sem ég var að semja. Var með einn en fannst hann vera full dramatískur,“ segir Örn en hann notar tímann vel til að taka upp grunna og reiknaði með að fara í hljóðver í næsta mánuði. „Fæ þá einhverja gaura til að gera þetta flott,“ bætir hann við og hlær. Hinir fjölmörgu aðdáendur tónlistarmannsins bíða eflaust spenntir eftir því hvort honum takist að fylgja eftir velgengni plötunnar Mugimama-Is this Monkeymusic?.

Fjöldi listamanna leggur leið sína vestur að þessu sinni og meðal þeirra er bjartasta von Íslands, stórsveitin Benni Hemm Hemm, Hermigervill og Mr. Silla. „Ég og Ragnar erum með hljómsveit og ætlum að frumflytja efni en eigum þó enn eftir að semja það,“ bætir Örn við og verður forvitnilegt að sjá hvað kemur út úr því samkrulli. Mestu eftirtektina vekur þó nafn Jet Black Joe en eins og komið hefur fram í fjölmiðlum sendir sveitin frá sér nýja plötu eftir langt hlé. Síðast þegar hún sté á stokk fyrir vestan brutust út mikil ólæti en Örn segir allar áhyggjur óþarfar. „Þetta verða sáttatónleikar og það eru eflaust ófáir Vestfirðingar sem bíða eftir að geta tekið í höndina á hljómsveitarmeðlimunum,“ segir hann og hlær.

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Draumalandið: Sjálfshjálparbók handa hræddri þjóð eftir **Andra Snæ Magnason** kom út á mánudag og skaust beint í efsta sæti bókalista verslana Pennans, Eymundssonar og Máls og menningar á aðeins tveimur dögum. Bókin hefur vakið gríðarlega athygli og Andri Snær hefur verið áberandi í fjölmiðlum undanfarið ekki síst vegna hvassrar gagnrýni á stóriðjuframkvæmdir sem hann setur fram í bókinni. Þá fyllti Andri Snær Borgarleikhúsið á mánudag þegar hann las upp úr bókinni. Páll Baldvin Baldvinsson gaf bókinni 4 stjörnur í DV í gær og ekkert bendir til annars en að aðrir gagnrýnendur muni taka í sama streng. Enda er ekki annað að heyra á þeim sem lesið hafa að hér sé á ferðinni tímamótaverk sem eigi brýnt erindi við Íslendinga. Andri Snær hefur sem sagt þegar slegið í gegn en Draumalandið trónir bæði á toppi heildarlista bókaverslananna sem og lista yfir bækur almennis efnis.



Annar og allt öðruvísi spekingur, **Egill Gillzenegger**, er hins vegar horfinn af metsölulistanum, með bók sína Biblía fallega fólksins, eftir skamma viðdvöl. **Ármann Jakobsson** íslenskufræðingur gerir þessa handbók fegurðarinnar að umtalsefni á vefritinu kistan.is og veltir því meðal annars fyrir sér hvort **Egill Skalla-Grímsson** yrði kallaður Gillzenegger væri hann uppi í dag. Hann spyr í framhaldinu hvort Gillzenegger sé þá hetja og jafnvel skáld okkar tíma og hvort nafni hans Skalla-Grímsson hafi verið 10. aldar „hnakki og kremfress?“ Ármann ber svo klofið sjálf Gillz saman við tvöfalt eðli Silvíu Nætur og kemst að þeirri „bráðabirgðaniðurstöðu“ að það leynist ekki áðeila á bak við Gilzenegger heldur sé tilgangur hans frekar að tryggja sér sitt augnablik í sviðsljósinu.





- þþ


TÚNFISKUR
SKÖTUSELUR
ÞORSKHNAKKAR
HÖRPUSKEL
FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið alla laugardaga 10-14


# Nýtt líf í apríl

Sjónvarpstímaritið Þetta líf er nú í slipp en nú standa yfir endurbætur fyrir áskrifendur þess. Ritstjórinn Þorsteinn J. Vilhjálmsson var með smávægilega flensu sem hann vonaðist til að hyrfi sem allra fyrst. „Þetta er bara eðlilegt viðhald,“ útskýrir Þorsteinn þegar hann er inntur eftir ástæðunum. „Mig langaði til að stækka sjónvarpsgluggann og gefa fólki kost á að sjá efnið annaðhvort á hálfum skjá eða heilum,“ segir Þorsteinn en Samúel Jónsson hjá Caoz vinnur nú hörðum höndum við að uppfæra síðuna. „Þá viljum við gera áskrifendum kleift að nálgast eldra efni á auðveldan hátt,“ bætir ritstjórinn við og viðurkenndi að hann væri spenntur að hefja kafla tvö í þessari sögu. Þorsteinn segir að margir hafi lýst yfir vantrú sinni á þessu verkefni og töldu það vera dauðadæmt frá upphafi. Reynslan hafi sýnt að líftími vefmiðla sé skammur og vefsíða sem lítið er haldið við hefði varla möguleika á að lifa af. „Ef ekki hefði verið fyrir þennan neikvæðnistón hefði ég varla farið út í þetta,“ segir Þorsteinn en eftir að hafa ráðfært sig við Samúel sem hafði fulla trú á þessu ákváðu þeir að láta slag standa og hafa nú blásið á allar gagnrýnisraddir. „Áhugi fólks hefur sýnt fram á að það er góður markaður fyrir þetta,“ bætir Þorsteinn við en fjöldi heimsókna hefur verið á bilinu tveimur og upp í sjö hundruð.

„Það veltur auðvitað allt á því hversu gamalt eða nýtt efnið er,“ segir Þorsteinn sem reiknaði með að síðan yrði tekin í gagnið á ný 4. apríl.



ÞORSTEINN JOÐ Sjónvarpstímaritið Þetta líf er í slipp um þessar mundir en það verður opnað á nýjan leik 4. apríl með nýjum valmöguleikum fyrir áskrifendur. FRÉTTABLAÐIÐ

WWW.SVAR.IS

# VAXTALAUS FERMINGARTILBOÐ

acer 30 ára

ATHUGIÐ! TAKMARKAÐ MAGN



ALLAR ACER VÉLAR HAFA 3 ÁRA ÁBYRGÐ

Ótrúlegt verð!

## ACER TRAVELMATE 4062LCi

Intel Pentium M 1.7Ghz - Centrino - Dothan / 256MB DDR2
15" XGA TFT 1280x800dpi skjár Intel GMA 915 - 128MB skjákort
40GB Ultra ATA 100 HD / CD skrifari / DVD lesari
Windows XP Home

TILBOÐ: 79.900-

SAMTALS: 82.297- Með lántöku- og stimpilgjaldi.

VAXTALAUST M.V 12 MÁN. 6.659-

Ótrúlegt verð!

## ACER ASPIRE 1694WLMi

Intel Pentium M 2.0Ghz - Centrino / 1GB DDR2 533Mhz
15.4" WXGA breiðtjald / ATI Mobility Radeon x700 - 256MB skjákort
100GB ATA100 HD / Þráðlaust netkort
Windows XP Home

VERÐ SAMKEPPNISAÐILA: ~~169.900-~~

TILBOÐ: 149.900-

SAMTALS: 154.397- Með lántöku- og stimpilgjaldi.

VAXTALAUST M.V 12 MÁN. 12.491-



Þú sparar 20.000-

ALLAR ACER VÉLAR HAFA 3 ÁRA ÁBYRGÐ

acer

Ótrúlegt verð!

## ACER ASPIRE 1692WLMi

Intel Pentium M 1.7Ghz - Centrino / 1GB DDR2 533Mhz
15.4" WXGA breiðtjald/ ATI Mobility Radeon x700 - 128MB skjákort
80GB ATA100 HD / Þráðlaust netkort
Windows XP Home

VERÐ SAMKEPPNISAÐILA: ~~144.900-~~

TILBOÐ: 129.900-

SAMTALS: 133.797- Með lántöku- og stimpilgjaldi.

VAXTALAUST M.V 12 MÁN. 10.825-



Þú sparar 15.000-

ALLAR ACER VÉLAR HAFA 3 ÁRA ÁBYRGÐ

acer

Ótrúlegt verð!

## ACER ASPIRE 5502WLMi

Intel Pentium M 1.7Ghz - Centrino / 1GB DDR2 533Mhz
14.1" WXGA skjár / ATI Mobility Radeon x700 - 64MB skjákort
80GB ATA100 HD / Þráðlaust netkort
Windows XP Home

VERÐ ÁÐUR: ~~139.900-~~

TILBOÐ: 114.900-

SAMTALS: 118.374- Með lántöku- og stimpilgjaldi.

VAXTALAUST M.V 12 MÁN. 9.575-



Þú sparar 25.000-

ALLAR ACER VÉLAR HAFA 3 ÁRA ÁBYRGÐ

acer

svar) tækni

SÍÐUMÚLA 37 - SÍMI 510 6000 - WWW.SVAR.IS

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









**BAKÞANKAR**
JÓNS GNARR

## *Maðurinn sem lenti íði*

Ég þekki mann sem lenti illa í því. Það byrjaði á því að hann var á leið til útlanda en lenti í því að missa af flugvélinni. Sama dag varð hann fyrir því að fyrirtæki sem hann var að reka var gert gjaldþrota. Hann hafði lent í vanskilum með virðisaukaskatt. Hann reyndi allt til að bjarga því en ekkert gekk. Hann var bara vitlaus maður á vitlausum tíma sem lenti í því að verða fyrir barðinu á skattayfirvöldum.

**HANN** var búinn að vera edrú í mörg ár en varð svo mikið um þetta allt saman að hann gat ekkert gert og lenti á fylleríi og var fullur í marga daga. Á fylleríinu lenti hann svo í því að halda framhjá konunni sinni með ungri stúlku sem hann hafði lent á fylleríi með. Konan hans frétti af framhjáhaldinu og varð öskureið. Hann hafði áður lent í rifrildum við hana. Hún hafði fyrirgefið honum þegar hann lenti í að tapa öllu sparifénu þeirra í hlutabréfabraski. En nú var henni nóg boðið. Þá varð það sem hann varð fyrir mesta áfallinu fram að þessu. Konan heimtaði skilnað. Hún vildi ekki sýna honum neinn skilning. Hann hafði líka lent í því að verða ástfanginn af stúlkunni sem hann hafði lent í að sofa hjá en hún vildi ekki sjá hann heldur. Það var eins og óheppnin elti hann á röndum. Og hann lenti í hverju áfallinu af öðru.

**EFTIR** að hann lenti í skilnaðinum og henti konan honum út og í kjölfarið lenti hann á götunni og var alls staðar neitað um húsaskjól þannig að hann lenti á vergangi. Á sama tíma lenti hann í því að fá vöðvabólgu í báðar axlir. Og til að kóróna hörmunga göngu sína varð hann fyrir því að vera tekinn fullur á bílnum sínum og lenti þar að auki í átökum við lögregluna. Hann fékk himinháa sekt og lenti um tíma í fangelsi þar sem hann lenti meðal annars í því að kýla manninn sem hann lenti í klefa með og varð fyrir því að handarbrjóta sig.

**EFTIR** allar þessar hrakfarir lenti hann loks í taugaáfalli. Eftir það missti hann trúna á Guð. Hann gat ekki trúað að til væri Guð sem léti fólk lenda í þvílíkum hremmingum og óhöppum og hann hafði lent í. Og upp úr því var hann greindur með þunglyndi og lenti í á geðdeild þar sem hann er enn.





